

SIGRÍÐUR MARÍA BIRGISDÓTTIR

Heldur jólin allt árið um kring

Bílar • Miðborgin • Tíska • Jólin

allt í MIÐJU BLAÐSINS



J.K. ROWLING

Nafn komið á síðustu Harry Potter-bókina

Óvíst hvort galdratrákurinn lifi af

KVIKMYNDIR 71



ATLI FREYR STEINÞÓRSSON

Flytur jólakveðjuna til Íslendinga

Dettur ekki í hug að breyta hefðinni

FÓLK 78



FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

23. desember 2006 — 344. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR



SNEISAFULLT HELGARBLAÐ

Amal Tamimi í helgarviðtali um flóttu sinn með fimm börn frá Jerúsalem og nýja lífið á Íslandi, Ingvi Hrafn Jónsson um nýju sjónvarpsstöðina sína, í svörtum fötum gerir upp leiðarlök sín, farið í saumana á ákærunum í olfumálinu mikla og allt um fallega borðsiði fyrir jólaboðin.

36-59

Tekist á við tossabandalagið

Einar Már Guðmundsson í viðtali.

MENNING 62



Topp tíu listinn tilbúinn

Það liggur fyrir hvaða tíu íþróttamenn koma til greina sem Íþróttamaður ársins 2006.

ÍÞRÓTTIR 72



VEÐRIÐ Í DAG



OFSAVEÐUR Í RÉNUN Framan af degi verður suðvestan stormur vestan til á Norðurlandi, annars hægar. Læging um allt í kvöld. Hiti 0-7 stig, svalast á Vestfjörðum.

VEÐUR 4

Kosningaslaki rýrir láns-hæfismat íslenska ríkisins

Krónan féll kröftuglega í kjölfar fréttu um lækkingu S&P á láns-hæfiseinkunnum ríkissjóðs. Pensluhvetjandi aðgerðir í ríkisfjármálum eru á skjön við peningamálastefnuna.

EFNAHAGSMÁL Mikill viðsnúningur varð til hins verra á gjaldeyris- og hlutabréfamarkaði í gær eftir að matsfyrirtæki Standard & Poor's greindi frá því að það hefði lækkað láns-hæfiseinkunnir ríkissjóðs fyrir langtímaskuldbindingar í erlendri mynt úr AA- í A+ og fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendri mynt í A-1 úr A-1+. S&P lækkaði einnig láns-hæfiseinkunnir Íbúðalánasjóðs og Landsvirkjunar.

Krónan féll um 2,9 prósent eftir að hafa styrkst um eitt prósent áður en fréttirnar bárust. Fór gengisvísitalan yfir 130 í fyrsta skipti í langan tíma. Hlutabréf

lækkuðu einnig í verði; mest bréf í bönkum og fjármálfyrirtækjum.

Jafnframt lækkaði S&P láns-hæfiseinkunn fyrir langtímaskuldbindingar í íslenskum krónum en einkunn fyrir skammtímaskuldbindingar var staðfest.

Lækkunin skýrist af minnkandi aðhaldi í ríkisfjármálum í aðdraganda þingkosninga sem mun valda þenslu og beinir S&P spjótum sínum að nýlegum lækkunum á matvælskatti. „Pensluhvetjandi ríkisfjármál og spenna á vinnu-markaði skapa hættu á að verðbólguþrýstingur magnist enn. Þetta gæti leitt til frekari vaxta-

hækkana, en fyrir vikið yrði aðlögunarkerfið sársaukafyllra,“ segir í skýrslu S&P.

„Óheppilegt og óvænt, sérstaklega í ljósi þess að matsfyrirtæki Moody's gefur okkur hæstu einkunn,“ segir Geir Haarde forsætisráðherra. „Ég tel að þeir [S&P] séu ekki á réttu róli með þetta mat sitt.“ Um þau varnaðarorð sem komu fram í síðustu skýrslu S&P í sumar segir Geir: „Það var auðvitað brugðist við þeim. Við gripum hér til sérstakra aðgerða í sumar. Við hægðum á öllum framkvæmdum þar til ljóst var að óhætt var að hleypa þeim af stað á nýjan leik.“

Geir segir að ekki verið hvið frá núverandi stefnu. „Krónan er ekki að hrynja.“

Davíð Oddsson seðlabankastjóri segir að þessi breyting komi honum örliðið á óvart, enda hafi ríkið ekki verið talið vera í neinni lánsfjárbörf og verið að greiða niður skuldir. Seðlabankinn spáir því ekki að vextir muni hækka frekar, þótt ekkert sé hægt að útiloka í þeim efnum. „Við teljum að það þurfi þá mikil og vaxandi ótíðindi til að vextir hækki frekar.“

Glitnir er eini bankinn sem er með láns-hæfismat frá S & P og var það staðfest. sjá síðu 4 og 18 - eta/-kóp



SKÖTUÆÐI Þótt mörgum þyki skötulyktin sem leggst yfir borg og bý einu sinni á ári miður kræsileg taka aðrir henni fagnandi og geta vart hugsað sér jólahaldið án hennar. Hólmgeir í Fiskisögu segir skötuunnendurna í eldri kantinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skötuát á Þorláksmessu:

Læknar kvef og eykur kyngetu

ÞORLÁKSMESSA Tæplega sex hundruð kíló af skötu fóru yfir afgreiðsluborðið hjá Hólmgeiri Einarssyni í Fiskisögu þar sem örtröð myndaðist í gær. Stærsti skötuátsdagur ársins er í dag á Þorláksmessu.

„Lyktin er yndisleg. Fólkið kemur meðvitað um hana á þessum árstíma og sækir í lyktina til að losna við kvefið.“ Spurður um fleiri eiginleika skötunnar sagðist Hólmgeir nokkuð viss um að hún yki kyngetuna.

Skötuunnendur sem lögðu leið sína í Fiskisögu í gær voru á ýmsum aldri en enginn undir þrítugu, að sögn Hólmgeirs, og hugðust flestir bjóða til skötuveislu í dag.

- sdg

Ungur Íslendingur liggur þungt haldinn á sjúkrahúsi í Árósum í Danmörku:

Féll 12 metra niður af svölum

DANMÖRK Íslendingur á þrítugsaldri liggur mikið slasaður á sjúkrahúsi í Árósum í Danmörku eftir að hafa fallið af svölum íbúðarinnar sinnar og lent á steyptri stétt. Fallið var um tólf metrar.

Slysið átti sér stað síðastliðinn sunnudag. Tíldrög þess eru ekki ljós. Maðurinn féll af svölum íbúðarinnar, sem er á fjórðu hæð í fjölbýlishúsi. Hann slasaðist mikið við fallið og telja læknar á sjúkrahúsinu það vera hreint kraftaverk að hann

skuli vera á lífi, að sögn föður hans sem dvelur nú ytra við sjúkrahéð sonar síns ásamt fjölskyldu.

Ungi maðurinn slasaðist mikið þegar hann lenti á stéttinni. Höfuðið og hryggjarsúlan sluppu ósködduð, en önnur meiðsl eru alvarleg, meðal annars innvortis. Hann hefur gengist undir þrjár stórar aðgerðir á undanföllum dögum og tóku tvær fyrstu um sjö klukkustundir. Síðasta aðgerðin var gerð í fyrradag og tók hún níu

klukkustundir. Manninum hefur verið haldið sofandi í öndunarvél frá því að hann kom á sjúkrahúsið á sunnudag. Faðir hans segir að líðan hans sé stöðug og eftir atvikum. Hann sé þó enn í lífshættu. Hann taldi, þegar Fréttablaðið ræddi við hann síðdegis í gær, að trúlega yrði prófað að vekja son hans síðdegis.

Danska lögreglan rannsakar tildrög þess að maðurinn féll niður af svölunum.

- jss



1 dagur til jóla!

Opið til 23

Kringlan



GLITNIR

Gjafabréf - harður pakki en samt mjúkur





Jakobína, ertu smeyk við reykt?

„Ég er kannski ekki smeyk við hann, en ég vildi ekki þurfa að vinna í þannig umhverfi og tel að allt starfsfólk eigi að njóta sama réttar hvað það varðar.“

Frá og með 1. júní 2007 verða reykingar bannaðar á veitinga- og skemmtistöðum á Íslandi. Jakobína H. Arnadóttir er verkefnastjóri tilbaksvarna hjá Lýðheilsustöð sem gaf nýverið út kynningarbækling um hið fyrirhugaða reykban.

Útlit fyrir ágætt veður í kvöld: Viðrar vel til jólagjafakaupa

VEDUR Mjög slæmt veður var víða á landinu í nótt og er útlit fyrir áframhaldandi vonskuveður fram eftir degi norðanlands. Veðrið skánar til muna sunnan- og suðvestanlands eftir hádegi og er útlit fyrir fínt veður til jólagjafakaupa á flestum stöðum landsins í kvöld, að sögn Sigurðar Þ. Ragnarssonar veðurfræðings.

Á morgun, aðfangadag, verður líklega rigning og strekkingsvindur á öllu landinu fyrir hádegi en hæglatísveður þegar fer að nálgast jólamatin. Hiti verður á bilinu 7 til 13 stig, sem Sigurður segir óvenjulega hlýtt á þessum árstíma. - sh

Stjórnevöld í Bandaríkjunum: Sögð beita mútum í öryggisráði

BANDARÍKIN Bandaríkjustjórn notar fé eyrnamerkt þróunarlöndunum til að múta þeim löndum sem hafa kosningarétt í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Fá þessar þjóðir 59 prósentum meira fé á ári frá Bandaríkjunum meðan þær hafa sæti í ráðinu, segir í frétt breska blaðsins Guardian.

Þetta kemur fram í nákvæmri greiningu Ilyana Kuziemko og Eric Werker, vísindamanna við Harvard-háskólann, á gögnum sem ná fimmtíu ár aftur.

Hjálparstofnanir brugðust illa við fréttunum. „Hjálpin ætti að fara til þeirra sem á henni þurfa að halda,“ hefur blaðið eftir Duncan Green hjá Oxfam. - smk

LÍKNARMÁL

ASÍ styrkir Hugarafli

Alþýðusamband Íslands hefur ákveðið að senda ekki út jólakort um þessu jól en láta þess í stað nokkra fjárupphæð renna til starfsemi Hugarafli. Hugarafli er samtök fólks sem átt hefur við geðræna erfiðleika að etja.

Strand flutningaskipsins Wilson Muuga er enn til rannsóknar hjá sjóhernum:

Ekkert óeðlilegt komið í ljós

SJÓSLYS Ekkert bendir til þess að rangar ákvarðanir hafi leitt til þess að hinn 25 ára gamli Jan Nordskov Larsen, danskur skipverji á danska varðskipinu Triton, lést við björgunaraðgerð skammt frá strandstað flutningaskipsins Wilson Muuga við Hvalsnes.

Þetta staðfesti Klaus Randrup, yfirmaður upplýsingamála hjá danska sjóhernum, í samtali við Fréttablaðið í gær. Starfsmenn rannsóknardeildar sjóhersins hafa að undanförunu yfirheyrt skipverja á Triton og einnig skipstjórnann Ulf Michael Berthelsen.

„Það hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að rangar



FRÁ STRANDSTAÐ Óljóst er enn hvað olli því að Wilson Muuga strandaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ákvarðanir hafi leitt til slyssins. Fyrst og fremst var um erfiðar aðstæður að ræða sem voru ófyrirsjáanlegar. Mótorar björg-

unarbátsins gáfu sig og það olli því að báturinn var stjórnlaus í miklu brimi sem endaði með því að honum hvolfði,“ sagði Randrup.

Rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík hefur undanfarna daga yfirheyrt skipverja á Wilson Muuga. Ekki hefur enn fengist skýr niðurstaða á hvað olli því að sjálfstýring skipsins bilaði. Lögreglumenn og sérfræðingar hafa farið um borð í skipið og yfirfarið vélar þess en niðurstöður þeirrar skoðunar liggja ekki fyrir.

Rannsóknarnefnd sjóslysa vinnur enn að yfirheyrslum vegna strandsins en þeirri vinnu er ekki lokið ennþá. - mh

Minningarathöfn í Triton:

Minntust sjóliðans sem lést

SJÓSLYS Minningarathöfn um Jan Nordskov Larsen, danska sjóliðann sem lést er skipverjar á danska varðskipinu Triton freistuðu þess að bjarga áhöfn flutningaskipsins Wilson Muuga, fór fram um borð í Triton í gær.

Sjó skipverjar af Triton sluppu ómeiddir þegar björgunarbát þeirra hvolfði í miklu brimi skammt frá strandstað flutningaskipsins Wilson Muuga sunnan við Sandgerði skammt frá Hvalsnesi. Jan Nordskov drukknáði áður en þyrllu Landhelgisgöslunnar tókst á ná honum upp úr sjónum við erfiðar aðstæður. - mh

Guðmundur kærður fyrir kynferðisbrot

Guðmundur Jónsson hefur verið kærður fyrir að misnota stöðu sína sem forstöðumaður Byrgisins. Ólíðandi ef ásakanir um misbeitingu undir trúarlegu yfirvarpi reynast réttar, segir biskup. Ekki fjölmiðlamál, segir lögmaður Guðmundar.

LÖGREGLUMÁL Guðmundur Jónsson, forstöðumaður meðferðarheimilisins Byrgisins, hefur verið kærður af 24 ára konu fyrir kynferðisbrot og að misnota aðstöðu sína er hún var í meðferð á Byrginu. Þetta staðfestu Hörður Jóhannesson yfirlögregluþjónn og Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglu- maður í gær.

Þá er hann einnig kærður fyrir að draga að sér fé frá konunni en hún segir hann hafa haft af sér fjórar milljónir króna eins og fram kom í viðtali við konuna í þættinum Ísland í dag á Stöð 2 á fimmtudagskvöld.

Tekin var skýrsla af konunni í gær en líklegt er að lögreglan á Selfossi og lögreglan í Reykjavík muni vinna í sameiningu að rannsókn málsins.

Sagðist konan í þættinum hafa átt í ástarsambandi við Guðmund frá 18. nóvember 2004 en hún var þá í meðferð á Byrginu. Stóð það yfir í rúm tvö ár.

Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, segir nauðsynlegt að upplýsa um það hvort Guðmundur Jónsson hafi misnotað stöðu sína sem forstöðumaður Byrgisins en meðferð þar byggir öðru fremur á trúarlegum grunni. „Það er alveg sama hvernig á þetta er litið, málið er á allan hátt hræðilegt. Þessar ásakanir eru það alvarlegar að það verður að fara fram nákvæm skoðun á þessu máli. Mér fannst umfjöllunin í sjónvarpi [þáttur Kompáss] fara út fyrir öll velsæmismörk en það er annað mál og léttvægara. Ef þessar ásakanir reynast sannar þá þarf að horfa til þess hversu alvarlegt það er að misbeita stöðu sinni undir trúarlegu yfirvarpi. Það er algjörlega ólíðandi.“



„Þarf að horfa til þess hversu alvarlegt það er að misbeita stöðu sinni undir trúarlegu yfirvarpi. Það er algjörlega ólíðandi.“

KARL SIGURBJÖRNSSON
BISKUP ÍSLANDS



GUÐMUNDUR JÓNSSON Ekki náðist í hann í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hilmar Baldursson, lögmaður Guðmundar, sagði kærur á hendur 365 miðlum hafa verið lagðar fram vegna umfjöllunar Kompáss. Hann sagði málið nú vera komið í eðlilegan farveg. „Það er svolítið einkennilegt að hægt sé að fara upp á fréttastofu Stöðvar 2 og ausa úr skálum reiði sinnar yfir nafngreinda menn án þess að það sé stutt með haldbærum sönnunum sem mark er á takandi. Hins vegar er málið nú komið í eðlilegan farveg og verður ekki rekið í fjölmiðlum af okkar hálfu.“

Konan lagði fram ýmis gögn er kærán var lögð fram hjá lögreglunni í Reykjavík. Meðal annars myndbandsupptökur, tölvupósta og önnur gögn um er vörðuðu fjármál.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náðist ekki í Guðmund Jónsson í gær. magnush@frettabladid.is



IBRAHIM SULEY OG ABDIRAHIM MUHEY Leiðtogar múslima segja stríð ríkja í landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átök versna í Sómalíu:

Hundrað fallin

MOGADISHU, AP Harðir bardagar geisa nú í Sómalíu milli hermanna stjórnarinnar, sem nýtur stuðnings frá Eþíópíu, og liðsmanna múslímahreyfingar sem vill taka völdin í landinu.

Stjórnarherinn segist hafa fellt 600 múslima, en sveitir múslima segjast hafa fellt 400 stjórnarliða. Þær tölur hafa þó ekki verið staðfestar.

Múslimar hafa einnig beint spjótum sínum að hermönnum frá Eþíópíu og vilja hrekja þá úr landi. Í gær sendi Eþíópíustjórn síðan frá sér yfirlýsingu þar sem hún sagði þolinmæði sína vera á þrotum. - gb

DÓMSMÁL

Traðkaði á manni

Karlmaður var í gær dæmdur í eins mánaðar fangelsi og til greiðslu 70 þúsund króna skaðabóta fyrir að hafa traðkaði á öðrum manni og tekið hann hálstaki í ágúst. Hann hafði áður verið dæmdur fyrir ofbeldisbrot.

ÍRAK

Starfsmönnum verði sleppt

Fyrir í þessum mánuði voru á annan tug starfsmanna Rauða hálfmánans í Irak umdir á brott frá einni af skrifstofum félagsins í Bagdad. Rauði kross Íslands hefur nú tekið undir þá kröfu alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans að þeir verði leystir skilyrðislaust úr haldi.

Réttarstaða vímuefnasjúklinga er ekki nægilega tryggð segir yfirlæknir SÁÁ:

Ekkert eftirlit með síðareglum

LAGAMÁL „Lagalegur réttur vímuefnasjúklinga er ekki nægilega tryggður. Því er hægt að fara illa með sjúklinga án þess að brjóta lög,“ segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir hjá meðferðarstofnuninni SÁÁ. „Sjúklingar okkar eru mjög áhrifagjarnir og líta upp til þeirra sem eru að aðstoða þá og meðhöndla.“

Í almennum hegningarlögum segir að ef umsjónarmaður eða starfsmaður í fangelsi, á geðsjúkrahúsi, vistheimili, uppeldisstofnun eða annarri slíkri stofnun hefur samræði eða önnur kynferðismök við vistmann á stofnuninni varðar það fangelsi allt að fjórum árum.

Þórarinn segir að ekkert sé beinlínis í lögum um þá sem séu haldnir vímuefnavanda. „Það er kannski vegna þess að fólk gerir

sér ekki grein fyrir því hvað dómgreind þeirra er skert fyrst eftir að þeir hætta í neyslunni. En nýjustu rannsóknir hafa sýnt það að þeir eru gríðarlega áhrifagjarnir og jafnvel játa á sig glæpi og annað sem ekki er fótur fyrir.“

Engar reglur eða lög eru til um að stofnanir setji sér síðareglur og þeim því í sjálfsveld sett hvort og þá hvers konar síðareglur þær setji sér. Þá ber stofnunum engin skylda til að tilkynna brot á síðareglum til yfirvalda nema um saknæmt athæfi sé að ræða.

Þórarinn segir að í seinni tíð hafi menn farið að tala um að þörf sé á strangari og formlegri síðareglum.

Greinargerð sem Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra óskaði eftir frá stjórn Byrgisins



ÞÓRARINN TYRFINGSSON Í síðareglum SÁÁ er kveðið á um að starfsmenn megi ekki notfæra sér sjúklinga í ábataskyni, hvort sem er félagslega, fjárhagslega eða kynferðislega.

barst ráðuneytinu í gær. Hún verður tekin til skoðunar á á þriðjudaginn. - sdg

BÍLL DAGSINS CADILLAC ESCALADE

Nýskr. 01.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 12 þús. km. - Allt að 100% lán.



Verð
8.200.000.-

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

KOMDU OG UPPLIFÐU JÓLIN Í SMÁRALIND!

AFGREIÐSLUTÍMI TIL JÓLA Í SMÁRALIND

LAUGARDAG, ÞORLÁKSMESSU KL. 10.00 – 23.00

SUNNUDAG, AÐFANGADAG KL. 10.00 – 13.00



ÞORLÁKSMESSA
LAUGARDAGUR 23. DESEMBER
kl. 14.00
Jólaævintýri í Vetrargarðinum
LOKASÝNING

Taktu mynd af barninu þínu með Gáttapef eftir sýningu á Jólaævintýri í Vetrargarðinum!

Þú færð rafræn gjafakort Smáralindar á Þjónustuborði á 1. hæð.

Við bjóðum upp á dúndrandi jólastemningu í Smáralind með frábærri dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Allar búðir troðfullar af jólavörum. Stærsta bílastæði landsins með öflugri umferðarstjórnun.

SMÁRALIND ÓSKAR LANDSMÖNNUM GLEÐILEGRA JÓLA

Opð í dag, Þorláksmessu til kl. 23
Sími 528 8000 / smaralind.is



GJALDMÍDLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	69,50	69,84
Sterlingspund	136,78	137,44
Evra	91,79	92,31
Dönsk króna	12,314	12,386
Norsk króna	11,218	11,284
Sænsk króna	10,218	10,278
Japanskt jen	0,5868	0,5902

SDR	104,67	105,29
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	125,7233	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Áramótaræða páfa: Vill samræður við múslima

PÁFAGARÐUR, AP Benedikt sextándi páfi segir að ársins 2006 verði minnst fyrir þá hættu sem hann



BENEDIKT SEXTÁNDI

segir vera á átökum milli menningarheima og trúarbragða. Hann hvatti til þess að efnt yrði til frekari samræðna milli kristinna manna og múslima.

Hann sagðist hafa sérstakar

áhyggjur af átökum fyrir botni Miðjarðarhafs.

Páfi sagði þetta í gær þegar hann flutti áramótaræðu sína í Klementínusalnum í Páfaragði og kom þar inn á mörg helstu hugðarefni sín, eins og til dæmis skírliði presta og andstöðu við hjónabönd samkynhneigðra.

Fjárhagsaðstoð í Reykjavík: Einstaklingar fá 95.325 á mánuði

BORGARMÁL Fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar hækkar um 8,8 prósent frá og með næstu áramótum.

Fjárhagsaðstoð til einstaklinga eldri en átján ára hækkar úr 87.615 krónum í 95.325 og aðstoð til hjóna og fólks í skrári sambúð úr 140.184 krónum í 152.520 krónum á mánuði.

Hækkunin er í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð til framfærslu en grunnfjárhæð hennar ber að endurskoða árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

Hækkunin var samþykkt á fundi borgarráðs í gær.

Lækkun lánshæfiseinkunnar gefur ekki tilefni til breytinga á ríkisfjármálum:

Hafa ólíka sýn á framtíðina

EFNAHAGSMÁL Árni Mathiesen fjármálaráðherra telur að lækkun Standard & Poor's á lánshæfiseinkunn ríkissjóðs gefi ekki tilefni til breytinga á stefnu í ríkisfjármálum. Stjórnvöld hafi greinilega öðruvísi sýn á framtíðina en matsfyrirtækið.

„Það læðist að manni sá grunnur að vegna þess hversu hagvöxtur hefur verið mikill á undanförunum árum þá séu menn ekki búnir að átta sig á því að það er spád sex prósent samdrætti í þjóðarútgjöldum á næsta ári. Það jafnast á við það mesta sem við höfum séð síðustu fjórutíu árin.“

Í skýrslu S&P er sérstaklega

tekið fram að þensluhvetjandi áhrif sem verða til vegna breytinga frá upphaflega fjárlagafrumvarpi nemi yfir þrettán milljörðum króna. Árni bendir á að af þessari upphæð falli níu milljarðar til vegna lækkaðra vörugjalda og virðisaukaskatts á matvælum.

Að mati Árna hafi þetta verið rétti tímunkturinn að láta lækkun matvælavæðs koma fram. Ekki megi heldur gleyma því að stefnt sé að tíu milljarða afgangi af fjárlögum.

Fjármálaráðherra segir það sé nokkuð erfitt að átta sig á þessu mati þar sem aðeins vika sé liðin



ÁRNI MATHIESEN Lækkun matarskatts kemur á góðum tíma

síðan Moody's staðfesti sitt mat. „Af þessu matsfyrirtækjum er Standard og Poor's það sem breytir sínu mati oftast og ekki nema ár síðan þeir breyttu okkar mati til hækkunar.“

Þorskveiðar skornar niður um fimm tung

Eftir nærri þriggja sólarhringa átakafund komu sjávarútvegsráðherrar ESB sér í gær saman um fiskveiðikvóta næsta árs í lögsögu sambandsins. Sókn í þorsk og fleiri ofveiddar tegundir var minnkuð en þó ekki eins mikið og fiskifræðingar ráðlögðu.

BRUSSEL, AP Sjávarútvegsráðherrar Evrópusambandslandanna komu sér í fyrrinótt saman um fiskveiðiheimildir næsta fiskveiðiárs í lögsögu sambandsins. Sókn í þorskstofninn í Norðursjó verður dregin saman um fimm tung, en fiskifræðingar höfðu ráðlagt mun róttækari niðurskurði til að bjarga stofninum frá algeru hruni vegna ofveiði síðustu ára og áratuga.


Veiðiheimildir voru líka minnkadur í nokkrar aðrar eftirsóttar fisktegundir, en þær voru auknar í aðrar til að bæta útgerðarmönnum að nokkru leyti upp missinn. Ráðherrarnir höfðu setið á rökstólum um kvótaútteilinguna í á þriðja sólarhring þegar niðurstaða fékkst loks. Sóknin verður takmörkuð mest á miðnum vestur af Skotlandi og í Keltneska hafinu við Írland. Þorskkvótinn var minnkadur þar um 20 prósent og um 15 prósent í nokkra aðra stofna, að því er Joe Borg, sem fer með sjávarútvegsráðgjafarvæðmálinum ESB, greindi frá.

Borg hét því að hrinda í framkvæmd róttækri áætlun sem miðar að því að bjarga þorskstofninum í Norðursjó og öðrum hafsvæðum sem heyrja undir fiskveiðilögsögu ESB. Þær aðgerðir sem gripið hefur verið til á síðastliðnum þremur árum í þessu skyni hafa ekki skilað áþreifanlegum árangri. „Þorskstofninn er í slæmu ástandi á öllum miðum ESB,“ sagði hann, en bætti við að nýjustu seiddatalningar bentu til að gera mætti sér vonir um að til betri vegar horfi.

Carol Phua, talsmaður alþjóðlegu náttúruverndarsamtaks

Fiskveiðikvóti í lögsögu ESB skorinn niður

Sjávarútvegsráðherrar Evrópusambandslandanna hafa komist að samkomulagi um að skera niður veiðiheimildir nokkurra helstu fisktegunda sem veiddar eru í lögsögu þeirra, í viðleitni til að stöðva ofveiði og ýta undir endurnýjun fiskistofna. Á móti eru veiðiheimildir auknar í betur stöddum stofnum.



anna WWF, sagði aðgerðir ESB til verndar fiskistofnum langt frá því að vera nægilegar. „Pólitísk hrossakaup um kvóta halda áfram, á meðan ástandið í hafinu versnar. Þeir eru að skjóta sig í fótinn,“ sagði hann um niðurstöðu ESB-ráðherranna í ár. Hrun ansjósustofnsins í Biskajaflóa leiddi til þess að samstaða náðist um að banna veiðir honum í bili. Einnig verða síldar og lönguveiðar dregnar talsvert saman í lögsögu sambandsins. Ráðherrarnir ákváðu enn fremur strangari reglur um möskva-stærð og strandveiðar í Miðjarðarhafi.

Flugsamgöngur í ólestri í gær:

Færri komust í flug en vildu

FLUG Miklar truflanir urðu á innanlands- og millilandaflugi vegna veðurs í gær. Fjölmargir flugfarþegar þurftu að bíða klukkustundum saman eftir að komast í flug. Langar raðir mynduðust út úr flugstöðinni á Reykjavíkflugvelli fyrir þrjú flug sem farin voru til Akureyrar í gær og komust færri að en vildu.

Engar vélar fóru eftir klukkan fimm í gær og er spáin tvísýn fyrir daginn í dag.

Þá urðu miklar tafir á millilandaflugi í gær fóru síðustu morgunvélnar ekki í loftið fyrir en upp úr hádegi.



ÖLFUSÁ FLÆÐIR YFIR BAKKA Miklar skemmdir hafa orðið á girðingum og ýmsum mannvirkjum vegna flóðanna.

Viðbúnaðarástandinu aflétt:

Tekið að sjatna í flóðunum

FLÓÐ Almannavarnarnefndir í Árnessýslu afléttu í gærmorgun viðbúnaðarástandi í sýslunni vegna flóðahættu. Sjatna fóru í Ölfusá í fyrrakvöld en flóðið náði hámarki um klukkan fimm og hafði rennslið þá náð riflega sexföldu meðalrennsli árinna. Búið er dæla vatni úr nokkrum húsum sem flætt hafði inn í.

Ljóst þykir að gróðarmiklar skemmdir hafi orðið á girðingum og ýmsum öðrum mannvirkjum í uppsveitum sýslunnar, auk þess sem hey hefur spillst eða flotit burt. Vegir eru víða skemmdir, en Vegagerðin vann að viðgerðum á þeim í gær og vonaðist til að ná að ljúka þeim fyrir daginn í dag.

Skriðuhætta í Eyjafirði er þá liðin hjá.

DANMÖRK

16 ár fyrir HIV-smit

Tvítugur karlmaður hefur verið dæmdur í héraðsdómi Kaupmannahafnar í tveggja og hálfis árs fangelsi fyrir að dreifa HIV-veirunni. Í dómurskrúði segir að manningum hafi verið ljós áhættan þegar hann hafði óvarin kynmök við þrjú fyrrum unnusta sína.

LÖGREGLUFRETTIR

Handtekinn með fíkniefni

Karlmaður á þrítugsaldri var handtekinn í Hverfisgötu í Reykjavík aðfaranótt föstudagsins. Hann var með talsvert magn af kannabísefnum og peningum á sér. Lögreglan grunar manninn um sölu fíkniefna.


Hátíðleg jólagjöf

Helga himneska stjarna er ljóðperla Sigurbjörns Einarssonar biskups við lag Steins Kárasonar.

Flutt af Schola cantorum og félögum úr kammersveit Hallgrímskirkju. Stjórnandi Hörður Áskelsson. Útsetning Atli Heimir Sveinsson. Einnig í flutningi Hrólfs Sæmundssonar bariton við orgelundirleik Steingríms Þórhallssonar.


Kærleikur á hvert heimili.

Söluastaðir Skífan, Penninn ofl. Útgáfa- og dreifing Steinn.is s. 8966824



VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »	10°C	hálfskýjað	London	9°C	hálfskýjað
Kaupmannahöfn	10°C	skúr	Paris	8°C	heiðskirt
Þórshöfn	10°C	skúr	Frankfurt	7°C	heiðskirt
Strekkingur í fyrstu,	7°C	hálfskýjað	Friedrichshafen	8°C	heiðskirt
annars hægt suðlæg átt.	9°C	hálfskýjað	Berlin	7°C	hálfskýjað
Hætt við skúrum. Hlýtt.					

* Vinndraði er í metrum á sekúndu.

Mjúkur jólapakki

Opið til kl. 23:00
á Þorláksmessu

handa henni...

Valensia

Satín náttslöppur
vínrauður
st. S-XXL
3.999kr



Valensia

Satín náttföt
svört
st. S-XXL
3.999kr



Valensia

Satín náttföt
vínrauð
st. S-XXL
3.999kr



Valensia

Satín náttkjóll
vínrauður
st. S-XXL
3.499kr



Fallegt á hana...

Valensia

Náttkjóll
með spöng
st. S-XXL
2.999kr



Strengur
st. S-XXL
1.299kr

Valensia

Brjóstahöld
með spöng
st. 70-100C-D,
80-100E
2.499kr



Boxer
st. S-XXL
1.299kr

Valensia

Brjóstahöld
með spöng
st. 70-95A-D
2.499kr



Nærbuxur/
strengur
st. S-XXL
999kr

Boxer
st. S-XXL
1.299kr

Valensia

Brjóstahöld
og nærbuxur
með spöng
st. 85-95D-E
2.499kr



Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN



Er stýrikerfið í tölvunni þinni fengið á löglegan hátt?

Já 89,6%
Nei 10,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Borðar þú skötu um jólin?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Forsætisráðherra fullviss um að flugumferðardeilan leysist:

Treystir Sturlu og Flugstoðum

SAMGÖNGUR Flugstoðir ohf. og Sturla Bóðvarsson samgönguráðherra hafa fullan stuðning Geirs H. Haarde forsætisráðherra í deilu þeirra við flugumferðarstjóra. Geir sendi flugumferðarstjórum tóninn í gær og sagði „fráleitt að nota svona tilefni til að knýja fram breytingar á kjarasamningi sem er í fullu gildi.“

Geir sagði samgöngufyrirvöld og Flugstoðir „hafa staðið í einu og öllu að þessu máli í samræmi við lög í landinu“ og er þess fullviss að deilan leysist, en vildi ekki útskýra hvað væri verið að gera í málinu. Sturla Bóðvarsson vildi heldur ekki tjá sig um þetta í gær.

Forsætisráðuneytið svaraði í gær bréfi frá Alþjóðasamtökum flugumferðarstjóra, en í því var lýst yfir áhyggjum af aðgerðum Flugstoða. Sérstaklega var bent á að samkvæmt aðilaskiptalögum væri óleyfilegt að segja upp starfsfólki við breytt rekstrarform og að allt liti út fyrir að ríkisstjórnina skorti pólitískan vilja til að tryggja að flugumferðarstjórar fengju sanngjarna meðferð.

Í svari forsætisráðuneytisins kemur fram að svo virðist sem Alþjóðasamtökin hafi ekki kynnt sér allar forsendur málsins. Ráðuneytið tülki lög um aðilaskipti með öðrum hætti, án þess að það sé



GEIR H. HAARDE Það stefnir í að flugsamgöngur raskist eftir áramót, nái flugumferðarstjórar og Flugstoðir ohf. ekki lendingu í deilum sínum. Geir er viss um að farsælega úr rættist.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

útskýrt nánar í svarinu. Forsætisráðuneyti ábyrgist að kjör flugumferðarstjóra skerðist ekki. - kóp

Hlákuði á Kárahnjúkum:

Mikil hækkun vatnsborðs

KÁRAHNJÚKAR Vatnsborð Háslóns fór í 562,2 metra í gær og hafði þá hækkað um tæplega 60 sentimetra á sólahring, sem er tífalt meira en að jafnaði í síðustu viku.

Þessa miklu vatnavexti má rekja til hlákunnar sem geysað hefur á svæðinu að undanfögnu. Í óveðrinu flettist einnig klæðning af kafla Kárahnjúkavegar og Sandá flæddi yfir vestari Eyjabakkaveg.

Vindkvíðurnar í fyrrinótt héldu vöku fyrir fólki á vinnusvæðinu en fámennt er þar nú vegna yfirstandandi jólafría.

- hs

Ný frumverufylking:

Týndur hlekkur uppgötvaður

NOREGUR Norskir vísindamenn hafa fundið nýja frumverufylkingu í sjónum sem talin er vera einn af allra elstu forfeðrum manna, kom fram á Aftenposten.

Telonemia eru örsmáir einfrumungar sem lifa í öllum höfum heims, og telja vísindamennirnir að þeir hafi lítið sem ekkert breyst í milljarð ára.

„Þeir eru meðal fyrstu lífveranna ... og Telonemiafylkingin er týndur hlekkur í þróunarferlinu,“ sagði Kjetill S. Jakobsen og bætti við að hann gerir ráð fyrir að Telonemia finnist einnig í norskum fjallavötnum, sem og öðru ferskvatni.

Uppgötvunin hefur vakið mikla athygli meðal vísindamanna sem rannsaka upphaf lífs á jörðu.

- smk

NOREGUR

Með farþegann á þakinu

Lögreglan í Sogndal í Noregi stöðvaði bílstjóra nokkurn aðfaranótt fimmtudagsins, þar sem farþegi hans sat ekki eðlilega í farþegasæti heldur lá á þaki bifreiðarinnar. Bílstjórinn var sviptur ökuskrteini sínu á staðnum og má hann búast við sekt eða þriggja mánaða fangelsisvistun fyrir vikið.

LÖGREGLUFRETTIR

Bíll með tengivagn valt

Flutningabíll með tengivagn valt á Suðureyrarvegi seinnipartinn í gær og þurfti lögreglan á Ísafirði að loka veginum í hálfu þriðju klukkustund meðan verið var að fjarlægja bílinn. Engin slys urðu á fólki.

Ung stúlka á ofsahraða

Átján ára stúlka var tekin á 132 kílómetra hraða á Vesturlandsvegi við Ártúnsholt í vikunni þar sem hámarkshraði er 80 kílómetrar á klukkustund. Sama stúlka var tekin fyrir viðlíka hraðakstur fyrr í haust.



FRÁ LAUGARDAL Skemmti- og menntagarður í dalnum er á teiknborðinu. Verkefnið er afar metnaðarfullt. Byggingarnar verða að miklum hluta neðanjarðar og verða undir grasbalanum á milli Laugardalshallarinnar og Glæsibæjar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Náttúrugripasafnið staðsett í Laugardal

Borgaryfirvöld íhuga að reisa stóran skemmti- og menntagarð í Laugardal. Gert er ráð fyrir húsnæði fyrir Náttúrufræðistofnun og Náttúrugripasafnið. Kostnaður gæti numið tíu milljörðum króna. Borgin vill ræða samstarf við ríkið.

SAFNAMÁL Nýtt glæsilegt húsnæði fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrugripasafn Íslands er hluti af stórum mennta- og skemmtigarði sem Reykjavíkurborg íhugar að byggja í Laugardalnum. Safnahlutinn verður um 11.500 fermetrar sem skiptist á milli náttúrugripa- og vísindasafns og sjávardýrasafns. Byggingin er 23.000 fermetrar að stærð þar sem fjölbreyttir möguleikar verða til skemmtunar og fræðslu.

Borgarráð samþykkti á fundi sínum á fimmtudag að óska eftir formlegum viðræðum við ríkisstjórnina um aðstöðu fyrir náttúrugripa- og vísindasafn í Reykjavík auk starfsemi Náttúrufræðistofnunar. Bréf þessa efnis, undirritað af Vilhjálmi Þ. Vilhjálmsyni borgarstjóra, barst Geir H. Haarde forsætisráðherra í gær.

Björn Ingi Hrafnsson, formaður

Borgarráðs, segir að fjárfestar séu í viðræðum við borgina um gríðarlega uppbyggingu í Laugardalnum. „Það sem við erum að segja með bréfinu er að í Reykjavík eru margvíslegir valkostir og við erum tilbúin til viðræðna við ríkisvaldið um sameiginlega aðkomu að þessu máli. Við tökum undir það að ekki sé búandi við núverandi ástand og teljum það hlutverk okkar að benda á lausnir.“

Samstarfshópur Reykjavíkurborgar er leiddur af þrem fjárfestum. Klasa hf., fyrirtæki Sigurjóns Sighvatssonar Palomar Pictures og Fasteign hf. Hönnun er í höndum Jerde Partnership í Los Angeles og THG Reykjavík. Ragnar Atli Guðmundsson er verkefnisstjóri. „Þetta er opnanlegt torg sem verður aðalhlíðið inn í dalinn. Inngengt verður í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn,

Skautahöllina og Laugardalshöllina. Við viljum sýna dalnum virðingu út frá náttúru og umhverfi og þess vegna eru byggingarnar felldar inn í grastorfuna á milli Laugardalshallarinnar og Glæsibæjar.“

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir að sér hafi verið kynntar hugmyndir um stóran náttúru- og vísindagarð í Laugardalnum. „Auðvitað er það mikið fagnaðarefni ef margir geta sammælst um gera þetta á öflugan hátt. Því fylgir mikill kostnaður að byggja náttúruvísindasafn, ekki undir 1,5 milljörðum króna, og því fleiri sem geta komið að slíkri uppbyggingu því betra.“

Byggingarverktakar sem Fréttablaðið ráðfærði sig við telja að uppbygging garðsins muni kosta á bilinu fimm til tíu milljarða króna.

svavar@frettabladid.is

Borgarstjóri segir metnaðarfulla uppbyggingu í Laugardal í rækilegri skoðun:

Vill ræða safnamál heildstætt

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri segir uppbyggingu skemmti- og menntagarðs í Laugardal í rækilegri skoðun. Hann segir að rekstrargrundvöllur slíks garðs og stofnkostnað þurfi að skoða gaumgæfilega og ekki megi rasa um ráð fram í þessu sem öðru.

„Við erum að tala um þrjú söfn. Náttúrugripasafn, vísindasafn og sjávardýrasafn. Hugmyndin um vísindasafn og sjávardýrasafn er eldri en umræðurnar um náttúrugripasafn kveiktu þá hugmynd að sameina öll söfnin þrjú,“ segir Vilhjálmur.

Vilhjálmur minnir á að ríkið fékk úthlutað lóð undir náttúrugripasafn í Vatnsmýrinni árið 1991



VILHJÁLmur Þ. VILHJÁLMSson Borgarstjóri sér fyrir sér að söfn yrðu hluti að fjölbreyttri fjölskylduskemmtun í Laugardal.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

en ekkert hafi gerst í því máli síðan. „Við viljum því ræða hugmyndir um safnamál þar sem borg og ríki gætu komið saman og koma þessu þannig á hreyfingu. Nú veit ég að þeir sem starfa hjá Náttúru-

fræðistofnun telja það æskilegt að safnið og stofnunin séu í sömu byggingunni. Ég skal ekki dæma um það en mér þætti það allavega skynsamlegt að söfnin væru á sama stað. Þá gætu fjölskyldurnar nýtt sér fjölbreytt val og skemmt sér vel ef þetta risi til dæmis í Laugardalnum.“

Aðspurður hvort borgin gæti hugsað sér að koma að uppbyggingu náttúrugripasafns í Vatnsmýrinni ef ríkið kysir að nýta lóðaréttindi sín þar segir Vilhjálmur að borgin hafi ekki hingað til tekið þátt í uppbyggingu á háskólasvæðinu. „Fyrst af öllu þurfum við að tala saman og sjá hverjir snertifletirnir eru á milli okkar í þessum málum.“

- shá



Pósthúsið við Skipholt 50a mun sameinast pósthúsinu við Grensásveg 9 frá og með 27. desember

Pósthúsið við Skipholt 50a mun sameinast pósthúsinu við Grensásveg 9 og mun pósthúsið þar því þjóna viðskiptavinum sem búa í pósthúsinu 105. Þeir sem búa í pósthúsinu 103, 104, 105 og 108 nota því pósthúsið við Grensásveg.

Afgreiðslutíminn er frá kl. 9.00 - 18.00 alla virka daga. Nánari upplýsingar eru veittar í þjóstuveri í síma 580 1200.

www.postur.is

Einkamál

Smáauglýsing óskar eftir að komast í samband við góðan auglýsanda. Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafið samband í síma 550 5000.

FRÉTTABLAÐIÐ

— smáauglýsingar sem allir sjá



Opið til kl. 22 í kvöld og á morgun, Þorláksmessu

30%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM BÚSÁHÖLDUM,
GJAFAVÖRU OG
BORÐSTOFUSTÓLUM

www.egg.is

 **EGG**
SMÁRATORGI

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað er björgunarþyrlan TF-GRO kölluð af starfsmönnum Landhelgisgæslunnar?
2. Hvað heitir áin sem rennur í gegnum Selfoss?
3. Hvað hét einræðisherra Túrkenistans sem féll frá í vikunni?

SVÖR VIÐ SPURNINGUM Á BLS. 78

365 selur meirihluta móðurfélags Wyndeham Press Group í Bretlandi:

Skuldir lækka í 8,1 milljarð

VIÐSKIPTI Vaxtaberandi skuldir 365 hf. lækka í um 8,1 milljarð króna eftir útgáfu nýs hlutafjár í Daybreak Holdco Ltd., dótturfyrirtæki 365. Skuldir félagsins námu fyrir sölnuna rúmum 20 milljörðum króna.

Daybreak Holding er móðurfélag breska prent- og samskipta-fyrirtækisins Wyndeham Press Group sem Dagsbrún keypti fyrr á árinu. Eftir viðskiptin þá verður Daybreak hlutdeildarfélag 365.

„365 hf. verður nú minnihlutaeigandi í Daybreak sem er í samræmi við áður tilkynnta stefnu félagsins og okkur list vel á að starfa með nýjum hluthöfum við



Í PRENTSAL WYNDEHAM Dagsbrún keypti Wyndeham Press í sumar, en nú hefur 365 selt bróðurpart félagsins.

Þetta verkefni,“ segir Ari Edwald, forstjóri 365. Nákvæmt söluverð hlutarins segir hann ekki gefið upp að sinni.

Við skiptingu Dagsbrúnar hf. í

síðasta mánuði féll eignarhlutur Dagsbrúnar í Daybreak í hlut 365. „Í tengslum við framangreint hefur verið gefið út nýtt hlutafé í Daybreak sem nemur 64 prósentum af heildaratkvæðamagni félagsins. Landsbanki Íslands hf. tryggði sölu á hinu nýja hlutafé sem að FL Group og Landsbanki Íslands hf. skráuðu sig fyrir,“ segir í tilkynningu 365 til Kauphallar sem send var eftir lokun markaða í gær.

Dagsbrún gerði yfirtökutilboð í Wyndeham Press Group í júlí, en verðmæti yfirtökunnar var þá metið á 80,6 milljónir punda eða um tíu milljörð króna.

- óká

Ársskýrsla Ríkislögreglustjóra:

Veruleg fjölgun fíkniefnabrota

LÖGREGLUMÁL Fíkniefnabrotum fjölgaði á síðasta ári um 58 prósent samanborið við meðalfjölda slíkra brota síðustu fimm árin þar á undan. Árið 2005 voru 1.396 einstaklingar kærðir fyrir fíkniefnabrot, 1.189 karlar og 207 konur. Þetta kemur fram í ársskýrslu embættis ríkislögreglustjóra fyrir árið 2005.

Hvað upptæk fíkniefni varðar náðu lögregla og tollgæsla mestu magni af hassi eða tæplega 21 kíló. Eftir því sem það magn sem tekið hefur verið af hassi á undanföllum árum hefur dregist saman hefur orðið aukning á magni örvandi efna sem hald hefur verið lagt á.

- jss



HROSS Á FLÆÐISKERI Hross hefur víða flætt undanfarna daga.

Um 70-80 hrossum bjargað:

Voru orðin blaut og hrakin

FLÓÐ Björgunarsveitarmenn frá Sauðárkróki björguðu um 70 hrossum í gær, sem höfðu flætt í Héraðsvötnum. Þau hímdu uppi á hól sem stóð upp úr vatninu í fyrri-nótt og voru orðin köld og hrakin þegar þau náðust loks í land síðdegis í gær.

Sigurbjörn Vopni Björnsson í björgunarsveitinni Skagfirðinga-sveit á Sauðárkróki sagði að í fyrradag hefði tekist að bjarga 30 hrossa hóp, en síðan hefðu aðstoðarbeiðnir streymt að. Sum hrossanna hefðu staðið í vatni upp í kvið og hvergi getað sig hreyft. Hrossunum var komið í hús þegar þau komu í land.

- jss

Handtekin í Hafnarfirði:

Tekin með hass og mikið fé

LÖGREGLUMÁL Maður og kona á þrítugsaldri voru handtekin í Hafnarfirði um á fimmtudagskvöld eftir að 200 grömm af hassi og hundruð þúsunda í peningum fundust við húsleit hjá þeim.

Lögreglan í Hafnarfirði telur að hassið hafi verið ætlað til sölu. Hún telur að peningarnir séu ágóði af fíkniefnasölu.

Fólkið var fært til yfirheyrslu en var sleppt að henni lokinni.

- ifv

Ákærður fyrir raðmorðin og spurður út í eldri morð

Stephen Wright hefur verið ákærður vegna vændiskvennamorðanna í Bretlandi en öðrum manni var sleppt úr haldi í gær. Lögreglan hyggst spyrja hinn ákærða út í óupplýst morð fjórtán ár aftur í tímann.

BRETLAND, AP Fjörutíu og átta ára gamall karlmaður, Stephen Wright, mætti fyrir dómara í Bretlandi í gær, ákærður fyrir morðin á fimm vændiskönnum í Ipswich í Suffolk. Var hann dæmdur í áframhaldandi varðhald.

Wright, sem starfaði áður sem atvinnubílstjóri, var handtekinn á þriðjudag og færður í gæsluvarðhald, en var birt ákæra seint á fimmtudag. Hann hefur ekki játað sekt. Í dómssal í gær sat hann íklæddur dökkbláum jakkafötum og staðfesti nafn sitt, heimilisfang og fæðingardag, en þagði annars.

37 ára gömlum manni sem handtekinn var á mánudag hefur verið sleppt úr haldi, en hann mun verða kallaður aftur inn til frekari yfirheyrslna, kom fram í máli lögreglustjórans Stewart Gull, sem stýrir rannsókninni. Hins vegar kom ekki fram hvort lögregla hefði hann enn grunaðan um aðild að morðunum, né hvenær yfirheyrslum yfir honum yrði haldið áfram.

Lík kvennanna fundust á víðavangi í nágrenni Ipswich á tíu daga tímabili í byrjun þessa mánaðar.



ENN UNNIÐ AÐ RANNSÓKN Lögreglumenn starfa ótullga að rannsókn morða á fimm vændiskönnum í Ipswich í Englandi. Einn maður hefur verið ákærður, grunaður um að hafa myrt konurnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Öll líkin voru nakin, en eingöngu hefur tekist að finna dánarorsök tveggja hinna myrtu. Gemma Adams, Tania Nicol, Anneli Alderton, Paula Clennell og Annette

Nicholls, sem voru á aldrinum 19 til 29 ára, hurfu ein af annarri frá lokum október fram í desember.

Wright býr í útjaðri rauða hverfisins í Ipswich, þar sem konurnar fimm störfuðu allar.

Málið hefur vakið gríðarlega athygli í Bretlandi og hafa allir fjölmiðlar fylgst grannt með störfum lögreglunnar. Talsmenn lögreglu hafa beðist undan athygli fjölmiðla, því þeir óttast að öll umræðan geti skaðað rannsóknina og væntanleg málaferli.

Suffolk-lögreglan er ein sú fámennasta í landinu og hafa hundruð lögregluþjóna komið henni til aðstoðar, en alls hafa um 600 lögregluþjónar sinnt rannsókninni.

Henni er langt frá því að vera lokið og leita lögreglumenn enn

eftir vísbendingum bæði á og nærri þeim stöðum þar sem konurnar fundust, sem og á heimili Wright og víðar.

Gríðarleg öryggisgæsla var fyrir utan dómshúsið í gær þegar Wright var fluttur þangað í lögreglubíl. Lögmáður hans, Paul Osler, sagði skjólstæðing sinn vera undir miklu álagi. „Ég minni alla á það að hann er álitinn saklaus þar til rétturinn finnur hann sekan,“ sagði Osler við fréttamenn fyrir utan dómssal í gær.

Wright mætir aftur í dómssal 2. janúar og kom fram í máli talsmanna lögreglu að hann yrði spurður um óupplýst morð á öðrum vændiskönnum í héraðinu fjórtán ár aftur í tímann.

smk@frettabladid.is



STÚLKURNAR SEM MYRTAR VORU Efri röð frá hægri: Gemma Adams, 25 ára, Tania Nicol, 19 ára, og Anneli Alderton, 24 ára. Neðri röð frá hægri: Paula Clennell, 24 ára, og Annette Nicholls, 29 ára.

NORDICPHOTOS/AFP

Karlmaður á fimmtugsaldri dæmdur fyrir harkalegt ofbeldi:

Dýfði höfði eiginkonu sinnar ofan í salernisskál á hóteli

DÓMSMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að svipta eiginkonu sína frelsi og misþyrma henni. Hann var dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið í fimm ár.

Atburðurinn átti sér stað á Hótel Nordica í Reykjavík í september á síðasta ári. Manninum var gefið að sök að hafa haldið eiginkonu sinni nauðugri á hóteliherbergi þeirra í allt að fjórar klukkustundir, elt hana er henni tókst að komast út úr herberginu og dregið hana fálkædda eftir göngum hótelsins, á hárinu meðal annars, aftur inn í herbergið. Jafnframt, að hafa meðan á frelsissviptingunni stóð, veist að henni, hrint henni, slegið hana í andlitið, klipið hana víðsvegar um líkamann, rífið í hár hennar og stungið höfði hennar ofan í salernisskál. Afleiðingar voru þær að konan hlaut mar og húðblæðingar á brjóstum og hálsi, mar og rispur á baki, handleggjum, hnjúm, rasskinn, læri og í andliti, eymsli í hársverði og hár-



HÓTEL NORDICA Þar dvöldu hjónin þegar atburðurinn átti sér stað.

lausa bletti. Hún krafði manninn um tveggja milljóna króna bætur.



Maðurinn játaði brot sitt fyrir dómi og sagði jafnframt að hjónin væru enn í sambúð og væru á leið til útlanda eftir áramót. Þetta staðfesti réttargæslumaður konunnar. Bótakröfu hennar var hafnað.

- jss

BBC
WORLD
SERVICE



Arnaldur áritar Konungsbók



Arnaldur Indriðason áritar í dag frá klukkan 16.00 til 17.00 skáldsögu sína, **Konungsbók**. Áritunin fer fram í Þjóðmenningarhúsinu þar sem yrkisefni sögunnar, sjálf **Konungsbók Eddukvæða** er til sýnis. Ókeypis er inn á handritasýningu Árnastofnunar í Þjóðmenningarhúsinu meðan á árituninni stendur. Sérstakt tilboð verður á bókinni sem er til sölu í Þjóðmenningarhúsinu á þessum tíma eða aðeins 3.500 kr.



ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ
Hverfisgata 15



Stofnun Árna Magnússonar

„Írónísk, launfyndin, bókmenntaleg spennusaga.“

★★★★ Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós

„Konungsbók er viðburðarík og spennandi saga.“

Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is

„Arnaldur hefur góð tök á frásagnartækni ... lesturinn er góð skemmtun.“

Katrín Jakobsdóttir, Mbl.

„Mögnuð og trúverðug spennusaga ... “

Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor
við Stofnun Árna Magnússonar


E d d a
edda.is

Íslamskar konur á breskum flugvöllum: Verði gert að sýna andlit sín

BRETLAND. AP Breskir fjölmíðlar og stjórnámamenn kalla nú eftir því að íslömskum konum verði alltaf gert að sýna andlit sín þegar þær fara í gegnum öryggisgæslu á flugvöllum.

Ástæðan er sú að breska lögreglan óttast að karlmaður sem myrti lögreglukonuna Sharon Beshenivsky, hafi flúið land í fyrra íklæddur hefðbundinni andlitsblæju og kufli múslimakvænna. Talið er að Mustafa Jamma sé nú í Sómalíu, heimalandi sínu.

Við komuna til Bretlands eru konur oftast beðnar um að lyfta blæjunni, en ekki við för úr landi.



ANDLITSBLÆJA Bretar fara nú fram á að konur sýni andlit sín í öryggisgæslu flugvallanna. FRÉTTABLAÐID/AP



Þú getur enn gefið geðveikt

Söfnun til styrktar samtökum sem vinna að úrbótum í geðheilbrigðismálum lýkur á aðfangadag

Þú getur enn tekið þátt í söfnuninni. Viðskiptavinir Sparisjóðsins þurfa ekki að greiða neitt, bara velja félag til að styrkja, og Sparisjóðurinn leggur þá fram 1.000 kr. til félagsins. Farðu inn á **spar.is** eða komdu í heimsókn og veldu félagið sem fær þinn styrk.



SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína



ERFIDAR AÐSTÆÐUR Á STRANDSTAÐ Slæmar aðstæður á strandstað, vont veður, skammvinn birta og slæm veðurspá hamlu björgunaraðgerðum í Hvalsnesfjöru. Umhverfisstofnun dregur úr aðgerðum, að minnsta kosti fram á annan í jólum.

Dregið úr aðgerðum í dag

Umhverfisstofnun ætlar að draga úr aðgerðum í Hvalsnesfjöru þar til hægt verður að vinna samfellt í minnst tíu tíma á dag við að dæla olíu úr skipinu.

STRANDIÐ Ef flutningaskipið Wilson Muuga hefur staðið af sér vonskuveðrið, sem spáð var í Sandgerði í nótt, eru meiri líkur en minni til þess að það standi um hríð í fjörunni þar sem straumur fer minnkandi næstu daga. Davíð Egilsson, forstjóri Umhverfisstofnunar, sagði í gærkvöld að í dag yrði kannað hvernig skipinu hefði reitt af eftir nóttina.

Tekin var ákvörðun hjá Umhverfisstofnun í gær um að draga úr aðgerðum á strandstað þar til veður yrði skaplegur og unnt að vinna samfellt í tíu tíma á dag við að undirbúa dælingu og annan eins tíma við að koma olíu í land. Virkur vinnutími upp á þrjá til fjóra tíma um borð dygði of skammt.

Davíð segir að um leið og veður lagist verði farið í að undirbúa dælingu. Björgunarmenn verði að geta ferðast á léttabát milli skips og lands. Það gerist um leið og flæði.

Fjórir starfsmenn Olíudreifingar voru um borð í þrjá tíma í gær og þyrflan flutti viðbótarbúnað um borð. Skipið virðist traust og hefur lítið hreyfst í fjörunni þrátt fyrir vont veður og slæmt sjólag. „Það eru mjög góðar fréttir því að það gefur okkur svigrúm til aðgerða,“ segir Davíð.

Engar breytingar hafa sést á skrokk skipsins. Sjór ásamt svartolíu er í óþekktu magni í botntönkum en dísilólíutankur og síðutankar virðast heilir. Könnunarflug með ströndinni í gær sýndi 200

STAÐAN UM BORÐ

Sjávarfalla gætir í vélarrými Wilson Muuga. Fremri lestin er þurr og heil. Smá sjór er í aftari lestin en ekki er leki þar. Sjór ásamt svartolíu er í óþekktu magni í botntönkum skipsins. Dísilólíutankur undir vélinni virðist vera heill með fjórtán tonn af dísilólíu. Síðutankarnir eru heilir.

metra langa olíubrúk frá skipinu.

„Þetta er hverfandi magn og talið vera smurólía undan vélinni en olíuflekkirnir sem sást í fyrradag voru horfnir í gær,“ segir Davíð. „olíulekinn virðist lítill og brimið sér um að dreifa olíunni.“

Veður hefur verið einstaklega vont á strandstað, sjólag slæmt og stuttur birtutími. Aðstæður eru afar erfiðar, einkum vegna þess að flytja þarf menn út í skipið með þyrllunni. Ekki er hægt að koma fyrir nauðsynlegum búnaði til að dæla olíunni í land nema veður sé skaplegt í minnst tíu tíma á dag.

Í kvöld og nótt var spáð vonskuveðri og hvassviðri og rigningu með slæmu skyggni fram á annan í jólum, þegar veður verður skaplegur áður en það versnar á ný. Vont veður og sjávarfallastraumur fara saman næstu daga og gera björgunaraðgerðir erfiðari um jólahátíðina.

Komi til þess að olíuleki aukist skyndilega verði undirbúningur hafinn til að bregðast við því.

ghs@frettabladid.is

Gerðu góðverk þegar þú kaupir jólagjöfina hjá okkur

Komdu með gamla símann þinn og:

Vodafone gefur 1.000 kr. til góðgerðamála fyrir hvern gamlan GSM síma.

Þú færð 1.000 kr. afslátt af nýjum síma.

Gamli síminn verður sendur til þróunarlanda eða endurunninn.

Látum gott af okkur leiða um jólin

Sharp GX 17

Tilboðsverð
9.900 kr.

Fullt verð
14.900 kr.
live! símtæki



Nokia 6131

Tilboðsverð
26.900 kr.

Fullt verð
29.900 kr.
live! símtæki



Nokia 6070

Tilboðsverð
13.900 kr.

Fullt verð
16.900 kr.
live! símtæki



Frábært DVD Bubbatilboð

1.690 kr.



Komdu við í verslun okkar eða hjá umboðsmanni,
hringdu í 1414 eða smelltu þér á www.vodafone.is
til að fá nánari upplýsingar.

gríptu augnablikið og lifðu núna



vodafone



Á LISTASAFNI Á þriðjudagskvöld brá Vladimir Pútin Rússlandsforseti sér á listasafni í Mosku að skoða sýningu á verkum Ilya Glazunov. Af þessari mynd að dæma virðist hann taka á sig svíp listaverkanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aurskriða lokaði veginum:

Innilokuð á Staðarbakka

FLÓÐ Aurskriða féll á veginn í Hörgárdal norðan við Staðarbakka rétt fyrir miðnætti aðfaranótt fimmtudags með þeim afleiðingum að sjö manns lokuðust inni á Staðarbakka. Símasamband rofnaði en íbúar voru ekki taldir vera í neinni hættu.

Um morguninn hófst Vega-gerðin handa við að hreinsa veginn og lauk því starfi um hádegi. Þó voru einhverjir vegir á svæðinu enn ófærir seinnipartinn í gær. Á Akureyri flæddi nokkuð vatn um Kjarnaskóg og tjaldstæðið að Hömrum, en Brunná hafði þá flætt yfir bakka sína. - sps

Viðræðurnar árangurslausar:

N-Kórea eflir vopnabúr sitt

KÍNA, AP Sex ríkja viðræðum um kjarnorkuvopnaáform Norður-Kóreu lauk í gær án þess að nokkur árangur fengist. Þvert á móti hóta Norður-Kóreumenn því núna að efla vopnabúr sitt.



KIM KYE-GWAN

Í viðræðunum, sem stóðu í fimm daga og voru haldnar í Kína, vildu fulltrúar Norður-Kóreu ekki ræða neitt annað en fjármálalegar refsiaðgerðir Bandaríkjanna gegn Norður-Kóreu, en Bandaríkjamenn voru ekki til væðræðu um að hætta þeim aðgerðum nema Norður-Kórea ræddi vopnaáform sín.

Þó eru fulltrúar ríkjanna sex, sem auk Norður-Kóreu og Bandaríkjanna eru Rússland, Kína, Japan og Suður-Kórea, staðráðnir í að hittast aftur innan fárra vikna. - gb

Forstjóri Umhverfisstofnunar um gagnrýni skipstjóra í Sandgerði:

Þetta eru stórar aðgerðir

SKIPSSTRANDIÐ Grétar Mar Jónsson, skipstjóri í Sandgerði, er ósáttur við að ekki sé fyrir löngu byrjað að dæla úr flutningaskipinu Wilson Muuga sem situr strandað í Hvalsnesfjöru í Sandgerði. Nú sé hætta á því að skipið nuddist til í fjörinni, göt komi á olútankana og olía renni út.

„Við erum með eitt mesta fuglalíf frá Stafnesi norður á Garðskaga og ég er skíthráddur um að þegar olía renni í sjóinn drepist allur fugl á svæðinu,“ segir Grétar og telur veður hafa verið nægilega gott til að byrja að dæla. Næg tækifæri gefist milli dúra og því hafi átt að dæla



GRÉTAR MAR JÓNSSON, SKIPSTJÓRI Í SANDGERÐI OG FULLTRÚI Í HAFN-ARSTJÓRN.

strax og vegurinn hafi verið tilbúinn á miðvikudag.

Grétar gagnrýnir þá sem stjórna aðgerðum í strandinu fyrir að hafa ekki áhyggjur af því að missa nútíu tonn af olíu í hafið. „Ef skipið brotnar og gat

kemur á tanka þá er þetta skelfilegt mengunarslys,“ segir hann og skilur ekki „hægagang og rólegheit“.

David Egilsson, forstjóri Umhverfisstofnunar, segir að gagnrýni af þessu tagi komi alltaf upp. Henni sé svarað með sama hætti og gagnrýni vegna Vikartinds. „Það er alltaf gagnrýnt að það sé ekki rokið í framkvæmdir en þetta eru stórir atburðir og það þarf mikið til að koma aðgerðum í gang. Það má ekki gleyma því að þetta eru stórar aðgerðir þar sem menn koma inn í aðstæður sem þeir lituð þekkja.“ - ghs

Ríkisútgjöld vaxa alltaf á kosningaári

Ríkisútgjöldin vaxa um 16,7 prósent milli fjárlaga 2006 og fjárlaga kosningaársins 2007. Þetta er þó svipað og í venjulegu kosningaári sé tekið tillit til verðbólgu. Hagfræðingur telur að vel sé tekið í hugmyndir um framkvæmdir.

EFNAHAGSMÁL Ríkisútgjöld hafa vaxið að meðaltali um ellefu prósent á kosningaári á tímabilinu 1945-1997, samkvæmt athugun Þórunnar Klemensdóttur á ríkisútgjöldum á þessu tímabili. Það er mun meira en árin á milli kosninga, þegar útgjöldin hafa aðeins vaxið um þrjú til fimm prósent.

Sigurður Jóhannesson hagfræðingur segir að ríkisútgjöld aukist um 16,7 prósent milli fjárlaga 2006 og fjárlaga kosningaársins 2007. Sé reiknað með verðbólgu upp á fimm til sjö prósent aukist útgjöldin svipað og í venjulegu kosningaári.



KOSNINGAR Stjórnmalamenn reyna að halda atvinnuleysi í lágmarki á meðan borgarar gera upp við sig hvort þeir vilja skipta um stjórnendur, segir Sigurður Jóhannesson.

„Þetta passar allt saman. Fjárlögin 2007 eru hefðbundin kosningafjárlög,“ segir Sigurður. „Það er aðeins meiri hagvöxtur í kosningaárum, eða 4,6 prósent, en önnur ár á því tímabili sem Þórunn skoðar, eða 4,1 prósent í meðalári,“ segir hann.

Sigurður segir að hugsunin sé sú að menn reyni að viðhalda góðærinu og halda atvinnuleysinu niðri á kosningaári þannig að kjósendum líði vel og búi ekki við mikið atvinnuleysi á meðan þeir meta hvort þeir vilji hafa sömu stjórnendur áfram. Þetta gildi bæði um ríki og sveitarfélög.

„Stjórnmalamennirnir hafa sjálfsbjargarvildleitni og reyna að fresta bakslagi í hagkerfinu fram yfir kosningar. Ég veit ekki hvort það er úthugað eða hvort það gerist ósjálfrátt en með því að auka útgjöldin svona mikið þá frestast

bakslagið og þá vonandi, fyrir stjórnmalamennina, fram yfir kosningar,“ segir hann og telur dæmigert að nú sé vel tekið í ýmsar hugmyndir, til dæmis vegagerð.

Sigurður hefur skoðað vöxt í útgjöldum sveitarfélögunna. Hann segir að útgjöld þeirra hafi vaxið mest ári fyrir kosningar, eða um 6,5 prósent, ef miðað er við tímabilið 1981-2005. Hin árin hafi þau vaxið frá tveimur og upp í sex prósent.

„Ríkið hefur meiri áhrif á hagseiffluna þannig að það er kannski meiri von um að menn geti haldið góðæri í gangi í ríkisfjármálunum. Í sveitarfélögunum eru menn að skoða afrekalistann fyrir síðustu fjögur ár. Áhrifin á almennt efnahagsástand eru kannski ekki alveg jafn mikil þar ennþá þó að áhrif sveitarfélögunna hafi aukist mjög mikið,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is

VÖXTUR RÍKISÚTGJALDA 1945-1997

Ár eftir kosningar	5%
Annað ár eftir kosningar	3%
Árið fyrir kosningar	5%
Á kosningaári	11%
Heimild: Athugun Þórunnar Klemensdóttur á ríkisútgjöldum 1945-1997	

VÖXTUR ÚTGJALDA SVEITARFÉLAGA 1981-2005

Ár eftir kosningar	2%
Annað ár eftir kosningar	6%
Ár fyrir kosningar	6,5%*
Kosningaár	5,5%
* Væri 8,5% ef 1997 væri ekki sleppt.	

Samanburður er erfiðari hjá sveitarfélögunum en hjá ríkinu vegna verkefnaflutninga.

Heimild: Erindi Sigurðar Jóhannessonar á Fjármálaráðstefnu sveitarfélögunna 2006.

Eldsvoði í Keflavík:

Rúður sprungu í eldinum

LÖGREGLUMÁL Talsverður eldur kom upp í kjallaraíbúð í á Kirkjuvegi í Keflavík á sjöunda tímanum á föstudagsmorgun.

Þrennt var inni í íbúðinni og náði fólki að koma sér út af sjálfsdöðum áður en lögreglan og slökkviliði komu á vettvang.

Fólki var flutt til aðhlyningar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja en var útskrifað að lokinni skoðun.

Miklar skemmdir urðu á íbúðinni og sprungu meðal annars tvær rúður.

Að sögn lögreglunnar í Keflavík eru eldsuþtök ókunn en talið er að eldurinn hafi kviknað út frá raftækjum. - ifv



MISSTI STJÓRN Á BÍLNUM Bill konunnar skemmdist þegar hann lenti á hlöðnum vegg.

Tveir bílar skemmdust:

Fékk flog og keyrði á vegg

LÖGREGLUMÁL Kona á fertugsaldri keyrði á hús og hlaðinn vegg á gatnamótum Skólavegs og Hásteinsvegs í Vestmannaeyjum síðdegis á miðvikudaginn. Hún var ein í bílnum og slasaðist ekki í árekstrinum. Bíllinn hennar er nokkuð skemmdur, sem og annar bíll sem stóð við vegginn, en grjótt kastaðist úr honum og lenti það á bílnum.

Konan fékk flogaveikiskast og missti stjórn á bílnum. Hún hefur ekki áður fengið flogaveikiskast undir stýri. - ifv

Barna- og unglíngageðdeild:

Fyrsti áfangi boðinn út

HEILBRIGÐISMÁL Fyrsti áfangi viðbyggingar við barna- og unglíngageðdeild Landspítalans við Dalbraut hefur verið boðinn út.

Nýbyggingin er tvær hæðir og kjallari, 1.244 fermetrar. Á fyrstu hæð verður móttaka göngudeildar, viðtals- og meðferðarherbergi og á annarri hæð skrifstofur starfsmanna og viðtalsaðstaða. Í kjallara verður mötuneyti, tæknirými og fleira.

Áætlaður kostnaður við nýbygginguna nemur um 340 milljónum króna. Fyrir utan framlag ríkisins hafa fjölmörg félagasamtök stutt við áform um uppbyggingu á BUGL með myndarlegum gjöfum. - jss

Svartapoka á Heathrow hefur hamlað öllu flugi í fjóra daga:

Tugþúsundir farþega strand

BRETLAND, AP Tugþúsundir farþega sátu í gær strandaðar á Heathrow-flugvelli við Lundúnir, eftir að hundruðum fluga var aflýst vegna þykkra þoku fjórða daginn í röð. Svo margir þurftu að bíða að flugvallaryfirvöld hafa sett upp upphituð tjöld og matsöluvagna víðs vegar um völinn. Eins gengu starfsmenn um og dreifðu þunnum dýnum og teppum, svo fólk gæti hvílt sig.

Um 160.000 manns fara um Heathrow-flugvöll á meðaldeg, en nærri 200.000 manns áttu pantað flug um völinn í gær.

„Það er allt farið úr böndunum,“ sagði Nicholas Velaz, 23 ára Bandaríkjamaður. „Það er svo mikið af fólki hér í flugstöðvarbyggingunni að maður getur varla gengið.“

Öll hótél í nágrenni Heathrow voru yfirfull og hafa hundruð manna neyðst til að sofa í flugstöðvarbyggingunum.

Hátt í þúsund flug hafa verið afboðuð síðan á þriðjudag, þegar þykkur þokubakki færðist yfir Lundúnaborg. Voru farþegar varaðir við því að þeir kæmust hugaslega ekki heim fyrir hátíðarnar, því líkur eru á að þokunni létti ekki í nokkra daga.



SVARTAPOKA Flug um Heathrow hefur að mestu legið niðri síðan á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Pokan hefur hins vegar haft lítil áhrif á öðrum flugvöllum. - smk/aa

Gefðu dýrmætasta efni í heimi




Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is



UPPSELT Í FORSÖLU
TÓNLEIKAR
ÞORLÁKSMESSU

AUKA
TÓNLEIKAR
26. DESEMBER



BUBBI

Á NASA



tónleikaröð á NASA

BUBBI TEKUR FYRIR

BROT AF ÞVÍ BESTA

TÓNLEIKAR

LAUGARDAGINN

23. DESEMBER.

AUKATÓNLEIKAR

26. DESEMBER

ANNAN Í JÓLUM.

Miðasala við innganginn og á www.nasa.is. Fyrstir koma, fyrstir fá! Tónleikarnir hefjast kl. 22, húsið opnar kl 20.



www.nasa.is

Bestir í kjöti

NÓATÚN



Húsavíkur hangikjöt



Úr
Fiskborði
Noatuns

35%
afsláttur

TÍGRIS RÆKJUR
ÁN SKELJA

1.949 kr



Úr
Fiskborði
Noatuns

40%
afsláttur

HÖRPUSKEL
ÚR FISKBORÐI

2.699 kr



Úr
Fiskborði
Noatuns

Humar í úrvali!



Eðalfiskur
heill eða í bitum

40%
afsláttur

Reyktur og grafinn lax



Allt í veisluna!

Opnunartími verslana Nóatúns
Opnið í dag til 23:00 – 24. desember til 14:00

Nóatúns hamborgarhryggurinn er sá Besti*

*Samkvæmt gæðakönnun
sem birtist í DV 15. desember

Gerðu jólin auðveld
og kræktu í uppskriftabækling
í Nóatúni!




GRÍSALUNDIR
MEÐ SÆLKERAFYLLINGU

2.498 kr.
kg



ANDABRINGUR
ÍSLENSKAR

2.990 kr.
kg



GRÍSAHRYGGUR
MEÐ PÖRU

1.198 kr.
kg



SKÖTUSELUR

1.498 kr.
kg



SÆNSK JÓLASKINKA
ALI

1.189 kr.
kg



LAMBALÆRI
MEÐ FYLLINGU

2.398 kr.
kg

30%
afsláttur

Verði ykkur að góðu!



JÓLAHAPPDRÆTTIÐ Í gærkvöld sátu Spánverjar límdir við sjónvarpsskjáinn þegar dregið var í jólalóttöinu. Stóri vinningurinn, „sá feiti“ eins og Spánverjar segja, nemur í ár 195 milljörðum króna. Þarna má sjá starfsmann undirbúa lottóvélin, sem er býsna glæsilega úr garði gerð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Prettán slösuðust þegar aurskriða féll í Svíþjóð:

400 metra vegarkafli ónýtur

SVÍÞJÓÐ, AP Aurskriða féll á þjóðvegi númer E6 nærri Munkedal í suðvesturhluta Svíþjóðar á miðvikudagskvöld og reif í sundur 400 metra langan kafla vegarins. Minnst 26 manns voru fluttir á sjúkrahús en enginn þeirra reyndist alvarlega slasaður. Fjölmargir bílar eyðilögðust í hamförunum og unnið var að því í gær og fyrradag að tína þá upp úr aurnum, en ellefu bifreiðar fóru á kaf í drulluna.

Jafnframt skemmdust lestarteinar í hamförunum.

Prátíu kílómetra löngum kafla vegarins var lokað af ótta við frekari aurskriður, og hafa sænsk



ÓNÝTUR VEGUR Aurskriða eyðilagði 400 metra langan kafla sænsk þjóðvegs.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

samgöngumálayfirvöld tilkynnt að vinnan við enduruppbygging-

una verði tímafrek. Hingað til hafa um fimmtán þúsund bílar farið á degi hverjum eftir veginum, sem liggur eftir vesturströnd Svíþjóðar og yfir til Noregs.

„Þetta er meginæð umferðar milli Noregs og Danmerkur, svo ég held þetta geti reynst sumum [bílstjórum] þungbært. Þeir neyðast núna til að ferðast eftir minni vegum,“ sagði Thomas Anderson, talsmaður samgöngumálaráðuneytis Svíþjóðar. Hann bætti við að búast mætti við að viðgerðin tæki allt að þremur mánuðum.

Miklar rigingar hafa verið á svæðinu undanfarið og eru þær taldar hafa valdið skriðunni. - smk

Eldvarnir um jólin:

Kerti ekki nálægt gardínum

ELDVARNAMÁL Sjóvá Forvarnahús hvetur landsmenn til að fara varlega með kertaskreytingar og staðsetja þær ekki nálægt eldfimu efni, til dæmis gardínum, nú þegar sá árstími fer í hönd, jóla, áramót og þrettándinn, þar sem kerta-brunum fjölga.

„Skýringin er væntanlega sú að kertanotkun er meiri og ekki síður að skreytingar eru farnar að þorna og eru eldfimari fyrir bragðið. Það sem af er desember hafa tólf kertabrunar verið tilkynntir til tryggingafélaganna, sem er mun minna en undanfarin sex ár. Að meðaltali hafa þeir verið 44 fyrstu þrjár vikurnar í desember.“ - ghs

Hundrað þúsund manns:

Innflytjendamet í Svíþjóð

STOKKHÓLMUR, AP Árið 2006 ætla að slá öll met í fjölda innflytjenda til Svíþjóðar, því ljóst er að um hundrað þúsund manns bætast aðfluttir í íbúafjöldann í ár.

Fjöldinn í ár er 48 prósentum meiri en árið 2005.

Flestir innflytjendurnir eru frá Írak, Póllandi og Serbíu og Svartfjallalandi, samkvæmt upplýsingum frá hagstofu Svíþjóðar.

Jafnframt eru fæðingar í Svíþjóð fimm prósentum fleiri í ár en var á síðasta ári, en dánartíðnin stendur í stað.

Samanlögð áhrif aukinnar fæðingartíðni og fjölgunar innflytjenda gera það að verkum að íbúum landsins fjölga um 0,7 prósent og eru þeir nú orðnir 9,11 milljónir. - gb

Erlendir starfsmenn tínast hundruðum og jafnvel þúsundum saman í jólafrí:

Útlendingarnir streyma í jólafrí

VINNUMARKAÐUR Erlendir starfsmenn eru óðum að fljúga utan í jólafrí. Flestar brottfarir verða frá flugvælinum á Egilsstöðum á Þorláksmessu en þá fara átta hundruð til níu hundruð Pólverjar í beint flug til Póllands. Pólverjarnir koma aftur til landsins milli jóla og nýárs eða í byrjun nýja ársins.

Ingólfur Arnarson, flugvallarstjóri á Egilsstöðum, segir að daglegt flug hafi verið um nokkurra mánaða skeið frá Egilsstaðaflugvelli. Um þessar mundir séu fleiri að fara en koma til Egilsstaða en brottfarir séu þó ekkert fleiri nú fyrir jólin en venjulega hefur verið í desember síðustu ár.

Um tólf hundruð til þrettán hundruð erlendir starfsmenn eru hjá Bechtel í Reyðarfirði. Björn S. Lárusson, samskiptastjóri hjá Bechtel, segir að Bechtel hafi

verið með beinar flugferðir til Póllands frá Egilsstöðum upp á síðkastið og stundum fimm ferðir á dag.

„Það verða hundruð og fimmtíu starfsmenn við störf, fyrst og fremst sérfræðingar sem setja inn vélar og tæki í þær byggingar sem reistar hafa verið,“ segir hann og telur að yfirbragðið verði með rólegra móti á starfssvæði Bechtel um jóla og áramót.

„Fyrsta vélin kemur til Egilsstaða strax eftir áramót og svo eru aðrir að tínast þangað milli jóla og nýárs og fram yfir áramót,“ segir hann.

Omar R. Valdimarsson, talsmaður Impregilo, segir að tæplega þrjú hundruð af tæplega ellefu hundruð starfsmönnum á Kárahnjúkum fari heim um jólin, flestir Portúgalar, Kínverjar og Ítalir. Prettán



Á KÁRAHNJÚKUM

Erlendir starfsmenn halda hundruðum saman af landi brott þessa dagana til að halda jóla í heimalandi sínu. Frá Egilsstaðaflugvelli fara hátt í níu hundruð Pólverjar á Þorláksmessu. Prettán fjölskyldur verða á Kárahnjúkum yfir jólin.

fjölskyldur verði á Kárahnjúkum yfir jólin.

Starfsmenn á höfuðborgarsvæðinu eru líka farnir að tínast brott. Loftur Arnason, framkvæmdastjóri Ístaks, áætlað að yfir hundruð og fimmtíu erlendir starfsmenn Ístaks séu að yfirgefa landið þessa dagana og taki sér heldur lengra jólafrí en Íslendingarnir. Þeir komi

ekki aftur fyrr en eftir áramót.

Guðjón Arngrímsson, upplýsinga- fulltrúi Ícelandair, segir að vélar félagsins séu yfirleitt fullar og það sama hafi gilt nú fyrir jólin. Hann kveðst ekkert geta sagt um það hvort brottfarir erlendrar starfsmanna séu fleiri en venjulega nú fyrir jólin.

ghs@frettabladid.is

Gólf lampar á tilboði



Burstað gyllt



Burstað stál



Antik

Kr. 7995

Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800

Opið: 22 des. 09:00 - 22:00
23 des. 09:00 - 23:00
24 des. 09:00 - 12:00



ALEXEI MILLER OG VLADIMIR PÚTÍN Stjórnarformaður Gazprom ásamt forseta Rússlands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gasdeila Georgíu og Rússa: Georgía fellst á verðhækkun

MOSKVA, AP Georgíumenn hafa fallist á að greiða Rússum frá og með áramótum sem svarar rúmlega sextán þúsund krónum fyrir þúsund rúmmetra af gasi, að því er rússneska gasorkufyrirtækið Gazprom upplýsti í gær.

Þetta er meira en helmingi meira verð en Georgíumenn hafa til þessa greitt Rússum fyrir gas. Georgíustjórn hefur sakað Rússa um að refsa Georgíumönnum með því að hækka gasverðið.

Zurab Nogaideli, forsætisráðherra Georgíu, sagði hins vegar í gær að Georgíumenn myndu fá megnið af því gasi sem þeir þurfa frá Aserbaídján. - gb

DÓMSMÁL

Nefbraut mann og bar hnif

Lögrelustjórnin í Reykjavík hefur ákært tæplega tvítugan karlmann fyrir að kýla mann í andlítið á Smiðjustíg í Reykjavík í janúar 2006. Maðurinn nefbrotnaði í árásinni. Auk þess er maðurinn ákærður fyrir að hafa borið hnif þegar árásin átti sér stað.

LÖGREGLUFRETTIR

Ingunn losnaði frá bryggju

Fjölveiðiskipið Ingunn losnaði frá bryggju á Akranesi á fimmtudagskvöld. Björgunarsveitarmönnum tókst að koma taug í skipið úr hafnsögubáti og draga það að bryggju.



afgreiðslutími um jól og áramót

23. des. þorláksmessa 9-24
24. des. aðfangadagur 9-16
25. des. jóladagur lokað
26. des. annar í jólum 9-24

31. des. gamlársgangur opið til kl. 18
1. jan. nýársdagur opnum kl. 13

24 stunda verðslanir:

Barónsstíg, Hjarðarhaga, Langarima, Lágmúla, Dalvegi,
Engihjalla, Lyngási, Staðarbergi, Akureyri og Keflavík

23. des. þorláksmessa opið allan sólarhringinn
24. des. aðfangadagur opið til kl. 16
25. des. jóladagur lokað (opnar á miðnætti)
26. des. annar í jólum opið allan sólarhringinn

31. des. gamlársgangur opið til kl. 18
1. jan. nýársdagur opnum kl. 13



...þegar þér hentar

www.10-11.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 6.356 -1,91% Fjöldi viðskipta: 640

Velta: 80.576 milljónir

MESTA HÆKKUN

Atlantic Petroleum +2,42%
Atorka +1,98%
Tryggingamiðstöðin +0,27%

MESTA LÆKKUN

Exista -3,13%
Landsbankinn -2,96%
FL Group -2,71%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: 365 4,87 +0,00% ... Actavis 64,30 -1,08% ... Alfesca 5,10 +0,00% ... Atlantic Petroleum 550,00 +2,42% ... Atorka 6,70 +1,98% ... Bakkavör 62,80 -0,63% ... Eimskipafélagið 32,90 -2,66% ... FL Group 25,10 -2,71% ... Glitnir 22,80 -2,56% ... Kaupþing 833,00 -1,89% ... Landsbankinn 26,20 -2,96% ... Marel 78,00 -0,64% ... Mosaic Fashions 15,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,20 -2,27% ... Össur 112,00 -1,32%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Orðfæri útvaldra

Fjármálaeftirlitið birti á vef sínum í gær breytingu á skilgreiningu í leiðbeinandi tilmælum um efni starfsreglna stjórna fjármálfyrirtækja um hverjir teljast venslaðir fjármálfyrirtækjum. Hluti var þar undanskilinn skýrslugjöf um fyrirgreiðslur sem áður þurfti að skila reglulegum skýrslum um. Í tilkynningunni segir: „Í breytingunni felst að fyrirtæki sem aðilar sem teljast til tíu stærstu hluthafa í fjármálfyrirtæki, eiga a.m.k. tíu prósent hlut í, starfa hjá eða gegna stjórnarstöðum fyrir, teljast ekki til venslaðra aðila í skilningi tilmællanna og lýtur skýrslugjöf fjármálfyrirtækja og ytri endurskoðanda til Fjármálaeftirlitsins ekki að fyrirgreiðslum til þessara aðila.“ Ha? Spurning er hvort nægilega ljóst

sé við hverja er átt. Ekki er ofsagt að rekstur fjármálfyrirtækja sé flókin.

Fjármálakrísa jólasveinsins

Grænlenka heimastjórnin hefur skorið jólasveininn út úr fjárlögum, að því er greint er frá í danska viðskiptaritinu Børsen. Og Ferðamannaráð Nuuk, sem tók yfir starfsemi sveinka á árinu hefur ekki ráð á að svara bréfaskrifnum barna jólasvegar að úr heiminum í ár. Þetta er bagalegt því dagana fyrir jól streyma bréf með óskum barna um gjafir á heimilisfangið 2412 Grænland. Vænkast við þennan niðurskurð heimastjórnarinnar hagur Finna þar sem ótullegra er unnið að því að koma upp heimili jólasveinsins. Spurning hvort sóknarfæri sé hér á landi í þessum efnun líka?



MARKAÐSPUNKTAR ...

Í gær var gengið frá viðskiptum á 22,6 prósentum heildarhlutafjár í Straumi-Burðarási Fjárfestingabanka. Bankinn, starfsfólk hans og fjárfestar keyptu hlut FL Group fyrir 42,1 milljarð króna.

Róbert Wessman, forstjóri Actavis Group, er maður ársins í íslensku atvinnulífi árið 2006, að mati dómnefndar Frjálsrar verslunar. Hann hlýtur þennan heiður fyrir einstakan árangur við stjórn og eflingu fyrirtækisins á undanförmum árum.

Icelandic Group hf. hefur gert samning um sölu á öllum hlutabréfum í VGI ehf. Söluverð hlutabréfanna er 270.000.000 kr. og var bókfært verð þeirra í lok september 2006 81.400.000 kr. Söluhagnaður ræðst af stöðu eigin fjárfestinga VGI ehf. í árslok 2006.

Actavis dregur úr framleiðslu í Evrópu

Actavis hefur tilkynnt um sölu á lyfjaverksmiðju sinni í Lier í Noregi til norska tryggingarfélagins Storebrand. Félagið greiðir sem samsvarar 900 milljónum króna fyrir verksmiðjuna. Á þriðjudaginn tilkynnti félagið um kaup á verksmiðju indverska lyfjafyrirtækisins Grandix Pharmaceuticals þar sem fram fer framleiðsla og þróun samheitalyfja. Er áætlað að auka afkastagetu verksmiðjunnar þar úr 700 milljónum taflna í fjóra milljarða. Á sama tíma var tilkynnt um opnun félagsins á nýrri þróunareiningu á Indlandi sem mun sérhæfa sig í þróun virkra lyfjaefna.

Actavis á tuttugu verksmiðjur í tólf löndum. Breytingarnar í vikunni eru í samræmi við markmið félagsins um samþættingu framleiðslueininga og að styrkja fram-



VERKSMIÐJA GRANDIX Á INDLANDI

legðarstig samstæðunnar. „Markmið okkar fyrir þetta ár að ná EBITDA-framlegð upp á 20 til 21 prósent. Við stefnum á að hækka það hlutfall upp í 21 til 22 prósent á næsta ári,“ segir Halldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri innri og ytri samskipta hjá Actavis. Hann segir að til að ná þessu markmiði verði skoðað að minnka enn frekar framleiðslu á öðrum og óhagkvæmari stöðum. Engar ákvarðanir liggi þó fyrir um hvar það verði gert.

- hhs

Glitnir heldur einkunn

Lánshæfi Glitnis er óbreytt að mati Standard & Poor's sem staðfesti mat sitt þrátt fyrir að matsfyrirtækið hafi lækkað lánshæfiseinkunn íslenska ríkisins.

Ástæðurnar að baki lækkuðu mati hjá ríkinu voru teknar með í reikninginn við endurskoðun á mati Glitnis, að Standard & Poor's, en við matið stóður styrk staða bankans á heimamarkaði sem og landfræðileg dreifing með starfsemi bankans í Noregi og í Svíþjóð frá því í maí á þessu ári. „Í einkunnagjöfinni er

einnig horft til jafns og stöðugs hagnaðar af starfsemi og gæða eigna.“

Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis segir þessa afstöðu Standard & Poor's mikilvæga fyrir lánakerfið og staðfesti að Glitnir, sem sé eini bankinn sem metinn er af S&P, sé svo eignadreifður að mat á veikleikum í íslenska hagkerfinu breyti ekki mati á fjárhagslegum styrk og lánshæfi bankans. „Ef að líkum lætur mætti draga sömu ályktun um aðra íslenska viðskiptabanka.“

- óká

Ljúffengir jólabitar frá Kristjánshöfn - ómissandi á kaffiborðið!



Össur kaupir fransk fyrirtæki á 9,3 milljarða

Með kaupnum á franska fyrirtækinu Gibaud Group kemst Össur í hóp tíu stærstu fyrirtækja heims á markaði með stuðningstæki. Félagið hefur yfir tuttugu prósent markaðshlutdeild í Frakklandi.

Össur hefur keypt franska fyrirtækið Gibaud Group fyrir 132 milljónir Bandaríkjadala, sem nemur um 9,3 milljörðum íslenskra króna. Félagið verður áfram rekið undir eigin nafni, enda hefur vörumerkið mjög styrka stöðu í Frakklandi að sögn Jóns Sigurðssonar, forstjóra Össurar. Þetta eru önnur stærstu fyrirtækjakaup Össurar frá upphafi, á eftir bandaríska stuðningstækjafyrirtækinu Royce sem var tekið yfir árið 2004. Frá árinu 2000 hefur Össur tekið tólf fyrirtæki yfir víðs vegar um heim.

Gibaud Group er leiðandi á sviði þróunar og framleiðslu á stuðningstækjum með sérstaka áherslu á spelkur og vörur til notkunar við blóðrásarmeðferðir. Félagið er næststærst á franska stuðningstækjamarkaðnum með yfir tuttugu prósent markaðshlutdeild. Með kaupnum á franska fyrirtækinu kemst Össur í hóp tíu stærstu



JÓN SIGURÐSSON, FORSTJÓRI ÖSSURAR Frá árinu 2000 hefur Össur tekið yfir tólf fyrirtæki víðs vegar um heim.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fyrirtækja á stuðningstækjamarkaðnum. Össur hefur markvisst verið að styrkja sig á þessum markaði frá því árið 2003, þegar Generation II Group var keypt.

Jón segir markaði með stuðningstæki og stoðtæki, þar sem Össur hefur mjög sterka stöðu á heimsvísu, fara vel saman. „Við getum notað svipaða tækni á stuðningstækjamarkaðnum og í stoðtækjunum. Í báðum tilfellum er grunnhugmyndin sú að verið er að hjálpa fólk að hreyfa sig. Þar að auki eru sölu- og dreifileiðirnar líka svipaðar.“

Gibaud Group hefur jafnframt yfir tíu prósent markaðshlutdeild

á markaði með vörur til notkunar við blóðrásarmeðferð. Þetta er fyrsta skref Össurar í þessa átt. „Við förum inn á þennan markað vegna þess að það eru ákveðin samlegðaráhrif milli markaða með stuðningstæki og blóðrásarmeðferðir í Evrópu. Stuðningstæki eru seld í gegnum sérhæfðar heilsuþjónur í Evrópu og þar eru þessar vörur líka til sölu.“

Hjá Gibaud Group starfa 361 starfsmáður. Það rekur tvær starfsstöðvar, aðra í Saint-Etienne og hina í Trevoux fyrir norðan Lyon en þar eru framleiddar vörur til notkunar við blóðrásarmeðferðir.

holmfridur@frettabladid.is

Sjávarútvegshluti Maritech seldur

TM Software og hugbúnaðarfyrirtækið AKVA Group ASA hafa skrifað undir viljayfirlýsingu um kaup þess síðarnefnda á öllum hlutabréfum í Maritech International AS, dótturfyrirtæki TM Software. Þar með talin eru öll hlutabréf í Maritech sem er með starfsstöðvar í Noregi, Chile, Bretlandi og Bandaríkjunum auk eigna tengdum sjávarútvegi sem heyrna undir Maritech hf. á Íslandi og Maritech Software Inc. í Kanada.

Heildarsöluverð Maritech-

fyrirtækjamarkaðnum er 80 milljónir norskra króna eða sem samsvarar um 903 milljónum íslenskra króna. Innifalinn er yfirtaka á skuldum félagsins. Kaupverðið verður greitt með peningum við fullnustu samningsins. Áætluð velta Maritech og tengdra fyrirtækja 2006, sem AKVA kaupir samkvæmt samningnum, er um 1,5 milljarðir íslenskra króna.

Haft er eftir Ágústi Einarssyni, nýráðnum forstjóra TM Software, í fréttatilkynningu að með söluinni sé TM gert kleift að leggja meiri

kraft í þróun og útrás fyrirtækisins í lausnum fyrir heilbrigðisgeirann. Þar séu möguleikar á áframhaldandi vexti miklir.

Samningurinn gerir ráð fyrir að TM Software afhendi AKVA Group öll kerfi sem fyrirtækið hefur þróað og tengist sjávarútvegi. Gert er ráð fyrir að söluinni verði að fullu lokið í febrúar 2007 eftir að áreiðanleikakönnun og frágangur endanlegs samnings hefur farið fram og öll skilyrði samningsins eru uppfyllt.

- hhs

Hesteyri leyst upp til eigenda

Félagið hagnaðist gríðarlega á árinu þegar Exista keypti VÍS eignarhaldsfélag.

Eigendur eignarhaldsfélagsins Hesteyrar vinna að því að skipta félaginu upp í þrjú eignarhaldsfélög og hefur skiptingaráætlun verið lögð á borð yfirvalda. Miðast skiptingin við 1. september síðastliðinn.

Hesteyri er í jafnri eigu eignarhaldsfélagsins Samvinnu-trygginga og útgerðarfyrirtækjanna FISK Seafood á Sauðárkróki og Skinneyjar-Þinganes á Höfn,

Hornafirði. Félagin þrjú, sem taka við eignum og skuldum Hesteyrar, eru B-EST ehf., C-S&P ehf. og D-félagið ehf.

Liður í uppstokkuninni var sala á tæplega tveggja prósent hlut í Exista í gær. Hesteyri fékk tæpa 4,8 milljarða króna fyrir sinn snúð en heldur eftir 3,82 prósentum í Exista auk hlutabréfa í Skinney-Þinganesi.

Hesteyri kom fram á sjónar-

sviðið sumarið 2002 þegar fyrirtækið eignaðist fjórðungshlut í Keri, eiganda Ólíufélagsins. Þessum bréfum var skipt fyrir bréf í VÍS síðar sama ár. Mikill hagnaður féll í skaut Hesteyrar þegar Exista keypti VÍS eignarhaldsfélag í maí á þessu ári og greiddi kaupverðið með eigin bréfum. Ætla má að Hesteyri hafi grætt um nýu milljarða við sölu.

- eþa

Mugabe horfir til Kína

Stjórnvöld í Afríkurlöndum eiga í viðræðum við Kínastjórn um töku allt að tveggja milljarða dala eða 140 milljarða króna láns. Með lán-tökunni er vonast til að hægt verði að blása lífi í fremur dapurt efnahagslíf Simbabve.

Gangi lánþakan í gegn mun þetta vera stærsta erlenda lánið sem stjórnvöld í Simbabve hafa tryggt sér. Mestur hluti þess verður nýttur til að berjast við verðbólgu, sem mælist talsvert yfir 1.000 prósentum, auk þess sem drjúgur hluti þess verður nýttur til kaupa á matvællum, en þau eru af skornum skammti.

Afríkurlönd er gríðarlega skuldsett og segja stjórnvaldsráðgjafar að um sé að kenna bágru efnahagsstjórn Roberts



ROBERT MUGABE Stjórnvöld í Simbabve reyna nú að fá stórt lán frá Kínverjum.

Mugabe, forseta landsins. Stjórnvöld hafa átt í erfiðleikum með greiðslu af lánnum bankastofnana en Alþjóðagjald-eyrissjóðurinn varaði við því fyrr í vikunni að efnahagsástand landsins gæti versnað enn frekar.

Stjórnvaldsráðgjafar segja Kínverja hafa á síðustu misserum reynt að bæta samband sitt við Afríku og héldu í þeim tilgangi leiðtogafund Afríkurlöndanna fyrir skömmu.

- jab

Toyota tekur fram úr GM

Allt virðist stefna í að japanski bílaframleiðandinn Toyota taki fram úr bandaríska bílaframleiðandanum General Motors sem stærsta fyrirtæki á þessu sviði á næsta ári. Toyota ætlar að gefa í á nýju ári og auka framleiðslu á nýjum bílum um 4 prósent sem jafngildir því að fyrirtækið búi til 9,42 milljónir bíla á árinu.

Til samanburðar áætla General Motors að framleiða tæpar 9,2 milljónir bíla á næsta ári. Greiningaraðilar gera hins vegar ekki ráð fyrir að þær áætlanir standist enda búast þeir við samdrætti frekar en auk-

ingu. Ástæðan liggur í því að bílaframleiðandinn bandaríski hefur átt við taprekstur að stríða og ætlar að loka nokkrum verksmiðjum á næstunni auk þess sem 30.000 manns verður sagt upp. Aðrir bandarískir bílaframleiðendur hafa átt við rekstrarvanda að stríða og gripið til svip-aðra

aðgerða.

Ólíkt General Motors ætlar Toyota, sem skaut fram úr Ford í bílaframleiðslu sem næststærsti bílaframleiðandi heims fyrir þremur árum, að reisa sex nýjar framleiðslulínur um heim allan fyrir lok þessa áratugar og framleiða umhverfisvæna bíla í auknum mæli.

Bandaríska dagblaðið The New York Times býst við að Toyota geti farið fram úr General Motors snemma á næsta ári.

- jab

JEPPÍ FRÁ TOYOTA Japanski bílaframleiðandinn Toyota hefur gefið bensínið í botn og ætlar að fara fram úr General Motors sem stærsti bílaframleiðandi í heimi á næsta ári.

FRETABLADID/REUTERS.



INDVERSKUR FARSÍMANOTANDI Líkur eru sagðar á að Vodafone muni leggja fram tilboð í indverskt farsímafélög. Gangi það eftir nær Vodafone lykilstöðu á indverska farsíamarkaðnum.

FRETABLADID/AFP

Barátta farsímarisa hafin

Svo virðist sem farsímafyrirtæki séu að undirbúa baráttu um indverska farsímafyrirtækið Hutchison Essar, fjórða stærsta farsímafyrirtæki Indlands.

Breski farsímarisinn Vodafone staðfesti í gær að það væri að þreifa fyrir sér og sagðist tilbúið að greiða allt að 13,5 milljarða dala eða 944 milljarða íslenskra króna fyrir farsímafélagið, sem er í eigu eins ríkasta manns Asíu.

Þá sagði bandaríski fjárfestingasjóðurinn og indverska fjarskiptafyrirtækið Reliance Communications sömuleiðis að þau væru að leita eftir allt að 15 milljörðum dala eða rúmum milljarði króna til að fjármagna tilboð í það. Þá munu fjarskiptafélögin Maxis í Malasíu og egypska félagið Orascom Telecom sömuleiðis hafa áhuga á indverska félaginu.

- jab



OLÍA Bloomberg spáir því að hráolíuverð geti farið í allt að 70 dali á tunnu á næsta ári.

FRETABLADID/AFP

Bloomberg les í olíuverðið

Flestir greinendur telja líkur á að heimsmarkaðsverð á hráolíu muni hækka í næstu viku vegna aðgerða OPEC, samtaka olíuútflutningsríkja, til að stemma stígu við verðlækkunum á olíu á seinni hluta árs og minnka umframbirgðir af olíu helstu hagkerfa, samkvæmt Bloomberg í gær.

Fréttaveitan segir 16 greinendur af 42 telja líkur á að olíuverð hækki, 13 að verðið fari niður en jafn margir búast við óbreyttu verði eða lítilli breytingu. Þá telja nokkrir þeirra að hráolíuverðið geti farið allt upp í 70 dali á tunnu á næsta ári, sem er nálægt því sögulega meti sem olíuverðið fór í um miðjan júlí í sumar.

- jab

GEFÐU FRÍ Í JÓLAGJÖF

Komdu virkilega á óvart um þessi jól. Flugferð með Icelandair til Evrópu eða Bandaríkjanna er besti jólapakkinn í ár.

+ Pantaðu jólapakkann á www.icelandair.is



Evrópa	24.900 kr.*
Bandaríkin	34.900 kr.*
Saga Class Evrópa	49.900 kr.*
Saga Class Bandaríkin	54.900 kr.*

Einungis fyrir handhafa Vildarkorta VISA og Icelandair.	
Evrópa	29.900 punktar**
Bandaríkin	43.900 punktar**

*Skattar eru innifaldir í verði.

**Greiða verður flugvallarskatta (Evrópa 8.200 kr., USA 13.200 kr.)

20% barnaafsláttur gildir í almennu farrými.



Safnaðu Vildarpunktum



WWW.ICELANDAIR.IS

Sölutímabil er til 24. des. 2006 kl. 18:00. Bókunartímabil er til og með 26. jan. 2007. Ferðatímabil er frá 10. jan.-31. maí 2007 á alla staði nema Gautaborg, Bergen, Halifax sem er til 15. júní. Tilboðið gildir til allra áfangastaða nema Orlando og Salzburg. Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags. Takmarkað sætaframboð. Sjá nánari skilmála á www.icelandair.is Þessar ferðir gefa 3.000 til 12.400 Vildarpunkta. Jólapakkinn fást líka á söluskrifstofum Icelandair og í Fjarsölu í síma 50 50 100.

Lækkun lánsþæfiseinkunnar ríkisins var fyrirséð og grafalvarleg.

Flutum sofandi að feigðarósi

HAFLIÐI HELGASON SKRIFAR

Lækkun Standard and Poor's á lánsþæfismati íslenska ríkisins er grafalvarleg tíðindi, en ætti ekki að koma á óvart. Lausatök hafa verið í rekstri ríkisins og stjórnvöld hafa skellt skollaeyrum við viðvörðunum og ábendingum um úrbætur sem nauðsynlegar eru. Þegar menn berja höfðinu nógu oft við steininn er það einu sinni svo að augljóslega gefur hausinn eftir fremur en steinninn. Niðurstaðan er að jólagjöf efnahagsstjórnarinnar í ár er hækkandi fjármagnskostnaður fólks og fyrirtækja á Íslandi.

Seðlabankinn, bankar og helstu alþjóðastofnanir hafa ásamt matsfyrirtækjum þrífaldlega bent á nauðsynlegar úrbætur. Fjáráukalög, afturköllun aðgerða til að draga úr þenslu og hik við að gera nauðsynlegar úrbætur á íbúðalánmarkaði voru auðvitað til þess fallin að draga úr trausti þjóðarinnar á alþjóðamörkuðum. Það er ekki ofmælt að tala um lausatök í stjórn efnahagsmála þegar ekkert er gert til að mæta augljósri og skynsamlegri gagnrýni á efnahagsstjórnina.

Það er ekki ofmælt að tala um lausatök í stjórn efnahagsmála þegar ekkert er gert til að mæta augljósri og skynsamlegri gagnrýni á efnahagsstjórnina.

Sá vandi sem nú hefur verið stimplaður af Standard og Poor's liggur ekki síst í því að umræða og aðgerðir stjórnmalamanna hafa ekki fylgt eftir þeim róttæku þjóðfélagsbreytinum sem orðið hafa á undraskömmum tíma. Íslenskt atvinnulíf er fullgildur þátttakandi í alþjóðavæðingunni. Stjórnmalumræðan er hins vegar föst í heimóttarlegum farvegi þar sem skellt er skollaeyrum við því sem almennt er talið boðlegt í hinum síðmenntaða heimi. Lokað ósýnilegt hagkerfi á heimskortinu gat hagað sér nokkurn veginn að vild. Opíð hagkerfi sem vakið hefur eftirtekt í alþjóðlegum viðskiptaheimi getur ekki leyft sér slíkan munað, ef munað skyldi kalla.

Þannig var augljóslega tímaskekkja og mistök að ráða stjórnmalaman í embætti Seðlabankastjóra. Ekki síst þegar sá hinn sami var holdgervingur þeirra sjónarmiða sérstakrar íslenskrar efnahagshegðunar sem nú hafa leitt til þess að traust okkar á alþjóðavettvangi hefur beðið hnekki.

Í ljósi þess hversu illa við höfum haldið á málum á methagvaxtarskeiði síðustu ára getur farið svo að kostir okkar verði engir aðrir þegar upp er staðið en að kasta núverandi gjaldmiðli og taka upp evru. Það væri kaldhæðni sögunnar ef afleiðingar efnahagsstjórnarinnar yrðu þessar í ljósi þess að í forystu efnahagsstjórnarinnar sitt hvorum megin borðs, fyrst sem forsætisráðherra og síðan Seðlabankastjóri, sat á þessum tíma einn eindregnasti andstæðingur evrunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson **ADSTODARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arnalds Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Gull & Demantar

Gefið göf sem er hjartanu næst

ÍVAR & ÍVAR BJÖRN
GULLSMÍÐIR OG LETURGRAFARAR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 2, SÍMI 562-2222

FRÁ DEGI TIL DAGS

Skrítinn brandari

Þeir sem stjórna Bjartsútgáfunni hafa stundum vakið á sér athygli með skrítnum bröndurum, póstmóðernískum innanhússhúmor sem enginn skilur utan þeirra sem innviðir eru. Einn slíkur brandari var sendur fjölmiðlum fyrir helgi, þar sem tilkynnt var að bókin Undir himninum eftir Eirík Guðmundsson yrði tekin af markaði þar sem Auði Aðalsteinsdóttur hefði gramist þegar hún týndist í heimspeki- legum vangaveltum. Ekki hefði verið ætlinin að vekja gremju og því verið ákveðið að taka bókina af markaði svo ekki hlytist meiri

skaði af. Að sjálfsgöðu var bókin ekki tekin af markaði, en margir klóruðu sér í höfðinu yfir þessari tilkynningu og segja má að þessi póstmóðerníski brandari hafi tynst í þýðingu.

Varla fyrir tapið

Róbert Wessman, forstjóri Actavis, var valinn maður ársins í íslensku atvinnulífi árið 2006, að mati dómnefndar Frjálsrar verslunar. Róbert, sem er 36 ára, fékk þennan heiður fyrir „einstakan árangur við að stækka Actavis, athafnasemi, framsýni, djarflega framgöngu við yfirtöku á erlendum fyrirtækjum og framúrskarandi ávöxtun til hluthafa á undanföllum árum,“ eins og segir í fréttatilkynningu. Nokkrir stöldrúðu

sérstaklega við orðalagið „djarflega framgöngu við yfirtöku á erlendum fyrirtækjum,“ því hann reyndi yfirtöku á króatísku lyfjafyrirtæki á árinu, og tapaði á þeirri tilraun rúmum tveimur milljónum króna. Ekki er þó hægt að draga í efa að tilraunin hafi verið djörf, og að sögn forstjórans var tapið viðunandi þar sem væntanlegur hagnaður hefði orðið svo mikill.

svanborg@frettabladid.is



Trúin hennar ömmu

Móðuramma mín var sveitastúlka sem flutti á mölina. Flutti ásamt afa með tvær hendur tómar um aldamótin þarsíðustu. Ævi þeirra var ekkert sældarbrauð, bjuggu í tíu leiguíbúðum áður en þau eignuðust íbúð í verkamannabústöðunum. Áttu samtals níu börn, fjögur þeirra urðu uppkomin, þrjú misstu þau í bernsku og tveir synir, annar átján ára og hinn rétt tvítugur, fórust í Halaveðrinu með sama togaranum.

Ég man vel eftir henni ömmu, frekar lágvaxin en sterkleg, fríð sýnum með stór brún augu, sem voru eins og gimsteinar í andliti hennar. En í þessum augum var mæða og sorg. Stundum hélt ég að hún liti aldrei gláðan dag. Sonamissirinn varð henni þungbær alla ævi og ef ekki hefði verið fyrir trúna, einlæga og ævarandi von og vissu um að drengjunum hennar hefði hlotnast annað líf, þá hefði hún fyrir löngu bugast.

Já trúin gaf henni kjark, gaf henni kraft til að lifa áfram. Hún trúði á annað líf fyrir handan, studdi Harald Nielsson og séra Emil Björnsson og sótti fundi hjá spíritistum. Guð var alltaf nálægur, upprisa Krists var henni heilög, hennar hald og von og trú í marga áratugi.

Ég hugsaði kannski ekki mikið um kristindóminn á þessum árum. Ég hafði og hef enn mínar efasemdir um upprisuna og framhaldslífið. En ég lærði að skynja og skilja þau sterku áhrif, sem þessi trúarvissa gaf fólki. Mínú fólki sem öðrum. Ég sá og sé hvað trúin getur gefið og veitt. Lífskraft, haldreipi, von. Fegurð kristinnar trúar felst einmitt í þeim styrk sem hún veitir, að því leyti að hún byggir brýr milli lífs og dauða, milli syndanna og fyrirgefningarinnar, milli skins og skúra.



ELLERT B. SCHRAM
Í DAG | Gildi trúarinnar

Lífshlaupið er enginn dans á rósum. Hörnungar, ógæfa, dauðsföll og mótlæti verða á vegi okkar flestra. Það eiga margir um sárt að binda. Með tímanum lærir maður að lifa með sorginni og sársaukinn verður öðruvísi eftir því sem frá líður. Þó er það svo að þau atlot sem best duga, þegar á reynir, eru bænirnar og blessun þeirra sem þjóna kirkju og köllun Guðs. Og þetta segi ég án þess að vilja vera væmínn. Kirkjustarfið

Fegurð kristinnar trúar felst einmitt í þeim styrk sem hún veitir, að því leyti að hún byggir brýr milli lífs og dauða, milli syndanna og fyrirgefningarinnar, milli skins og skúra.

og boðskapur kristinnar trúar er athvarf hins sorgmædda, hins þjáða og hinnar eilífu vonar. Ekki í lausnum eða viðgerðum, ekki í drambi og dekri, heldur í auðmýktinni og umkomuleysinu frammi fyrir örlogunum.

Ég held nefnilega að styrkur trúarinnar sé fölginn í veikleika hennar. Hún getur ekkert sannað, hún getur engum atburðum breytt, hún getur ekkert annað gert en að falla á hné niður og játa sig sigraða gagnvart almættinu.

Það sem ég er að reyna að

segja er einfaldlega það, að trúin snýst ekki eingöngu um Biblíu- skýringar eða heilaga ritningu, heldur boðar hún von, hún kennir okkur kristilegt hugarfar og hún felur í sér síðferðilegan styrk, til að standast ógæfu, illvirki og andspyrnu. Kristnin er með öðrum orðum sá rauði þráður, sem spunninn er í lífi okkar, kristinna manna, í síðferði, kærleika og samkennd. Hún gefur okkur von um bata, hún líknar brotinni sál, hún færir okkur trúna á hið góða. Að sjá til sólar. Að gefast ekki upp. Að trú á hið óræða.

Við skiljum ekki hið vonda og andstýggilega af því að það er andstætt síðferði okkar. Við sjáum ljósið í göðri hegðun, góðum fyrirmyndum og birtunni sem stafar frá hinu ímyndaða himnaríki. Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið, sagði Jesús. Hvað á hann við? Jú, að með breytti okkar og framferði í lífinu sé vegurinn varðaður, frá vöggu til grafar, frá fæðingu til eilífðar. Þannig lifum við, þótt við deyjum. Ekki í holdi og blóði, en í andanum og sannleikanum. Það var í rauninni þetta, þessi trú, sem hélt henni ömmu gangandi. Í uppgjöf sinni, sorginni og ástinni sem hún bar til drengjanna sinna. Hún trúði. Og treysti.

Það sama gildir um að aðra sem hafa staðið og standa í sömu sporum. Og þó amma hafi verið barn síns tíma og sinnar erfðu lífsgöngu, þá er gildi trúarinnar og kristindómsins enn á sama róli. Það er vonin og vissan um það ljós sem kviknaði á jólum, forðum daga. Og lifir enn.

Ég óska lesendum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla. Hvort heldur í allsnægutum eða örþirgð, hvort heldur í efa eða einsemd, þá eigum við öll þetta ljós, sem skín hvað skærast á jólum.

Borgarstjóri gefur kartöflu í skóinn

UMRÆÐAN

Borgarstjórnarmál

Nýr borgarstjóri varði fyrstu fjárhagsáætlun sína á marþonfundum borgarstjórnar á þriðjudag. Sýndi þar sá fyrirnefndi sitt rétta andlit þegar hann skar niður mannréttindi og rétt hverfanna til ákvarðana. Auk gjaldskrárhækkana sem virtist nær óhugsandi eftir öll kosningaloforðin veittist nýr borgarstjóri að hverfalegum um með því að skera niður alla peninga sem hingað til hafa farið í hverfablöðin, hverfahátíðir og slíkt. Hugmyndafræðin á bak við hverfalegögin var að veita meira vald og samráð út í hverfin. Nú fá ráðsmenn greidd laun en allt umfram það hefur verið sent niðri ráðhús þar sem styrktarsjóður borgarráðs hefur bólgnað út. Þar er engu líkara en að borgarstjóri ætli að sitja á sínum kontór og útdeila peningum til þeirra sem eru „þægir“ eins og um sjálfan jólasveininn væri að ræða.

Nýja mannréttindastefna borgarbúa sem nú nær til sjö nýrra hópa til viðbótar við kynjajafnrétti þótti ekki næg ástæða til þess að hækka fjárframlagið til nefndarinnar svo einhverju munaði. Metnaður Sjálfstæðisflokksins fyrir auknu jafnræði í samfélaginu kristallast í 5,3% hækkun mann-



BRYNDÍS ÍSFOLD
HLÖÐVERSDÓTTIR

réttindanefndar og skrifstofu fyrir árið 2007 eða um eina milljón. Réttur fatlaðra, réttur kvenna og karla, réttur innflytjenda, réttur barna, réttur aldraðra og allra hinna þótti vart merkari en svo að hægt var að líta framhá þeirri staðreynd að alltaf var gert ráð fyrir því að fjölga starfsfólki til að framfylgja stefnunni. Nú er öll vinnan á höndum einnar manneskju á skrifstofu borgarstjóra.

Ekki gat borgarstjóri eða hans sveinar útskýrt hvernig framkvæma ætti þær skuldbindingar sem hann sjálfur samþykkti fyrir á árinu á hendur borginni. Svo sem kostnaðinn við starfstengda íslenskukennslu fyrir alla starfsmenn borgarinnar af erlendum uppruna, halda upp stöðugum rannsóknum á líðan borgarbúa eftir ólíkum aðstæðum, tryggja rétt barna til menntunar og tómsunda óháð uppruna eða fötlun, tryggja aðgengi og ekki síst eyða launamun kynjanna svo fátt eitt sé nefnt. Þegar stjórnmálamen leggja ekki fjármuni til mannréttinda skerðast þau réttindi sem lofað hefur verið í krafti framkvæmdaleyfis. Eina vonin er að allir jólasveinar fari aftur til fjalla á þrettándanum og líka þessi ný!

Höfundur er fulltrúi Samfylkingar í mannréttindanefnd Reykjavíkurborgar.

Gleðileg jól!



JOE BOXER[®]

Skólavörðustíg • Kringlunni • Smáratorgi

t gott

Ódýrt og gott

Ódýrt

Ódýrt gott

Ódýrt

Ó

Gleðileg jól

698 kr. kg.

Móa veislufugl m/fyllingu

22% afsláttur



30% afsláttur

1189 kr. kg.
Hóla hamborgarhryggur



1998 kr. kg.

SS hátíðarlamb



30% afsláttur

Móa kjúklingabringur 1875 kr./pk.



20% afsláttur

Eðalfiskur reyktur og grafinn lax 2396 kr./kg.



Verð frá 2998 kr./kg.



15% afsláttur



24.12 aðfangadagur opið til kl. 13.00 KRONAN



Ódýrt og gott Ódýrt og gott Ódýrt og gott Ódýrt og gott



20%
afsláttur
1398 kr./kg.
Hóla hangikjöt úrb.



1189 kr./kg.
Hóla bayonneskinka
30%
afsláttur



1349 kr./kg.
Goðalhátiðarlamb
25%
afsláttur



30%
afsláttur

BK jólagrísasteik
1256 kr./kg.



Norðlensk gæðatvenna

KEA hangikjöt



KEA hamborgarhryggur



Merlo úrvalsækja
599 kr./kg.



FT smábrauð
129 kr./pk.



23.12 þorláksmessa opið til kl. 22.00 KRONAN

JÓLAHREINGERNING HJÁ GP HÚSGÖGNUM ...sópum út húsgögnum á gjafverði fyrir jól!

Opið í dag: 10:00-22:00
á morgun 10:00-20:00



Leðursófasett 3+1+1
Verð áður 249.000,-
Tilboðsverð: **189.000,-**
(Einnig til í ljósu)



Leðursófasett 3+1+1
Verð áður 239.000,-
Tilboðsverð: **179.000,-**



Svefnsofi Leður
Verð áður 179.000,-
Tilboðsverð: **139.000,-**

Fjöldi annara tilboða!
Vorur að fá í hús mikið úrval vandaðra
eikarhúsgagna frá Christian HAROLD

GP
gæðahúsgögn

Dalshrauni 1 Hafnarfirði Sími: 565 1234

GP
gæðahúsgögn

MAÐUR VIKUNNAR

Sanngjarn og réttisýnn með ólæknandi fótboldadellu

GUÐJÓN ST. MARTEINSSON
DÓMARI VIÐ HÉRAÐSDÓM REYKJAVÍKUR

Alþingi braut gegn sjálfstæði dómstóla með lögum sem felldu úr gildi ákvörðun Kjaradóms um launahækkun til kjörinna fulltrúa og dómara. Dómur þess efnis var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur á þriðjudag. Guðjón St. Marteinsson dómari við þann sama Héraðsdóm Reykjavíkur höfðaði dómsmálið en hann vildi ekki una lögnum. Var það enda mat hans að þau færu gegn stjórnarskránni.

Þar sem fátítt er að mál sem þetta sé höfðað og enn fátíðara að dómara fari í dómsmál er Guðjón St. Marteinsson maður vikunnar.

Eins og algengt er um dómara berst Guðjón lítið á í samfélaginu og hans verður aðeins vart á opinberum vettvangi þegar hann fellir dóma í málum sem þykja fréttæm.

Guðjón fæddist í Reykjavík í júlí 1953. Hann er elstur þriggja bræðra, sonur Guðrúnar Hjartardóttur fyrrverandi skrifstofumanns og Marteins Björns Skagfjörð Guðjónssonar járnsmíðameistara. Eiginkona Guðjóns er Edda Guðgeirsdóttir íþrótta-kennari og eiga þau þrjú börn.

Guðjón lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Tjörninna 1975 og lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1981. Fyrstu árin eftir lagaprófið starfaði hann sem fulltrúi hjá Tollgæslustjóra, Sakadómi og Lögreglustjóranum í Reykjavík en 1989 varð hann dómari við Sakadóm Reykjavíkur og svo Héraðsdóm Reykjavíkur.

Viðmælendum Fréttablaðsins ber saman um að mannkostir Guðjóns séu miklir, sama hvort þeir koma úr röðum samstarfs-

höfðingja á þeim peningi er sú að hann á það til að vera fljótfaer. Guðjón á gott með að ná til fólks og birtist það glögglega í samskiptum hans við vitni í dómssalnum.

Guðjón St. Marteinsson þykir skemmtilegur maður og það er oft fjör í kringum hann.

„Ansi ertu vel búinn,“ sagði Guðjón við Ástþór Magnússon fríðarsinna þegar hann kom fyrir Héraðsdóm íklæddur jólasveinabúningi í desember 2002. Í frétt Morgunblaðsins af málinu sagði að Guðjón hefði svarað aðspurður að ekkert meinaði mönnum að klæðast slíkum búningi í dómssal, allra síst í desember.

Guðjón er afar áhugasamur um fótbolta og spilar sjálfur reglulega með hinum nafntogaða félagsskap Lunch United. Þar eru innanborðs margir þjóðkunnir menn og má nefna Jón Steinar Gunnlaugsson, Þórolf Árnason, Sigmundur Erni Rúnarsson, Ásgeir Sigurvinsson og Friðrik Þór Friðriksson. Á yngri árum lék Guðjón bæði handbolta og fótbolta með Fram og þótti nokkuð liðtækur. Hann er framherji í fótbolnum og þykir hafa góðan vinstri fót.

Guðjón fylgist líka grannt með ensku knattspyrnunni og í

hans huga er aðeins eitt knattspyrnulið í Manchester-Manchester City. Þarf hann stundum að þola háðsglósur vegna þess frá félögum sínum enda hefur City staðið í skugga nágrannaliðsins United um áratugaskeið.

Guðjón hefur einnig gaman af að veiða og á sér mikinn og góðan vin í hundinum sínum Skugga.



Vörumerking þjóða

UMRÆÐAN
Þjóðarímynd

Hugtakið vörumerking þjóða er tiltölulega nýtt en kemur æftar upp í umræðunni þegar þjóðir horfast í augu við, í flestum tilfellum, vandamál af ýmsum toga. Mun biómyndin Borat hafa víðtækar og alvarlegar afleiðingar fyrir landið Kasakstan eða mun hún koma landinu á kortið? Er eitthvað vit í að eiga viðskipti við fólk í Nígíeríu? Erú Finnar af hlédrægir til að ná árangri á alþjóðavettvangi? Erú Svisslendingar leiðinlegir? Erú Íslendingar víkingar sem borða illa lyktandi hákarl í öll mál og skola niður með brennivíni?

Ímynd þjóða er margslungin og erfitt að kljást við neikvæða eiginleika orðsporsins og hlæglegar staðalímyndir. Fæstar þjóðir vilja kannast við persónuna sem aðrir sjá í þeim sem þjóð, en í því orðspori geta þó legið tækifæri. Við tengjum jafnframt jákvæða eiginleika við þjóðir og erum þess flest fullviss að Þjóðverjar séu heimsins bestu verkfræðingar og skipuleggjendur, bestu kokkarnir komi frá Frakklandi og frumkvöðlarnir og bestu sjómennirnir frá Íslandi.

Það eru ekki allir á eitt sáttir um nauðsyn og tilgang þessara nýju



HLYNUR
GUÐJÓNSSON

mun rétt tæpa á afstöðu þess fyrst nefnda.

Alsinninn sér þjóðina sem fyrirbæri sem lýtur sömu lögmálum og vara, þjónusta eða fyrirtæki. Þjóðina er hægt að staðsetja og vörumerkja á sama hátt og nota til þess töl markaðsfræðinnar. Alsinninn telur að þjóð sé í eðli sínu háð breytingum og valdhafar og þegnar hafi öldum saman reynt að staðsetja sig meðal þjóða samfélagsins. Hann spyr: Hvað var slagorð frönskunar byltingarinnar, „frelsi, jafnrétti, bræðralag“ eða slagorð byltingarinnar í Bandaríkjunum, „líf, frelsi og leitun að hamingju“ annað en tilraun til að skapa þjóðinni sess á meðal þjóða og staðsetja nýja aflið gagnvart gamla stjórnskipulaginu? Er einhver munur á milli slagorðanna „Iceland Naturally“ eða „Vietnam Value“ og „Brimborg - Öruggur staður til að vera á?“ Alsinninn telur að svo sé ekki.

hugmynda og hvort það sé yfirleitt hægt að vörumerkja þjóð. Ég skipa afstöðu manna í þrjá hópa; Alsinnar (Absolutists), Krúnusinnar (Royalists) og Hófsamir (Moderates), og

Það er þó reginmunur þar á og felst meðal annars í stjórnun vörumerkisins (brand management). Stjórnunin felst í skipulagningu og stýringu skilaboða, gæðum, framleiðslu o.s.frv. á því sem vörumerkið stendur fyrir í samamburði við önnur vörumerki milli vöruflökka og markaða. Þjóð er margslungið fyrirbæri og verður ekki stýrt á sama hátt og vöru eða þjónustu. Hún getur verið eins mismunandi og einstaklingarnir eru margir ef svo má segja. Það kemur hins vegar ekki í veg fyrir að hægt sé nota orðspor þjóða til framdráttar vörum, þjónustu eða fyrirtækjum viðkomandi þjóða. Það er jafnframt mikilvægt að átta sig á að einkenni þjóðarinnar eru mismunandi milli markaða og lands og engin ein þjóð sér aðra í sama ljósi.

Megintilgangurinn með vörumerkingu þjóða er sá að auka á hagsæld þjóðarinnar með því að stýrja við og styrkja vörumerki hennar. Það er hægt með því að vernda orðspor þjóðarinnar með aðferðum vörumerkingar og kynna og halda fram jákvæðum eiginleikum sem markaðir tengja við þjóðina og/eða landið og hægt er að yfirfæra á vörumerki á viðkomandi markaði.

Höfundur er viðskiptafultrúi Íslands fyrir Norður-Ameríku.

*Gledileg jól
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða*

Opið

Þorláksmessu til kl. 23

Aðfangadag til kl. 13



alltaf gott - alltaf ódýrt

netto 

Svínahamborgarhryggur

**30%
afsláttur**



Úrvalið af kjöti er hjá okkur





Hangikjöt í miklu úrvali



Frábær jólaláttur

799 kr/kg.
Jólaláttur



30-70% afsláttur af bókum

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 22. desember til 24. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

Frábært verð!



Ekki gleyma að blanda jólaölið



199 kr/stk.
Skinney síld - 800gr.



499 kr/stk.
Daim jólaískrans



Nettó Ísinn!

399 kr/stk.
Nettó vanilluís - 3 ltr.



Verðlækkun

349 kr/stk.
After Eight - 400gr.



Ómissandi með kaffinu

Nóa konfekt - 800gr.



Frábært verð!

Machintos - 2,5 kg

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi

ERLENDIR VENDIPUNKTAR 2006

Ekki væntanleg í kvikmyndahús

Pann 27. janúar síðastliðinn var kvikmynd Stevens Soderbergh „Bubble“ frumsýnd í kvikmyndahúsum vestanhafs og nánast samtímis á kapalstöðvum auk þess sem hún kom út á mynddisk um líkt leyti. Í fyrsta sinn var hægt að horfa löglega á stórmýnd frá Hollywood í heimabíóinu á sama tíma og myndin var frumsýnd á breiðtjöldum bíóhúsanna. Boðar þetta upphafið að endi stóru bíóhúsafrumsýninganna eins og þær hafa þekkt í Bandaríkjunum undanfarin 90 ár? Kvikmyndagerðarmaðurinn Paul Mazursky sem tilnefndur hefur verið til óskarsverðlauna telur að sú sé ekki raunin.

Ég leigi mikið af bíómyndum á netinu. Ég horfi líka á aragrúa kvikmynda á mynddiskum árlega á plasmaskjánum heima hjá mér. Þar á meðal eru fjölmargar myndir sem ég myndi aldrei fara að sjá í bíó. Mér finnst fátt skemmtilegra en að liggja í sófanum á síðkvöldum og horfa á eitthvert rusl með ost og kex og Dietkók innan seilingar. Ég rifja líka iðulega upp kynnin við gömlu meistarana: Michelangelo Antonioni, Federico Fellini, Akira Kurosawa, Preston Sturges, Francois Truffaut, Orson Welles ...

Mynddiskar eru frábær nýjung, og þeir hafa breytt hugsanagangi margra kvikmyndagerðarmanna um kvikmyndaframleiðslu.

Þeim er löngu ljóst að kvikmyndaverin vilja myndir sem hægt er að frumsýna með pomp og prakt á föstudagskvöldi. Þau vilja myndir sem slá í gegn! Þannig að það er tilgangslítið að velta einhverju fyrir sér sem höfðar til vitsmuna, er kaldhæðid eða einfaldlega vandað. Ef að líkum lætur verða slíkar hugmyndir aldrei að handriti. Kvikmyndaverin vilja framhald af vinsælum myndum, þau vilja gamanmyndir þar sem brandararnir fljúga af vörum leikara á borð við Jim Carrey, Cameron Diaz, Ben Stiller og The Rock. Eða ofbeldisfullar hasarmyndir með hefndarmorðum hvaða stórstjörnu sem er, en helst af öllu The Rock.

Erfiðleikar vitsmunalegra mynda

Vissulega hafa vitsmunalegri myndir fundið sér farveg hjá litlu kvikmyndaverunum eins og Focus, Fox Searchlight, Lions Gate og fleirum sem hafa frjálshlyndari og víðsýnni sýn á kvikmyndagerð. En jafnvel þau eiga í mesta basli með að markaðssetja myndir sínar vegna mikils kostnaðar. Þannig að þau gefa þær út á mynddisk skömmu eftir frumsýningu í kvikmyndahúsum og ná þannig tvöfaldri nýtingu á það fjármagn sem lagt er í markaðssetningu.

Bíó í kvikmyndahúsum

En eins og ég viðurkenndi að framán, horfi ég mikið á kvikmyndir á mynddisk. Hins vegar er ekkert sem jafnast á við að sjá bíómynd í kvikmyndahúsi í fullum sal áhorfenda. Þetta kann hugsanlega að hljóma undarlega, en þú lesandi góður veist að þetta er satt.

Þegar þú horfir á gamanmynd í bíóhúsi, tekur þú undir hlátur hinna í salnum. Það er einfaldlega skemmtilegra. Þegar þú horfir á dramatíska mynd skynjarðu þau áhrif sem hún hefur á fólkið í salnum samhliða þeim áhrifum sem þú upplifir sjálfur. Þetta er eins og Grikkirnir kölluðu það fyrir margt löngu: catharsis eða nokkurs konar skynhrif. Og það er við fullnægingu. Þau eru lýjandi og örvasandi í senn. Reyndu hins vegar að upplifa



ÚR MYNDINNI BUBBLE Myndin kom út á mynddisk á sama tíma og hún var frumsýnd í bíó.



STEVEN SODERBERGH Leikstjóri Bubble.

þessa tilfinningu heima yfir mynd á DVD. Uh-uh. Áður en þú nærð þeim hæðum ertu örugglega þegar búinn að svara nokkrum símtölum, fara einu sinni eða tvisvar á klósettið og ná þér í snarl í ísskápinn. Og þá kemur stundum fyrir að þú ert búinn að gleyma hvaða mynd þú varst að horfa á.

En hvaða máli skiptir þetta? Hverjum stendur ekki á sama um það að DVD tæknin breyti aðgengi og upplifun fólks á kvikmyndum? Og er þessi kenning nokkuð annað en væl í gömlum bíómyndakalli sem tekur Billy Wilder fram yfir Steven Seagal?

Hugsanlega ekki. Í öllu falli hef ég horft á hverja einustu Seagal mynd sem gerð hefur verið í sjónvarpinu á síðkvöldum. Þegar hann hefnir sín fá vöndu kallarnir svo sannarlega að finna til tevatnsins

og hann gengur í Eskimóajökkum sem ég vildi gjarnan eiga.

Í þá gömlu góðu daga...

En þrátt fyrir það sem ég segi, eru að minnsta kosti tíu góðar bíómyndir framleiddar árlega. Reyndar verður að viðurkennast að í þá svokölluðu gömlu góðu daga voru framleiddar mun fleiri en tíu góðar myndir á ári, en þá verður að hafa í huga að sjónvarp þekktist varla á þeim tíma. Kvikmyndir voru aðdráttarfl fyrir hugfangna áhorfendur sem höfðu fátt betra við tímann að gera, næstum ekkert annað. Núna geturðu horft á raunveruleikabátt í iPodinum þínum á meðan þú ert á heimleið úr vinnunni og verið í símanum á sama tíma.

Við þjáumst öll af athyglisbresti nú um stundir. Jafnvel sálfræðingurinn sem segir þér að barnið þitt sé haldið athyglisbresti er upptekinn af rauða ljósinu sem blikkar á símanum hans. Hann langar að vita hvort konan hans ætlar að hafa pasta í kvöldmatinn eða ekki. Meira að segja meðan ég er að skrifa þetta er ég á þönum um allt. Ég get varla beðið þess að komast heim til að sjá aftur myndina „The Seventh Seal“ (1957) eftir Ingmar Bergman. Hefur hún staðist tímans tönn eða er hún kannski bara hallærisleg núna?

En hvað er það sem veldur þessu öllu? Líkt og með flest í Hollywood eru það peningarnir sem ráða þegar öllu er á botninn hvolft.

Völdin færast til umboðsskrifstofa

Fjármögnun stórmýndanna hefur meira að segja tekið miklum breytingum á undanföllum árum. Áður fyrr stóðu kvikmyndaverin undir henni sjálf en núorðið vilja þau fá fleiri í lið með sér. Þetta má greinilega sjá á upphafs kynningum kvik-

mynda nú til dags: „Jack Cheese Productions presents a Milky Way Company picture in association with Canal Plus and Trojans in a Universal Picture...“ Allt snýst þetta um að dreifa áhættunni. Og hverjir finna þessa meðframleiðendur fyrir kvikmyndaverin? Stundum gera þau það sjálf, en iðulega fá þau umboðsskrifstofur til að finna meðframleiðendur – CAA, ICM og UTA eru þær stærstu á þessu sviði.

Um leið og hlutverk umboðsskrifstofanna verður viðameira, verða völd þeirra meiri. Þær fá að koma einhverjum umbjóðenda sinna að í myndinni: leikara, leikstjóra, handritshöfund, jafnvel umsjónarmanni mótuneytis. Þegar svo margar hendur koma að verkinu, verða völd og áhrif leikstjóra og leikara minni nema þeir heiti Spielberg eða Cruise... og kannski duga þau nöfn ekki til.

Á tjaldid og skjáinn á sama tíma

Þannig að þrátt fyrir að allir sem að málinu koma vilji að myndin verði að veruleika á kvikmynda-tjaldinu, vilji að hún verði frumsýnd með pomp og prakt, rauðum dregli og kavíar, er engin trygging fyrir því að hún verði ekki komin á mynddisk eftir einn eða tvo mánuði. Líkt og gerðist á þessu ári með kvikmynd Stevens Soderbergh „Bubble“, munu myndir æ oftar í náinni framtíð verða gefnar út á mynddisk samtímis og þær eru frumsýndar eða jafnvel alls ekki sýndar í kvikmyndahúsum.

En er þetta af hinu illa fyrir kvikmyndagerðarmenn? Ég er einn þeirra og verð að viðurkenna meðan ég skrifa þetta að ég er ekki viss. Myndi ég vera ánægður með að myndin mín færi sem fyrst á mynddisk frekar en að hún færi ekki neitt? Vitanlega. Myndi ég ekki frekar vilja sjá myndina mína

sýnda í þúsundum svefnherbergja, en einungis í heilabúinu á mér? Vitanlega vildi ég það frekar.

Þegar allt kemur til alls met ég það svo að kvikmyndaþransinn muni lifa þetta af. Leikararnir og leikstjórnarnir munu kvarta yfir auknum áhrifum heimabíóanna, en þeir munu halda áfram að búa til kvikmyndir. Kvikmyndaverin munu halda sínu striki, rétt eins og þau hafa gert þrátt fyrir talmyndir, litmyndir, sjónvarp, þrívíddarmyndir, iPodinn, stafrænar myndir og hvað svo sem næsta tækniundur kemur til með að heita.

Og ég veðja á að breiðtjaldid muni einnig lifa þetta af. Fólk vill áfram láta skemmta sér, það mun alltaf sækjast eftir þessum skynhrifum sem það getur einfaldlega ekki fengið eitt sins liðs heima hjá sér. Og eins og ástand heimsmála er í dag, sýnist þörfin fyrir hlátur og grát, gleði og eldmód, vera meiri en nokkra sinni.

Lengi lifi breiðtjaldid!

Á hinn bóginn er nýjasta myndin mín 74 mínútna löng heimildarmynd sem heitir „Yippiee“. Og enn sem komið er höfum við ekki náð að gera dreifingarsamning við kvikmyndahús. Við vitum hins vegar að myndin verður seld á mynddisk.

Lengi lifi heimabíóin!

Paul Mazursky, handritshöfundur/leikstjóri myndanna:

„Bob & Carol & Ted & Alice“ (1969), „An Unmarried Woman“ (1978), „Down and Out in Beverly Hills“ (1986), „Enemies: A Love Story“ (1989), og fleiri mynda. Hann hefur fjórum sinnum verið tilnefndur til Óskarsverðlauna.



ERLENDIR VENDIPUNKTAR 2006

Líkt og á síðasta ári birtir Fréttablaðið nú greinar eftir erlenda höfundum um markverða atburði sem gerðust á síðasta ári. Allir greinarnar eiga það sameiginlegt að fjalla um vendipunkta, nýja þróun sem á eftir að hafa veruleg áhrif á alþjóðasamfélagið.

Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

400
gr.

KAUPAUKI

Piparkökur fylgja í kaupbæti
öllum kaupum yfir kr. 2000



STIGA

5990

SNJÓSLÉÐI

- "Classic Sport"
- GT-sæti og GT-stýri



99

SÍDER

- Epla/peru
- 0,65 ltr.



99

pr. dós

NÍÐURSUÐUVÖRUR - 1/1 DÓS

- Perur / ananasskífur / blandaðir ávextir
- Ferskjur, 6x425 gr., kr 399



4990

HEIMA-KARAOKE

- Sett með mixer, hljóðnema, köplum og DVD
- Auka DVD á 1290 pr stk

NIKKO



3990

FJARSTÝRÐUR BÍLL

- Mega Rider 2
- L: 29 cm
- Rafhlöður og fjarstýring fylgir



19

pr. stk.

RAUÐ KERTI

- H: 30 cm



5990

BABY BORN

- Special Edition
- Dúkka með fylgihlutum

OBH NORDICA

5990

PIZZAOFN

- OBH Nordica Pizza Pronto
- 1200 W, 3 stillingar, 350°
- Steinplata
- 2 gerðir af pizzaspöðum fylgja með



199

SPRITTKERTI - 100 Í PK

- Hvít
- Stór hvít sprittkerti, 10 í pk, kr 269



19.900

21" SJÓNVARP M/DVD SPILARA

- Textavarp
- Nicam stereo
- Skart- og AV-tengi
- Silfrað/svart eða málmítað/hvitt



1990

JÓLATRÉSFÓTUR

- Jólasveinn



189

RÚÐUVÖKVI

- 4 ltr



9999

BOSCH BORVÉL 12V GSR

- 2 rafhlöður fylgja

Opið frá 09:00 til 23:00

Europris

Fiskislóð / Lynghálsi / Skútuvogi / Dalvegi, Kópavogi / Austurvegi, Selfossi

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

Dauðir fiskar og lifandi manneskjur

Í **Dagbók Práins Bertelssonar** er fjallað um jóla-föstu-aftökur í beinni útsendingu. Rætt er um lofsvert fordæmi jólasveinanna sem margir mættu taka sér til fyrirmyndar og loks er minnst á þá félagar Larvandad, Gushnasaph og Hormisdas, mútur og villigæsakæfu.

Desember
17
SUNNUDAGUR

Hollur skyndibiti

Nú er allt upp á hollustuna hérna á heimilinu áður en maður fagnar fæðingu Frelsarans með steiktum gæsnum, hamborgarhygg, hangiket, rjómaís, smákökum og krydduðum kræsingum í 13 daga og 13 nætur samfleytt.

Ég nemnti ekki að elda í kvöld og stakk upp á skyndibiti. Það fékk dræmar undirtektir þar til mér hugkvæmdist að stinga upp á nýjum veitingastað sem býður upp á hollan skyndibiti, lífrænt ræktaðan og meinhollan.

Við fengum okkur að borða í Tryggvagötu á stað sem heitir ICELANDIC FISH & CHIPS sem þýðir „Íslenskur fiskur og franskar“. Reyndar voru þeir ekki með franskar. Fiskurinn var óaðfinnanlegur en staðurinn á eftir að slípast dældi til að geta slegið



Kæra Dagbók

Práinn Bertelsson skrifar



Hamborgarabúlluna út sem minn uppáhalds skyndibitastað. Til dæmis væri upplagt að hafa frammi alls konar sósar og krydd handa gestum án þess að rukka aukalega fyrir hverja fingurbjörg af krydduðu skyri.

Sem sagt prýðilegur skyndibiti, en heldur í dýrari kantinum fyrir minn smekk.

Vitringar í Ísaksskóla

Jólaskemmtun í Ísaksskóla. Andri lék vitring. Þeir voru í flottum búningum en sögðu fátt, eins og vitringa er síður. Það hlýtur að vera gaman að fá að leika persónu sem er í glæsilegum búningi en þarf ekki að læra langan texta utanað.

Almennt er talið að vitringarnir þrír hafi heitið Baltasar, Melkíór og Kaspar. Andri var ekki alveg klár á því hvern þeirra hann var að leika,

nema hvað hann var sá sem kom með gullið, hinir voru með reykelsti og myrru. Persónulega held ég að það hafi verið Baltasar sem kom með gullið, það smellpassar við Baltasar vin minn sem er mikill höfðingi.

Sýrlendingar sem eru vel að sér í fornum fræðum halda því fram að hin raunverulegu nöfn vitringanna hafi verið Larvandad, Gushnasaph og Hormisdas. Sem getur vel verið að sé rétt hjá þeim án þess að við Andri tökum afstöðu til þess.

Reyndar hafa menn lengi velt því fyrir sér af hverju vitringar völdu þessar gjafir handa fátækum trésmið og gjölskyldu hans.

Sumir halda því fram að vitringarnir hefðu sýnt meiri vísu ef þeir hefðu fært fólkinu einhverja nytjahluti – nema þetta hafi verið sérvitringar. En mér finnst þetta vera prýðilega táknrænt fyrir hversu erfitt það er og hefur alltaf verið að velja jólagjafir svo að öllum líki.



Forgangsverkefni á fréttastofum

Byrgismálin eru heldur hráslagaleg. Fyrir mína parta hefði þessi frétt alveg mátt bíða fram yfir þrett-

Desember
19
ÞRIÐJUDAGUR



ándann. En æsingurinn í fréttastofum er orðinn svo mikill að það er að verða fastur síður að krossfesta einhvern vesa-ling á adventunni í beinni útsendingu.

Fyrir síðustu jóla var sá krossfesti svo stálheppinn að hafa kvatt þetta jarðlíf fyrir nokkrum árum svo að hann var löglega afsakaður frá því að veita sjónvarpsviðtöl. Að þessu sinni er lifandi maður tekinn fyrir. Hann virkar á mig eins og dæmigerður geðvillingur. Ég sá kvikmynd um hann og meðferðaraðferðir hans fyrir að ég held tveimur árum og skil ekki enn þann dag í dag að enginn úr eftirlitsöðnaði ríkisins skuli hafa talið það í sínum verkahring að tékka á honum.

Ef menn reka fyrirtæki og sýsla með dauða fiska eru heilbrigðisfyrirvöld og hvers konar eftirlitsaðilar inni á gaffli hjá þeim, að ég tali nú ekki um skattmann. En þeir sem eru með lifandi fólk í höndunum virðast ekki vera undir neinu eftirliti – og hef ég þó aldrei heyrt minnst á að fiskverkendum detti í hug að misnota dauðar ýsur, hvað þá standa í BDSM-sambandi við þær.

Mín vegna mættu fréttahaukar gjarna veita því athygli að stór hluti þjóðarinnar er á þessum árstíma með hugann við jóla- og jólahald. Sjálf sagt eru fréttastjórar fjölmiðla með langa lista yfir aðila sem eiga það skilið að vera krossfestir opinberlega en spurningin er hvort krossfesting sé viðeigandi forgangsverkefni fréttastofa á jólafréttunni.

Fréttatímar sem eru samansúradar frásagnir af mönnum sem nota farsíma til að útbreiða myndir af besefanum á sér eða sitja fyrir allsberir á Netinu mega gjarna bíða þar til eftir jóla. Einkum vegna þess að þetta eru ekki fréttir af stóratburðum sem eru að gerast hér og nú, heldur er um að ræða fréttir sem fréttamenn geta mótað að vild sinni og birt við hentugleika.

Sólveig ávitaði mig í morgun fyrir að taka ekki nægan þátt í jólaundirbúningnum. Ég fór í mikla fýlu. Það eina sem ég tek ekki í mál að sinna er að pakka inn gjöfum og skrifa jólakort. Ég kann ekki að pakka neinu inn nema þá í plastpoka og það langar engan að fá plastpoka í jólagjöf. Og ef ég á að skrifa jólakort dettur mér aldrei neitt í hug nema „Gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum liðið. Sólveig og Dráinn.“ Og hvern langar að fá svoleiðis jóla-kveðju?



Mútur og mútur

Desember
20
MIÐVIKUDAGUR

Jólasveinarnir koma með í skóinn handa smáfólkinu á hverjum morgni.

Embættisfólk og starfsmenn í öllum stofnunum og stórfyrirtækjum mættu taka þessa afkastamiklu og stundvísu heiðursmenn sér til fyrirmyndar. Allt gengur eins og það á að ganga, enginn seinkun á neinu máli og allir fá góða fyrirgreiðslu, jafnvel betri en þeir eiga skilið – og umfram allt er engin pólitík í spílinu.

Sem minnir mig á að ég var að lesa á Netinu notalega sögu af hinum rausnarlega Geira á Goldfinger og vinum hans Gunnari Birgissyni og Ármanni á Alþingi á styrktarsamkomu fyrir HK í Kópavogi.

Slóðin á söguna er blogdog.blog.is. Það er lífligt að fylgjast með fréttum á blog.is – sem er einstaklega vel heppnuð blögg síða hjá Mogganum.

Ég er soldið kvefaður og logandi hræddur um að missa röddina. Út frá því fór ég að hugsa um orðalagið „að fara í mútur“ – sem er notað um raddbreytingu hjá strákum á kynproskaskeiði. Þá rann alltíteinu upp fyrir mér að orðið mútur er sennilega skylt latneska orðinu „mutatio“ sem þýðir „breyting“. Þess vegna er út í bláinn að tala um að stjórnámalámen fari í mútur. Þeir breytast ekki.

„Ætli Óskar Bergsson sé endanlega kominn úr mútum?“
„Ósköp ætlar Gunnar Birgisson að vera lengi í mútum.“
Svona setningar bera vott um lélega máltilfinningu.

Desember
21
FIMMTUDAGUR

Villigæsakæfa Paté, kæfa, terrine?

Sólveig fann þessa líka fínu uppskrift að villigæsakæfu, paté eða terrine. Ég fylgdi uppskriftinni út í æsar. Þorði ekki öðru því að hún var alltaf að gefa mér auga. Þetta var heljarmikið puð, ekki síst að úrbeina gæsirnar og hakka höglin.

En allt gekk það að óskum þar til ég kom að síðustu línu í uppskriftinni. Hún hljóðaði svo: „Bakist við 90° í vatnsbaði þar til innri hiti er orðinn 67°.“

Hvaða endemis rugl er þetta? Ég fer daglega í gufubað sem er 92° og er ekki enn þá orðinn að kæfu.

Ekki þyrði ég að gefa út matreiðslubók og eiga það á hættu að prentvillupúkinn eða eigin afglöp eyðilegu jólin á mörg þúsund heimilum.

GLEÐILEG JÓL!
Lesendum Fréttablaðsins og landsmönnum öllum: HEILSA OG FRÍÐUR!

P.S.
Ég bakaði kæfuna í litlum skálum við 190° hita í klukkutíma og korter – og árangurinn er dásamlegur.

TÖLVUVERSLUN

með þjónustuna í lagi

Mig langar í þetta...

- Horfðu á kvikmyndir og þætti
- Skoðuðu stafrænu myndirnar
- Sendu tónlistina beint í hljómtækini frá flakkarinum
- Vistaðu stafræn gögn á flakkarinum og taktu hann með
- Stjórnaðu flakkarinum með frábærri fjarstýringu

abigs gagnast vel sem harðdiskflakkar og tengist beint í USB tengi tölvunnar

Auðveldur í notkun

Spilar alla staðla: AVI, DIVX, XVID, MP3, ISO, MPG, JPEG
Fylgihlutir: Allir helstu kaplar fylgja, einnig fullkomin fjarstýring sem er hlaðin af möguleikum.



DVP370A

Sarotech Abigs 3.5" sjónvarpsflakkarkr. 14.900
Sarotech Abigs 3.5" sjónvarpsflakkar með 250GB.....kr. 23.900
Sarotech Abigs 3.5" sjónvarpsflakkar með 320GB.....kr. 26.900

Skemmtilegir bolir með ýmsum „tölvutengdum“ áletrunum
- Margir litir og stærðir! kr. 2.990



Logitech G15
Meiriháttar **lyklaborð** í leikina m.a. World of Warcraft - 18 forritanlegir hnappar með baklýsingu (flott í myrkri) og glæsilegum skjá - USB tengt
kr. 8.990

SJÁIÐ FRÁBÆRT ÚRVAL TÖLVUBÚNAÐAR Í VERSLUN OKKAR

TAKKAR

TÖLVUVERSLUN - SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 534 1000 - TAKKAR.IS

ASUS

Sarotech

PHILIPS


OCZ

TRENDNET

Opið kl. 10-23 í dag og til hádegis á aðfangadag!

Ótrúlegt en Satt!® þið þekkið sjónvarpsþættina...


RIPLEY'S



...nú er það **bókin**

Lostinn eldingu sjö sinnum

Roy Sullivan, þjóðgarðsvörður í Yosemite þjóðgarðinum í Kaliforníu lifði af í öll þau sjö skipti sem eldingu sló niður í hann. Fyrsta eldingin, sem laust hann árið 1969, sveið á honum augabrúnirnar. Árið eftir brenndist hann á vinstri öxl. Þrjár eldingar fylgdu í kjölfarið árin 1972 og 1973. Sú fyrsta varð þess valdandi að kviknaði í hári hans, en hann slökkti eldinn með því að hvolfa fötu yfir höfuðið á sér. Rétt um það leyti þegar hárið var farið að vaxa á nýjan leik sló eldingu í gegnum hattinn hans og í höfuðið með þeim afleiðingum að aftur kviknaði í hárinu. Sú þriðja skaðaði hann á ökkla. Fjórðum árum síðar fékk hann brunasár á brjóst og maga eftir að hafa orðið fyrir enn einni eldingunni. Loks lifði hann af sjöundu eldinguna sem olli því að rafmagnslínur lentu á skógarkofanum sem hann bjó í.



Hlébarðalíf

Skotinn Tom Leppard er þekktur sem hlébarðamaðurinn á Skye, enda hefur hann látið húðflúra allan líkama sinn með hlébarðamynstri. Í fimmtán ár hefur hlébarðamaðurinn búið í skýli sem hann hefur komið sér upp úr steinum og handbærum spýtum. Aðeins er hægt að komast út í eyjuna á báti og eftir það tekur við tveggja tíma ganga að skýlinu.

Þú færð þessa ótrúlegu bók í næstu verslun...

Frábært verð!

PENNINN

Office 1 Superstore

BÓNUS

HAGKAUP
Skemmilegast að versla

HANS PETERSEN

Vefverslun Hans Petersen er á
www.hanspetersen.is/verslun

Bankastræti • Fjörður • Kringlan • Laugavegur 178 • Smáralind

ÓLI TYNES FRÉTTAMAÐUR
ER 62 ÁRA Í DAG

Þetta er 240 hestafla bill og hann segir ekki ha? þegar ég stíg á bensínjöfina.

Óli um silfurlitaða kaggann sinn sem hann keypti í sumar og fráun kallar Gróa fiðringinn.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERDIST: 23. DESEMBER 1968

Skipverjum á njósnaskipi sleppt

Pennan dag árið 1968 var áhöfnin á njósnaskipinu Pueblo látin laus úr haldi eftir ellefu mánaða vist. Skipið, með 83 manna áhöfn, var hertekið af Norður-Kóreumönnum 23. janúar 1968 og héldu þeir því fram að skipið hefði rofið landhelgi Norður-Kóreu. Lyndon B. Johnson Bandaríkjaforseti varð ævareidur. Hann hélt því fram að taka skipsins tengdist nýársókn Þjóðfrelsisfylkingarinnar, Tet-sókninni, þótt ekki væri unnt að færa sönnur á það. Bandaríkjaforseti reyndi að fá Öryggisráð SP til þess að fordæma töku Pueblo og þrýsti á Sovétríkin um að fá Norður-Kóreu til þess að sleppa áhöfninni. Ellefu mánuðir liðu án þess að þessar tilraunir bæru árangur og áhöfnin sætti illri meðferð í þrú Kim Il-sung. Það var ekki fyrr en skipstjórnin skrifaði undir játningu um að hann hefði verið að njósna um Norður-Kóreu að áhöfnin var látin laus. Játningarskjalíð var svo notað í áróðursstríði norðanmanna gegn höfuðríki heimsvaldasinnanna, Bandaríkjunum. Johnson forseti var hærlega



gagnrýndur heima fyrir linkind og hvernig hann hefði haldið á málinu. Gagnrýndur héldu því fram að beita hefði átt Norður-Kóreu refsingum og viðskiptaþvingunum. Málið var enn eitt áfallið fyrir utanríkisstefnu Bandaríkjanna gagnvart kommúnistarkjúnun.

MERKISATBURÐIR

- 1620 Uppbygging hafin í Plymouth í Massachusetts, fyrstu nýlendu Evrópu-manna á austurströnd Ameríku.
- 1905 Páll Ólafsson skáld lést 68 ára að aldri. Hann orti meðal annars „Ó, blessuð vertu sumarsól“.
- 1944 Liðhlaupinn Eddie Slovik tekinn af lífi. Fyrsti Bandaríkjaforsetinn til þess að hljóta þau örlög síðan í borgarstríðinu.
- 1956 Nixon, varaforseti Bandaríkjanna, heimsækir Ísland.
- 1958 Minnihlutastjórn Emils Jónssonar tekur við völdum.
- 1968 Átök verða í miðbæ Reykjavíkur: „Þorláksmessuslagurinn“.

FÆDDUST PENNAN DAG



Ricky Martin söngvari er fæddur 1971.



Ryan Seacrest sjónvarpsmaður er fæddur 1974.

SIGMAR B. HAUSSON: BORÐAR SKÖTU OFT Á ÁRI

Skatan er mikils megnug

Þeir eru ófáir sem halda fast í þann sið að snæða skötu á Þorláksmessu. Sigmar B. Hauksson er einn þeirra, en hann sótti skötuveislur á Naustinu í tuttugu og tvö ár, þar til að veitingastaðnum var lokað. „Þetta var alltaf sami hópurinn. Við sátum við kóngaborðið á Naustinu, þar sem erlendir þjóðhöfðingjar og konungar og drottningar Norðurlandanna höfðu setið í veislum. Það greip okkur mikið vonleysi þegar staðnum var lokað í fyrra,“ sagði Sigmar.

Sigmar er ættaður af Vestfirðum, en skötuhefðin er talin eiga ættir sínar að rekja þangað. „Heima hjá mér var skatan étin af og til yfir veturinn, ekki bara á Þorláksmessu,“ sagði Sigmar, sem gerir slíkt hið sama í dag. „Konan mín er líka Vestfirðingur og mikið fyrir skötu. Við fáum okkur til dæmis smá skötubita í hádeginu á gamlársdag. Það er mjög gott ef maður er að vaka lengi fram eftir og drekka mikið, þá er maður alveg galvaskur daginn eftir,“ sagði Sigmar. Hann hefur jafnframt tröllatru á mætti skötunnar.

„Fyrir nokkrum árum heyrði ég erindi um skötu sem Halldór Hermannsson flutti á ráðstefnu um séreinkenni Vestfirðinga. Hann sagði, og ég er alveg sammála honum, að fólk sem borðaði skötu færi að tala tungum. Ég hef sagt það við erlenda vini mína að maður verði svolítið „high“ af henni,“ sagði Sigmar. Hann hefur einnig heyrt sögur af því að skata fái læknað ýmiss konar magakvilla. „Hallur kaupmaður, sem var með Svalbarða á Framnesvegi, sagði



SKÖTUUNNANDI Sigmar B. Hauksson borðar skötu oft á ári og hefur tröllatru á lækningamætti hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

mér að það hefði komið til hans talsvert af fólki með magasár og magabólgur sem engin meðul hefðu læknað. Svo fékk það sér skötu, og hákarl þess á milli, og varð eins og nýtt,“ sagði Sigmar, sem hefur lengi velt því fyrir sér að benda Kára Stefánssyni á lækningamátt skötunnar. „Ég hitti hann stundum í ræktinni, ég hef bara gleymt að minnst á þetta við hann,“ sagði hann grafalvarlegur.

Í fyrra reyndu Sigmar og félagar hans fyrir sér með skötuveislu í heima-

húsi, en hann segir það ævintýri ekki hafa gengið nógu vel. Í ár ætlar hópurinn því að leggja leið sína á veitingahúsið Lauga-Ás. „Við bindum gríðarlegar vonir við þann stað, þar eru miklir fagmenn sem kunna þetta,“ sagði Sigmar, sem að vonum finnst ómissandi að bragða skötu á Þorláksmessu. „Það er mjög skemmtilegur siður, eins og að fá sér saltkjöt og baunir á sprengidag. Mér finnst mjög gaman að við eigum þessa siði og að þetta tilheyrir okkar menningu,“ sagði hann. sunna@frettabladid.is



Hjartans þakkir ferum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýbug við fráfall móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Kristjónu Margrétar Sigurðardóttur,
Granaskjólí 12, Reykjavík.

Sérstakar þakkir ferum við þeim ættingjum og vinum sem heimsóttu hana í veikindum hennar og starfsfólki á Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun. Við óskum ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Guðmundur Pétursson Þórunn Kristjánsdóttir
Ingibjörg Pétursdóttir Einar Gylfi Jónsson
Sigurður Pétursson Hansína Hrönn Jóhannesdóttir
barnabörn og langömmubörn.



Frænka okkar,
Óla S. Þorleifsdóttir
Hrafnistu, Vífilstöðum, Garðabæ,
Áður Dalalandi 4, Reykjavík,

andaðist á Vífilstöðum miðvikudaginn 20. desember. Minningarathöfn fer fram frá Fossvogskapelli fimmtudaginn 28. desember kl. 15.00.

Aðstandendur.



Maðurinn minn,
Gunnar Guðmundsson

lést á sjúkrahúsinu Egilsstöðum 17. desember. Jarðarför fer fram í Djúpavogskirkju föstudaginn 29. desember kl. 14.00.

Fyrir hönd aðstandenda

Þórdís Guðjónsdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Þóður Þorgeirsson
Staðarseli 3, Reykjavík,

verður jarðsönginn frá Háteigskirkju miðvikudaginn 27. desember kl. 13.00.

Inga Magdalena Árnadóttir
Árni Þórðarson Ólafur Már Ólafsson
Inga Jytte Þórðardóttir
Birgitta Svava, Steinar Þór, Þórunn Inga og Þorgeir.



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, fösturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Ingvar Breiðfjörð

lést á heimili sínu, Skólástíg 16, Stykkishólmi, þriðjudaginn 19. desember. Útför hans fer fram frá Stykkishólmskirkju föstudaginn 29. desember kl. 14.

Helga Magdalena Guðmundsdóttir
Skúli Guðmundur Ingvarsson Brynja Harðardóttir
Páll Kristinn Ingvarsson Kolbrún Jónsdóttir
Atli Már Ingvarsson Sesselja Eysteinsdóttir
Hrefna Jónsdóttir Gunnar Ólafsson
Barnabörn og barnabarnabörn



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hildur Emilía Pálsson
Hjúkrunarheimilinu Eir, áður Stigahlíð 4

lést að kvöldi 19. desember. Jarðarförin auglýst síðar.

Stefanía Stefánsdóttir Björn Valgeirsson
Anna Guðnadóttir Jónunn Magnúsdóttir
Stefán H. Stefánsson Ólafur Ólafsson
Kitty Stefánsdóttir Valur S. Ásgeirsson
Hrafnhildur Stefánsdóttir ömmu og langömmubörn.



Útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sigríðar Fannýjar Ásgeirsdóttur

frá Lækjarbakka, Skagaströnd,

fer fram frá Hólaneskirkju, Skagaströnd, fimmtudaginn 28. des. kl. 14.

Ása Jóhannsdóttir
Pétur Steinar Jóhannsson Guðrún Víglundsdóttir
Gissur Rafn Jóhannsson Gyða Þórðardóttir
Gylfi Njáll Jóhannsson Guðrún Ólafsdóttir
ömmubörn og langömmubörn.

Nýtt rúm

Fráááábær hugmynd!



Stillanlegt-tilboð 2x90x200
Vaxtalaust

16.400,-
meðalgr. á mán. 36 mánuði

38.874,-
á mán. 12 mánuði

448.900,-
áður 523.264

Hlíðardýna og lak fylgir



Kynnum með stolti það allra nýjasta og besta í stillanlegum rúmum

- Val um Tempur heilsudýnu eða Talalay Air Latex heilsudýnu.
- Gravity Zero er öflugasti stillanlegi botninn fáanlegur í dag.
- Botninn er á sleðakerfi þannig að þú nýtir ljósið á náttborðinu.
- Lyftigeta er yfir 40.000 Newton einingar sem er 4 sinnum meira en öflugustu botnar sem eru í boði í dag og u.þ.b. 7 sinnum meiri en algengasti mótorinn er, meiri krafur, hljóðlaus, meiri hraði.
- Öll tannhjól, fóðringar, festingar og liðamót eru úr næloni, ekkert að smyrja og ekkert ískur.
- 3mm hert stálgrind undir öllum botninum.
- Hæðastilling á fótasvæði hefur aldrei verið meiri.
- Mótor er prófaður og viðurkenndur sem læknatæki frá Nemko - Germany.
- Botn m. 2 nudd móturum, 12 nuddkerfum og tímarofa.
- 11 ára ábyrgð á mótur & grind.



Þú átt það skilið



Jólatilboðin í fullum gangi

Ný gerð



Tempur inniskór
Tilboð kr. 7.700,-



Tempur heilsukoddi
Tilboð kr. 7.990,-



Temprakon hitajöfnunarsængin
Tilboð kr. 24.900,-



Faxafeni 5
Reykjavík
Sími 588 8477
www.betrabak.is

Vörubær
Tryggvabraut 24
Akureyri
Sími 462 1410

Opið alla daga til jóla
Föstudaginn 22. des. frá kl. 10 til 22
Þorláksmessu 23. des. frá kl. 10 til 23
Aðfangadag frá kl. 10 til 12



Glæsilegt úrval gjafava ... og nú í alls **12**

**MERKIN OKKAR
TRYGGJA GÆÐIN**



Hollustan beint í æð!

**Vinsælasta
jólagjöfin í ár!**
Ávaxta- og grænmetis-
safapressan frá SOLIS.
Jólaverð kr.: 15.900.

TEFAL



JAMIE OLIVER
EDAL POTTAR OG PÖNNUR
FRÁ JAIME OLIVER OG TEFAL
Jólaverð frá kr.: 5.600



Úrvals hnifar = Vönduð matargerð.
Mikið úrval.

morphy richards



Morphy Richards
Matvinnsluvél
GD48 950
Fjöldi fylgihluta t.d.
fín og gróf rifjárn.
Peytari.
700 wött.
Jólaverð kr.:
19.900



SOLIS
Hágæða
Espresso Pro
kaffivél.
Jólaverð kr.:
29.900

AEG
„ALGJÖR
HIMNASENDING!“



AEG UPPÞVOTTAVÉL
ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ
Orkunýtni: A / Þvottahæfni: A / Þurrkhæfni: A
Einstaklega hljóðlát – aðeins 41 Db
Kr. 89.000 Stál · Kr. 79.000 Hvít



Solis
PALAZZO
Margverðlaunuð
espresso
kaffivél.
Jólaverð kr.:
69.900

AEG



AEG AT260
Einfaldlega
klassísk
brauðrist sem
endist lengi.
Jólaverð kr.:
5.990

AEG



Ryksugur
eins og þær
gerast bestar!
Jólaverð frá kr.:
10.900

TEFAL



Afar traust
mínútu-grill
frá TEFAL
Umman...
Jólaverð frá
kr.: 8.990.

TEFAL



Dásamlegar,
nýbakaðar
vöflur – með
hjálp TEFAL.
Jólaverð frá
kr.: 3.990.

TEFAL



Frábært úrval af
TEFAL straujárnnum og
Brabantia strauborðum.

Á JÓLATILBOÐSVERÐI!



Lavamat 52820 Lavatherm 57820
AEG
AEG ÞVOTTAVÉL (1200 sn/mín) OG ÞURRKARI
ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ
JÓLATILBOÐ: 155.000 kr.



AEG

Blandari sem
endist og endist
- enda frá AEG.
Jólaverð kr.: 6.990.



FLOTT ÚRVAL
AF RUSLAFÓTUM.
Hönnun á
heimsmælikvarða.

FLAME – frá Emile Henry
Frönsk leirvara.
Eftirsótt um alla Evrópu.



Þú býrð vel með Emile Henry.
Vönduð, frönsk leirvara.
Komdu og kynntu þér úrvalið
í þessari fallegu vöru.

ORMSSON · Lág múla 8 og Síðumúla 9
Opnunartími í desember 2006:
Þorláksmessa 23. des. Kl. 10-23
Aðfangadagur 24. des. Kl. 10-12

ORMSSON · Smáralind
Opnunartími í desember 2006:
Þorláksmessa 23. des. Kl. 10-23
Aðfangadagur 24. des. Kl. 10-13

ra fyrir alla fjölskylduna ORMSSON verzlunum!



12 ORMSSON verslanir

ORMSSON
LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800

ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800

ORMSSON
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

ORMSSON
RADIONAUST
SÍMI 461 5000

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

MODEL
AKRANESI
SÍMI 431 3333

ÁRVIRKINN
SELFOSSI
SÍMI 480 1160

ÞRISTUR
ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

VÍK
NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

VÍK
REYÐARFIRÐI
SÍMI 474 1477

VÍK
EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

BÓKABÚÐIN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

SAMSUNG

LE32R71WX
32" LCD sjónvarpstæki
sjónvarpsmóttakari • DNLe stafræn myndleiðrétting
10-bitá litavinnsla • 12,8 milljarðar lita
Upplausn: 1366 x 768 • Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur • Contrast: 3000:1
Birta: 500 cd/m² • Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner) • HDMI, Component, SCART x 2,
PC (D-sub), Composite og S-video
Verð: **179.900,-**



Litir: Hvítt / Svart



Pioneer

PUREBLACK Panel
Direct Colour Filter 2
Dynamic HD Converteróven-
juskarpa mynd
Innbyggður DVB-T stafræn
sjónvarpsmóttakari
Tvö stafræn HDMI tengi og
PC-tölvuinnangangur
Upplausn: 1024 x 768
Contrast: 3000:1
Birta: 1100 cd/m²
Svartími: ~0 ms
Mynd-í-mynd (2 tuner,
multi-mode)



Það flottasta á markaðnum!

PIONEER PDP-427XD 42" PLASMA: Verð kr. 399.900,-
PIONEER PDP-507XD 50" PLASMA: Verð kr. 499.900,-

TILBOÐ:
Kr. 359.900



MEIRI ÞJÖPPUN - LENGRI ENDING RAFHLÖÐU

FLOTTIR
MP3
SPILARAR YP-Z5

4 GB flashminni
1,82" LCD-Litaskjár • FM útvarp
MP3, WMA • JPEG, OGG
Rafhlöðuending allt að 44 tímar



1 GB | 2 GB | 4 GB
14.900,- | 19.900,- | 27.900,-

SAMSUNG

Tær hljómur
á jólum!

Pioneer

DVD upptökutæki með hörðum disk

PIONEER DVR-440H

Innbyggður 80GB harður diskur (allt að 227 klst. upptaka)
Tekur upp á allar gerðir DVD diska (Dual-Layer)
Chase Play - samhljóða afspilun og upptaka
Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX

JÓLATILBOÐ: 55.900 kr.
(Verð áður 65.900 kr.)



3ja ára ábyrgð!
PIONEER-ORMSSON

SHARP

Alvöru hljómtækjastæða

SHARP XL-UH 220

JÓLATILBOÐ: 29.900 kr.
(Verð áður 35.900 kr.)



SHARP

Alvöru hljómtækjastæða

SHARP XL-UH 2440H

JÓLATILBOÐ: 38.900 kr.
(Verð áður 43.900 kr.)



CELESTRON



Langmesta úrval landsins af
stjörnusjónaukum
CELESTRON 60AZ Stjörnusjónauki.
Jólaverð kr.: 9.900.

SAMSUNG



SAMSUNG ljósmyndaprentari.
Draumur ljósmyndarans
- galdratæki sem þú tekur með þér í fríð.
Jólaverð kr.: 12.900.

Bíltæki - Alvöru græja í bílinn

Pioneer DEH-30MP

4x50 watta Mosfet magnari • RDS
18 stöðva minni
EQ forstilltur tónjafnari
CD/MP3/WMA
2 RCA útgangar
Lækkar þegar síminn hringir

Pioneer



JÓLATILBOÐ: 27.900 kr.

Mest selda leikjatölva í heimi.*



Nintendo

NINTENDO DS Lite
Leikjatölvan vinsæla.
Frábært leikjasafn.
Jólaverð kr.: 16.900.

*UM PESSAR MUNDIR

SHARP

Skjástærð: 37"
Upplausn: 1366 x 768 WXGA (16:9)
Contrast: 1200:1
Birta: 450 cd/m²
Sjónsvið: 176°/176°
6 ms svartími
Clear Flat hljóðkerfi
60.000 klst. ending á skjá
(samsvarar 16 árum m.v. 10 klst.
notkun á dag)
Tengi: HDMI INPUT, 2x SCART IN,
S-VIDEO IN, COMPONENT IN (VIA
VGA), PC INPUT (VGA), RS232



SHARP LC-37SA1E 37"
**JÓLATILBOÐ:
229.900,-**

ORMSSON LÁN Í 48 MÁNUÐI:
Mánaðarleg afborgun: 6.640 kr.
- jafnaðarafborgun með vöxtum í 48 mánuði.

HD
ready



Litir: Hvítt / Svart

LE19R71BX
19" LCD sjónvarpstæki

Sjónvarpsmóttakari • DNLe stafræn myndleiðrétting • Upplausn 1440 x 900
Skjáform: 16:9 (breiðtjald) • Svartími: 8 millisekúndur • Contrast 800:1
Birta: 500cd/m² • Sjónsvið 160°/160° • Mynd í mynd (1 tuner) • Tengir: DVI, SCART,
PC(D-sub) • Composit og S-video.

Verð: **74.900,-**

DVD upptökutæki

SAMSUNG HR 735

DV- inngangur og HDMI útgangur
Spilar DVD-video og MPEG4 og 3



DVDHR 735 **JÓLATILBOÐ: 59.900 kr.** - Með 160 GB hörðum disk

DVDHR 738 **JÓLATILBOÐ: 79.900 kr.** - Með 250 GB hörðum disk og USB tengi

Pioneer

Heimabíókerfi - 5.1 rása
PIONEER DCS-353

JÓLATILBOÐ: 49.900 kr.

Kraftmikill 360W RMS magnari
HDMI útgangur skilar stafrænni mynd og hljóði alla leið
USB inngangur til að spila tónlist og sýna ljósmyndir
beint af minnikubbum og MP3 spilurum
Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX



3ja ára ábyrgð!
PIONEER-ORMSSON

HÁTÍÐ ER Í BÆ!

ORMSSON

... og hjá UMBOÐSMÖNNUM UM LAND ALLT



WWW.ORMSSON.IS



BRAGÐIÐ AF JÓLUNUM

Hver fann upp hina frömu blöndu malt & appelsín? » 56



BÆTTU BORDSIÐINA!

Snæðið eins og hefðarfólk um jólin með aðstoð Fréttablaðsins »48



HRAFNNINN OPNAR SJÓNVARPSSTÖÐ

Ingvi Hrafn Jónsson ætlar í loftið í janúar »54

Úr fjötrum til frelsis

Amal Tamimi er fædd og uppalin í Jerúsalem í Palestínu en flúði aðstæður sínar og eiginmanninn og fluttist til Íslands árið 1995 með börnin sín fimm. **Sigríður Hjálmsdóttir** hitti Amal í Alþjóðahúsinu við Hverfisgötu en þar starfar Amal í dag.

Amal byrjar á að nefna það hvað aðstæður og menning í Palestínu eru mikið öðruvísi en til dæmis hér á landi. „Það er sama hvort þú ert múslími eða eitthvað annað því þar er íslam ríkjandi og menning hennar gengur yfir allt landið,“ segir Amal og bætir því við að eins og í flestum öðrum múslímalöndum þá gefi lögin körlum meiri réttindi en konum í Palestínu.

„Við ölumst upp við það í Palestínu að besta lífið fyrir stelpur sé að vera giftar, eiga börn, vera húsmæður og svona,“ segir Amal sem giftist sjálf sextán ára gömul. „Besti aldurinn fyrir stelpur til að gifta sig sé milli 16 og 23 ára. Ég get ekki sagt að fjölskyldan mín hafi sagt mér að ég yrði að giftast fyrrverandi manningnum mínum heldur spurðu þau mig. Ég var mjög ánægð að vera gift þegar ég var sextán ára því það þótti mjög fínt og flott að vera trúlofuð á þeim aldri,“ segir hún og hlær. „Hann var tíu árum eldri en ég enda eiga karlmenn að vera tilbúnir til að kvænast áður en þeir biðja konu. Þeir eiga að vera komnir með húsnæði og menntun, byrjaðir að vinna og búnir að safna pening þannig að allir hlutir séu tilbúnir fyrir fjölskylduna. Stelpur eiga hins vegar ekki að hugsa um þessa hluti.“

Stelpur teljast ekki með

„Þegar við giftum okkur var maðurinn minn tilbúinn og ég flutti bara inn til hans með ný fót,“ segir Amal og útskýrir að þegar stelpur gifti sig fái þær heimanmund til að kaupa ný fót og skartgrip og annað sem þær þurfa að eiga á nýja heimilinu. „Stelpur fara ekki með neitt með sér frá heimili foreldra sinna heldur kaupa sér allt nýtt. Gamla dótið geta þær bara skoðað þegar þær heimsækja mömmu sína og það er vöð skemmtilegt,“ segir Amal og skellir upp úr.

Amal segir eiginmanninn hafa verið mjög venjulegan millistéttarmann. „Hann vann sem blaðamaður og var á ágætis launum. Við eignuðumst börn alveg strax þannig að ég var orðin mamma



KJARNAKONA Amal Tamimi ákvað að taka börnin sín og flýja eiginmann sinn í Palestínu. Ef hún hefði skilið við hann þar hefði hún tapað börnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sautján ára gömul,“ segir Amal og bætir því við að þarna giftist fólk til þess að eignast börn. „Ef kona er ekki orðin ófrísk innan sex mánaða þá er hún drifin til læknis.“

Hjónin eignuðust fimm börn á þeim sautján árum sem hjónabandið varði. „Ég eignaðist þrjár stelpur til að byrja með en þær teljast ekki með sem börn heldur bara strákarnir. Það verður að

eignast stráka til að halda fjölskyldunafninu gangandi. Ef ég hefði byrjað á að eignast þrjá stráka þá hefði ég líklega ekkert eignast fleiri börn, eða það hefði að minnsta kosti enginn ýtt á mig með það,“ útskýrir Amal og heldur áfram. „Ef kona eignast bara stelpur þá nöldra allir í henni með að eignast fleiri börn alveg eins og hún eigi ekkert barn. Ég var komin með þrjár stelpur og það þótti

alveg glatað,“ segir Amal en hún eignaðist loks strák árið 1986. „Það þótti hins vegar ekki nóg því fólki fannst ég ekki geta látið hann vera eina strákinn. Hann þurfti að eignast bróður til að þeir gætu stutt hvor annan. Þá eignaðist ég fimmta barnið sem var strákur. Annars hefði ég þurft að halda áfram að eignast börn þangað til ég fengi fleiri stráka.“

Skóli og skyldur

Aðspurð hvort hún hafi verið yfir sig ástfangin allan tímann sem hún var í hjónabandinu segir Amal: „Sure,“ og hlær. „Eins og ég sagði þá var fjölskyldan mín ekkert að yta á mig með að gifta mig en þegar ég hugsa um það eftir á þá á náttúrulega ekkert að spyrja sextán ára stelpu hvort hún vilji gifta sig. Það er bara bull,“ segir Amal og bætir við: „Ég var mjög

MAX

LágMAXverð

199.999 kr.

OPNUM
kl. 10

3.799 kr.



- Philips HQ6646**
- Philishave Reflex rakvél
 - Reflex Action hnífar
 - Super Lift & Cut
 - Bartskeri

almennt verð ~~4.999~~



10stk

40 tommur

- Samsung LE40S71**
- 40" HD 16:9 LCD sjónvarp
 - Upplausn: 1366 x 768 punktar
 - 6,4 miljarðar lita
 - Skerpa: 5000:1
 - Mynd í mynd (1 tuner)
 - 2 Scart, HDMI, Component, PC (D-sub), Composite og SVHS
 - Game mode

almennt verð ~~249.999~~

Philips 3ja hausa
rakvélar hafa aldrei
verið ódýrari!



39.999 kr.

- Panasonic SCHT545W**
- Öflugt 660w heimabíó
 - Þráðlausir bakhátalarar
 - Progressive Scan

almennt verð ~~49.999~~



3.999 kr.

- Russell Hobbs**
- Rafmagnskryddkvörn
 - Kvörn úr keramik
 - Stilla má fína eða grófa kvörnun
 - Með ljósi þegar kvörn er í gangi

TILBOÐ
SEM ÞÚ
GETUR EKKI
HAFNAÐ!



899 kr. stykkið

Godfather 1, 2 og 3
DVD WideScreen



3.999 kr.

- Remington S8660**
- Remington Multistyle Kit
 - Keramik og Ionic-tæki
 - Sléttir, krullar, gerir slöngulokka, bylgjur o.fl.
 - Tækið hitnar á 60 sek.

almennt verð ~~4.999~~



19.999 kr.

almennt verð ~~24.999~~

Allir Friends þættirnir
DVD - Sérur 1 - 10



4.499 kr.

almennt verð ~~4.999~~

One Tree Hill - Sería 3
DVD

MAX

RAFTÆKI

OPNUM kl. 10

OPIÐ TIL kl. 23

Í KVÖLD - ÞORLÁKSMESSU

Við erum beint
á mót! IKEA

MAX / Kaupúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

glöð og ánægð með að gifta mig og hætta í menntaskóla. Mér þótti þetta vöðalega flott," segir hún og hlær. „Eftir fyrsta árið og fyrsta barnið þá áttaði ég mig á því að kannski væri þetta ekkert svo gott og fékk það í gegn að ég lyki náminu. Það gerði ég meðan ég gekk með barn númer tvö og mamma passaði eldri dótturina á meðan ég var í skólanum.“ Amal segir að þrátt fyrir að hún væri í námi þá hafi hún ekki mátt klicka neitt á skyldunum heima fyrir og gagnvart eiginmanninum. „Ég þurfti að þrifa, elda, læra og allt það en þetta gekk upp.“

Amal lét sér hins vegar ekki nægja að ljúka við menntaskólann heldur vildi hún halda áfram að læra og fá sér síðan vinnu. „Ég fór í viðskiptafræðinám og fékk skírteini upp á það árið 1987 en þá var ég orðin fjögurra barna móðir. Þá fór ég að vinna og gerði það alveg þangað til ég kom hingað til Íslands.“ Amal segist ekki hafa unnið neitt meira eða minna en einstæðar mæður geri hér á landi sem fara heim eftir vinnu til þess að sjá um öll heimilisstörfin. „Þó að ég ætti mann þá gerði hann ekki handtak heima fyrir. Hann hafði sagt við mig að ef ég vildi endilega vinna þá gæti ég svo sem gert það en ég þyrfti samt að rækja allar þær skyldur sem ég hafði við heimilið.“

Amal segir að í Jerúsalem sé það í lagi að konur vinni utan heimilis þótt annars staðar í Palestínu þyki það ekki gott. „Ég hefði heldur ekkert hugsað um að vinna úti nema af því að konurnar í kringum mig voru líka útvinnandi. Maðurinn minn var líka voða stoltur af mér út á við þótt hann væri það ekki heima fyrir.“

Lamin heima fyrir

Spurð hvort síðan hafi allt farið í steik, segir Amal: „Það var allan tímann allt í steik. Ef þetta hefði bara verið slæmt síðustu tvö árin eða eitthvað svoleiðis þá hefði ég örugglega beðið þangað til þetta myndi lagast en þetta þyrjaði strax. Viðhorf okkar voru mjög ólík strax í byrjun," segir Amal og bætir því við að hún sé að eðlisfari mjög glöð kona og brosi mikið. „Ég fæddist og ólst upp í Jerúsalem og var yngst í fjölskyldunni. Allir voru mjög góðir við mig og byggðu upp sjálfstraustið hjá mér. Á heimilinu var mér kennt að segja það sem mér bjó í brjósti og gagnrýna ef mér fannst það rétt. Þar var ég aldrei lamin fyrir að hafa skoðanir," segir hún en þegar hún flutti inn til eiginmannsins tók annað við. „Ég mátti ekki gagnrýna neitt, ekki segja nei, ekki segja að ég vildi gera eitthvað eða koma með hugmyndir, af því ég var „bara“ kona. Það skipti engu máli þótt ég væri búin að mennta mig meira en hann því hann er karlmaður og ég kona þannig að ég á alltaf að hlusta.“ Amal segist stundum hafa látið það vera að segja sína skoðun á málunum en stundum staðið fast á sínu og þá sérstaklega þegar dæturnar voru að nalgast unglingsár. „Það þurfti jafnvel ekki meira en svo að ég leyfði þeim að fara út að hjóla en honum fannst það ekki rétt og gat þá alveg truflast. Það var mjög mikið um það að hann yrði fókuvundur yfir einhverjum svona smáhlutum.“

Amal telur að sumir karlmenn vilji ekki sýna að þeir elski eða virði konuna sína því það beri vott um veiklyndi. „Maðurinn minn var alltaf í vondu skapi og það var rosalega erfitt. Ég reyndi að halda þetta út og tókst þá í sautján ár. Hann lamdi mig oft en þorði ekki að lemja stelpurnar," segir Amal og heldur áfram: „Hann reyndi einu sinni að lemja eldri dóttur mína en ég varð svo reið að ég hefði frekar dáðið en að láta hann snerta dóttur mína. Ég sagði honum að ef hann byrjaði að lemja hana þá myndi



Konur í Palestínu

Palestínkar konur búa við margs konar óréttlæti í heimalandi sínu og við erfiðar aðstæður sem flóttamenn innan sem utan þess. Líkt og á öðrum átakasvæðum í heiminum hafa þær orðið illilega fyrir barðinu á þeim öfriði sem geislað hefur á svæðinu og langvarandi hernámi Palestínu, sem nú hefur staðið í 39 ár. Hundruð palestínskra kvenna hafa verið drepnar í uppreisnum Palestínanna gegn hernáminu, bæði í fyrri Intifada-uppreisninni (1987-1993) og þeirri seinni sem hófst árið 2000 og stendur enn. Í flestum tilvikum á leið til vinnu eða skóla, við vegatálma og þegar þeim er neitað um aðgengi að heilbrigðisþjónustu og sjúkrabílum – en minnihluti í mótmælum og átökum við ísraelska hernámliðið. Tugir palestínskra kvenna hafa þurft að eiga börn sín við vegatálma þar sem þeim er ekki hleypt í gegn á sjúkrahús og eru þannig neyddar til að setja sig og barn sitt í hættu.

Aukið landrán í Palestínu, skipulegar húseyðileggingar hernámliðsins og bygging hins ólöglega aðskilnaðarmúrs á palestínsku landi hefur mjög skaðleg áhrif á líf og réttindi palestínskra kvenna og möguleika þeirra á mannsæmandi

lífi. Palestínkar konur hafa staðið framarlega í mannréttindabaráttu Palestínanna og lagt mikið til friðarviðleitana á svæðinu, meðal annars í samvinnu við ísraelsk kvennasamtök og friðarhreyfingar. Stuðningur við þær er því líður í að styðja við friðar- og mannréttindabaráttu bæði í Ísrael og Palestínu.

Ísland-Palestína

Félagið Ísland-Palestína og UNIFEM á Íslandi hafa ákveðið að taka höndum saman til að vekja athygli á stöðu kvenna í hertekinni Palestínu og sýna stuðning við þær í verki með því að yta úr vör fjársöfnunaráttaki. Söfnunarféð sem safnast í söfnunaráttaki félagsins Ísland-Palestína og UNIFEM á Íslandi verður notað til að styðja Bisan-rannsóknar- og þróunarsetrið í Ramallah og palestínsk kvennasamtök á herteknu svæðunum sem starfa á sviði mannúðar- og mannréttindamála.

Félagar í félaginu Ísland-Palestína verða með merktar söfnunarfötur og bauka í 1. maí göngunni í Reykjavík og við ræðuhöld á Ingólfsstorgi. Félagið hvetur fólk til að styðja við konur í hertekinni Palestínu í verki og leggja söfnuninni lið með fjárframlögum. Hver króna skiptir máli!

maðurinn hennar taka við og lemja hana líka síðar. Þegar hún var sextán ára þá sá ég hana standa frammi fyrir pabba sínum og tala við hann af algjöru virðingarleysi og það var ein aðalástæðan fyrir því að ég ákvað að taka börnin og fara með þau hingað. Ég hafði lesið mikið um kjöraðstæður fyrir börn og sá að ef börn missa virðingu fyrir foreldrum sínum þá vissi það ekki á gott.“

Flúði frá eiginmanninum

Ég tók ákvörðun um að fara með börnin í burtu frá honum en þurfti hjálp til þess. Bróðir minn, Salmann Tamimi, hafði búið hér á Íslandi í nokkurn tíma og sótti um dvalarleyfi, atvinnuleyfi og allt sem ég þurfti svo ég gæti komið," segir Amal sem þurfti að undirbúa þetta vel og fela það fyrir öllum í kringum sig að hún væri á förum með börnin. „Ég sagði engum að ég væri að fara nema einni vinkonu minni því ég þurfti að smygla fötum út úr húsinu og til hennar svo við færum ekki allslaus til Íslands. Þetta var rosalega erfitt. Ég byrjaði að undirbúa þetta í október og kom hingað í janúar," segir hún og rifjar upp ferðina. „Ég sagði mannum mínum að ég væri að fara með krakkana í heimsókn til systur minnar og yrði þar allan daginn. Síðan fór ég út á flugvöll og var alveg rosalega hrædd alla leiðina um að hann myndi komast að því að ég væri ekki hjá systur minni. Það var ekki fyrir en ég var lent hér á Íslandi sem ég gat loksins slakað á.“

Amal hafði lengi talað um það við manninn sinn að hún vildi skilja við hann. „Hann var alveg sáttur við það svo lengi sem hann fengi forræði yfir börnunum enda eru lögin þannig í Palestínu. Ef konan flytur frá mannum sínum þá skilur hún eftir börnin sem eru yfir ellefu eða þrettán ára. Þegar þau síðan ná

þeim aldri eiga þau að vera hjá föður sínum því þá þurfa þau ekki lengur á hjálp móður sinnar að halda í daglegu lífi. Ef kona giftir sig aftur þá fara öll börnin strax til föður síns óháð því hversu gömul þau eru," segir Amal og bætir því við að rétturinn sé almennt allur karlsins megin í Palestínu. „Ef ég vil skilnað þá get ég ekki fengið hann nema eiginmaðurinn samþykki. Ég var ekki fráskilin þegar ég kom hingað enda þóttist ég bara vera að fara að heim-sækja systur mína en kom alla leið hingað til Íslands.“

Bróðir Amal borgaði flugmiðana fyrir Amal og börnin en þegar hún var farið að vinna hér á landi borgaði hún honum það til baka. „Fjölskyldan bjargaði mér alltaf, líka þegar ég fór í námið heima í Palestínu, þá borgaði fjölskyldan mín fyrir það og barnapössunina á meðan ég var í skólanum auk þess sem ég fékk vasapening frá þeim. Þau vildu umfram allt að ég gæti lært.“

Vildi enga vorkunn

Aðspurð hvort það þyki eðlilegt að menn berji konurnar sínar segir Amal: „Það þykir kannski ekki eðlilegt en ef þú kvartar yfir slíku við einhvern færðu strax spurningar um hvað þú hafir gert rangt. Þér er sagt að ef þú gerðir hlutina rétt þá myndi hann ekki lemja þig. Þannig að þú færð engan stuðning frá fólkinu í kringum þig til að láta hann hætta. Í mesta lagi mæta reiðir bræður kvenna og lemja eiginmann hennar til baka en það gengur aldrei lengra en það.“

Amal segir enga konu í Palestínu leita til lögreglunnar til að kvarta undan mannum sínum enda sé lögreglan frá Ísrael. „Ef kona færir til lögreglunnar þá yrði hún útskýfuð úr samfélaginu. Enginn myndi virða hana og enginn myndi giftast dóttur hennar. Fólk

í kringum konur sem sæta ofbeldi segir þeim að þetta. Svona er þetta og það er ekkert við því að gera.“

Sjálf segist Amal ekki hafa gefið mannum sínum tækifæri til að fara mjög illa með hana. „Fyrstu skiptin lamdi ég hann til baka. Síðan sá ég að ef ég gerði það þá varð þetta bara verra. Nágrannarnir heyrðu í okkur og voru að spyrja næstu daga hvornig ég hefði það og voru að vorkenna mér," segir Amal og bætir því við að hún sé ekkert fyrir vorkunnsemi frá öðrum. „Ég reyndi bara eins og ég gat að forðast slagsmál. Ef hann varð mjög reiður reyndi ég að halda mig frá honum eins og ég gat en ég varð stundum blá hér og þar," bætir hún við og bendir á að konur skammist sín fyrir að vera barðar. „Ég held að þetta sé ekki bara út af samfélaginu heldur er þetta tilfinningin sem konur fá ef þær eru lamdar. Þær halda að það sé þeim að kenna og halda að ef þær haga sér öðruvísi þá lagist þetta. Ég gaf honum endalusa tækifæri eftir að hann baðst afsökunar. Þetta er ekki bara bundið við Palestínu heldur er þetta svona með konur úti um allan heim sem eru barðar. Maðurinn minn hætta þessu aldrei og það tók mig sautján ár að fatta það," segir hún og hlær.

Stórhættulegt að stinga af

Aðspurð hvað maðurinn hennar hafi gert þegar hann komst að því að Amal kæmi ekki aftur segir hún: „Það gerðist ekkert. Ég sótti um skilnað og pappírarnir voru sendir til hans. Hann trúir ekki á íslenskt réttarkerfi en samt fékk ég skilnaðinn í gegn héðan. Maðurinn minn gerði ekki neitt. Hann skrifaði ekki undir en samkvæmt lögum getur dómari úrskurðað skilnað eftir að pappírarnir eru sendir þrisvar án þess að nokkur viðbrögð fáiast. Hann hafði ákveðinn umhugsunarfrest og af því hann svaraði ekki

þá var bara úrskurðað að ég væri fráskilin," segir Amal.

„Fyrst eftir að ég fór frá Palestínu var fólkið í kringum okkur í miklu sjokki því ég yfirgaf Palestínu með fimm börn. Í Palestínu er það bara þannig að maður fer ekkert þaðan. Ég var rosalega virk kona í kvannahreyfingu og pólitík og allt og einn daginn hvarf ég bara. Vinir mannsins míns hringdu mikið í mig og báðu mig að koma til baka," segir hún og bendir á að það séu sömu virnir og hún hafði leitað til áður en hún flúði. „Ég bað þá um að hjálpa mér við að halda börnunum eftir skilnaðinn. Ég sagði þeim að það væri allt sem ég færi fram á. Þeir gerðu hins vegar ekki neitt allan þennan tíma fyrr en ég kom hingað. Þá fóru þeir að lofa að gera þetta og hitt til að aðstoða mig svo ég hefði það betra. Ég treysti því ekki.“

Amal játar að það sem hún gerði hafi verið stórhættulegt. „Ef ég hefði farið til baka aftur hefði ég líklega verið drepin. Það hefði verið sett upp sem bílslys eða eitthvað svoleiðis. Það hefði ekkert þurft að skjóta mig. Þannig að þetta var rosalega hættulegt enda þorði ég ekki að fara þangað aftur fyrr en ég var alveg viss um að hann væri búinn að gifta sig aftur og eignast börn með nýju konunni. Ég fór til Palestínu í fyrria, eftir að hafa verið hér á landi í tíu ár.“

Pabbinn hafði aldrei samband

Næstelsta dóttir Amal fór líka út á síðasta ári og var hjá pabba sínum frá maí til desember og var ánægð með það. „Hann var líka mjög glaður að sjá hana aftur en hann á sitt líf í dag og er ekkert að hugsa um að taka við fimm börnum aftur," segir Amal sem tókst með tímanum að slaka á og vera ekki hrædd um að hann kæmi til að taka þau af henni. „Ég sagði þeim að ekkert þeirra færi aftur til Palestínu fyrr en þau væru orðin átján ára og með íslenskan ríkisborgararétt því þá gæti ég bjargað honum eða henni til baka aftur.“

Amal segir að þar sem börnin hefðu ekki verið í neinu sambandi við föður sinn í svo langan tíma þá hafi orðið „pabbi“ ekki haft neina þýðingu fyrir þau lengur. „Samskipti milli foreldra og barna þurfa að vera miklu meira en bara blóðtengsl.“

Amal segir yngstu börnin þrjú hafa saknað pabba síns dálítið til að byrja með en eftir að þau fóru að aðlagast hér og eignast vini þá hafi þau hætt að hugsa um hann.

„Ég lét þau hringja í hann dálítið til að byrja með en þegar ég fékk símareikning upp á 137 þúsund út af því að ég var svo góð að leyfa börnunum að hringja í pabba, þá ákvað ég að loka á það. Ég sagði við krakkana að ef pabbi þeirra vildi tala við þau þá gæti hann hringt í þau því hann var með símanúmerið okkar. En hann gerði það ekki. Þannig að þá voru öll tengslin búin milli barnanna og pabba þeirra.“

Ánægð í dag

„Fyrst fimm árin á Íslandi voru rosalega erfið. Það voru engin störf í boði fyrir mig til að byrja með nema við ræstingu, í fiskvinnslu eða í bakaríi. Ég vann bæði við ræstingar og í fiski tólf til þrettán klukkutíma á dag til að eiga nóg af mat handa öllum fimm börnunum auk þess að leigja íbúð. Ég var hjá bróður mínum frá janúar til apríl en hann fór svo til Svíþjóðar í júní þannig að ég var þá alein á Íslandi án þess að kunna tungumálið, götunöfn eða neitt.“

Amal fannst það dálítið erfitt að vera með skírteini upp á að vera menntuð í viðskiptum en fá samt enga vinnu annars staðar en í fiski. „Það tók mig fimm ár að læra íslenskuna nógu vel til að geta farið í háskólann. Þar fór ég í félagsfræði og byrjaði þá loks að finna mig aftur og öðlast meira sjálfstraust. Fram að því hafði ég mjög lítil samskipti við fólk því ég var bara að vinna og svo heima að hugsa um börnin," segir Amal en hún tók félagsfræðina á þremur árum og útskrifaðist árið 2004. „Þá fékk ég starf sem fræðslufulltrúi, ráðgjafi og tulkur hjá Alþjóðahúsinu," segir Amal en hún og börnin hennar fengu íslenskan ríkisborgararétt árið 2002 og líður afar vel á Íslandi í dag.




Þér er sagt að ef þú gerðir hlutina rétt þá myndi hann ekki lemja þig. Þannig að þú færð engan stuðning frá fólkinu í kringum þig til að láta hann hætta.

GLEÐILEG SKÍFUJÓL

OPIÐ Í DAG FRÁ 10:00 -23:00

Kringlunni • Smáralind • Laugavegi




2.499

Stiklur
Ómar Ragnarsson DVD

áritan

Áritar í dag kl:14:00
í Smáralind



2.499

Út og Suður
Gísli Einarsson DVD

áritan

Áritar í dag kl:14:00
í Smáralind



2.199

The Concept of Calzamer Music
Bardukha

áritan

Áritar og spila í dag
kl:15:00 á Laugavegi



2.199

Love
The Beatles



2.199

Jól og Blíða
Baggalútur



2.499

Sálin og Gospel
Sálin



2.199

Please Don't Hate Me
Lay Low



2.499

Pottpétt 42
Ýmsir



5 CD

2.799

100 Íslensk Jólalög
Ýmsir



2.499

Á móti sól í 10 ár
Á móti sól



2 CD

2.499

1.999

Rokkskífan í 30 ár
Ýmsir



2 CD

2.499

2.199

06.06.06
Bubbi

Verð geta breyst án fyrirvara

Lifandi Tónlist í kjallara Skífunar á Laugavegi

ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI





HÁLFGERÐUR HERRAGARÐUR Nýja byggðin í Ölfusi mun líkjast herragörðum sem víða má sjá erlendis en hafa ekki þekkt mikið hér á landi.



KLETTAGLJÚFUR 8 Húsið er 303 fermetrar að stærð og stendur á 6.000 fermetra lóð. Hugmyndin er að hægt sé að sameina á lóðinni heimili, vinnustofu, sumarhús, gróðurhús og hesthús á lóðunum í Gljúfurárholti.



KLETTAGLJÚFUR 23 Verið er að reisa 505 fermetra einbýlishúsið á 6.000 fermetra lóð þar sem einnig er leyfi fyrir 100 fermetra gróðurhúsi og tíu hesta hesthúsi.

Stórar lóðir í útjaðri byggðar

Í landi Gljúfurárhólts í Ölfusi rís nú hvert einbýlishúsið af öðru á risastórum lóðum en þessi nýja byggð er staðsett í útjaðri Hveragerðisbæjar. 130 hektara jörð var deilt niður í 6.000-9.000 fermetra lóðir með stórum byggingareitum og er fyrsta áfanga að ljúka í uppbyggingunni. *Sigríður Hjálmsdóttir* kynnti sér málið og fékk upplýsingar frá eigendum svæðisins, stærsta framkvæmda-áðilanum og álit skipulagsfræðings á þessu nýja fyrirkomulagi.



Örn Karlsson, annar eigenda svæðisins

Nýjung í lóðaframboði

Það er þegar byrjað að byggja á sautján af þeim tuttugu lóðum sem seldar voru í fyrsta áfanga sem tekur yfir tuttugu hektara landsvæði,“ segir Örn Karlsson og bætir því við að hámarksstærð húsa sé 600 fermetrar þó flest þeirra séu ekki svo stór. „Að minnsta kosti tvö þeirra eru fast að þeirri stærð en leyfilegt er að byggja útihús á lóðunum og á ég von á að eigendur eigi eftir að nýta sér það þegar hverfið fer að þroskast.“

Örn bendir á að búið sé að leggja reiðvegi víða í kringum hverfið og almennt búið að efla reiðvegakerfið í Ölfusinu þannig að kjörð sé fyrir hestamenn að notfæra sér þetta tækifæri. „Menn hafa lagt sig fram við að færa reiðvegina af akvegum þannig að það er hægt að ríða þvert um Ölfusið án þess að snert nokkurn tíma akvegi svo þetta svæði er mjög vænt fyrir hestamennskuna,“ segir Örn en hann sér fyrir sér að einhverjir noti réttinn til byggingu útihúsa fyrir heimilisíðnað eða vinnustofu. „Þeir sem eru svo vel settir að geta unnið heima geta þarna skapað sér gott umhverfi, hvort sem það er í hestamennsku eða öðru.“

Miklir möguleikar

Féðgarnir keyptu jörðina í þeim tilgangi að byggja upp hverfi með

stórum lóðum og húsum. „Þetta er ákveðin hugmyndafræði og finnst mikið í Bandaríkjunum þó það hafi ekki tíðkast hér á landi fyrr en það er ákveðinn hópur sem finnst þetta fýsilegur kostur, það er alveg klárt,“ segir Örn en þetta er einmitt nýjung í framboði á lóðum af því þessar lóðir eru við byggðarkjarna en ekki sér lóðir úti í sveit. „Þegar þú ert kominn út í úthverfi þá færðu eitthvað sem vegur upp á móti því að þú ert kominn lengra frá og þetta svæði býður upp á mikla möguleika. Byggingareitirnir eru mjög stórir, arkitektúrinn frjáls, hæðamörk mjög rúm og hægt er að staðsetja húsin innan stórs byggingareits. Þannig að það er enginn reglustikufilingur í þessu hverfi.“

Bæjarstjórnin hefur samþykkt áframhaldandi uppbyggingu í kringum svæðið og deiliskipulag fyrir annan áfanga hefur verið samþykkt. „Eftir að ákveðinni uppbyggingu hefur verið náð þá ætla bæjarstjórnin að reisa þarna grunnskóla en ákveðinn byggingareitur er fyrir hann á deiliskipulaginu,“ segir Örn og bætir því við að í framtíðinni verði þetta nýja hverfi í samfelldri byggð við Hveragerði.

„Jörðin sem við keyptum er 130 hektarar og verður líklega öll í þessum sama dúr en það er að sjálfsögðu háð markaðnum,“ segir Örn Karlsson.

Sigríður Kristjánsdóttir, skipulagsfræðingur

Ódýrari lausn fyrir hestamenn

Þessar lóðir eru mjög stórar, hálfur til heill hektari, og má segja að mörk borgar og sveitar sem voru svo greinileg hér áður fyrr séu svoltið að hverfa. Skilin verða ógreinilegri en það er greinilega eftirspurn eftir þessum lóðum og þetta er bara svar við eftirspurn,“ segir Sigríður Kristjánsdóttir, spurð um álit á þessari nýju byggðarþróun.

„Ég hef velt því fyrir mér hvers vegna slík byggð rísi ekki nær höfuðborgarsvæðinu,“ segir Sigríður og bætir við: „Það er búinn að vera mikill þrýstingur bæði frá Reykjavíkurborg og Kópavogi á að koma hesthúsasvæðunum út úr byggð en þau eru í sumum tilfellum lent inni í henni miðri.“ Sigríður segir slíkt einkennandi fyrir svokölluð jaðarbelti sem myndast um borgir. „Jaðarbelti eru landnotkun í kringum borgir, fyrir hverfi sem er ekki æskilegt að hafa inni í borginni. Það sem gerist með svona jaðarbelti er að þegar landið verður svo dýrt að það borgar sig að nota það undir eitthvað annað þá færast þessi byggð utar, hún stekkur út yfir byggðina sem er komin í kring. Kópavogur og Reykjavík hafa verið að taka þessi gömlu hesthúsahverfi og byggt þar íbúabyggð í staðinn,“ segir Sigríður og heldur áfram: „Fyrir þá sem eru með hesta er þá spurning hvort það borgi sig ekki að fara alla leið í Ölfusið þar sem hægt er að fá ódýrari lóð en í Kópavogi og Reykjavík. Á lóðinni er hægt að byggja bæði ein-

býlishús og hesthús í stað þess að reisa hesthús uppi á heiði þar sem verið er að byggja nýja hesthúsabyggð fyrir höfuðborgarsvæðið.“

Áhugaverð þróun

Sigríður segir þessa þróun mjög áhugaverða því þetta séu breytingar á búsetuþróun í dreifbýlinu. „Landbúnaðarháskólinn var einmitt með málþing um skipulagsmál og búsetuþróun í dreifbýli á dögunum því þetta er að breytast svo mikið á Suðurlandi og í Borgarfirðinum.“

Aðspurð hvort þetta nýja skipulag sé líkt því sem gerist í Ameríku segir Sigríður: „Það sem er amerískt við þetta er að þessir svokölluðu „developerar“, sem myndu hugsanlega geta kallað byggðarþróunarfjárfestar, kaupa jarðir, fá skipulagshönnuð eða arkitekt til að hanna skipulagið og fá svo verktaka til að framkvæma þetta. Þá vaknar sú spurning hvort íslenska skipulagslöggjöfin sé í stakk búin til að takast á við þessa fjárfesta.“ Sigríður segir þessa fjárfesta kaupa einhverja spildu og hanna hana alveg eftir sínu höfði án þess að taka tillit til þess sem er í kring. „Það er líka dálítill póst-móðernismi í því að finna bara lausn á sínu en spá ekkert í heildina,“ segir Sigríður en hún telur að byggðarþróun verði eitt af kosningamálunum í vor. „Flokkarnir munu eflaust fara að marka sér meiri stefnu í þessum málum,“ segir Sigríður.



Jónas Guðmundsson hjá Austurbrú

Sælureitur með andrými

Verktakafyrirtækið Austurbrú hefur verið stórtækast í uppbyggingu á Gljúfurárholtssvæðinu en það keypti átta lóðir. „Húsin eru flest á bilinu 260-300 fermetrar en tvö húsanna eru miklu stærri, eða um 500 fermetrar. Í þeim er aukaíbúð í kjallara en aðalhúsið er um 320 fermetrar,“ segir Jónas Guðmundsson hjá Austurbrú.

Jónas segir fermetravæðing á svæðinu vera það sama og í Hveragerði og á Selfossi sem er mun ódýrara en á höfuðborgarsvæðinu. „Við vorum til dæmis að selja rétt rúmlega fókheld hús sem er 260 fermetrar á 33 milljónir. Síðan erum við með 300 fermetra hús sem eru seld alveg tilbúin á 49 milljónir.“

Spurð hvort þetta sé hugsað sem herragarðar fyrir efnafólk segir Jónas: „Við höfum nú aldrei kynnt þetta sem herragarða eða neitt þvilkít. Við höfum reyndar lítið á þetta sem stór hús þar sem fólk getur verið með sinn sælureit. Þarna er hægt að hafa heimili, vinnustofu, hesthús, garðrækt og fleira en þarna er líka mikið andrými,“ segir Jónas og bætir því við að upphaflega hafi verið miðað við að hestamenn keyptu lóðirnar en það hafi þó ekki verið sá hópur sem hafi keypt nú þegar. ■



**ÓPERUKARÓKÍ
FYRIR ALLA**
Í anddyri Íslensku
óperunnar geta allir
spreytt sig á aríu.

MÍÐBORGIN 7



**EINSTAKLEGA
ÞÆGILEGUR**
Fiat Grande Punto
er söluhæsti bíll
Evrópu enda þægi-
legur í umgengni og
akstri.

BÍLAR 2



allt

MÍÐBORGIN HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA JÓLIN KOMA TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[BÍLAR MÍÐBORGIN TÍSKA
JÓLIN KOMA]

Þorláksmessan kallar á mikil jólainnkaup og ferðalög á milli staða. Fólk er hvatt til að læsa vel bílum sínum því ávallt koma upp tilfelli þar sem gjöfum og öðrum munum er rænt úr óvöktuðum bílum.

Míðborgin er aldrei eins heillandi og á Þorláksmessu. Íðandi mannlíf á hverju götuhorni, tónleikar, rjúkandi heitt kaffi, glaðir jólainnkauparar og að sjálfsöfgðu jólaólið sem er innan seilingar. Ekki láta veðrið á ykkur fá, við erum Íslendingar og kunnum að klæða okkur.

Jólaskórnir henta því miður ekki alltaf tíðarfarinu á Íslandi. Gott ráð er að ferðast milli staða í góðum og hlýjum skóm og hafa spariskóna með í poka. Þeim er svo smeygt á fótinn þegar komið er inn í hlýjuna.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn
23. desember, 357. dagur
ársins 2006.



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	11.22	13.27
Akureyri	11.38	13.11

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is



Sigríður María segir það vera troðfullt út úr dyrum í jólahúsinu, allan ársins hring.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Heldur jólin allt árið um kring

Sennilega trúá ekki margir því að hægt sé að reka verslun eingöngu með jólaskraut. Sigríður María Birgisdóttir, annar eigenda Jólalússins við Skólavörðustíg, er sjálfsgát á allt öðru máli.

„Það er alveg troðfullt út úr dyrum alla daga, allan ársins hring. Á sumrin eru það náttúrulega mest megnis ferðamenn sem koma og

þeir standa fyrir utan og bíða eftir að við opnum á morgnana.“ Þó að sumarviðskiptin séu mest við ferðamenn í leit að fallegu íslensku jólaskrauti er þó farið að færast í aukana að Íslendingar komi í leit að skrauti yfir sumartímamann. „Við erum með helling af dóti hérna sem hefur söfnunargildi, fólk er að safna að sér settum og kemur allt árið til að kaupa sér hluti sem vantar inn í, desember notar fólk nú oftast til þess að kaupa handa öðrum. Jólalússveinarnir eru vinsæl-

ir í söfnun og fólk talar um að kaupa einn á ári, maður verður nú kominn á ellilífeyri þegar það verður komið. Þetta eru nú þrettán sveinar, Grýla, Leppalúði og kötturinn þannig að ef byrjað er í ár má reikna sextán ár í þetta.“ Samkvæmt Sigríði eru þó sumir sem taka styttri tíma í að safna öllum sveinunum því nokkrir fastir viðskiptavinir séu eiginlega í áskrift hjá búðinni, byrja að kaupa í janúar og koma svo einu sinni í mánuði til að bæta í safnið.

Vöruúrvalið í Jólalúsinu er veglegt og þar er hægt að fá jóla-skraut frá ýmsum löndum allt frá Danmörku til Kanada. Íslenskt handverk er einnig í hávegum haft í versluninni, og það selst, að sögn Sigríðar, mjög vel allt árið. „Það hefur breyst mikið með Íslendingana að hér fyrir nokkrum árum þótti ekki fínt að kaupa mikið íslenskt en nú leggur fólk miklu meira upp úr því að eiga fallegt íslenskt handverk.“

- hhh



TAKTU NÆSTA SKREF
ÚT Í BUSKANN

BÍLALÁN

Við lánum fyrir nýjum og notuðum bílum á hagstæðum kjörum án tillits til þess hvar þú tryggir bílinn eða hefur þín bankaviðskipti. Reiknaðu lánið þitt á www.frjalsi.is, hringdu í síma 540 5000 eða sendu okkur línu á frjalsi@frjalsi.is. Við viljum að þú komist sem lengst!

ALLT AÐ
100%
LANS
HLUTFALL

LÆGRA
LANTÖKUGJALD
LÆGRI
VEXTIR

ENGIN
SKILYRÐI UM
TRYGGINGAR-
FÉLAG

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN



Smágrafa Lyftari Gripló Snjómokstur Snjóblásari Götusópari Trjákurli Sláttuvél Dráttartæki Heyvinnutæki Úðari o.m.fl.

MULTI ONE fjölnota tæki

Afar fjölhæf og sterk smátæki sem henta verktökum og smærri sveitarfélögum m.a. til snjómoksturs jarðvinnu o.m.fl.

Fiskislóð 14
101 Reykjavík
Sími. 551 4680
www.sturlaugur.is

STURLAUGUR & CO



Helsti kostur Fiat Grande Punto er hversu meðfærilegur hann er.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

TOYOTA INDUSTRIAL EQUIPMENT

Höfum opnað nýjan og glæsilegan sýningarsal

Bestu óskir um gleðilega hátíð

KRAFTVÉLAR

Dalvegi 6-8 · 200 Kópavogur · Sími 535 3500 · www.kraftvelar.is

Einstaklega þægilegur Fiat Grande Punto

Fiat Grande Punto er söluhæsti bíll Evrópu. Líklegast vegna þess að hann er einstaklega þægilegur í allri umgengni og akstri.

Flestir tengja nafn Fiat við hinn ódauðlega Uno bíl þeirra. Litla ódýra blikkdöllu í þjónustu annaðhvort skólafólks eða ömmu þeirra. Svoleiðis var Fiat lengi vel. Eitt sinn ítalskur risi sem framleiddi bíla sem litu svo sem ágætlega út, en voru hræðilegir þegar kom að viðhaldi og rekstri. Slíkt er ekki vænlegt til árangurs og þetta áttuðu Fiatmenn sig á og tóku sig saman í andlitinu. Gæðamálin voru tekin í gegn og á síðustu árum hefur þessi yfirhaling verið að skila sér margfalt.

Fiat Grande Punto er orðinn söluhæsti bíll í Evrópu enda um vel heppnaðan bíl að ræða. Engum

dylst að Ítalir gera fallega hluti og er allt útlit, bæði innra og ytra, afar stílhreint og snyrtilegt. Bak-sýnisspeglarnir eru afar sportlegir og fyrstu metrana í bílnum varð maður að passa sig á að festast ekki í því að kíkja stöðugt í hliðarspeglana. Mælaborðið er aðgengilegt en Ítalirnir skutu aðeins yfir markið með appelsínugula litnum í mælaborðinu.

Þegar keyrt er af stað er það fyrsta sem maður tekur eftir hversu léttur bíllinn er í stýri. Það gerir aksturinn einkar ánægjulegan. Sé bíllinn hins vegar keyrður mjög stíft kemur léttleikinn niður á aksturseygileikunum. Gírkassinn er sömuleiðis nettur og hann í bland við létt stýrið gefur þá tilfinningu að maður sé á físléttum bíl. 1,4 lítra vél var í prufubíl og þótt megi alltaf deila um hvað sé nægt afl er hægt að segja með góðri samvisku að hestöflin 77 séu nóg fyrir þann akstur sem bílnum er ætlaður.

Farþegarýmið aftur í og skottpláss er eftir stærð bílsins. Virkar lítið og nett en er þegar á reynir hæfilegt bílnum. Eitt er þó undarlegt við skottið og það er hvernig það er opnað. Það er gert með fjarstýringu eða innan úr bílnum. Það er ekkert hald til að taka í það og því þarf maður að taka um bríkina á skotthurðinni til að draga hana upp. Í slabbinu varð sú gjörð frekar subbuleg.

Bíllinn hlaut 5 stjörnur í Euro-NCAP árekstrarprófinu og ætti því að vera nokkuð öruggur. Þar



Tæknibúnaðurinn í Grande Punto er í einfaldari kantinum enda um tiltölulega ódýran bíl að ræða.



Hliðarspeglarnir eru einkar sportlegir og litlu gluggarnir fyrir framan þá bæta útsýni mikið.

að auki eru litlir gluggar framan við hliðarspeglana sem taka út blinda hornið sem truflar oft.

Grande Punto fæst í nokkrum útgáfum, ýmist þriggja eða fimm dyra, með 1,2 eða 1,4 lítra bensínvél eða 1,3 eða 1,9 lítra dísil vél. Síðastnefnda vélin er 130 hestöfl.

Grande Punto er afar þægilegur bíll. Hann er enginn kappakstur bíll en í sínum flokki ætti hann að vera meðal þeirra fremstu í kappakstrinum um hylli kaupenda.

FIAT GRANDE PUNTO

Vél: 1,4 lítra bensín.
77 hð / 115 Nm
Þyngd: 1.060 kg
Meðaleyðsla: 6,1 l/100km
Verð prufubíls: 1.690.000 krónur
Verð frá: 1.590.000 krónum

Aðrir í sama flokki:
Toyota Yaris
VW Polo
Ford Fiesta



Fiat hefur mikið sótt í sig veðrið síðastliðin misseri og hefur sala á Grande Punto gengið mjög vel víðs vegar í Evrópu.



Skottpláss er gott miðað við ekki stærri bíl.

ÆVINTÝRIÐ Í ENGLABORG


JÓLABLAÐIÐ KOMIÐ ÚT!

VEGGFÓÐUR.
*leggur á júlaborðið

LAGT Á HÁTÍÐARBORÐIÐ MÁLUM BÆINN RAUÐAN

100 HUGMYNDIR FYRIR JÓLABÖRNIÐ

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5060 | WWW.VISIR.IS



Afturendinn á Brera þótti allra afturenda fallegastur. Því verður ekki neitað að hann er lögulegur.

Fallegasti afturendinn á Alfa Brera

Suðurafríska bílablaðið *Wheels24* stóð fyrir könnun á netinu á því hvaða bílar þættu karlmannlegastir, hommalegastir og með fallegasta afturendann.

Úrslitin urðu nokkuð óvænt, bæði í flokki karlmannlegra bíla og þeirra sem þykja hæfa samkynhneigðum. Það er ljóst að suðurafrískir bílaáhugamenn líta bíla ekki sömu augum og við á norðurhara veraldar. Karlmannlegasti bíllinn var valinn Audi RS4, en Audi hefur hingað til þótt frekar tæpur hvað varðar töftheit. TT slapp reyndar lengi vel en svo sá ofurkveiddi Thandie Newton um að gera hann

að konubíl í Mission Impossible II.

Í öðru sæti yfir karlmannlegustu bílana varð Toyota Fortuner. Dodge Caliber kom í þriðja sæti en miklu þúðri hefur verið eytt í að auglýsa hann sem testósterón bíl.

Sigurvegari í flokki hommalegustu bílanna var Peugeot 207. Af hverju Suður-Afríkubúum finnst hann hommalegastur er ekki ljóst, og ekki heldur hvað þeim finnst gera bíl hommalegan. Í öðru sæti var BMW 3-línan coupe, og Jaguar XK kom þar á eftir.

Flottasta afturendann á Alfa Brera en fast á stuðara hans kom BMW Z4 Coupé. Þriðja sætið vermdi svo Opel Astra GTC en athygli vekur að Renault Megan Scenic er hvergi á listanum. -tg

George Lucas fær fyrsta Moslerinn

Mosler er þekkt merki í heimi kappaksturs. Þeir hafa nú búið til sinn fyrsta götubíl.

Og hvílfur götubíll. Mosler MT900 S er með 435 hestafla vél sem skilar honum upp í hundrað kílómetra hraða á heilum 3 sekúndum og tíu sekúndubrotum betur.

Fyrsti bíllinn verður afhentur á næstu dögum en það er stjórnustríðsgoði George Lucas sem verður eigandi þess. Bíllinn ber framleiðslunúmerið 003, en 001 og 002 voru notaðir til rannsóknna og betrubóta á braut Mosler.

Bíllinn er örlítið breyttur eftir séróskum Lucasar en búið er að fjarlægja vindskeið (auðvitað vill hann heldur líta vel út en halda sér



Mosler MT900 S er 435 hestöfl, vegur aðeins um 1.100 kíló, og kemst á rúmlega 320 kílómetra hraða.

á veginum). Bíllinn er svartur og sagan segir að búið sé að bæta við tengi aftan við vélina fyrir R2D2, en sú fullyrðing er ekki seld dýrari en hún var keypt.

Svo er spurning hvort Daniel Craig vilji ekki fá bíl með framleiðslunúmerinu 007? -tg

BMW kaupir Cooper

BMW hefur fest kaup á vörumerki og tækniþekkingu John Cooper Works. Þetta er gert til að styrkja MINI merkið.

Fæstum sem til þekkja koma kaupin á óvart, en BMW og Cooper hafa unnið náið saman síðan BMW eignaðist MINI.

Cooper gerir það sama fyrir Mini og ///M gerir fyrir BMW. Það er góðan bíl betri, miklu betri. Þess vegna er mikilvægt fyrir BMW að eignast fyrirtækið, þó svo að samstarfið hafi verið orðið svo náið að um formsatriði hafi verið að ræða.

Næsta kynslóð MINI Cooper verður því BMW væddari en áður



MINI er mjög vinsæll smábíll, ekki síst Cooper útgáfur. Því var mikilvægt fyrir BMW að eignast Cooper.

og munu fingraför Þjóðverjanna vera vel sýnileg. Þar með er eitt síðasta og um leið sterkasta vígi breskrar bílaframleiðslu endanlega fallið. -tg



Önnur kynslóð Audi TT litur dagsins ljós á næsta ári með nýjan Roadster í broddi fylkingar.

Önnur kynslóð TT

Audi frumsýndi nýja Audi TT Roadster 2008 á dögnum.

Tímasetningin hefði vart getað verið betri. Veturinn í ár er sá hlýjasti í Evrópu í manna minnum og hvern langar ekki að bruna um frönsku Rivíeruna með blæjuna niðri og jólamúsík í græjunum?

TT verður fánlegur í tveimur útgáfum. Annars vegar framhjóladrifinn með 2,0 lítra 200 hestafla vél, og hins vegar fjórhjóladrifinn með 3,2 lítra 250 hestafla vél. Í báðum útgáfum verður boðið upp á S-tronic skiptingu sem áður hét DSG, og er ein albesta sjálfskipting sem hægt er að fá.

Audi valdi að hafa blæjuna mjúka í stað samanbrjótanlegs þaks. Þetta var gert til þess að spara pláss og ekki síður til að halda bílnum léttum. Engin vanþörf á því enda TT orðinn unglingur og hefur vaxið í stærð í samræmi við það. Hann er sömuleiðis orðinn öruggari en búið er að styrkja álgrindina og bæta við loftþúðum.

TT Roadster verður ekki ódýr bíll. Í Bandaríkjunum er áætlað að framhjóladrifni bíllinn muni kosta 2,6 milljónir og óhætt er að bæta nokkrum hundruð þúsund köllum á hann áður en hann kemst hingað til lands. Fjórhjóladrifna útgáfan mun kosta um 3,2 milljónir úti. -tg

Getz

Hyundai Getz GL 1100 3 dyra.
Kr. 1.390.000

Kr. 14.990 á mán*.
Hyundai Getz GL 1100 5 dyra.
Kr. 1.490.000

Kr. 15.990 á mán*.

- ESP stöðugleikastýring
- ABS og 4 loftþúðar
- MP3 spilar / 4 hátalarar
- Þokuljós að framan
- Lítaðar rúður



Bílasamningur til 84 mánaða, blönduð myntkarfa og 30% útborgun.
Bíll á mynd: Getz 5 dyra GLS með 16 tommu álfelgum.



Með bíllinn handa þér

HYUNDAI hefur gæðin

Hefur gæðin

Kaffibolli með jólaglegu ívafi getur hrest upp á orkuna við síðustu gjafainnkaupin. Nóg er nú af kaffihúsunum til að velja úr í miðborginni til að svala kaffibörfinni.




Hlý Jólagjöf

Ullarjakkar stærðir 36-42

Verð frá 9990



Laugavegi 54, sími 552 5201



Gott brauð passar með öllum réttum og er sérstaklega gott að dýfa því í ólífuoiliu.



Ansjósumauk er tilvalið í pasta og fiskrétti.



Heitreyktar gæsabringur eru góður forréttur og hafa selst vel í Ostabúðinni.



Ólífur má nota í allt mögulegt eða borða einar sér.



Ólífuoila á alltaf við og er góð með brauði eða ofan á salat. Ólífuoila og balsamik eiga vel saman.



Primadonna er hollenskur goudaostur sem notið hefur mikilla vinsælda og er sérstaklega góður með góðu rauðvíni.

Óskum viðskiptavinum okkar Gledilegra Jóla



Rauðarárstíg 1. sími 561-5077

Óvenjumikið að gera í ár

Í Ostabúðinni á Skólavörðustíg er nóg að gera fyrir jólin og mikil stemning á Þorláksmessu.

Jóhann Jónsson, eigandi Ostabúðarinnar, segir að venjulega sé fullt út úr dyrum síðustu dagana fyrir jól. „Síðan við opnuðum fyrir sjö árum hefur aðsóknin aukist jafnt og þétt en hún er óvenjumikil í ár og ég sé mikla breytingu síðan í fyrri,“ segir hann.

Mikið er um að fólk sé að koma á síðustu stundu á Þorláksmessu að kaupa í jólamatinn að sögn Jóhanns. „Síðustu árin hefur það aukist mikið að Íslendingar séu með osta, paté og þess háttar á jólaborðunum og við höfum selt alveg gríðarlegt magn á síðustu

þremur dögum í forrétti. Gjafakörfur með mat eru líka vinsælar jólagjafir í ár. Fólk á orðið allt í dag en það er alltaf hægt að nota matinn, hann fer ekki upp á háloft. Við höfum verið að gera fjögurhundruð til fjögurhundruð og fimmtíu körfur á dag sem er mjög mikið.“

Eðlilega þarf tölvvert fleira starfsfólk þegar traffikinn er mikil og Jóhann segist vera með mikið af aukafólki fyrir jólin. „Núna erum við rétt í kringum átján en undir venjulegum kringumstæðum erum við fjögur. Það er samt ekkert að því að hafa nóg að gera. Stemningin er bara bjáluð og allir kátir, og það er náttúrulega fyrir öllu. Fólk er ekkert að pirra sig þó að það sé smá biðröð, ekki í þessari búð að minnsta kosti,“ segir hann og hlær.



Jóhann í Ostabúðinni hefur nóg að gera fyrir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



OPID Í DAG TIL KL. 23

BIRNA

Skólavörðustígur 2.
Sími: 445-2020
www.birna.net

Purga-T
sjálfvirku slökkvitækin fyrir sjónvörp

- Alltaf á vakt
- Slekkur eldinn strax
- Fullkomlega öruggt
- Fæst í verslunum um land allt

H. Blöndal ehf.
Sími 517 2121 / www.hblondal.is



Fljúgandi fiðrildi á Þorláksmessu

AÐ SÖGN HRAFNHILDAR ÞÓRAR-INSÐÓTTUR FIÐRILDA-KAUPMANNNS IÐAR LAUGAVEGURINN AF LÍFI. LISTAMENNI SETJA SVIP SINN Á LAUGAVEGINN, LÚÐRASVEIT SPILAR, OG JÓLASVEINAR BREGÐA Á LEIK. KAUPMENN ERU Í GÓÐU SKAPI OG VERSLUN FRÚ FIÐRILDI ER OPIN FRÁ KL. 10.00 - 23.00 Á ÞORLÁKSMESSU.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.hdp.is

Jólin handa þeim sem eiga allt

Það getur vafist fyrir fólki að finna gjafir handa þeim sem allt eiga. Sumir senda manni jólagjafalista sem eru frekar auðveldir en aðrir móðgast við tilhugsunina.

Ef markmiðið er að gefa gjöf sem í senn kemur á óvart og slær í gegn getur þetta verið stærra verkefni en viðráðanlegt er seinni-partinn í desember.

Sérstaklega ef maður á stóra fjölskyldu þar sem allir eiga allt. Hvaða vit er í að gefa ömmu stuttur eina ferðina enn og mömmu svuntu sem fer inn í skáp með hinum sjö svuntunum. Pabbi á alltof mörg bindi og litli bróðir notar hvort eð er ekki vettlinga.

Það er kominn tími til að fara glænýjar leiðir í skógi velmegunarinnar og gefa það sem við höfum



Afi gat ekki verið ánægðari með jólagjöfina sem var félagsskapur og miðar á völinn með litlum strák.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

minnst af. Upplifanir og samverustundir. Mæðgur geta farið í SPA saman, handsnyrtingu, andlitsbað og annað dekur og borgað fyrir hvor aðra og gefið það í jólagjöf. Pabbar geta farið með stelpurnar sínar í helgarferð við gott tækifæri og skoðað menningu stórborga í Evrópu, búið til minningu og gefið það sem gjöf. Unga konan getur keypt bók handa afa, uppáhalds teið hans og farið í heimsókn og lesið fyrir hann bókina.

Bókin og lesturinn er gjöfin í ár. Gjöfin þarf samt alls ekki að vera rándýr og getur þess vegna verið falleg krús með heimatilbúnu konfektu ásamt heimboði og spilakvöldi sem er góð jólagjöf handa sætum systurum. Pakkar eru ekki endilega besta gjöfin í ár.

- rh

Skart smíðað af Hansínu og Jens Guðjónssyni



Gullsmíðja Hansínu Jens
Laugavegi 42 • Sími 551 8448

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG



Lækjartorg og Kvosin í jólaþjósum.

Hátíð út af fyrir sig

Upplýst jólatré á torginu taumlaus umferð niður í bæ, milli búða fer veldúðað fólk, skammdegið fær annarlegan blæ.

Porláksmessukvöld er hátíð útaf fyrir sig,

forleikur að jólonum. Margir kaupa og hlaupa við fót til þess að ná í fallett dót.

Og út um allt er barnamergð því jólasveinninn er víst enn á ferð og hvað hann kemur með það veit ei neinn nema bara gamall jólasveinn.

Litlu fólki gengur illa að sofna' í kvöld það vill helst ei fara' í ból. Og þau þrá morgundaginn því þá koma gleðileg jól.



Glæsilegt úrval af
handsmiðuðum
islenskum
skartgripum



SKÓLAVÖRÐUSTÍG 10
sími 561 1300

Íslensk list gerir hús að heimili



Gunnella



Soffía Sæmundsdóttir



Karólína Lárusdóttir

Gunnella kr. 122.000, 10.520 vaxtalaust í 12 mánuði
Soffía Sæmundsdóttir kr. 170.000, 14.600 vaxtalaust í 12 mánuði
Karólína Lárusdóttir kr. 85.000, 7.375 vaxtalaust í 12 mánuði

Opnunartími til Jóla:

Gallerí Fold við Rauðarárstíg er opið virka daga 10-22, á Porláksmessu 11-23 og aðfangadag 10-12.
Gallerí Fold í Kringlunni er opið virka daga 10-22, á Porláksmessu 10-23 og aðfangadag 10-13.

Gallerí Fold · Rauðarárstíg og Kringlunni

Vaxtalaus lán til listaverkakaupa



Elli



Sara Vilbergsdóttir



Kjartan Guðjónsson



Pétur Gautur



Tryggvi Ólafsson

Elli kr. 360.000, 30.750 vaxtalaust í 12 mánuði
Kjartan Guðjónsson kr. 370.000, 31.600 vaxtalaust í 12 mánuði
Pétur Gautur kr. 260.000, 22.250 vaxtalaust í 12 mánuði
Sara Vilbergsdóttir kr. 190.000, 16.300 vaxtalaust í 12 mánuði
Sigrún Eldjárn kr. 38.000, 3.380 vaxtalaust í 12 mánuði
Tryggvi Ólafsson kr. 320.000, 27.350 vaxtalaust í 12 mánuði




Sigrún Eldjárn

Afborganir lána miðast við 12 mánaða afborganir VISA lána. Innifalið í afborgun er 2% lántökukostnaður og 150 kr. færslugjald.

Gallerí Fold · Kringlunni, 2. hæð, sími 5680400 Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · www.myndlist.is

LISTMUNASALA
fold

**Handsmíðaða
skartið hennar
Önnu Maríu**



**ANNA
MARÍA**
DESIGN
GULLSMIDUR

Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036
www.annamariadesign.is



Íslensk hönnun fær að njóta sín hjá Hönnu.



Verzlunin Hanna var nýverið opnuð á Laugavegi 20 B.



Peysuúrval
Kasmírpeysur
Silkipeysur
Jakkapeysur
Blússur margir litir
Treflar - Sjöl - Skinnkragar

*Löðhúfur og gjafakort
er frábær jólagjöf*

**BERNHARD
LAXDAL**



Eftir að hafa legið niðri um nokkurt skeið er notkun á íslensku ullinni orðin vinsæl aftur, enda um úrváls hráefni að ræða.



Íslensk hönnun í Hönnu

Á Laugavegi 20 B var nýlega opnuð ný verslun, Hanna.

Verzlunin Hanna sérhæfir sig í vörum úr þæfðri íslensku lamsull. „Þetta er kvenfataverslun og hér má fá allt frá síðum kápum í léttar peysur,“ segir Ingibjörg Hanna, eigandi verslunarinnar. „Svo erum við líka með úrval af kjólum úr bómullar- og silkiefnum.“

Búðin var opnuð í síðustu viku og þótt snemmt sé að segja til um móttökurnar er Hanna gríðarlega ánægð. „Það hefur verið stöðugur straumur af fólki til okkar og enn sem komið er erum við gríðarlega ánægðar með viðtökurnar,“ segir Hanna.

Við óskum viðskiptavinum okkar
gleðilegra jóla



DU PAREIL... au même
Laugavegur 17 og Kringlunni
Sími 552-6744 og 588-6750



Það kennir ýmissa grasa hjá Hönnu en mest er unnið með þæfða íslenska lambaull.



Þótt Hanna sérhæfi sig í þæfðri ull er einnig hægt að fá silkikjóra í versluninni.

Óperukaróki fyrir alla

Í anddyri Íslensku óperunnar syngja óperusöngvarar fyrir gesti og gangandi og allir geta spreytt sig á aríu.

Það gefur auga leið að karóki á Þorláksmessu getur ekki verið neitt venjulegt karóki með Abbalögum eða Elvis. Nei, á Þorláksmessu dugur ekki að syngja neitt minna en alvöru tónlist með stórrí hljómsveit. Og vikur þá sögunni að Davíð Ólafssyni, söngvara og skemmtikrafti, sem stendur fyrir óperukaróki í anddyri Íslensku óperunnar frá klukkan átta.

Davíð Ólafsson mun stjórna karókisöngnum og ef til vill taka lagið sjálfur.



„Anddyri Óperunnar er einn flottasti salur landsins og minn draumur hefur alltaf verið að nota þetta anddyri meira,“ segir Davíð. „Svo datt mér í hug fyrir síðustu Þorláksmessu að opna óperuna fyrir mannfjöldanum niðri í bæ, leyfa fólki að hvíla sig og hlusta á fallega tónlist.“ Hann á sjálfur eitthvað um hundrað óperuaríur án söngs á geisladiskum þannig að í kvöld getur hver sem er fengið að spreyta sig á óperuaríu við undirleik stórhljómsveitar en svo koma líka þekktir íslenskir söngvarar fram eins og Stefán Helgi Stefánsson og Hulda Björk Garðarsdóttir. Þá mun stúlknafríó Feline divine syngja jólalög við píanóundirleik og Sólon Íslandus sér um veitingasölu á staðnum. Davíð segir

að þetta tiltæki hafi fengið góðar undirtektir í fyrra. „Fólk var geysilega ánægt og svo voru margir sem slógu tvær flugur í einu höggi og keyptu gjafabréf í Óperuna í jólagjafir svo þetta hentar fólki vel.“ Hann segir að þetta hljóti að verða árlegur viðburður. „Þegar búið er að gera eitthvað tvisvar þá er það orðin hefð. Sem er afar gott því þetta minnir fólk á að óperan er ekki fyrir fáa útvalda heldur fyrir alla.“

Hulda Björk Garðarsdóttir verður ein af þeim söngvurum sem koma og syngja.



Allir geta spreytt sig á aríu í anddyri Óperunnar



Friðargangan niður Laugavegin er orðin fastur liður í lífi margra á Þorláksmessu.

Gengið til friðar og gleðilegra jóla

Jólin eru hátíð friðar og ljóss og þetta tvennt verður haft í hávegum í friðargöngum sem farnar verða á Akureyri og í Reykjavík á Þorláksmessu.

Að vanda standa íslenskir friðarsinnar fyrir blysför niður Laugavegin á Þorláksmessu. Safnast verður saman á Hlemmi klukkan 17.30 en gangan leggur af stað stundvíslega klukkan 18.00. Friðargangan á Þorláksmessu er nú orðin fastur liður í jólaundirbúningi margra enda er gangan í ár sú tuttugasta og sjöunda í röðinni. Að venju munu friðarhreyfingarnar selja kyndla á Hlemmi í upphafi göngunnar.

Söngfólk úr Hamrahlíðarkórnum og Kór Menntaskólans í Hamrahlíð undir stjórn Þorgerðar Ingólfssdóttur kórstjóra tekur að vanda þátt í blysförinni sem endar með stuttum fundi á Lækjartorgi þar sem Falasteen Abu Libdeh frá Palestínu heldur stutt ávarp. Fundinum lýkur síðan með friðarsöng.

Laugavegurinn verður að vanda lokaður fyrir bílaumferð meðan á göngunni stendur.

Á Akureyri stendur áhugafólk um friðvænlegri heim að hinni árlegu blysför í þágu friðar á Þorláksmessu. Blysförin felur í sér almennar jólaóskir um frið og þá einkum í Írak og hefur verið gengið á hverri Þorláksmessu síðan 2002.

Gengið verður frá Samkomuhúsinu (Leikhúsinu) á Akureyri kl. 20 og út á Ráðhústorg. Ávarp flytur Hlynur Hallsson myndlistarmaður og kór Akureyrarkirkju syngur. Kerti verða seld í upphafi göngunnar.

Taka ber fram í ljósi veðurspár að aðeins verður gengið ef veður leyfir.

Verstun Gudlaugs A. Magnússonar

Laugavegi 22a • Sími 562 5222



Engill vonarinnar.

Til styrktar

Krabbameinsfélagi Íslands



Silfurskart í úrvali



Hin eina sanna Jólaskið í 60 ár.



Íslenski silfurborðbúnaðurinn.

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári!

jólin koma

allt

Þorlákssmessan er komin í öllu sínu veldi. Fólk er hvatt til að fara ekki yfir um jólaösinni, brosa og slaka á, og muna að jólin eru hátíð ljóss og friðar.



Úr dragtinni í goretex

Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík stendur fyrir jólatréssölu í ár sem endranær og býður upp á fallegan normannspín og íslenska stafafuru. Margir þeirra sem kaupa hafa sjálfir lent í háska og vilja nota tækifærið til að þakka fyrir sig og styðja gott málefni í senn.

Flugbjörgunarsveitin er með glæsileg húsakynni við Flugvallarveg þar sem jólatréssalan fer fram í skjóli frá íslensku veðri.

„Það er gott að geta verið inni í hlýjunni og gætt sér á smákökum, kaffi og kakói á meðan maður finnur sitt tré,“ segir Ásgerður Einarsdóttir sem sér um jólatréssölu sveitarinnar.

Ásgerður er nýlega byrjuð í sveitinni og lét þar með gamlan draum rætast. „Ég er svolítið ótýpiskur nýliði, því ég var 39 ára þegar ég byrjaði. Ég starfaði í sendiráði Íslands í Frakklandi í mörg ár svo það má segja að ég hafi skellt mér úr dragtinni í goretexið,“ segir Ásgerður brosandí. Ásamt því að vera í sjálfbodastarfi fyrir sveitina er Ásgerður er í ferðamálanámi og starfar sem leiðsögumaður, enda altalandi á sjö tungumál. „Það er frábært að geta sinnt áhugamáli á sama tíma sem ég get látið gott af mér leiða,“ segir Ásgerður.

Jólatréssalan er nú komin á fullt og Ásgerður segir að sveitin leggi mikið upp úr góðri þjónustu við viðskiptavini. „Það er alltaf gaman að taka á móti fjölskyldum með börn sem eru að leita að nákvæmlega rétta trénu,“ segir Ásgerður.

Um 40.000 jólatré hafa selst um jólin á Íslandi síðastliðin ár. Þar af eru 8.000 til 10.000 tré íslensk en hin frá Danmörku. „Við erum bæði með einstaklega fallega stafafuru úr Heiðmörk, danskan normannspín sem er ekki síðri og fallegar greinar til að skreyta með,“ segir Ásgerður. Hún leggur mikið upp úr að upplýsa viðskiptavini um meðhöndlun trjáanna og býður upp greinargóðar leiðbeiningar sem fólk getur tekið með sér heim. Flugbjörgunarsveitin fagnaði 55. starfsárinu í fyrra og stöðugt bætast við áhugasamir nýliðar bæði strákar og stelpur. Meðlimir eru um 300 talsins þar á meðal 50



Ásgerður Einarsdóttir býður upp á kaffi, kakói og smákökur um leið og hún aðstoðar við val á jólatrjám.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

virkir sem starfa innan ýmissa deilda sveitarinnar. „Við vinnum öll í sjálfbodastarfi svo ég vona fólk vilji styðja okkur fyrir jól og áramót með því að kaupa tré og flugelda,“ segir Ásgerður.

Jólatréssalan er opin frá klukk-

an kl. 12.00-22.00 miðvikudag og fimmtudag, kl. 10.00-22.00 föstudag og laugardag, kl. 09.00-13.00 á aðfangadag, sunnudag. Flugeldasalan hefst fimmtudaginn 28. desember. Nánari upplýsingar í síma: 569 4250 www.fbsr.is -rh

jólagag

GÖNGUM VIÐ Í KRINGUM...

Göngum við í kringum einiberjarunn, einiberjarunn, einiberjarunn. Göngum við í kringum einiberjarunn, snemma á mánudagsmorgni. Svona gerum við er við þvout okkar þvott, þvout okkar þvott, þvout okkar þvott, svona gerum við þegar við þvout okkar þvott, snemma á mánudagsmorgni.



Þriðjud: Vindum okkar þvott
Miðvikud: Hengjum okkar þvott
Fimmtud: Teygjum okkar þvott
Föstud: Straujum okkar þvott
Laugard: Skúrum okkar gólf
Sunnud, snemma: Greiðum okkar háar
Sunnud, seint: Göngum kirkjugólf

RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA

JÓLAGJÖF HEIMILISINS

3990-
HLEDSLUBORVÉL 18V,
Í TÖSKU MEÐ 51 VERKFÆRI

OPÍÐ ALLA DAGA
laugard. 10:00-17:00
sunnud. 11:00-17:00

RAFVÖRU MARKAÐURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

POOLBORÐ
POOL ER COOL
PÚL IS KÚL

SVS
Suðurlandsbraut 10 Reykjavík
Sími 568 3920 & 897 1715
pingpong.is

allt matur
Alla föstudaga



Mín skoðun

JÓLAKÖTTURINN TEKUR TIL MJÁLMS

Þú ert jólasveinn

Góðir hálsar
Bara svo þið vitið það þá eruð þið jólasveinninn. Ég þekki fullt af fólki sem er tilbúið til að segja það hverjum sem heyra vill. Það vill reyndar frekar koma fram sem skuggamyndir á vegg en að bera andlit sín, eins og við vitum eru skuggamyndir á vegg raunveruleikinn fyrir sumum og alveg fullkomlega nógu góður vitnisburður. Og það þýðir ekki fyrir ykkur að neita, þið vitið sjálf af því að stundum hafið þið læðupokast laumulega inn í barnaherbergi og laumað einhverju óvæntu í skótau eins og þið fáið borgað fyrir það. Sem þýðir að þið eruð með skóblæti. Já, þið eruð jólasveinar með annarlegar

hvatir og megið þakka fyrir að vera ekki hýdd tafarlaust. Ég verð nú bara að segja að þið hafið ekki náð að halda þessu leyndu nema svona rétt í meðallagi og ættuð kannski að vera aðeins meðvitaðri um orð og gjörðir áður en upp um ykkur kemst. Þessi saga er nú þegar farin að ganga ljósum logum í undirheimum borgarinnar, það er að segja í heimum þeirra sem eru undir einn og fjórutíu, og færast sífellt neðar. Og þið skuluð bara passa ykkur. Alvöru jólasveinar kunna nefnilega ekki vel við svona hegðun og það gæti farið svo að ef þið hættið þessu ekki strax þá fáið þið sjálf ekkert í skóinn og hana nú!
Lifið heil

jólaskrautið }

Gera allt bjartara og betra

JÓLASERÍUR HAFA FÆRT ÚT KVÍARNAR.

Jólin eru hátíð ljóss og friðar og hér á norðurljóðum eru jólaljósin mikilvægari en á flestum öðrum stöðum. Talið er að sjálfur Marteinn Lúter hafi verið sá fyrsti til að skreyta jólatré með ljósum sem hjá honum áttu að tákna stjörnu himinsins. Fyrst um sinn voru ljósín á trénu lifandi en fyrsta raflysta jólatréð sem vitað er um var sköpunarverk Edwards H. Johnson sem var aðstoðaruppfinningamaður Tómasar Edisons. Edward var forstjóri Edison rafmagnsfélagsins og það voru því hægt heimatökin fyrir hann að láta framleiða fyrir sig

sérstakar ljósaperur fyrir tilefnið. Og 22. desember árið 1882 var kveikt á áttatíu rauðum, hvítum og bláum ljósaperum á jólatrénu heima hjá Játvarði Jóns við Fimmtu breiðgötu í New York. Dagblöð samtímans hunsuðu þetta merkisatvik þar sem þeim þótti að um of augljósa auglýsingabrellu væri að ræða. Ljósaseriur hafa prýtt jólatré í fjölda ára en það er ekki fyrr en nú á seinni árum sem þær hafa fært sig af jólatrénu og hlykkjast nú um allt heimilið, vefja sig utan um spegla og skríða eftir gluggakistum. Þær hafa meira að segja fært út kvíarnar og eru nú sýnilegar á heimilum frá því að



Ljósaseriur eru meira en bara jólaljós nú á dögum.

rökkva tekur í september og þangað til í mars. Enda ekki vanþörf á í skammdeginu enda má með sannri segja að ljósaseriur geri allt bjartara og betra, ekki bara um jólin.

Uppruni jólatrésins

Ýmsar kenningar eru á kreiki um uppruna og hlutverk grenitréja sem jólatréja.

Aldagamlar heimildir greina frá alls kyns trjádýrkun. Til að mynda skreyttu Rómverjar í fornöld heimili sín með trjágrein eða gáfu hver öðrum um nýárið í gæfuskyndi. Þá tákna tré oft heiminn, samanber Yggdrasil úr norrænni goðatru, og gæti hugmyndin að jólatré verið komin frá slíkri dýrkun.

Til eru helgisagnir um uppruna jólatrésins. Ein er á þá leið að Guð hafi beðið þrjá engla að velja tré sem hæfði tilefninu þegar fyrstu jólin voru haldin. Völdu þeir grenitré.

Einnig getur verið að hagsýni



og feegurðarskyn hafi ráðið för við val á grenitré, sem fella ekki barr og eru fallega græn á þessum árstíma, ólíkt lauftrjám sem fella laufblöð.

(Heimild: www.visindavefur.is)



Falleg ljóðabók sem kemur að góðum notum.

Jólaljóð í veski og vasa

Hugleiðingar á jólaföstu og yfir hátíðarnar.

Jólaljóð eftir Kristínu Ómarsdóttur kom út hjá Sölu á dögum og inniheldur eins og nafnið bendir til nokkrar hugleiðingar höfundar um jólin, jólaföstuna, veturinn og englana. Þessi

ljóðabók passar vel í veski og vasa og þess vegna er kjörlið að fara með hana með sér í búðarþing fyrir jólin og lesa nokkur vel valin ljóð fyrir sessunauta sína á kaffihúsi yfir síðasta adventukakóllanum eða í jólaboðin þar sem oft getur nú verið gaman að brydda upp á nýju umræðuefni. Svo má auðvitað líka setjast með epli og mjólk um lágnaetið og lesa hana sjálfum sér til yndisauka.



Jólasveinarnir kunna flest jólalög sem eru nauðsynleg til að komast í hátíðarskap.

FM jóla hljóma um ból

Jólatónlistin er alveg ómissandi svona síðustu dagana áður en sjálf hátíðin gengur í garð.

Á jólavefnum www.jol.is er vefútvarp sem sendir jólatóna allan sólarhringinn, en einnig á hinum mæta vef www.tonlist.is.

Fyrir tónlistarunnendur getur áskrift hjá www.tonlist.is verið einmitt það sem slær í gegn hjá okkur sem eigum allt. Á vefnum www.jol.is er hafsjór af upplýsingum um jóla og jólahald. Tillögur að jólagjöfum, leikir, upplýsingar um messur, jólasveina, sögur ásamt teikningum og skemmtilegum fróðleik sem börn og jólasveinar hafa sent inn.

GEFÐU SKEMMTILEGA
DVD JÓLAPAKKA!

GRÍPTU ÞESSAR SERÍUR MEÐ Í JÓLAPAKKANN
SAMMYNDIR

ALVÖRU HJÓL LINHAI SEM FER ALLA LEIÐ



ÞJARKUR 4X4

*Hjólin koma götuskráð

Borgartúni 36 588 9747



RAFVÖRU MARKAÐURINN VIÐ FELLSMÚLA

GÓLFLAMPAR



3995-
GÓLFLAMPI, TVÓFALDUR
Litir: Kopar, gylltur og stál

2495-
GÓLFLAMPI
Litir: Gylltur og kopar

OPIÐ ALLA DAGA
laugard. 10:00 - 17:00
sunnud. 11:00 - 17:00

RAFVÖRU MARKAÐURINN

Lágvörusvun með rafmagnsvörur

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - Sími: 585 2888

allt tíska

Alla fimmtudaga

Jólin sumum erfið

Skiptinimum finnst misauðvelt að halda jól í erlendu landi, að sögn Sólveigar Sveinbjörnsdóttur, deildarstjóra erlendra nema hjá skiptinemasamtökunum AFS.

„Jólin geta reynst sumum skiptinimum erfiður tími,“ segir Sólveig. „Þó frekar íslenskum nemum, sem geta lent á stöðum þar sem jólin eru ekki haldin háttíðleg og fyllast þar af leiðandi söknuði um jólin.“

Sólveig segir erlenda skiptinema hins vegar marga hverja svo dolfallna yfir öllu umstanginu sem skapast í kringum íslenskt jólahald, að þeim hætti síður til að fyllast söknuði.

Að sögn Sólveigar eru nú 43 erlendir skiptinemar staddir hérlandis, hvaðanæva að úr heiminum. Hefur sú tala haldist nokkuð jöfn undanfarin ár þótt skiptinemarnir frá því í fyrra hafi komið frá fleiri löndum en nú.

„Þeim fjölga hins vegar stöðugt íslenskum skiptinimum sem halda utan,“ heldur Sólveig áfram. „Það væri einungis óskandi að þeir væru djarfari í vali á áfangastöðum.“



Hægt er að fræðast betur um AFS í blaði þess, Nafnleysu, að sögn Sólveigar. Í nýjasta hefti þess er upplifun íslenskra skiptinema í múslímaríkjum gerð góð skil, sem láta vel af dvöl sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Flestir velja sér lönd sem þeir hafa einhverja fyrirfram þekkingu á og njóta Bandaríkin því mikilla vinsælda, svo dæmi sé tekið. Því miður fara aftur á móti alltof fáir til Asíu. Ætli Suður-Ameríka sé ekki undantekning þar á, en hún er eftirsóttur áfangastaður þrátt fyrir

að vera mörgum Íslendingum framandi. Tilgangurinn með þessu er auðvitað að kynna frábregnum menningarheiminum, enda verður upplifunin sterkari af því að fara til lands sem við höfum litlar eða engar fyrirfram mótaðar hugmyndir um.“

roald@frettabladid.is

Ítalía }

Dýrlingurinn Nikulás birtist börnunum

Nadia Mayr, 17 ára skiptinemi frá Bolzano á Ítalíu, segir jólahaldið heima hjá sér samofnara trúnni en hérlandis.

„Mér líst bara nokkuð vel á íslenska jólaundirbúninginn,“ segir Nadia og bætir við að hann sé að sumu leyti ólíkur þeim sem hún sé vön.

„Munurinn er meðal annars sá að þar sem við erum kaþólsk höldum við sjötta desember háttíðlegan ólíkt flestum Íslendingum, en sá dagur er tileinkaður heilögum Nikulási, dýrlingi barna, sem er fyrirmynd jólasveinsins víða um heim,“ útskýrir Nadia.

„Hefð er síðan fyrir því að einhver birtist í gervi dýrlingsins í til efni dagsins og útteili góðgæti og gjöfum til barna.“ Segist Nadia halda að þetta gildi þó einkum um Týrol-hluta Ítalíu, sem heyrði áður undir Þýskaland en þar er þýska enn töluð ásamt ítölsku.

Nadia segir íbúa Bolzano enn fremur duglega við að sækja messu, ekki síst um jólin þar sem



Nadia segir lax og fondú vera dæmigerðan jólamat hjá íbúum Bolzano.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

farið er í messu fyrir matinn, en lax og fondú er þar dæmigerður jólamatur að hennar sögn.

„Þá er töluverð áhersla lögð á að fagna fæðingu Jesúbarnsins samkvæmt kennisettingum trúarinnar og látið í veðri vaka að það færi börnum gjafir í stað jólasveina eins og hefð er fyrir hérlandis,“ bætir Nadia við.

- rve

taíland }

Upplifir sín fyrstu jólin

Agra Chowlong, 16 ára skiptinemi frá Prathmthani í Taílandi, mun upplifa sín fyrstu jól á Íslandi.

„Fjölskyldan mín heldur jólin ekki háttíðleg þar sem við erum búddistar, en kristnir Taíendingar gera það þótt allt sé umfangsminna en hérna,“ segir Agra. „Þetta eru því fyrstu jólin mín og ég er mjög spennur,“ bætir hann við og eftirvæntingin leynir sér ekki í röddinni.

Þótt búddistar haldi ekki upp á jól, halda þeir stærðarveislu í apríl sem kallast „songkran“ og er að mörgu leyti sambærileg við þau að sögn Agra.

„Songkran-hátíðin er haldin frá 13. til 15. apríl til að fagna nýja árinu samkvæmt taílensku dagatali,“ útskýrir Agra.

„Fagnaðarlætin sjást meðal annars á því hvernig fólk arkar um göturnar með vatnssprautur, -byssur, -bala og fleira og gegnbleytir hvað annað,“ heldur hann áfram.



Agra segir Songkran-hátíðina komast næst jóluunum en þá er mikið um dýrðir í Taílandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

„Sú athöfn byggist á þeirri gömlu hefð að sýna hinum eldri virðingu, það er að segja foreldrum, ömmum og öfum, með því að bleyta hendurnar aðeins á þeim. Vatnið á líka að vera merki um hreinsun og endurnýjun. Í tímans rás hefur þessi hefð síðan snúist um hálfgerðan vatnsslag, sem kemur sér vel þar sem hann brýst út á einum heitasta tíma ársins í Taílandi.“

- rve

austurríki }



Púns og fiskur er það sem Christina neytir að öllu jöfnu um jólin heima hjá sér í Walding.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Malt og appelsín gott

Íslenskur jólaundirbúningur hefur komið Christinu Redberger, 17 ára skiptinemi frá Walding í Austurríki, skemmtilega á óvart.

„Mér finnst jólaundirbúningurinn meiri hér en heima,“ segir Christina, sem er stödd í fyrsta sinn á Íslandi. „Sérstaklega hvað skreytingum viðvíkur, sem eru alveg með ólíkindum.“

Að sögn Christinu eru matarvenjurnar sem tengjast hátíðarhöldunum sjálfum einnig nokkuð ólíkar því sem hún á að venjast. „Við neytum til dæmis annars konar smákakna en hérlandis, þótt mér finnst erfitt að útskýra muninn. Hangikjöt er að sama skapi ekki dæmigerður jólamatur eins og hjá Íslendingum heldur fiskur. Púns er síðan jóladrykkurinn í Austurríki en ekki malt og appelsín sem ég hafði aldrei heyrt minnst á fyrr en ég kom hingað til lands. Mér finnst það engu að síður alveg rosalega gott á bragðið,“ bætir hún hlæjandi við.

Þá segir Christina nokkurn mun vera á hátíðarhöldunum sjálfum. „Til að mynda koma jólasveinar lítið við sögu austurrískra jóla og því meiri áhersla lögð á að fagna fæðingu Jesú en almennt tíðkast hérlandis,“ útskýrir hún. „Við höfum þó jólatré alveg eins og Íslendingar og skiptumst á gjöfum, þannig að þetta er ekki svart og hvítt.“

- rve

Indverskt brúðkaup á aðfangadag jóla

Ásta Hrund Guðmundsdóttir, 18 ára, gerðist skiptinemi í Java á Indónesíu á síðasta ári og var boðin í indverskt brúðkaup um jólin.

„Mér fannst jólin frekar óhátíðleg hjá kaþólikkunum þarna úti miðað við það sem maður á að venjast hér heima,“ segir Ásta um upplifun sína af indónesísku jólahaldi.

Ásta slær þann varnagla þó að ástæðan geti líka verið sú að múslimar séu í miklum meirihluta landsmanna, eða 90 prósent. Sjálf dvaldist Ásta hjá múslíma-fjölskyldu en fékk innsýn inn í kaþólskt jólahald hjá vinum sínum.

„Kaþólikkar sækja messu um hverja helgi, hversu trúaðir sem

þeir kunna að vera, og sérstaka jólamessu á aðfangadag,“ útskýrir hún.

„Stórfjölskyldan hittist síðan til að snæða saman hátíðarmat sama dag, svo sem kjúkling, fisk og rækjur, sem er algengur jólamatur, og ýmsa grænmetisrétti. Ekki má síðan gleyma hrísgrjónunum sem eru Indónesíubúum jafn ómissandi og kartöflurnar eru okkur Íslendingum.“

Ásta segist ekki hafa orðið vör við mikið jólaskraut í Indónesíu nema kannski helst í verslunarkjörnum. Jólatri séu algengasta skrautið í heimahúsum, þótt ekki sé dansað í kringum þau eins og tíðkast á mörgum íslenskum heimilum og gjafastand sé í algjöru lágmarki.

Þá segist Ásta hafa saknað þess að heyra ekki frumsamin indónes-

ísk jólalög en svo virðist sem heimamenn hlusti helst á þekkt amerísk lög.

„Annars heimsótti ég vini mína í Bali á Indlandi á jölunum sjálfum og var svo lánsöm að lenda í indversku brúðkaupi,“ segir Ásta. „Þannig að ég fékk indónesíska jólahaldið kannski ekki beint í æð, heldur upplifði brúðkaup að hætti hindúa í staðinn. Það var svo mikið umstang í kringum það að ekki gafst tími til að upplifa mikinn söknuð. Ég fann ekki almennilega fyrir honum fyrr en ég sneri aftur í skólann í Indónesíu og hversdagsleikinn tók við.“

- rve

Ásta fékk innsýn í kaþólskt jólahald hjá indónesískum vinum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Ester kann betur að meta íslenskar jólahéðir eftir dvölinu í Chimbote.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Jól á sólarströnd

Ester Ösp Sigurðardóttir dvaldi sem skiptinemi í hafnarborginni Chimbote í Perú frá 2004 til 2005 og lá í sólbaði á ströndinni á jóladag.

„Jólahaldið í Chimbote er svolítið frábrugðið því sem við Íslendingar eigum að venjast þar sem það hefst ekki fyrr en undir miðnætti á aðfangadagskvöld,“ byrjar Ester á að segja.

„Þá brugðum við okkur, það er að segja ég og fjölskyldan sem ég bjó hjá, yfir til nágrennanna og við elduðum saman kvöldmáltíð,“ segir Ester enn fremur.

„Eftir mat var skipst á fáeinum pökkum. Ég fékk hálsmen frá fjölskyldunni og peysu frá ömmu senda frá Íslandi. Sjálf gaf ég vinkonum mínum íslenskar gjafir og „foreldrum“ mínum vínflösku og súkkulaði. Ætli þetta hafi ekki tekið einn og hálfan klukkutíma í heild sinni, sem er frekar stutt á minn mælikvarða.“

Ester ráðgerði að hafa það rólegt á jóladag eða þar til vinkonur hennar drógu hana með sér niður á strönd. „Ég lá því á ströndinni í steikjandi hita á sjálfan jóladag,“ segir hún og hlær við tilhugsunina. „Um kvöldið borðuðum við síðan kalkún, sem telst vera finni matur í Chimbote á meðan kjúklingur er nokkuð algengur réttur. Hann var til dæmis borðaður á gamlárskvöld þegar mér var boðið í mat til vinar míns.“

Þótt maturinn og jólahaldið hafi í heild sinni verið ólík jólum Esterar hérlendis, segir hún reynsluna hafa komið sér til góða. „Ég er vön stórum jólum sem taka yfirleitt margar klukkustundir og margir taka þátt í. Ætli maður kunni bara ekki betur að meta þau eftir að hafa upplifað jólin erlendis.“

- rve

ÚRVALSDEILD KJÖTMEISTARA

Villibráð eða veislusteikur, vel hangin hreindýrslund eða gómsætt paté, grafin gæs eða flauelsmjúk bringa, kryddlegið lamb eða kótelettur, hangikjöt eða himneskar nautasteikur: 20 ára reynsla, þekking á hráefnum og ást á matargerð færa þér aðeins það besta.

Opið alla virka daga til áramóta 10.00 - 19.00

Opið laugardag 23. des. 10.00 - 18.00

Opið laugardag 30. des. 10.00 - 18.00



Grensásvegi 48 • sími 553 1600

Jólagjafahugmynd !!

Sérniðin gjöf handa konunni! Gjafabréf á sérhannaðan og saumaðan fatnað (t.d. kjól, dragt, pils.....), unnin af fagmanni.

Hafið samband og ég græja málið.
Selma Ragnarsdóttir, Klæðskeri og Kjólameistari.
Kjörgarði, 3.hæð. S.899-2808



EKKI FARA Í JÓLAKÖTTINN!

allt auglýsingasími
550 5880

Viðurkenning að fá jólasveinakaðalinn

Hugrún R. Hjaltadóttir, kynjafræðingur og sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu, er mikið jólabarn og byrjar alltaf að skreyta hjá sér í byrjun desember.

Jólaskreytingar eru mikilvægur hluti jólahaldsins hjá Hugrúnu og hún á sér eitt uppáhalds jólaskraut. „Jólakaðallinn minn sem er svona kaðall með heimaprjónuðum jólasveinum að klifra upp er uppáhaldið mitt af öllu jólaskrautinu,“ segir hún.

Kaðallinn fékk Hugrún frá ömmu sinni en hún og systir hennar, sem er nýlátin, prjónuðu svona kaðla handa öllum í fjölskyldu Hugrúnar. „Ég fékk minn ekki fyrr en ég flutti að heiman og mér fannst það rosaleg viðurkenning að fá hann. Það var svona merki um að ég væri orðin fullorðin og ætti eigið heimili til þess að skreyta,“ segir hún og hlær.

Hugrún segist ekki vera alveg viss um hvort amma hennar eða frænka hafi prjónað kaðalinn hennar. „Stundum er verið að reyna að finna út úr því hvor þeirra hafi prjónað hvaða kaðal og sagt að amma hafi prjónað þennan því Stína frænka hafi prjónað miklu finna. En það er eiginlega ekki hægt að segja neitt um það. Mér finnst það heldur ekki skipta neinu máli því mér þykir vænt um hann óháð því hvor þeirra prjónaði hann.“

Jólakaðallinn hefur vakið töluverða athygli þeirra sem koma í



Hugrúnu þykir mjög vænt um kaðalinn þó að hún viti ekki hvort amma hennar eða ömmusystir hafi prjónað hann.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

heimsókn til Hugrúnar fyrir jólin. „Ég er búin að hengja hann upp öll jól síðan ég flutti að heiman, nema ein jól þegar ég bjó í útlöndum, og það eru margir sem tala um hvað hann sé fallegur,“ segir hún.

Hugrún segir að hún setji kaðalinn alltaf upp í byrjun desember með öðru jólaskrauti. „Ég

skreyti alltaf hjá mér fyrsta desember. Það er bara eins og það sé hluti af stjórnarskránni að allir eigi að skreyta fyrsta des. og ég tek auðvitað þátt í því eins og vel þjálfður samfélagsþegn. Mér finnst samt alltaf gaman að bæta einhverju við á þorláksmessu og ég skreyti aldrei jólatréð fyrr en þá.“

- eó

„Vatnið breytti öllu.“

Vatnsdropinn – táknið um líf Þessi silfurlitaði vatnsdropi fylgir heimsendum gíróseðlum inn á hvert heimili í landinu. Láttu hann skreyta heimilið í desember og vertu viss um að þitt framlag skilar árangri.



Hreint vatn hefur gjörbreytt lífsskilyrðum fólks – bætt heilsu og tryggt betur matvælaframleiðslu. Íslendingar brugðust fádæma vel við kalli Hjalparstarfs kirkjunnar um síðustu jól, en þá söfnuðust 32 milljónir króna. Sú upphæð samsvarar kostnaði við að setja upp brunna sem fullnægja vatnspörf 266.000 manns til frambúðar.

Með því að greiða heimsendan gíróseðil getur þú séð 20 manns fyrir hreinu vatni til frambúðar.

Munið söfnunarsímann
907 2002

 **Hjalparstarf kirkjunnar**
www.help.is



Hreindýrin eru ljómandi falleg.

Gler, en ekki brot-hætt

Fallegt jólaskraut úr plexígléri fæst í Islandia í Kringlunni.

Glaðlegir snjókarlar, fínleg hreindýr, fallegir rugguhestar og upplýst hús eru meðal þess jólaskrauts sem fæst í Islandia í Kringlunni. Úr fjarlægð virðist um mjög viðkvæma vöru að ræða en þegar nánar er að gáð eru stytturnar úr fallega mótuðu og léttu plexígléri.

Stytturnar fást í öllum mögulegum stærðum og gerðum og sumar þeirra eru líka tæknilegar. Til dæmis er lýsing í sumum þeirra og spiladós í öðrum en sjón er sögu ríkari.



Rugguhesturinn sem ruggar sjálfur og spilar lag.

jólaskrautið }

Blikar jólastjarna

AF ÖLLU JÓLASKRAUTI ER TOPPURINN Á TRÉNU ÞAÐ ALLRA MIKILVÆGASTA.

Stjarnan efst á jólatrénu er tákn fyrir Betlehemstjörnuna sem í jólaguðspjallinu er sögð hafa skinið yfir fjárhúsinu þar sem Jesúbarnið fæddist og var lagt í jötu.

Uppruni stjörnu þessarar er margslunginn. Sumir telja að hún sanni svo ekki sé um villst að Jesús sé konungur Gyðinga þar sem stjarnan er tákn fyrir Davíð konung en Jósef var af húsi og kynþætti Davíðs. Aðrir segja að þar sem stjarnan hafi leitt vitringana fyrst til Heródesar og þar með stefnt lífi Jesúbarnsins í hættu sé það ekki öruggt að hún sé send af Guði. Aðrir vilja nota söguna um stjörnuna til að ákvarða fæðingardag frelsarans af nokkurri nákvæmni en svo eru stjörnur líka fallegar og lýsa skært á myrkum himni og það er í sjálfu sér nóg til að gera þær að sjálfsögðu jólaskrauti. Margar tegundir af stjörnum prýða jólatréstoppa, bæði einfaldar og tvöfaldar eins og sú sem hér fylgir en allar bera þær þó í sér fyrirheitið um geislandi vonina í myrkrinu svarta. Gleðileg jól.



Ætilegar gjafir

Allir þurfa að nærast og því eru sælkeravörur heppileg gjöf. Ekki spillir ef þær eru úr eigin ranni.

Bleikjan er góð



Upplagt getur verið að gleðja sína nánustu með ætilegri jólagjöf. Sumir eru svo myndarlegir að búa til eitthvað sjálfir sem þeir geta miðlað af og það gefur auðvitað gjöfinni aukið gildi. Grafín bleikja úr veiðiferð sumarsins, gómsæt berjasulta úr uppskeru haustsins,



Sultukrúkkurnar verða enn álitlegri ef litlar dúllur eru bundnar yfir lokið.

ilmandi kryddkaka úr ofninum eða box með heimabökuðum smákökum. Allt eru þetta kærkomnar gjafir sem notast hverjum sem er. Ostarnir eru líka sívinsæl gjafavara sem og kaffi og te þótt ekki sé það unnið heima.



Heimagerðar smákökur smakkast ávallt vel.



Kryddbrauð næstum beint úr ofninum er ilmandi gjöf.



Ostur er ávallt kærkominn. Þessi mynd er úr Ostahúsinu í Hafnarfirði.

Langt eftirbragð og fullkomið jafnvægi

GOOD TO THE LAST DROP™

Maxwell House

Gott til síðasta dropa



Perlan frá Cacharel Konunglegir gestir

Nýtt ilmvatn frá reyndum framleiðanda.

Ilmurnir frá Cacharel hafa um árabíl verið mjög vinsælir hjá konum víða um heim. Nú hefur þessi framleiðandi sent frá sér nýjan ilm, en hann er unnin í samstarfi við konu að nafni Ellen von Unwerth. Ellen þessi starfaði um árabíl sem fyrirsæta, eða þar til hún hóf störf sem tískuljósmyndari. Hún ætti því að vita sínu viti um kvenleika og tísku og því var hún ráðin sem hirðljósmyndari við kynningar á þessu nýja ilmvatni.

Ilmurinn heitir Noa Perle og eru gyðjan Venus og perlan, innblásturinn á bak við ilminn. Fresíur og appelsínu extrakt eru meðal



Ljósmynd eftir Ellen von Unwerth, en hún sér um mynd nýja ilmsins frá Cacharel.



Noa Perle frá Cacharel.

þess sem má greina á þessum ilmi sem er kvenlegur og fágaður í senn, en jafnframt léttur og dulúlegur. Ilmvatnsglasið er kringlótt og á botni þess situr lítil eftirlíking af perlu. Einkar fallett og kærkomið gjöf fyrir konur sem kunna að meta vörur frá þessum þekktu framleiðanda.

Fína fólkið lét sig ekki vanta á tiskusýningu Chanel í Monte Carlo á dögnum.

Tiskusýningin fór fram í hinu magnaða nítjándu aldar óperuhúsi Mónakó. Meðal áhorfenda voru Karólína prinsessa af Mónakó og dóttir hennar og fyrirsætun Charlotte Casiraghi. Auk þeirra voru ýmsar smærri stjörnur á borð við frönsku leikkonuna Anna Mougliis.

Fötin, sem voru hönnuð af Karl Lagerfeld, voru sígild og smekklegr úr léttu efni. Litirnir voru allt frá húðlitu og bláu til svarts. Skórnir voru settir slaufum og sjá mátti endalaust tjull í sköpunarverki Lagerfelds að þessu sinni.



Karólína prinsessa af Mónakó og dóttir hennar Charlotte Casiraghi létu sig ekki vanta á tiskusýninguna. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES


allt bílar

Alla laugardaga



BESTA JÓLAGJÖFIN
ER GÓÐ HEILSA
HEILSUDREKINN ER ÞITT VAL

JAFNVÆGI FYRIR LÍKAMA OG SÁL • HEILSUGJAFVÖRUR • GJAFABRÉF



SKEIFUNNI 3J • SÍMI 553 8282 • WWW.HEILSUDREKINN.IS



Naomi Campbell hefur lengi verið fyrirsæta fyrir Victoria's Secret. Hún veit því sitt hvað um munúð og losta og það má finna á nýja ilminum frá henni.

Vetrarkoss frá Naomi

SKAPSTÓRA BLÖKKUSTÚLKAN SENDIR FRÁ SÉR YNDISLEGAN ILM.

Ilmvötn Naomi Campbell hafa slegið í gegn frá því að þau komu á markað. Nýlega sendi hún frá sér einstaklega gott ilmvatn sem kallast Winter kiss. Það kemur í langri mjörri flösku sem fer vel í hendi og er fallett á hillunni. Ilmurinn er samsettur úr meðal annars, vanillu, hlýnsirópi, jasmínu, sedrusviði og fresíum. Hann er sætur en um leið létt kryddaður og sérlega tælandi. Konur á aldrinum 28-35 ára hafa hingað til tekið þessum ilmi sérlega fagnandi, en að sjálfssögðu geta fleiri notið hans eins og alls þess sem er gott í lífinu.



Winter kiss frá Naomi Campbell.



Gættu að berast ekki á haf út með tiskustraumum.

Ekki vera fórnarlamb

Sex atriði sem forða þér frá því að verða fórnarlamb tiskunnar.

1. Ekki festa kaup á hverju sem er, reyndu að velja flíkur sem fara bæði vaxtarlagi þínu og andliti.
2. Taktu vin eða vinkonu með í innkaupaferðina til að gefa álit. Þannig kemurðu í veg fyrir að kaupa eitthvað sem fer ekki þínu karakter.
3. Farðu heim, mátaðu nýju fötin og vertu viss um að þú sjáir ekki eftir kaupunum. Ef þú gerir það þá skaltu skila fötunum.
4. Veldu fötin út frá því hvað þig vantar í fataskápinn þinn og hvaða tilefni þú ætlar þér að nota þau við.
5. Veltu því fyrir þér hversu lengi flíkin mun vera í tísku. Sumar flíkur eru þannig gerðar að þær fara aldrei úr tísku en með þeim má nota aðrar vörur sem eru tímabundnari.
6. Áður en þú tekur ákvörðun, vertu þá viss um að þú eigir aðar flíkur heima hjá þér sem ganga við það sem þú ert að spá í að kaupa.

Nýtt fyrir strákana

Nickel-fyrirtækið sérhæfir sig í snyrtivörum fyrir karlmenn.

Fyrir tíu árum síðan var fyrirtækið Nickel stofnað af Philippe Dumond og á sama tíma var fyrsta snyrtistofa sinnar tegundar, sérstaklega ætluð karlmönnum, opnuð af sama manni. Síðan þá hefur þetta fyrirtæki farið vaxandi, enda liðin tíð að karlmenn telji það karlmannlegt að vera með þurra og sprungna húð.

Morning after rescue gel, varð fljótlega með vinsælustu vörum merkisins, en það er andlitskrem sem gefur húðinni næringu og lætur menn líta betur út eftir annasamar nætur. Þetta krem, líkt og aðrar vörur Nickel, kemur í umbúðum sem karlmenn þurfa ekki að skammast sín fyrir að hafa uppi í hillu, því þær gætu eins staðið uppi á hillu á fínni smurstöð.



Morning after rescue gel er ætlað karlmönnum sem þurfa að líta vel út eftir annasamar nætur.

Kjöll úr McDonald's jólakortum

Ungur tiskuhönnuður fer ótroðnar slóðir í fatahönnun.

Sigurvegari fyrstu þáttaráðarinnar af Project Runway, Jay McCarroll, hefur hannað kjól sem er nærri allur búinn til úr jólakortum frá skyndibitarisanum McDonald's.

Kjöll McCarrolls var nýverið sýndur á góðgerðarsamkomu McDonald's-fyrirtækisins „Load it, Gift it, Love it...Now Wear it“ í New York og var það engin önnur en söngkonan Kelis sem klæddist honum.

Kjöllinn er nú til sölu á eBay en allur ágóði af honum mun renna beint í barnasjóð McDonald's, nánar tiltekið Ronald McDonald House Charities.

Þess má geta að sumum þykir þessi ákvörðun McCarrolls um að hanna fót fyrir McDonald's skjóta skökku við, þar sem hönnuðurinn hafnaði á sínum tíma verðlaunafénu í Project Runway á þeim forsendum að það hefti listrænt frelsi hans.

Kelis vakti ekki síður athygli fyrir nýja hárgreiðslu.

-/ve



Hérna afhjúpar söngkonan kjöllinn.



Kelis þótti haga sér eins og sannkölluð atvinnumanneskja á sýningarpallinum.



Gallabuxur 5990
Skyrta 2990
Vesti 4990
Bindi 1990

Skyrta 2990
Vesti 4990
Gallabuxur 5990

BLEND[®] She
Red in the Hills[™] Christmas

KRINGLAN // SMÁRALIND // KEFLAVÍK
S.588 5777 // S.544 4646 // S.421 6899
blendofamerica.com ** blendshe.com

Sætasta stelpán í veislunni

Notaðu vikuna fyrir áramót til þess að slaka á og gera þig sæta.

Eftir allt stressið fyrir jólin er fátt betra en að liggja uppi í rúmi, lesa góðar bækur, maula mandarínur og láta þreytuna líða úr líkamanum. Það er kannski eins gott því skammt undan eru áramótin og hvern langar að vera með bauga undir augum og herptar axlir þegar ein stærsta veisla ársins rennur upp? Vikuna milli jóla og nýárs er upplagt að nota til að fegra útlitið og það þarf ekki að vera flókið. Flest allt heppnast betur sé það undirbúið með góðum fyrirvara og þá gildir einu hvort um er að ræða matarboð, ferðalag eða fallett útlit.

Mánudagur 25. des.:

Sofðu út (en ekki hvað?). Mundu að fá þér léttmeti á borð við mandarínur yfir miðjan daginn, gættu hófs í veislum og farðu svo í heitt það fyrir háttinn og gefðu þér tíma til að sinna fótunum. Nuddaðu þá upp úr grófum kornamaska, klipptu neglur og þússaðu yfirborð þeirra og settu svo glært naglaklak á þær í lokin. Áður en þú ferð uppi rúm skaltu reyna að gera nokkrar kviðæfingar því hvaða konu langar til að hafa bumbu undir sparikjólnum? Það er vel hægt að herða kviðvöðvana á einni viku. Svo sefurðu líka betur eftir léttar æfingar.

Þriðjudagur 26. des.:

Annar í jólum og þú byrjar daginn á hressandi gönguferð. Hún fær blóðið til að streyma og enn brennir þú einhverjum af þessum hátíðlegu hitaæningum. Gerðu teygjuæfingar og fáðu þér veglegan morgunverð, en hann gerir það að verkum að þú átt eftir að vera mettari yfir daginn og gæta meira hófs í veislum dagsins.

Miðvikudagur 27. des.:

Keyptu sjálfbrúnkandi krem, kornakrem fyrir andlit og líkama, latex hanska, raka-masku fyrir andlitið og

nuddhanska sem örva blóðrásina og fjarlægja dauðar húðfrumur. Mikið framboð er af sjálfbrúnkandi kremum sem flest eru góð, en óhætt er að mæla með froðu frá Clinique á líkamann og bæði líkams- og andlitskremum frá Shiseido.

Farðu í gufubað, heitu pottana og kaldar sturtur. Þetta örvar blóðrásina og gefur húðinni fallegan ljóma. Mundu líka að drekka vel af vatni yfir daginn.

Fimmtudagur 28. des.:

Plokkun, litun, handsnyrting og annað í þeim dúr er eitt-hvað sem er heppilegt að gera þennan dag. Sérúttu ekki búin að finna áramótadressið er ekki seinna vænna en að hendast í búðir til að finna það. Í Debenhams er starfandi stílisti sem getur aðstoðað við fatavalið og það er eflaust gott að nýta sér það til að vera alveg viss um að góðu hliðarnar fái að njóta sín. Einnig er gott að benda á að í mörgum verslunum er hægt að kaupa svokallaðar „aðhaldsbuxur“ en það eru undirföt sem greyna líkamann og geta minnkað ummálið um nær eina stærð. Frá Orobli koma góðar undirbuxur af þessu tagi og í öllum betri undirfataverslunum er úrval af þessum fatnaði.

Notaðu rakamasku á andlitið fyrir svefninn og drekktu vatn!

Föstudagur 29. des.:

Eftir vinnu er upplagt að skella sér aftur í laugarnar og slaka á í heita pottinum og gufunni. Í sturtunni skaltu bursta húðina á líkamanum og nota kornakrem til að fjarlægja dauðar húðfrumur, því þannig undirbýrðu húðina fyrir brúnkandi kremið sem þú setur á þig um kvöldið.

Þegar maður

ber á sig brúnkandi krem er mikilvægt að hafa það í huga að kremið dreifist mjög jafnt á líkamann. Notaðu hanska við verkið svo að hendurnar verði ekki flekkóttar. Gættu þess að bera mjög lítið yfir hné og olnboga. Láttu kremið þorna áður en þú ferð í rúmið, skelltu þér í sturtu um morguninn og berðu á þig líkamskrem að lokum til að brúnkann njóti sín betur.

Laugardagur 30. des.:

Drekktu grænt te til að losa líkamann við auka vatnsöfnun, borðu morgunverð og hlustaðu á góða tónlist um leið og þú mátar sparfötin og velur fylgihlutina. Finndu út hvaða förun hentar klæðnaðinum, til dæmis með því að skoða myndir í tískublöðum. Prófaðu förunina í dag svo þú sért viss um að taka ekki neinar kjánalegar „áhættur“ rétt áður en veislan byrjar.

Sunnudagur 31. des.:

Þá er síðasti dagur ársins runninn upp. Sofðu nú eins lengi út og þig langar til, en þó ekki svo lengi að þú fái höfuðverk. Farðu á fætur og berðu á þig góðan andlitsmaska áður en þú skellir þér í sturtu. Gönguferðir eru alltaf góðar eins og áður segir, og eins mælum við með því að þú drekkir vel af vatni því fátt er betra fyrir útlitið og heilsuna en næg vatnsdrykkja. Hafðu vatnsbrúsa við hendina allan daginn.

Áður en þú farðar þig er mjög mikilvægt að bera gott rakakrem á andlitið og hálsinn. Því næst kemur hyljari á bletti, svo farði, þar næst málarðu augun (ef eitthvað smitast undir augun má strjúka það af og bæta á farðann).

Ljúktu verkinu með sólarpúðri eða kinnalit og maskarann skaltu setja á alveg í lokin. Smelltu þér í sparfötin og þá er ekkert eftir en að njóta sín og láta ljósið skína í áramótaveislunni!



Við getum ekki allar orðið jafn sætar og Kate Winslet en með réttum undirbúningi komumst við ansi nálægt því.



SKAGEN
DENMARK



BRILLIANT
LAUGAVEGUR · KRINGLAN · SMÁRALIND

Tískuslys stjarnanna

Tímaritið *People* birti nýlega lista fyrir fimm helstu tískuslysinn, en athygli vekur að konurnar á listanum eiga sameiginlegt að vera yfirleitt flottar í tainu. Lýsingu blaðamanna *People* hefur hér verið snarað yfir á okkar ástkæra ylhýra.

Í guðs bænum látiði Beyoncé vita að Jane Fonda vilji fá Barbarellu búninginn sinn frá 1968 aftur. Stílistinn hennar á ekki gott í vændum.

Þótt það borgi sig ekki alltaf að fara öruggu leiðina í fatavali hefði Eva Mendes átt að halda sig við það sem hún þekkir best, þegar hún mætti svona til fara á galaballi Amerísku búningastofnunarinnar. Hver veit, kannski taldi hún sig verða á meðal sýningargripinna?

Eva Longoria var vissulega í jólaskapi þegar hún eldaði þakkargjörðarmat í sjónvarpsþættinum Good Morning America, en það var kannski óþarfi að ganga svo langt að klæðast að hætti píla-gríma.

Guð einn má vita hvað Keiru Knightley gekk til þegar hún dró þetta út úr fataskápnem heima hjá sér. Kannski var hún að leita að baðfötum en fann bara þetta dularfulla píls (eða gardínu, við erum ekki viss) sem hún dró upp um sig með þessu forláta belti.

Mischa Barton er ekki með það, íklædd bleiu og karlmans hlýraból, og lendir á botninum á listanum yfir verstu tískuslysinn að mati *People*. Fær þó hálf þrik fyrir að þora að láta sjá sig svona á almannafæri.



Fanning situr fyrir

Marc Jacobs hefur tilkynnt hver verður andlit vorlínunnar 2007.

Greint hefur verið frá því hver verður nýjasta andlit Marc Jacobs og fellur það í skaut barnastjórnnunnar Dakotu Fanning, sem hefur gert það gott með leik í kvikmyndum á borð við Man on Fire (2004), War of the Worlds (2005) og I am Sam (2001).

Tökum á auglýsingum við herferð Marc Jacobs lauk nýverið í Los Angeles, en þar var tiskuljósmyndarinn heimsþekkti Juergen Teller við stjórn-



völlinn. Hefur Juergen meðal annars átt í samstarfi við fyrirsætuna Kate Moss og Yves Saint Laurent og er talinn hafa haft töluverð áhrif á tískuheiminn.

Þess má geta að sérsauma varð öll fötin sem Fanning klæddist í nýju auglýsingunum, vegna þess hversu lítil og fingerð leikkonan knáa er, enda ekki nema tólf ára þótt hún hafi náð að skipa sér á bekk með skærustu stjörnum Hollywood.

-rve

Það er engin önnur en barnastjarnan Dakota Fanning sem verður nýjasta andlit Marc Jacobs.

L'Occitane með appelsínuilmi

Skemmtileg og vel lyktandi gjafavara fyrir fólk sem elskar að fara í bað.

Hjá eðalfyrirtækinu L'Occitane er nú fáanlegur kassi með góðum baðvörum fyrir konur og karla. Vörurnar eru með mildum og góðum appelsínukeim og umbúðirnar eru skemmtilega gamaldags en sígildar í senn. Kassinn inniheldur ferskan appelsínuilm, sturtusápu, húðkrem og sykur-skrúbb sem er samsettur úr grófum sykri, möndlu og apríkósuolium. Eitthvað sem á eflaust eftir að gleðja þau sem elska að baða sig og finna góða lykt.



Ruban D'Orange gjafakassinn frá L'Occitane inniheldur ferskar og vellyktandi vörur sem gera það enn skemmtilegra að skella sér í bað.

Virkaðu hærrí með réttum klæðaburði

ÞAÐ MÁ ÝMISLEGT GERA TIL AÐ BLEKKJA AUGAÐ.

Að klæðast einlitum fötum frá toppi til tótar gerir það að verkum að útlitið blekkir og fólk finnst þú ósjálfrátt vera hærrí í loftinu. Einnig er heppilegt að velja flíkur sem brjóta ekki upp heildarmyndina eða aðgreina til dæmis mitti of mikið frá neðri hluta búksins. Konur geta þannig valið að klæðast síðum kjólum sem eru án mittis og karlar verða að velja belti sem er samliitt buxunum.

Vel sniðin föt sem falla að líkamanum láta þig líka virka grennri og lengri á meðan við geta gert fólk stærra, og svo má aldrei velja föt sem eru þverröndótt. Teinótt jakkaföt, skyrtur og fleira langröndótt er öllu skemmtilegra val viljir þú virka hærrí og grennri. Notaðu háa hæla og vendu þig á að ganga á þeim. Nú er hægt að kaupa háhæla skó með ferköntuðum hæl sem er mun þægilegri

ad ganga á en gamla pinnahællinn svo fæstar þurfa að kvarta. Karlmennt geta valið að ganga í skóm með þykkum sóla eða stígvélum með hæl. Þeir þurfa þó að gæta þess að hafa hann ekki of háan. Að lokum er vert að minna fólk á að bera sig vel, rétta úr baki og herðum og ganga með höfuðið upprétt. Það lítur alltaf betur út.



Angelina Jolie þarf líklega lítið að huga að klæðaburði til að sýnast hærrí.



Undradropar fyrir húðina

Advanced night repair protective recovery complex eða ANR eins og það er nefnt í daglegu tali er án efa krúndjásn Estée Lauder snyrtivöruvirkisins.

ANR droparnir innihalda meðal annars serum sem Estée Lauder sérhannaði fyrir dropana á sínum tíma. ANR vinnur djúpt í nn í húðina yfir nótt og sér til þess að gefa góðan raka, hressir þreytta húd og vinnur gegn línunum og roða.

Droparnir eru framleiddir eftir sömu uppskrift síðastliðin 23 ár og það stendur alls ekki til að breyta henni, enda 3681 konur sem kaupa ANR á degi hverjum.

-rh

...spennandi jólagjafir fyrir hana....

opið til kl 23.00

maïa

kvenföthúsbúnaðurtónlistbækur barnaföt fylgihlutir undirföt

laugavegur 86-94, sími 5526066

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8-18
UM HELGAR 11-16

GLEÐILEGA HÁTÍÐ



ALLT AÐ 100% LÁN!

Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Keflavík Sími 421 8808 Akureyri Sími 464 7940 www.ih.is



ZY878 Subaru Impreza GL nýskr. 04/99 ssk. Ek. 160 þús.km. Verð 680.000. Tilboð 490.000. Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525 8020.



FT688 Opel Astra 1.8 nýskr. 09/05 ssk. Ek. 23 þús.km. Verð 1.860.000. Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525 8020.



OX256 Subaru Impreza GX nýskr. 06/03 ssk. Ek. 89 þús.km. Verð 1.270.000. Tilboð 990.000. Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525 8020.



TV125 Opel Astra 1.6GL nýskr. 10/03 ssk. Ek. 56 þús.km. Verð 1.220.000. Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525 8020.



BM319 Opel Astra 1.2 nýskr. 10/03 ssk. Ek. 47 þús.km. Verð 960.000. Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525 8020.



NH118 Volvo V50 nýskr. 11/05 ssk. Ek. 35 þús.km. Verð 2.530.000. Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525 8020.



OH338 Nissan X-Trail Elegance nýskr. 07/05 ssk. Ek. 16 þús.km. Verð 2.640.000. Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525 8020.



PS854 Renault Megane Classic nýskr. 06/02 ssk. ek.76 þús.km. Verð 1.180.000 Tilboð 990.000. Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525 8020.



AI166 Skoda Octavia 4X4 nýskr. 12/02 ssk. Ek. 72 þús.km. Verð 1.280.000. Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525 8020.



TM436 Opel Combo C Van nýskr. 10/03 ssk. ek. 40 þús.km. Verð 1.060.000. Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525 8020.



KY218 Peugeot 307 nýskr. 09/05 ssk. Ek. 20 þús.km. Verð 2.170.000. Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525 8020.



JL351 Opel Zafira Comfort 1.8 nýskr. 05/00 ssk. Ek. 102 þús.km. Verð 1.030.000. Tilboð 860.000. Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525 8020.



SZ879 Nissan X-Trail Elegance nýskr. 10/05 ssk. Ek. 16 þús.km. Verð 2.780.000. Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525 8020.



VU714 Opel Vectra 1.6GL nýskr. 05/99 ssk. Ek. 126 þús.km. Verð 530.000. Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525 8020.



ON636 Renault Laguna nýskr. 03/00 ssk. Ek. 78 þús.km. Verð 870.000. Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525 8020.



NI961 Nissan Micra Visia nýskr. 02/05 ssk. Ek. 17 þús.km. Verð 1.410.000. Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525 8020.



SE434 Citroen C3 nýskr. 04/06 ssk. Ek. 6 þús.km. Verð 1.650.000. Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525 8020.



DK260 Subaru Legacy Wagon nýskr. 10/02 ssk. Ek. 138 þús.km. Verð 1.130.000. Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525 8020.



OG336 Subaru Legacy Wagon nýskr. 01/00 ssk. Ek. 119 þús.km. Verð 920.000. Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525 8020.



LK908 Ford Focus High series nýskr. 04/00 ssk. Ek. 120 þús.km. Verð 740.000. Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525 8020.



NK424 Cadillac Escalade nýskr. 11/02 ssk. Ek. 120 þús.km. Verð 3.980.000 Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525-8020



KO345 Chevrolet Lacetti nýskr. 01/06 ssk. Ek. 18 þús.km. Verð 1.670.000 Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525-8020



YB269 Mitsubishi Pajero 32" nýskr. 12/05 ssk. Ek. 11 þús.km. Verð 5.080.000 Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525-8020



MP004 Subaru Forester CS nýskr. 04/00 ssk. Ek. 129 þús.km. Verð 930.000 Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525-8020



UI156 Opel Vectra Elegance 1.8 nýskr. 10/03 ssk. Ek. 42 þús.km. Verð 1.750.000 Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525-8020



BY377 Hyundai Tucson nýskr. 08/05 ssk. Ek. 18 þús.km. Verð 2.880.000 Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525-8020



MS279 Nissan Pathfinder SE BS nýskr. 01/06 ek. 3 þús.km. Verð 4.270.000. Tilboð 3.980.000 Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525-8020



RY957 Nissan Micra Visia nýskr. 06/04 ssk. Ek. 64 þús.km. Verð 1.090.000. Tilboð 770.000 Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525-8020



TV686 Nissan Micra Visia nýskr. 05/04 ssk. Ek. 15 þús.km. Verð 1.290.000. Tilboð 680.000 Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525-8020



SB642 Daihatsu Terios nýskr. 05/02 ssk. Ek. 80 þús.km. Verð 890.000. Tilboð 680.000 Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525-8020



KX018 Suzuki Ignis nýskr. 08/05 ssk. Ek. 8 þús.km. Verð 1.230.000. Tilboð 990.000 Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525-8020



VE831 Nissan Maxima QX nýskr. 10/01 ssk. Ek. 101 þús.km. Verð 1.580.000. Tilboð 1.370.000 Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525-8020



YK392 Subaru Legacy H6 nýskr. 06/03 ssk. Ek. 50 þús.km. Verð 2.440.000. Tilboð 2.220.000 Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525-8020



PN147 Citroen C4 nýskr. 12/05 ssk. Ek. 20 þús.km. Verð 1.850.000. Tilboð 1.680.000 Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525-8020



PM823 Opel Zafira Comfort 1.6 nýskr. 05/00 ssk. Ek. 99 þús.km. Verð 870.000. Tilboð 680.000 Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525-8020



SD412 Toyota Avensis nýskr. 03/06 ssk. Ek. 7 þús.km. Verð 2.730.000. Tilboð 2.530.000 Allt að 100% lána-
möguleikar, sími 525-8020

notaðir bílar
Ingvar Helgason

Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 525 8000
Opíð Mán 10 - 18. Þri -
Fös 09 - 18. Lau 12 - 16.
www.ih.is

notaðir bílar
Ingvar Helgason

Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 525 8000
Opíð Mán 10 - 18. Þri -
Fös 09 - 18. Lau 12 - 16.
www.ih.is

notaðir bílar
Ingvar Helgason

Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 525 8000
Opíð Mán 10 - 18. Þri -
Fös 09 - 18. Lau 12 - 16.
www.ih.is

notaðir bílar
Ingvar Helgason

Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 525 8000
Opíð Mán 10 - 18. Þri -
Fös 09 - 18. Lau 12 - 16.
www.ih.is

notaðir bílar
Ingvar Helgason

Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 525 8000
Opíð Mán 10 - 18. Þri -
Fös 09 - 18. Lau 12 - 16.
www.ih.is

notaðir bílar
Ingvar Helgason

Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 525 8000
Opíð Mán 10 - 18. Þri -
Fös 09 - 18. Lau 12 - 16.
www.ih.is

BÍLAR & FARARTÆKI



Ódýrasti og best búi sjálfskipti dísel jeppinn í dag. Nýir 2006 Landrover Freelander dísel. Leður / Alcantara innrétting, sjálfskipting, lofkæling, bakskynjarar, álfelgur, ofl. eyðsla 8,6 blandað, 5 lítr í boði. Til sýnis á staðnum. Verð 3.490 þús.

Sparibill ehf
Skúlagötu 17, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is



Nissan Quest SE, árg. 2004, ek.43 þús. km, Verð 3.450 þús.kr. Áhv. 2.900 þús. kr.

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Ópið virka daga 10-19 og laugardaga 12-17
www.100bilar.is



Volvo S80 D5 dísel Turbo árg. 12/2004 ek. 74 þ.km Verð 3.890 þús. Áhvilandi 2.750 þús. Afborganir 42 þús. á mánuði. Einn pakkaður af aukahlutum. Getum bætt bílum á plan og skrá. S. 567 4000. Heimsbilar óska viðskiptavinum sínum Gleðilegra jóla.

Heimsbilar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
www.heimsbilar.is

Bílar til sölu

islandus.com
WWW.ISLANDUS.COM • Sími 563 2000
Síðustu bílar
á 2006 verðinu Sparið allt að 30%!
Bíllinn með flugi!
islandus.com
WWW.ISLANDUS.COM • Sími 563 2000

Griptu Jólágæsin! Síðustu tilboð ársins. Tombólúverð á nýjum og nýlegum bílum. Blínn heim í flugi með Icelandair. Nokkur dæmi á 2006-2007 bílum: Jeep Grand Cherokee frá 2.450, Ford Explorer frá 2.690, Porsche Cayenne frá 5.990, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.990, Toyota Fj Cruiser torfærjeppi frá 3.390. Nýr 2007 Benz ML320 Dísel! Þú finnur hvergi lægra verð. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfara kaup! Nýir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalan. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com



Mjög gott verð
Til sölu Nissan Primera, 2000, ek. 119 þús., ssk. Nýskráður 7/1/00. Listverð 585 þús. Fæst á 320 þús. Uppl. í s. 898 8835.



Skidoo MXZ 800 Adrenalin árg. 2005 ek. 2.700 km. 140 hö 25. neigt belti, bakkgir. V. 940 þús. Jólaltilboð kr. 800 þús. stgr. Áhv. ca. 400 þús. www.bilasalinn.is 461 2525 & 895 2525.



Toyota Landcruiser 60 4.0 Dísel Turbo 5.d. Árg. 1986 ek. 374 þ.km ssk., 33" dekk, Nýskoðaður '07. V. 390 þús. www.bilasalinn.is 461 2525 & 895 2525.



GMC S-15 Sonoma ZR 2 4WD 4.3 ltr 3.d. Árg. 2003 ek. 100 þ.km, ssk., krókur, s/v dekk, aukafelgur ofl. V. 1.900 þús. www.bilasalinn.is 461 2525 & 895 2525.



Nissan Terrano II 2,7 DTI 5.d. 4/1999 ek. 129 þ. km bsk., 35" breyttur (Ný vetrardekk), sumardekk, krókur ofl. V. 1.690 þús. Áhv. 1.500 þús. www.bilasalinn.is 461 2525 & 895 2525.



Toyota Landcruiser 120LX árg. 09/04, ek. 47 þús. 35" breyting. Verð 4,7 millj. Lán 3.350. Engin skipti. Uppl. í s. 659 2452.

Bilasalinn.is Hjalteyrargötu 2, 600 Ak. S. 461 2525.

0-250 þús.

Peugeot 306 árg. '99, bsk., ek. 149 þús., verð 190 þús. eða tilboð. Uppl. í s. 844 1823.

250-499 þús.



MMC L 300 árg. '93, nýsk., í góðu standi. Annar bíll fylgir með sem varahlutur sem er vélarlaus. V. 350 þ. S. 820 2727.

500-999 þús.



Ford Econoline 4X4 húsbíll. Ásett verð 990 þús. Uppl. í s. 695 1183.

1-2 milljónir



Til sölu Skoda Octavia 1,8 VRS. Verð 1,3, lán 800 þús., afborgun 32 þús. Sími 898 5670.

2 milljónir +



Mazdaspeed 6 '06 Perluhvítur. Turbo 274hó 6g. Tölvust. fjórhj. drif. Glertoppil. Bose 6CD. Leður. Jólaltilboð. Uppl. S. 858 7030.

Jeppar



Til sölu jeppi / húsbíll
Til sölu Ford Econoline 4x4 árg. 1997 V8 bensín, 38" breyttur, ný 38" negld Mudder og sumardekk á felgum. Bíllinn er nýlega uppperður og innréttaður sem húsbíll, í honum er svefnpláss fyrir 3-4, gaseldavél, ísskápur gasmíðstöð, vaskur, vatnstankur, vatnsdæla, fortjald, þjófavörn, auka bensintankur, nmt sími, nýtt hjóðkerfi 1200w. Áhv. lán 1.970 þús. Verð 2.170 þús. Uppl. í s. 896 5290.

VERKFAERI TIL SÖLU

8" 4.999.kr Jólaverð 3.749kr	Keila 8" 300W 6.599kr Jólaverð 4.949kr
10" 5.499.kr Jólaverð 4.124kr	Keila 12" 500W 10.499kr Jólaverð 7.874kr
12" 11.999.kr Jólaverð 8.999kr	Keila 10" 400W 8.499kr Jólaverð 6.374kr
15" 14.999.kr Jólaverð 11.249kr	Keila 15" 600W 11.999kr Jólaverð 8.999kr
Keila 10" 400W 8.499kr Jólaverð 6.374kr	Keila 15" 2000W 29.999kr Jólaverð 22.499kr
Keila 12" 1600W 23.999kr Jólaverð 17.999kr	Keila 10" 1200W 18.999kr Jólaverð 14.249kr
Magnari 1 rása 2000W 24.999kr Jólaverð 18.749kr	Keila 15" 600W 11.999kr Jólaverð 8.999kr
Magnari 2 rása 640W 14.999kr Jólaverð 11.249kr	Hátalarasett 87mm 100W 1.999kr Jólaverð 1.499kr
Magnari 2 rása 1600W 34.999kr Jólaverð 26.249kr	Hátalarasett 100mm 100W 2.399kr Jólaverð 1.799kr
Magnari 4 rása 3200W 37.999kr Jólaverð 28.499kr	Hátalarasett 130mm 100W 2.999kr Jólaverð 2.249kr
	Hátalarasett 6"x9" 300W 9.999kr Jólaverð 7.499kr
	Hátalarasett 95x155mm 100W 2.999kr Jólaverð 2.249kr

Verslun & Varahlutir
Grjóthálsi 1 - Sími: 575-1240 - www.bl.is

HJÓL TIL SÖLU

Masai
GÓTUSKRÁÐ
PIT BIKE
50cc skellinaðra kr. 169.000-
125cc kr. 199.000-
AUKA FELGUR MEÐ
KUBBADEKKJUM
FYLGIÐ MEÐ!
Masai Umboði :: Kópahlrauni 1 :: Hafnarfirði :: Sími: 565-1725 :: www.masai.is

BÍLAR TIL SÖLU

Ódýr Toyota Rav 4.
Toyota Rav 4 til sölu v. flutninga, árg. 99, ek. 98 þús. 4nd, 2000cc, 5 dýra, smurbók frá upphafi, nýskolaðar án athugasemda. Áhvilandi ca. 420 þús. 24 þús á mánuði. Verð 900 þús. Uppl. í s. 869 0386 eða 863 3360

www.imp.is | sími 483-3227
Gleðileg jól. Sérstakt jólaltilboð á pallhúsum á Nissan. Verð frá 165.000 spreidd og tilbúið á bílinn.
Pallhús
Eigum einnig pallhús á allar aðrar tegundir. **IMP**
VISA

TILKYNNINGAR

Bílahornið
Fonahöfða 10 • Sími 567 2400 • www.bilahornið.is
Opnir mán til fim: 10-19 Teygjudegið 12-18
Bílahornið óskar viðskiptavinum sínum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum fyrir viðskiptin á liðnu ári.

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga



VATNSHELD EGG.

Verð 3990.- og 3490.- Verð nú aðeins 2990.- og 2490.-



RÓLAN ÓGURLEGA.

Verð 24.990.- Verð nú aðeins 16.990.-



TUNGUTITRARINN SKEMMTILEGI.

Verð 7990.- Verð nú aðeins 5990.-



DVD TILBOÐ. ÞÚ KAUPIR TVÆR OG FÆRD ÞRÍÐJU FRÍA MED / ALLT VHS Á 1500 KR.



islandus.com
WWW.ISLANDUS.COM • Sími 552 2000

Síðustu bílar

á 2006 verðinu Sparið allt að 30%!

Bíllinn með flugi!

islandus.com
WWW.ISLANDUS.COM • Sími 552 2000

Gríptu Jólægðina! Síðustu tilboð ársins. Tombólverð á nýjum og nýlegum bílum. Bíllinn heim í flugi með Icelandair. Nokkur dæmi á 2006-2007 bílum: Jeep Grand Cherokee frá 2.450, Ford Explorer frá 2.690, Porsche Cayenne frá 5.990, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.990, Toyota Fj Cruiser torfærjeppi frá 3.390. Nýr 2007 Benz ML320 Diesel! Þú finnur hvernig lægra verð. Lækkun dollar og heildsölverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarkaup! Nýir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bíllalán. Fáðu þetra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com



Trooper 32" sjálfsk., nýsk. toppbill, þjónustubók, ek. 80 þús. á vél. Verð 1600 þús. Ath. skipti. S. 663 0710.

Mótorhjól

Icebike.is auglýsir

Hjólamaður og aðrir áhuga og fjölskyldumeðlimir jólagjöfin gæti leynt hjá okkur. Eigum að eiga flest allt fyrir jólafólkið. Stór sem smá. S. 421 5452, lóavellir 10. Reykjanesbæ.

Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.



Terex 737 Agri Skotbómulyftari

Tegund: Terex skotbómulyftari
Gerð: 737 Agri
Árgerð: 2006
Notkun: 516 vst.
Stærð: 3.7 tonn/7 metrar.
Verð án vsk.: 4.900.000



www.snjokedjur.is
Mikið úrval fyrir vinnuvélar og vörubíla. www.snjokedjur.is Skm ehf. Uppl. í s. 517 8400.

Lyftarar



Körfubílaheigan.
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

Varahlutir



Bíllutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurriffs.

Bílapartar ehf S.587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opíð virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Partasalan Sími 557 7740.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Rafstilling ehf. Dugguvogi 23

Startarar. Alternatorar. Nýir hlutir, skipti hlutir, viðgerðir áratuga reynsla. Hröð þjónusta, mikið úrval.
Sími 581 4991, GSM 663 4942.

Partar VTS. Subaru Impreza 2.0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opíð 8-18. Lau. 10-15. Sími 421 8090.

Á varahluti í 2ja dyra Sunny árg. '93, Legacy '93. Accent '95. 2. stk. dekk 175 R14 á 3 þ. S. 896 8568.



Vélar og verkfæri



Kress hjólsagur, stingsagur Borvélar, brotvélar, slípirokkar 12v-18v skrufvélar, juðarar ofl. Ásborg Smíðjuvegi 11. S. 564 1212.

Til sölu



„Himneskar jólagjafir“
Úrval keipa, loðskinnis hárbönd og húfur, einnig eru til refaskinn í bryddingar o.fl. Jakob Árnason, sími 421 1661.



Jólagjöfin hennar
Ekta pelsar, einnig stórar stærðir. Frábært verð. Einnig opíð laugadaga og sunnudaga til kl. 20. Sigurstarman, S. 588 4545. Fákafeni (bláu húsin).



Allt á útsölu!!
Frábærar jólagjafir. 20-80% af öllu í búðinni. Opíð til 21 í kvöld. Sigurstarman, S. 588 4545. Fákafeni (bláu húsin).

Á ýmsar stærðir af Iskkápum á 8 og 10 þ., þvottavél á 10 þ., þurrkari á 10 þ. og uppþvottavél á 10 þ., 20" sjónvarp með videói á 10þ. S. 896 8568.

Sjónvarp

Sjónvarps/vídeovíðgerðir. Afsl. til ellu/örkyja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.



Tölvur

Ódýrar tölvuvíðgerðir.
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. Magnús s. 695 2095.

Verslun



Gleymdið ekki ástinni um jólin! Full búð af nýjum vörum. Súper tilboð á DVD. Skúlagötu 40a, s. 562 2433. Dalvegi 16a, s. 562 2445. www.amor.is



Rómantik.is
Hverfisgötu 62 Rvk. S: 586-8500
(Hörninu á Frakkastíg)
Opíð í dag 12-20

HJÓL TIL SÖLU



HPI Savage X RTR
fjarstýrður bensín truckur nú fáanlegur með jólatilboðs viðauka.



Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 5870600,
www.tomstundahusid.is

TIL SÖLU



Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is



Fákafeni 11
S. 588 6969
Hlíðasmára 13
S. 587 6969 • www.tantra.is

Opíð 22. des. 10-22
Þorlák 10-23
Aðfangadag 10-14

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifstill.is. S. 896 4662.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Snyrting

Dekurhús didrix



S:561 8677

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtöku-próf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Heimilistæki



Gufustrauberð fyrir kröfuharða!

Blástur, kælísog og hiti í borði. 2. lítra vatnstankur. 3,8 bar gufuþrýstingur. Professional straubolti. Tilboð 66.400 kr. Verslun opin 17-18. Hamraborg 5. Símar 567 8909 eða 863 8909 (24/7) www.rafheimilid.is



Sjálftætt loftreinsi og rakatæki

Hreint loft í þínu heim og gætt þá þú skak. Morgun teg inni. Einnig tilkomið sem þvottar- og tóbakstæki og mataræki.

Hrein þjónusta ehf. Sími 5 100 000. Sími 5 100 000. Sími 5 100 000.

Dýrahald

ÚRVAL AF JÓLAGJÖFUM

fyrir hunda og ketti, 10-15% afsláttur af rúnum og búrum. Dýrabær Smáralind og Hlíðasmára 9, Kóp.

Hundaræktin að Dalsmynni

Óskar landmönnum öllum gleðilegra jóla og vill í leiðinni minna á heimasíðuna okkar www.dalsmynni.is Sími 566 8417 - www.dalsmynni.is



English Springer Spaniel hvolpar til sölu. Upplýsingar í s. 661 6892.

Ertu að fara í frí?

Parftu að koma hundinum fyrir? Mundu að panta tímanlega. K-9 Hundahótel s. 421 0050 & 896 3266.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Hús á Menorca, íbúð í Barcelona, Costa Brava og Valla dolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

Fyrir veiðimenn



HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

3ja herb. íbúð með bílskilyi á svæði 112. Leiga 128 þús. á mán. Fyrirframgr. samkomulag. Til leigu í 1 ár. S. 821 9209.

Gistiheimili Dalshraun Hafnafjörður, tveggja manna herb, frá 40.000 kr per mán. Uppl. 824 4535.

Til leigu nýtt glæsilegt 2 hæða raðhús til lengri eða skemmi tíma í Torrevieja-Costa Blanca ströndinni á Spáni. Uppl. í s. 899 2940 & 483 5700.

Til leigu herbergi í Hafnarfirði og Sandgerði, einnig til leigu atvinnuhúsnæði í Hafnarfirði. Uppl. í s. 660 6585 & 893 4880.

4 herb. ný íbúð til leigu í Hfj., leigist með húsgögnum. Leiga 120 þús. á mán. Uppl. í s. 695 2066.



Viðskiptahúsið

FASTEIGNIR • FYRIRTÆKI • SJÁVARÚTVEGUR

Atvinnuhúsnæði



Tækifæri fyrir fjárfesta!

Gott verslunar eða þjónustupláss á jarðhæð, 846,5 m², áður þekkt sem dansstaður (danshúsið Glæsibær). Hægt að skipta í allt að 6-8 verslunarrými. Leiga möguleg.

Upplýsingar á skrifstofu Viðskiptahússins.

Skúlagata 17 • 101 Reykjavík • Sími: 566 8800 • E-mail: vidskiptahusid@vidskiptahusid.is • www.vidskiptahusid.is



Jóhann Ólafsson
Löggiltur FSS
Gsm: 863 6323
johann@vidskiptahusid.is



Jón S. Sigurjónsson
Hdl. & Löggiltur FSS
Gsm: 893 3003
jon@vidskiptahusid.is



Þorhallur Björnsson
Löggiltur leigumiðlari
Sölumaður
Gsm: 899 6520
thorhallur@vidskiptahusid.is



Atli Viðar Jónsson
Sölumaður
Gsm: 898 2533
atli@vidskiptahusid.is



Haraldur A. Haraldsson
Viðskiptafræðingur
Gsm: 690 3655
haraldur@vidskiptahusid.is

TILKYNNINGAR



Kópavogsbær

Endurbirt auglýsing um skipulag í Kópavogi. Dalvegur 32. Breytt skipulag.

A.

Breytt aðalskipulag.

Tillaga að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 auglýst hér með skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Tillagan nær til lóðarinnar nr. 32 við Dalveg og í henni felst að opið svæði til sérstakra nota (gróðrarstöð) er breytt í verslunar- og þjónustusvæði. Á breytingarsvæðinu sem er um 18.700 m² að flatarmáli eru áætlaðir liðlega 9.300 m² atvinnuhúsnæði. Nýtingarhlutfall er því áætlað 0,5. Skipulagssvæðið afmarkast af Reykjanesbraut til suðurs, Nýbýlavegi til austurs, Dalvegi til norðurs og Kópavogslæk til vesturs. Aðkoma að lóðinni verður frá Dalvegi og af aðrein Reykjanesbrautar af Nýbýlavegi. Breytingin er sett fram á uppdætti í mkv. 1:10.000 ásamt greinargerð dags. í ágúst 2006. Nánar vísast til kynningargagna.

B.

Breyting á svæðisskipulagi.

Í ofangreindri tillögu að breyttu aðalskipulagi að Dalvegi 32 felst jafnframt að gera þarf óverulega breytingu á staðfestu Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 fyrir "Kópavog vestur". Tillagan nær til lóðarinnar nr. 32 við Dalveg og í henni felst að óbyggt svæði er breytt í blandaða byggð. Á breytingarsvæðinu sem er um 18.700 m² að flatarmáli eru áætlaðir liðlega 9.300 m² atvinnuhúsnæði. Nýtingarhlutfall er því áætlað 0,5. Skipulagssvæðið afmarkast af Reykjanesbraut til suðurs, Nýbýlavegi til austurs, Dalvegi til norðurs og Kópavogslæk til vesturs. Aðkoma að lóðinni verður frá Dalvegi og af aðrein Reykjanesbrautar af Nýbýlavegi/Breiðholtsbraut. Í samræmi við 14. gr. skipulags- og

byggingarlaga hefur umrædd breyting verið kynnt þeim sveitarstjórnnum sem stóðu að gerð svæðisskipulagsins. Tillagan hefur verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu. Nánar vísast til kynningargagna.

C.

Tillaga að deiliskipulagi.

Dalvegur 32. Deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýst tillaga að breyttu deiliskipulagi Dalvegar 32. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir verslunar- og skrifstofuhúsnæði í stað gróðrarstöðvar. Miðað er við að byggð verði tveggja hæða bygging með kjallara, allt að um 9300m². Aðkoma að lóðinni verður þrískipt, frá Dalvegi á mótis við hús nr.10 við Skógarhalla og nr. 23 við Trönuhalla (hægri beygju inn og út), á lóðarmörkum Dalvegar 30 og 32 og af rampa af Nýbýlavegi/Breiðholtsbraut inn á Reykjanesbraut. Tillagan er sett fram á uppdætti í mkv. 1:1000 ásamt skýringarmyndum og greinargerð dags. 18. ágúst 2006.

Tillögurnar verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 frá 12. desember 2006 til 9. janúar 2007. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 25. janúar 2007. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögnum.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

Húsnæði óskast

2-3 herb. íbúð miðsvæðis í rvk óskast strax. Reglusemi og skilvísunum greiðslum heitið. S. 898 3447.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu og sölu er 140 fm iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði. Uppl. í s. 899 7188.

Maður utan að landi óskar eftir lítilli íbúð að leigu á höfuðborgarsvæðinu, reglusamur og reyklus. S. 848 8842.

Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsláðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvíðovre/Köben. Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

TILKYNNINGAR

Ýmislegt

Engar skuldir - Hæri tekjur

Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

ATVINNA

Atvinna í boði

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

Hvar í veröldinni sem er!!

Nýtt, spennandi, skemmtilegt og fjölbreytt tækifæri. Kíktu á www.peningar.com



Störf á Pizza Hut

Vaktstjóri í sal á

Pizza Hut Sprengisandi

Um er að ræða framsíðarstarf. Starfið felst í: Stjórnun vaktu, þjónustu og manna stjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustufund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lámærksaldur er 24 ár. Nánari uppl veitir Þórey veitingastjóri í síma 822 - 3642 eða á sprengisandur@pizzahut.is

Fullt starf á í sal á

Pizza Hut í Smáralind

Um er að ræða 100% starf í veitingarsal í Smáralind. Æskilegur aldur er 20 ára. Nánari uppl veitir Ásleug veitingastjóri í síma 863 - 1132 eða á smaralind@pizzahut.is

Hlutastörf

Um er að ræða hlutastörf á kvöldin og um helgar. Tívalið fyrir skólafólk. Lámærksaldur er 18 ára. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is



Frístundaheimili
Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.
Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.

SMÁAUGLÝSINGAR
FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir
150.000
gestir
daglega.**

**Stór-
markaður
í stofunni
heima.**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

Fossvogur – Einbýli



Glæsilegt einbýlishús við Markarveg í Fossvogi. Húsið er á tveimur hæðum og bílskúr stendur sér. Sérlega falleg arkitektahönnuð lóð með lágvöxnum gróðri, lýsingu og pöllum. Náttúrusteinflísar á gólfum og falleg innrétting í eldhúsi. Útgangur úr borðstofu og stofu út í garð. Á efri hæð er hol og þrjú rúmgóð svefnherbergi ásamt baðherbergi. Húsið er sérlega bjart og aðlaðandi og lóðin er í sérflokk. **Ásett verð 75 millj. Nánari upplýsingar veitir Runólfur á Höfða gsm. 892 7798. Hringdu og pantaðu tíma í skoðun.**

Perlukór – Lúxsusíbúð



Vorum að fá í sölu einstaklega glæsilega 172 fm íbúð á 2. hæð á þessum mikla útsýnisstað. Sérstæði í lokaðri bílageymslu fylgir að auki. Stórar svalir. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Tvö flísalögð baðherbergi. Stórar stofur með möguleika á arni. Stórar suðurvalir. Fallegt útsýni. Íbúðin er fullbúin og til afhendingar strax. **Verð 55 millj. Nánari upplýsingar veitir Ásmundur á Höfða gsm. 895 3000. Hringdu og pantaðu tíma í skoðun.**



Höfði Fasteignasala óskar viðskiptavinum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Bæjarhrauni 22
Sími 565 8000

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.sali – Kristín Pétursdóttir, lögg. fast.sali



Viðskiptahúsið

FASTEIGNIR • FYRIRTÆKI • SJÁVARÚTVEGUR



Félag fasteignasala



Jóhann Ólafsson
Löggiltur FFS.



Jón S. Sigurjónsson
Hdl. & Löggiltur FFS.



Þórhallur Björnsson
Löggiltur leigumíslari



Haraldur A. Haraldsson
Viðskiptafræðingur



Atli Viðar Jónsson
Sölumaður



Jóhanna Halldórsdóttir
Sölumaður



Helga Rún Guðjónsdóttir
Viðskiptafræðingur



Þorbjörg Stefánsdóttir
Sölumaður



Vilhjálmur Ólafsson
Sjávarútvegssvið



Unnþór Halldórsson
Sjávarútvegssvið



Þórir Matthíasson
Sjávarútvegssvið



Snæbjörn Ólafsson
Sjávarútvegssvið



Hörður Hauksson
Fyrirtæki

Þökkum viðskiptin í þeim 100 samningum sem við gerðum á árinu sem er að líða.

– Fasteignasvið: 40 samningar

– Fyrirtækjasvið: 20 samningar

– Sjávarútvegssvið: 40 samningar

Starfsfólk Viðskiptahússins óskar ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



VISSIR ÞÚ ...

... að hin bandaríska Drew Barrymore var hæstlaunaða leikkonan árið 2004 á lista Forbes yfir áhrifamestu stjórnurnar, en árslaun hennar voru 1.553 milljónir króna.

... að hin breska Vanessa Mae var aðeins þrettán ára þegar hún lék fiðlukonserta Tsjajkovskís og Beethovens inn á geisladisk sem kom út undir merkjum Trittico og varð þar með yngsti fiðluleikari á hljómplötu.

... að 370 lið kepptu á ellefu litboltavöllum á heimsmeistararnótinu í litbolta sem haldið var í Disney's World Wide-Íþróttamiðstöðinni í Orlando, Flórída, í Bandaríkjunum, 24.-30. október 2005? Er það þar með stærsta litboltamótið.

... að Bandaríkjamadurinn Michael Sessions er yngsti borgarstjóri sem sögur fara af? Hann var einungis 18 ára og 61 daga þegar hann sór eiðinn áttunda nóvember 2005, eftir að hafa sigrað sitjandi borgarstjóra Hillsdale í borgarstjórnarsningum í Michigan í Bandaríkjunum, hálfum mánuði áður. Var hann þá raunar enn í menntaskóla.

... að Bretinn Amrosa Mendy er manna fljótastur að borða þrjár tekukur? Hann úðaði í sig þremur tekökum á 34,78 sekúndum í upptökuveri LBC-útvarpsstöðvarinnar, í Lundúnum níunda maí árið 2005.

... að gervihnettinum Spútnik 1 var skotið á loft með eldflaug frá Baikonur-skotpallinum í Kasakstan og komið á sporbaug jarðar fjórða október 1957?

... að sjerpinn Apa frá Nepal hefur manna oftast klifið Everest-tind? Hann kleif tindinn í fimmtán skipti 31. maí árið 2005.

... að HIV er sá sjúkdómur sem er nú í örustum vexti? HIV-tilfellum fjölgaði um 4,9 milljónir í heiminum árið 2005. Þar með er talið að 40,3 milljónir jarðarbúa gangi með veiruna.

... að fullvaxnir Afríkufílar (*Loxodonta africana*) eru stærstu landdýrin? Þeir verða 3,0-3,7 m yfir herðakambinn og vega fjögur tonn.

... að vestur-afríska sporðdreka-tegundin (*Pandinus umerator*) er þyngst sporðdreka? Hann verður allt að 60 g að þyngd en lengd hans er á bilinu þrettán til átján cm. Það samsvarar hér um bil handarlengd fullorðinnar manneskju.

... að El Capitan í Yosemite-þjóðgarðinum í Kaliforníu í Bandaríkjunum er hæsti steindrangi úr graníti í heimi, en hann teygir sig 1.095 m upp í loftið.

... að Japaninn Minoru Daigaku hefur unnið flest alþjóðleg ljósmyndaverðlaun? Daigaku hefur unnið til 1.320 verðlauna á 46 alþjóðlegum ljósmyndasýningum fyrir myndir sínar síðan 1967.

... að Ástralíumaðurinn Aarson Sandilands er hæsti leikmaðurinn sem hefur spilað í AFL-deildinni? Hann er 2,11 m á hæð og lék með Fremantle-liðinu.

... að hinn bandaríski Bruce Willis fékk 7.061 milljón króna í sinn hlut af hagnaði myndarinnar *The Sixth Sense* (1999) en framleiðsla hennar kostaði 3.884 milljónir króna? Það eru hæstu laun leikara.

... að elsta bíóið sem er enn í notkun var opnað undir nafninu Helios árið 1909? Það er í Póllandi og enn í fullri notkun. Nafni þess var þó breytt árið 1945 í Ordra þegar Pólland hlaut sjálfstæði en fimm árum síðar fékk það nafnið Pionier.

... að stysta kvikmyndin sem hefur verið dreift er aðeins sjö sekúndur?

Heimild: Heimsmetabók Guinness

CARACAS

Höfuðborg Venesúela

Caracas var stofnuð árið 1567 af spænska heimsvaldasinnum Diego de Losada. Áður en hann kom á svæðið var borgarstæðið friðsæll dalur þar sem bændur ræktuðu afurðir sínar.

Borgin dafnaði og fyrir tilstuðlan kakóræktar á svæðinu óx hún hratt. Hinn 5. júlí árið 1811 varð Caracas að miðpunkti sjálfstæðisbaráttu Venesúela, en þá var sjálfstæðisyfirlýsing undirrituð í borginni í miðri borgarastyrjöld. Ári síðar eyðilagðist borgin hins vegar í jarðskjálfta.

Spænskir konungssinnar sögðu að um guðlega refsingu væri að ræða fyrir óhlýðni við krúnuna og borgarastriðið hélt áfram. Árið 1821 lauk stríðinu og Caracas varð loks formlega höfuðborg Venesúela.

Margar sögufrægar byggingar eru í Caracas en frægust þeirra er Universidad Central de Venezuela (Háskólinn í Venesúela). Hún var hönnuð af arkitektinum Carlos Raúl Villanueva en byggingin þykir svo fögur að hún var sett á heimsminjaskrá UNESCO.



Ítalíu treyjan loksins komin!

Helstu sölustaðir: Intersport Bíldshöfða, Intersport Smáralind, Útilíf Smáralind, Útilíf Glæsibæ, Útilíf Kringlunni, Pumabúðin Laugavegi, Maraþon Kringlunni, Jói útherji Ármúla, Ozzone Akranesi, Borgarsport Borgarnesi, Sportver Akureyri, Toppmenn og Sport Akureyri, K-Sport Keflavík, Sportbær Selfossi, Fjarðasport Neskaupsstað, Veiðiflugan Reyðarfirði, Blómsturvellir Hellissandi, Tákn Húsavík, Heimahornið Stykkishólmi, Axel Ó Vestmannaeyjum.





VÍSINDAVEFUR
HÁSKÓLA ÍSLANDS



Nissar eru gjarnan gráklæddir með rauða topphúfu og sitt skegg.

Í SKANDINAVÍSKRI ÞJÓÐTRÚ FINNST VERUR SEM KALLAST NISSE EÐA TOMTE

FINNSTILSVARANDI VERUR Í ÍSLENSKRI ÞJÓÐTRÚ?

Nissarnir eru afar vinsæl fyrirbæri í skandinavískri þjóðtrú og tengjast sérstaklega jólnum. Þeir eru eins konar húsálfar sem halda aðallega til í útihúsum á bænda-býlum og gæta búsin sé vel við þá gert. Þess vegna þarf til dæmis alltaf að gefa þeim jólagraut á jólnum. Nissinn með jólagrautinn sinn er orðinn eitt af einkennistáknum jólanna á Norðurlöndum og birtist þannig í ýmsum myndum á jólakortum og jólaskrauti. Oftast er nissinn í mannsmynd: Líttill, ófríður, gráklæddur með rauða topphúfu og sitt skegg.

Nissi er dregið af Nikulás

Orðið 'nissi' er ungt orð í sænsku og norsku og er gæluorð dregið af nafni jólasveinsins, heilags Nikulásar. Fyrirbærið sjálft á sér samt mun eldri rætur í þjóðtrúnni. Ýmis önnur nöfn eru notuð yfir þennan húsálf í norsku svo sem: Gardsvorden, gardsbonden, tunvorden, tunkallen og tomten. Svipuð nöfn eru til í sænsku.

Nissarnir þola ekki óreglu

Meginverkefni nissanna er að halda öllu í röð og reglu á bænda-býlum, sérstaklega í gripahúsum og úti við. Þeir eru reglufastir og strangir og þola ekki óreglu af neinu tagi. Vinnuástanda þeirra er gjarnan í fjósinu en rúmbæli eiga þeir inni í bæ. Í það getur enginn lagst nema hljóta verra af. Í Noregi og Svíþjóð eru til margar sagnir um hvernig þeim hefni-ist fyrir sem gleyma að gefa nissanum jólagraut eða borða hann sjálfir.

Haugbúar fá einnig gjafir á jólam

Nissarnir eiga sér rætur í þeirri trú að sá sem upphaflega byggði býlið og gjarnan er heygður í bæjarlandinu sé enn á stjái; hann vaki yfir býlinu og sé annar um velferð þess. Eins og nissunum voru haugbúum líka gefnar gjafir á jólnum eða öðrum árstímum, til dæmis jólagrautur eða jólaöl.

Nissarnir finnast ekki í íslenskri þjóðtrú

Nissarnir eins og þeir birtast á hinum Norðurlöndunum eru ekki til í íslenskri þjóðtrú. Hér eru þó til sagnir um að býlum fylgi landnámsmenn eða fyrri ábúendur, sömuleiðis að sérstakir staðir séu fornmannagrafir eða haugar og við þeim megi ekki hrófla. Sú trú hefur stundum fylgt slíkum stöðum að í þeim sé fólgid fé eða önnur verðmæti. Reyndi menn hins vegar að nálgast þetta góss elti óhappið þá eða þeim missýndist, svo sem að bæjarhús standi í ljósum logum. Til er líka í íslenskum þjóðsögum að huldufólki sé færð-

ur matur, til dæmis á jólnum.

Rétt er að taka fram að íslensku jólasveinarnir eru af öðru sauðahúsi en skandinavísku nissarnir. Í seinni tíð hafa þeir þó allir starfað á sama vettvangi ásamt heilögum Nikulás, og margt af þessari gömlu þjóðtrú hefur runnið saman við nýrri jólasíði.

*Simon Jón Jóhannsson
þjóðfræðingur*

Í jólalaginu 'Jólasveinar ganga um gólf', hvort stend ég upp á hól eða kannan upp á stól?

Þessi vísa birtist fyrst í seinna bindi af Þjóðsögum Jóns Árnasonar árið 1864:

*Upp á stól
stendur mín kannan;
nú nóttum fyrir jól,
þá kem ég til manna.*

Könnustóll var þekkt húsgagn

Stóllinn sem kannan stendur á heitir könnustóll og var þekkt húsgagn á heimilum heldri manna á miðöldum. Á honum stóðu ýmis flát með vínföngum. Visan virðist vera úr samnorraenu danskvæði og á að líkindum ekkert skylt við jólasveina. Vísurnar um jólasveinana sem ganga um gólf annars vegar og könnuna hins vegar, standa heldur aldrei saman í handritum.

Vísurnar ekki tengdar saman fyrir en 1949

Árið 1949 gáfu Friðrik Bjarnason og Páll Halldórsson út Nýtt söngvasafn handa skólum og heimilum, en í því birti Friðrik lag sitt við vísurnar tvær. Þær höfðu ekki verið tengdar saman áður, en lagið og vísurnar urðu brátt mjög vinsæl og hafa valdið því að nú telja flestir að vísurnar hafi átt samleið frá alda öðli.

Upp á hól stend ég og kannan

Kringum 1990 var farið að kenna börnum í sumum leikskólum upphaf seinni vísunnar með þessu afbrigði:

*Upp á hól
stend ég og kannan.*

Þessi texti á sér enga forsendu. Auk þess er það hugsanavilla að einhver standi upp á hól og kanni, án þess að tilgreina hvað það sé sem kannað er. Enginn vill nú gangast við að eiga upptökin að þessari útgáfu vísunnar. Hún hefur samt illu heilli komist á geisladisk með söng hins ágæta barnakórs Kársnesskóla og gerir það líklega erfiðara um vik að kveða villuna niður.

*Árni Björnsson, dr. phil. í
menningarsögu.*

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförmu eru: Hver voru helstu vopn víkinga og hvernig voru þau gerð, hver er munurinn á einærum, tvíærum og fjölærum plöntum, hvaða stefnu fylgir rithöfundurinn Isabel Allende og af hverju er hún svona fræg, hver eru hlutverk heilakönguls og heiladinguls og hvernig tengjast stærðfræði og samskipti? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni: www.visindavefur.hi.is. Vísindavefurinn óskar landsmönnum öllum gleðilegra jóla.

Fær hundurinn þinn í skóinn?



Landsins mesta úrval af spennandi jólavörum fyrir öll gæludýr!

DÝRARÍKIÐ

Grensásvegi s:5686668
Skútuvogi 16 s:5680020 - Akureyri s:4612540 - www.dyrarikid.is



HALLDÓRA Á VÍK Segir meiri skömm í konum en körlum þegar leitað er aðstoðar vegna áfengisvanda. Umhverfið dæmi konur harðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Afar, ömmur og mömmur í meðferð um og eftir jólin



VÍK Á KJALARNESI Yfir jólin dvelja um tuttugu einstaklingar, konur og karlar eldri en 55 ára, þar í meðferð fjarri fjölskyldum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Þau geta verið þung skrefin inn á Vog og svo þaðan í eftirmeðferð. Ekki síst nú þegar jólin – fjölskylduhátíðin sjálf – fer í hönd. **Halldóra Jónasdóttir** er nýr dagskrárstjóri á meðferðarheimilinu Vík á Kjalarnesi. Þar er kvenna-meðferð og meðferð fyrir karla sem eru 55 ára gamlir og eldri. Í samtali við **Jakob Bjarnar Grétarsson** segir Halldóra að meðferð leggist þyngra á konur en karla – þeim finnst þær hafa brugðist fjölskyldum sínum.

I fyrra var slegið met í fjölgun nýkomna í meðferð í eldri aldurshópum. Og Ari Matthíasson, framkvæmdastjóri hjá SÁÁ, segir að það stefni í að það met verði slegið á þessu ári. SÁÁ rekur tvö meðferðarheimili, Staðarfell í Dölum og Vík á Kjalarnesi, auk göngudeildar. En eftir tíu daga afvötnun á Vogu tekur við 28 daga eftirmeðferð.

Athyglisvert, og kann að koma mörgum á óvart, er að af öllum núlifandi Íslendingum eldri en 15 ára þá hafa komið á Vog um 10 prósent allra karla og um fjögur prósent allra núlifandi kvenna. Samtals 7,2 prósent allra landsmanna.

Notaleg jólastemning á Vík

Nýlega tók Halldóra Jónasdóttir við sem dagskrárstjóri á Vík. Sjálf kynntist hún áfengissýkinni fyrir

tuttugu árum sem aðstandandi. Og hefur starfað hjá SÁÁ í átján ár. Áður var hún á unglingsdeildinni á Vogu og svo hefur hún starfað mikið á göngudeildinni. Og séð um aðstandendanámskeið. Hið nýja starf leggst vel í Halldóru.

Hún segir að starfsemin þar yfir hátíðarnar verði að mestu í föstum skorðum. Að vísu verður ekki starfsemi alla daga en ekki verður lokað. Þeir sem eru í meðferð fara ekki heim – ekki verður lokað. Á Vík er starfsemi alla daga allan ársins hring.

„Fólk er hérna á aðfangadagskvöld og jóladag eins og aðra daga. En dagskrá verður að nokkru frábrugðin. Og við reynum að gera hátíðarstemningu með góðum mat og fólk fær jólapakka. Síðan er hlustað á messu og á jóladag fær fólk sína nánustu í heimsókn eftir hádegi. Reynt er að hafa notalega

og góða jólastemningu með heitu kakói og kökum. Bara svona eins og er hjá öllum,“ segir Halldóra.

Annar í jólum verður síðan haldið áfram með fyrirlestra, meiri fræðslu og hópastarf.

Konur dæmdar harðar af umhverfinu

Víst er að jólin hljóta að toga í fólk heim en Halldóra segir ekki mikið um að fólk hverfi frá þegar það er komið á annað borð.

„En það sem gerist þegar jólin eru að nálgast, og fólk sér fram á að vera í meðferð yfir hátíðarnar, að konur koma ekki eins mikið. Þær gefa sér ekki tíma til þess. Bundnar börnum og fjölskyldu. Eins dregur nokkuð úr komum karla.“

Fullt hús er á Vík þegar 32 eru í meðferð þar. Þar er rekin sérstök kvennameðferð. Dagskrá og

fræðsla er sérstaklega búin til fyrir áfengissjúkar konur.

„Þá er til dæmis tekið á þeim verkefnum og þeim málum sem þær þurfa að undirbúa sig fyrir þegar þær koma heim aftur. Til dæmis í sambandi við börnin. Þar þurfa þær oftast að bera ábyrgð en verða jafnframt að taka sér tíma til að sinna meðferðinni. Taka sér tíma frá fjölskyldunni. Þær þurfa meiri stuðning og meiri hvatningu til þess.“

Spyrja má af hverju það sé svo, að samviskubitið gagnvart fjölskyldunni nagi konur meira. Líkast til eru það djúpstæðar ástæður sem liggja meðal annars í samfélagsgerð og sögu. Halldóra segir skömm meiri hjá konum en körlum.

„Þær eru dæmdar harðar en karlar. Áfengissjúkar konur eru oft dæmdar harðar af umhverfinu – okkur sjálfum – en áfengissjúkir karlar.“

Þetta er staðreynd að mati Halldóru.

”

Það getur verið sárt. Að geta ekki verið ein með barnabarninu sínu af því að það finnst af þér lykt. Og börnin treysta þér ekki. Þetta er oft þannig. Að afar og ömmur fá ekki að hitta barnabörn sín.

Enn þykir skömm að fara í meðferð

Auk þess sem kvennameðferð er rekin á Vík eru þar í meðferð karlar 55 ára og eldri. Á Vík eru sem sagt afarnir, ömmurnar og mömmurnar í meðferð. Gróflega skipt eru að jafnaði 20 konur og 10 karlar í meðferð á Vík hverju sinni. Á Staðarfelli eru hins vegar eingöngu karlar. Þangað er hætt að senda konur. Að sögn Halldóru segja tölur til um að komum hafi fjölgað mikið í eldri hópnum – það er meðal þeirra sem eru að koma í fyrsta skipti.

„Við metum það sem svo að þar ráði meiri léttvins- og hjórneysla. Dagdrykkja hefur verið að aukast. Hún er lúmskari. Þeir sem eru að koma í fyrsta skipti hafa verið að reka sig á það og farið að há þeim varðandi heimili og vinnu.“

Aðspurð segir Halldóra gott ef auknar nýkomur þeirra sem eldri eru megi að einhverju leyti reka til aukinnar fræðslu og þar með minni fordóma.

„Fræðsla eyðir vissulega fordómum. Við vitum það. Og mikil hjálp er í að fræðslan sé fyrir hendi. Samt er það svo, þegar kemur að manni sjálfum, að þá er afneitunin mikil. Það er eitthvað að hjá Jóni í næsta húsi og Sigu á móti en ekki hjá mér. Ég þarf ekki í meðferð. Já, þó nú sé árið 2006 þykir enn skömm að fara í meðferð.“

Ömmum ekki treyst fyrir barnabörnum

Halldóra reiknar með því að yfir háttíðarnar verði 20 manns í meðferð. Strax að háttíðum loknum fyllist allt. Sú er reynslan.

„Það er miklu meira að gera hjá okkur eftir jól en fyrir jól. Þá taka afarnir, ömmurnar og mömmurnar sem eiga við áfengisvanda að stríða á sínum málum. Betra er að vera edrú amma en full,“ segir Halldóra.

Hún segir jafnframt að konur verði oft fyrir því að fá ekki að hitta barnabörnin sín af því að þær hafa verið að drekka.

„Það getur verið sárt. Að geta ekki verið ein með barnabarninu sínu af því að það finnst af þér lykt. Og börnin treysta þér ekki. Þetta er oft þannig. Að afar og ömmur fá ekki að hitta barnabörn sín. Og oft er það þetta sem hvetur eldra fólk til að fara í meðferð. ■



ÚR ÁRSKÝRSLU SÁÁ 2005/2006

Á þessu línriti sést glöggst að aldur kvenna þeirra sem leita sér aðstoðar vegna áfengisvanda síns hefur farið hækkandi á umliðnum árum: „Á árinu 2005 innrituðust 2142 á Sjúkrahúsið Vog. Í 699 tilvika áttu konur í hlut eða í 31,23% tilvika. Innritanir karla voru 1473. Í 708 tilvikum voru þeir sem innrituðust 25 ára eða yngri eða í 33,05% tilvika. Innritanir þeirra sem voru 55 ára eða eldri voru 310 eða 14,47%. Meðalaldur þeirra sem innrituðust var 36,59 ár, kvennanna 35,41 ár og karlanna 37,13.“

JÓLAPAKKATILBOÐ



SanDisk

M240

MEÐ DIKTAFÓNI

1GB MP3 SPILARI með innbyggðum diktafón og háhraða USB 2.0 tenging við tölvu. Spilar MP3, WMA. Baklýstur skjár.

1GB

TILBOÐ 7.990

FULLT VERÐ kr. 14.990



SanDisk

E260

MEÐ DIKTAFÓNI

4GB MP3 SPILARI með innbyggðum diktafón og háhraða USB 2.0 tenging við tölvu. Sýnir ljósmyndir. Spilar MP3, WMA og Audible.

4GB

TILBOÐ 19.990

FULLT VERÐ kr. 26.990



JBL

JBL ONTOURWHT
FERÐAHÁTALARAR með innbyggðum magnara fyrir tölvur, MP3, geislaspilara og fleira. Tveir Odyssey Neodymium hátalarar, 2x3w innbyggður magnari, snertitakkar til að hækka og lækka og 3.5mm jack tengi. Gengur fyrir 4 AAA rafhlöðum eða spennugjafa. Stærð í sm (bxhxd): 17,5x3,5x8,8 og þyngd: 350g.

VERÐ 9.990

FRÁBÆRT VERÐ



JBL ONSTAGEII
HÁTALARAR með innbyggðum magnara og fjarstýringu fyrir iPod, MP3, geislaspilara og fleira. Fjórir Odyssey Neodymium hátalarar, 2x6w innbyggður magnari, snertitakkar til að hækka og lækka, fjarstýring, vaggja fyrir iPod og 3.5mm jack tengi. Stærð í sm (bxh): 17,5x5 og þyngd: 450g.

VERÐ 16.990

FRÁBÆRT VERÐ

Ath: iPod fylgir ekki JBL ONSTAGE

FJÖLDI AUKAHLUTA FYRIR MP3 OG IPOD SPILARA

OPIÐ TIL KL. 23 Í KVÖLD OG 12 Á MORGUN



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hjólsmýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrimsfjarðar, Drangsnesi. Póllinn, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrimsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsvetninga, Hvamnstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kaupún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martólvan, Höfn Hornafirði. SUDURLAND: Mosfell, Hella, Fosshaf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvusítillinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Rafagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.



Lýðræðisleg en tregafull ákvörð

Hljómsveitin Í svörtum fötum hefur starfað saman frá árinu 1998 en hefur nú ákveðið að láta gott heita og hætta samstarfinu. **Sigríður Hjálmarsdóttir** hitti **Jón Jósep Snæbjörnsson** og **Einar Örn Jónsson** og fór með þeim yfir feril hljómsveitarinnar.

Við erum búnir að starfa saman í átta ár en haustið 1998 kom Jónsi inn í hljómsveitina. Síðan þá höfum við mest tekið okkur þriggja vikna pásu þannig að við höfum spilað mest allra hljómsveita á Íslandi,“ segir Einar og bætir við: „Núna þykir okkur tími til að segja þetta gott, að minnsta kosti í bili.“ Hljómsveitin ætlar að enda á þremur dansleikjum í sínum helstu vígjum, í Sjallanum, á Players og á Nasa.

Spurðir hvers vegna þeir hafi ákveðið að hætta núna, segir Jónsi: „Við erum spilaðir sem aldrei fyrr og höfum átt miklu fylgi að fagna. Við viljum ekki tapa því bara í einhverju kæruleysi og vegna þess að okkur langar til að spila.“ Jónsi segir það rosalega gott að hafa mikla spilageði í hljómsveitum en þeir vilji ekki að fólk fái nóg af þeim. „Við ætlum að hvíla dísilvélnar og leyfa þeim að kólna aðeins,“ segir hann.

Einar segir að í raun og veru hafi það staðið til fyrir tveimur árum að hætta en það hafi einhvern veginn alltaf tafist. „Við erum allir að fara í sína áttina hver núna og fæstir líklega í tónlist,“ segir Einar. „Einn er að fara að sinna bankaferlinum og annar kennaraferlinum. Sá þriðji ætlar að fara að sinna sumarþústunum sem hann er að byggja en ég verð líklega bara að nota tækifærið og auglýsa eftir vinnu,“ bætir hann við og hlær.

Jónsi og Einar eru báðir búnir að lifa eingöngu á tónlistinni í nokkur ár. „Ég hef séð um að reka þetta batterí og fengið eitthvert smotteri fyrir það en annars hef ég bara lifað á tónlistinni. Það hefur verið svo rosalega mikið að gera hjá okkur að það hefur gengið vel upp,“ segir Einar.

Spurðir hvað sé í pípunum hjá þeim segir Jónsi: „Ég má ekki segja frá þremur hlutum sem ég er að fara að gera.“ Einar segir hins vegar ekkert vera ákveðið hjá sér varðandi tónlistina. „Ég er menntaður viðskiptafræðingur og sé fram á að starfa við fagið á næstunni.“

Jónsi betri í áheyrnarprufunum

Jónsi og Einar segja hljómsveitina upphaflega verið samsetta úr tveimur kjörnum. „Það var vinskapur Hrafnkels og Áka annars vegar og hins vegar minn og Einars en við vorum saman í Menntaskólanum á Akureyri,“ segir Jónsi og bætir við: „Þegar hljómsveitin Gullfiskarnir leystist upp í öreindir stóð trommuleikarinn einn eftir og víðaði að sér fjórum náungum en það vorum við fjórir og við bundumst töluverðum böndum.“

Einar segist langa svolítið til að segja frá því þegar Jónsi kom inn í hljómsveitina. „Það var nefnilega þannig að upprunalega vorum við með söngkonu með okkur sem heitir Þóra Jónsdóttir en hún varð ólétt og hætti. Þá héldum við áheyrnarprufur þar sem komu félagi Hrafnkels og Áka úr Garðabænum og Jónsi,“ segir hann og þeir hlæja báðir. „Þetta voru sem sagt mjög víðfeðmar áheyrnarprufur á stærð við X-Factor,“ skýtur Jónsi inn í en hann var á þessum tíma nýfluttur í bæinn og var að reyna að komast að hjá



HVÍLA VÉLARNAR Einar og Jónsi segja mál til komið að hvíla dísilvélnar eftir átta ára stanslausa spilamennsku.

FRÉTTABLAÐIÐ/WALLI

”

Við erum hamhleypur og vitleysingar og spilum allt of hratt. Það er algjör snilldarformúla sem hefur virkað vel

Gunnari Þórðarsyni í Abba-sýninguna á Broadway.

Einar segir að eins og fólk geti ímyndað sér þá hafi á þessum tíma tekið hina strákana í hljómsveitinni töluverðan tíma að venjast Jónsa. „Ég þurfti að sannfæra strákana um að hann væri ekki alveg svona klikkaður eins og hann lét í áheyrnarprufunum,“ segir hann og hlær að minningunni. Jónsi tekur undir og segist hafa verið alveg skelfilegur í áheyrnarprufunum. „Eftir það gengu símtölin milli strákanna þar sem Einar reyndi að telja þeim trú um að ég væri ekki svona ruglaður og Einar sagði mér að strákarnir væru ekki svona miklir karlar. Þá setti hljóða í áheyrnarprufunum og það var nú aldeilis ekki í fyrsta sinn sem slíkt hefur gerst á mínum ferli.“

Einar segir það líka hafa tekið nokkur ár fyrir þjóðina að venjast Jónsa en nú viti fólk að hverju það gangi.

Fólk fílaði ekki fönkið

Spurðir út í nafnið á hljómsveitinni segir Einar að þegar hún var stofnuð árið 1998 hafi fönkið þótt flottast og því hafi þeir ætlað að spila fönktónlist. „Við hétum Fönk í svörtum fötum og þóttumst vera eina bandið sem væri með söngvara sem væri nógu fönkaður. Við fengum samning við Sævar Karl og vorum allir klæddir í svört jakkaföt þegar við komum fram fyrstu tvö árin og í brjáluðu stuði,“ segir Einar. „Í raun og veru held ég að fólk hafi ekkert verið að fíla okkar flutning á fönk og soul-tónlist,“ bætir hann við hlæjandi og Jónsi tekur við: „Við erum náttúrulega líka hvítir en þetta er tónlist þeldökks fólks og þegar slíkt fólk kom á tónleika hjá okkur hló það bara að þessum hvítu gulrótum sem voru að rembast á sviðinu.“

Einar segir að poppið og rokkið hafi farið að læðast að

hjá hljómsveitinni í síauknum mæli þannig að loks fór það þannig að orðið Fönk var tekið út úr nafni hljómsveitarinnar.

Aldrei með prógramm

Einar segir að þeir sem hafi gaman af að fara á böll og skemmta sér komi á böllin hjá þeim því það sé nákvæmlega enginn eins og Jónsi á sviði. Jónsi segir málið vera það að engin hljómsveit sé eins og Í svörtum fötum. „Við erum hamhleypur og vitleysingar og spilum allt of hratt. Það er algjör snilldarformúla sem hefur virkað vel,“ segir hann og Einar heldur áfram: „Ef lögin eru spiluð nálægt sínum rétta takti þá erum við bara farnir að geispa og orðnir óþreyjufullir og finnst allt vera að fara til fjandans á gólfinu.“

Jónsi segir hljómsveitar-meðlimi vera rosalega mikla tækifærissinna. „Við höfum aldrei notast við uppskrifuð prógrömm nema til háftóar-

brigða. Við erum bara með merkjakerfi okkar á milli sem spannar öll 300-500 lögin sem við kunnum og svo erum við bara með tákni með tali milli laga,“ segir hann og hlær.

Einar segir einn kost hljómsveitarinnar vera að hún geti brugðið sér í allra kvikinda líki. „Við höfum til dæmis mikið spilað á árshátíðum þar sem fólk er á öllum aldri og erum líka vinsælasta grunnskólabandið þannig að við getum teygst okkur í allar áttir.“

Drekka ekki í vinnunni

Hljómsveitar-meðlimir Svörtu fatanna eru allir fjölskyldumenn og ekki miklir djamm-arar. „Við drekkum ekki áður en við förum í vinnuna. Við erum bara heima hjá okkur þangað til ballið byrjar nema það sé eitthvað sérstakt í gangi,“ segir Jónsi.

Einar segir þá koma dálítið úr annarri átt en margar aðrar hljómsveitir. „Við erum

un að hætta



Hverfa til nýrra verkefna

Hljómsveitarmeðlimir í svörtum fötum ætla nú að gera alvöru úr því að hvíla sig á samstarfinu. Þeir segja ekki útilokað að hljómsveitin komi saman einhvern tíma síðar en það er allt óráðið enn. Jónsi er sá eini þeirra sem er með eitthvað tónlistartengt á þróunum en hinir ætla að einbeita sér að sínum störfum utan tónlistargeirans. Hrafnkell er að ljúka við tónsmíðanám í Listaháskólanum auk þess að smíða sumarþústaði, Áki hyggst einbeita sér að markaðsmálunum hjá Glítni og Palli er kennari í Garðaskóla. Einar er viðskiptafræðingur að mennt og hefur verið framkvæmdastjóri og umboðsmaður hljómsveitarinnar undanfarin ár. Hann er þessa dagana að athuga með vinnu þessa dagana í samræmi við menntun sína.

að gefa út plötur en þá séu málin rædd og þeir komist að þeirri niðurstöðu sem sé best fyrir hljómsveitina. „Það er mjög gott. Ég get verið frekjudallur en ef ég er sleginn út í lýðræðinu þá tek ég því,“ segir Jónsi. Einar bendir á að þeir séu orðnir svo vanir því að umgangast hver annan að síðustu árin hafi samstarfið bara orðið auðveldara og auðveldara. „Síðan hittumst við náttúrlega í barnaafmælum einu sinni í mánuði og það eru ágætis fundarstaðir,“ bætir Einar við og hlær.

Gáfuleg ákvörðun

Spurðir hvort allir hljómsveitarmeðlimir hafi verið sammála og sáttir við að hætta núna verður Jónsi fyrir svörum: „Að vísu er ég náttúrlega kolklikkaður og með nóga orku þannig að ég væri örugglega til í að spila til fimmtugs. En ég sé alveg að þetta er gáfulegt og þurfti að lúffa fyrir lýðræðinu. Ég held að einingin hafi gott af þessu,“ segir hann og horfir spöskur á Einar sem segir alls ekkert útilokað að bandið komi einhvern tíma saman aftur. „Þetta er sem sagt útreiknuð ákvörðun hjá okkur en ekki eitt-hvert tilfinningamál,“ segir Einar.

Jónsi játar því að þessi ákvörðun sé tregafull. „En þetta er kannski aðferð til að halda gleðinni en Svörtu fötin verða aldrei neitt án hennar. Það er sama hversu gamlir við verðum því við erum bara fimm strákar sem munum hafa gaman af að fíflast uppi á sviði þangað til við verðum settir ofan í kistuna.“

allir giftir og eigum allir börn, tólf samtals,“ segir hann en Jónsi tekur við: „Það gerir okkur töluvert settlegri en margar aðrar hljómsveitir en um leið líka töluvert sprækari í að komast út og spila, ánægju okkar vegna. Við höfum oft rætt það hvað okkur þyki svekkjandi að hlusta á hljómsveitir sem eru ekki alveg að standa í stykkinu vegna þess að menn eru ekki í ástandi til að spila. Ég vil ekki vera að skjóta niður ákveðna einstaklinga eða koma með einhverjar yfirlýsingar um hvernig á að vera eða ekki vera. Fólk hefur það bara eins og það vill. Sjálfur hef ég afskaplega litla ánægju af því að fylgjast með

skemmtikröftum í veislum eða á böllum sem eru í glasi. Fyrir það er ég allt of vakandi fyrir því hvað það er mikilvægt að hafa góðar fyrirmyndir. Ég var sjálfur með frábærar fyrirmyndir í kringum mig og finnst það skítt að fólk mæti í vinnuna án þess að vera með „fulde fem“.“ Einar bendir á að Jónsi hafi svo sannarlega engin höft sem hann þurfi að losa um.

Sjö tónlistarverðlaun

Einar segir hápunktinn á ferli hljómsveitarinnar eflaust hafa verið þegar þeir fengu sjö verðlaun á FM hátíðinni árið 2003. „Já, og keyrðum til Ísafjarðar daginn

eftir,“ skýtur Jónsi inn í. Einar segir það einmitt týpískt fyrir hljómsveitina að hafa verið skotið niður á jörðina daginn eftir að tónlistarverðlaunin voru veitt það árið. „Við áttum að spila á Ísafirði kvöldið eftir en það var ekki flugfært þangað þannig að við smöluðum öllu bandinu inn í bíl og keyrðum vestur í hálfu og viðbjóði með Jónsa veikan,“ segir Einar og bætir því við að þeir hafi verið komnir á Ísafjörð klukkan korter í tólf og ballið hafi byrjað hálf tíma síðar. „Síðan rótuðum við bara allir,“ segir Jónsi og heldur áfram: „Fólki finnst það oft asnalegt að sjá söngvarann vera að setja upp

ljós eða vesenast með múnitor en við erum bara saman í þessu og hjálpumst þess vegna að.“

Spurðir hvort einhvern tíma á þessum átta árum hafi verið erfitt eða leiðinlegt að vera í hljómsveitinni segir Jónsi: „Við höfum aldrei lent í þess háttar erfiðleikum að það hafi skaðað samstarfið okkar. Við höfum alveg átt okkar góðu og slæmu daga og verið ósammála um hitt og þetta en okkur er öllum mjög í mun að fylgja eftir þessu verkefni með hljómsveitina eins og við mögulega getum og þá koma upp fimm mismunandi skoðanir.“ Hann segir oft fara í hart þegar þeir séu

BEJARKUTGERÐIN - A4/HGM



WWW.LEIRVOGSTUNGA.IS

DRAUMASTAÐUR

Sumarið 2006 var fyrsta skóflustunga tekin að íbúðabyggð í Leirvogstungu í Mosfellsbæ. Skömmu síðar hófust framkvæmdir og sala lóða. Eftirspurn reyndist mikil og eru margir byrjaðir að byggja upp sinn draumastað.

Við þökkum fyrir góðar viðtökur og hlökkum til að reisa framúrskarandi byggð á nýju ári með væntanlegum íbúum.

Bjarni Sv. Guðmundsson og Katrín Sif Ragnarsdóttir



LEIRVOGSTUNGA
sérbylí í sveit

Brotið á íslensku samfélagi

Ákæra á hendur forstjórum olúfélaganna á árunum 1993 til og með 2001, Einari Benediktssyni, Kristni Björnssyni og Geir Magnússyni, var birt á dögnum. Liðir ákærunnar eru samtals 27 og er ákært vegna samkeppnisbrota á fyrirtækjum, sveitarfélögum eða almennum viðskiptavinum olúfélaganna. *Magnús Halldórsson* skoðaði ákæruefnin.

Polendur samkeppnisbrota olúfélaganna eru þeir sem stunduðu viðskipti við félögin á fyrrnefndu tímabili. Það liggur í hlutarins eðli enda samráð fyrir-tækja á markaði til þess fallð að hefsta eða takmarka samkeppni, hækka verð á þjónustu og auka með því ávinning af viðskiptunum.

Polendur brotanna í fyrsta hluta ákærunnar, sem forstjórar olúfélaganna hafa verið ákærðir fyrir, eru í fimm tilfellum einstök fyrirtæki eða sveitarfélög.

Samráð vegna útboða

Í fyrsta hluta ákærunnar eru tiltekin útboð á árunum 1996 til 2000. Eitt þeirra er útboð Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í hennar eigu en á dögnum voru borginni dæmdar tæpar 78 milljónir króna í skaðabætur vegna samráðsins og tapsins sem borgin varð fyrir.

Dómurinn féllst meðal annars á þá grundvallarröksemd í stefnu Reykjavíkurborgar að ómögulegt væri að álykta annað en að viðurkennt samráð olúfélaganna væri til þess að fallið að hækka verð og þar með valda stefnanda tjóni. Gísli Baldur Gardarsson, lögmaður Olís og stjórnarformaður fyrir-

tækisins, lét hafa eftir sér í Fréttablaðinu að dómurinn í máli Reykjavíkurborgar væri ekki fordæmisgefandi fyrir önnur mál sem gætu komið í kjölfarið. Forsvarsmenn fyrirtækjanna ÍSAL, Flugleiða og Brims, áður Útgerðarfélag Akureyringa, hafa þó staðfest við Fréttablaðið eftir að dómur féll að fyrirtækin séu að skoða hvort dómurinn auki líkurnar á málsókn á hendur olúfélögnum en niðurstaða þeirra skoðunar er enn ekki ljós.

Markaðsskipting – smáir sem stórir markaðir

Annar hluti ákærunnar tekur til kerfisbundinnar skiptingar olúfélaganna á mörkuðum, stórum sem smáum. Í tólf ákærunum er fjallað um markaðsskiptinguna sem beinist, eðli brotsins samkvæmt, að öllum þeim sem eiga viðskipti við félögin á tilteknum mörkuðum. Markaðsskiptingin felst öðru fremur í því að bæta hag olúfélaganna með samstarfi til þess að hámarka framlegð, eins og fram kemur í ákærum. Slíkar aðgerðir fela í sér samkeppnisheftar aðstæður. Þær bitnuðu á öllum viðskiptavinum olúfélaganna á fyrrnefndu tímabili.

Starfsmenn olúfélaganna höfðu töluverð samskipti vegna markaðsskiptingar í sveitarfélög-



• ÁKÆRUEFNI OG BROTAÞOLAR

Samráð við gerð tilboða

1. LIÐUR Brotaþolar: Reykjavíkurborg og fyrirtæki í hennar eigu vegna samráðs fyrir útboð haustið 1996. Íslenska ríkið, sérstaklega Landhelgisgæslan, vegna útboðs haustið 1996. Utgerðarfélag Akureyringa, nú Brim, vegna samráðs við gerð tilboða fyrir útboð haustið 1996. Reykjavíkurborg gekk til samninga við Skeljung en Ríkiskaup hafnaði að loknu útboði öllum tilboðum.

2. LIÐUR Brotaþolar: Íslenska ríkið það er dómsmálaráðuneytið vegna samráðs fyrir útboð fyrir lögreglu og önnur embætti sem heyrdur undir dómsmálaráðuneytið árið 1996. Ríkiskaup höfnuðu öllum tilboðum að útboðinu loknu.

3. LIÐUR Brotaþolar: Vestmannaeyja-bær og fyrirtæki í eigu hans í tengslum við útboð sem fram fór á fyrri hluta ársins árið 1996. Í ákæru kemur fram að samráð um verð og skiptingu framlegðar hafi haft þær afleiðingar að tilboðsverð félaganna voru að mestu miðuð við verð í verðlistum þeirra án afsláttar.

4. LIÐUR Brotaþoli: ÍSAL dótturfélag Alcan í tengslum við útboð sem fram fór haustið 1997. Olúfélögin sammældust um að viðhalda því fyrirkomulagi að Skeljungur hf. sæti eitt að viðskiptum við ÍSAL og héldi áfram að greiða hinum félögnum hlutdeild í framlegð af viðskiptum við ÍSAL, en þetta fyrirkomulag var við lýð fram á árið 2001.

5. LIÐUR Brotaþoli: Íslenska járnblendifélagið vegna útboðs félagsins snemma árs árið 2000. Einar Benediktsson og Kristinn Björnsson ræddu saman í síma um útboðið 14. febrúar árið 2000, funduðu 16. febrúar vegna útboðsins og síðan sat Geir Magnússon með þeim fund 18. febrúar þar sem rædd voru ýmis uppgjörsmál vegna viðskipta við Íslenska járnblendifélagið og skiptst á upplýsingum um væntanlega þátttöku í útboðinu.

Markaðsskipting

6. LIÐUR Brotaþolar: Flugfélög og allir sem skiptu við rekstrarfélag um rekstur sameiginlegrar afgreiðslustöðvar fyrir flugvélaeldsneyti á Reykjavíkflugvelli sem bar heitið Eldsneytisafgreiðslan á Reykjavíkflugvelli sf.

og var í eigu Skeljungs og Olís. Með samningum var reynt að tryggja „að það myndur fastra viðskipta“ sem þá var á sölu flugvélaeldsneytis héldist og lauk þeim viðræðum með því að ákærðu Einar og Kristinn undirrituðu samning um fyrirkomulag rekstrarins 31. mars 1995. Þar sem sagði meðal annars að sala til „erlendra ósamningasbundinna viðskiptaáðila á Reykjavíkflugvelli“ yrði skipt að jöfnu milli félaganna.

7. LIÐUR Brotaþolar: Erlend skipafélag sem hingað komu á árunum 1993 til 2001 til þess að kaupa eldsneyti. Olúfélögin gerðu með sér samning um að allri sölu skyldi „skipt mánaðarlega milli félaganna“ „eftir söluverðmætti í fjárhagsbókhalði en eftir magni í birgðabókhalði“ í þeim hlutföllum að Olís fengi 30,5 prósent, Olúfélagið Esso 39 prósent og Skeljungur 30,5 prósent af heildarsölunni.

8. LIÐUR Brotaþolar: Allir þeir sem skiptu við bensinstöðvar olúfélaganna þar sem svæðisbundin markaðsskipting átti sér stað frá 12. febrúar til 13. júlí 1999. Olúfélögin komu sér saman um markaðssvæði með því að skiptast á, kerfisbundnið, að loka eldsneytisafgreiðslustöðvum sínum og/eða selja hverju öðru rekstur hinna á tilteknum kaupstað, kaupþúni eða tilteknum svæðum. Náði markaðsskiptingin til á fjórða tug sveitarfélaga um land allt.

9. LIÐUR Brotaþolar: Allir þeir sem skiptu við bensinstöð Olís í Grindavík frá 21. febrúar 1996 til 21. febrúar 2001 þar sem olúfélögin gerðu með sér samkomulag um að Olís sæti eitt félag að bensinsölunni í Grindavík á þessu tímabili til þess að koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna.

10. LIÐUR Brotaþolar: Allir þeir sem skiptu við Olúfélag útvegsmanna hf. á Ísafirði en Olís og Skeljungur gerðu með sér samkomulag, til þess að koma í veg fyrir samkeppni, um að skipta jafnt á milli sín sölu á smurólíu og fljótandi eldsneyti til viðskiptavina sína í gegnum Olúfélag útvegsmanna. Auk þess náði markaðsskipting til sölu á bensinstöðvum á Ísafirði.

11. LIÐUR Brotaþolar: Allir þeir sem skiptu við olúfélögin í Stykkishólmi á árunum 1993 til 2001. Esso og Olís gerðu með sér samkomulag um að skipta mörkuðum til jafns á milli sín

við sölu á gasolíu og flotaolíu.

12. LIÐUR Brotaþolar: Allir þeir sem skiptu við olúfélögin á Raufarhöfn frá 1. mars 1993 til 2001 þar sem félögin höfðu uppi samstilltar aðgerðir um að skipta í jöfnum hlutföllum allri sölu á gasolíu á Raufarhöfn auk þess að skipta á sama tímabili sölu þeirra á svartolíu til SR-mjòls hf.

13. LIÐUR Brotaþoli: Fyrirtækið SR-mjòl. Frá 1. febrúar 1994 til ársloka 2001 höfðu Esso, Olís og Skeljungur með sér samráð um sölu á svartolíu til SR-mjòls en allri sölu var skipt á milli félaganna. Esso fékk 20 prósent en hin tvö félögin 40 prósent af heildartekjum af sölnni. Félögin greiddu kostnað af sölnni í sömu hlutföllum vegna sölu til verksmiðja SR-mjòls hf. á Raufarhöfn, Reyðarfirði, Siglufirði og Seyðisfirði auk verksmiðju í Helguvík frá því í febrúar árið 1997.

14. LIÐUR Brotaþolar: Sérleyfis- og hópferðabílar Keflavíkur og áhaldahús Keflavíkur vegna samráðs Esso og Skeljungs um sölu á gasolíu frá 1. mars 1993 til ársloka 2001. Skeljungur annaðist sölu til áhaldahússins en Esso til SBK. Félögin skiptu síðan sölu sinni til helminga með hinu þannig að Esso fékk helming af sölu Skeljungs til áhaldahússins og Skeljungur helming af sölu Esso til SBK.

15. LIÐUR Brotaþolar: ÍSAL þar sem olúfélögin höfðu samráð um sölu á svartolíu, gasolíu og bensíni til félagsins á árunum 1993 til 2001. Félögin höfðu uppi samstilltar aðgerðir um að skipta jafnt á milli sín allri sölu á fljótandi eldsneyti til félagsins.

16. LIÐUR Brotaþolar: Kísiliðjunnar við Mývatn. Olúfélögin höfðu frá 1993 til 2001 samráð um sölu á svartolíu til Kísiliðjunnar við Mývatn. Félögin gerðu með sér samkomulag um að skipta til jafns á milli sín sölu á svartolíu til Kísiliðjunnar.

17. LIÐUR Brotaþolar: Fyrirtæki í eigu Reykjavíkurborgar en olúfélögin höfðu samráð um að skipta milli félaganna framlegð þeirra af viðskiptum Skeljungs við Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar, Strætisvagna Reykjavíkur og Malbikunarmiðstöð Reykjavíkur. Skeljungur gerði upp við hin félögin eftir útboð haustið 1996 með greiðslu sem nam rúmum níu milljónum króna.

Samráð um ákvörðun verðs á söluvörum, afsláttar, álagningar og viðskiptakjara

18. LIÐUR Brotaþolar: Erlend skipafélög sem hingað komu frá 1. mars 1993 til ársloka 2001. en olúfélögin höfðu samráð hvornig skyldi standa að sölu á oliu en það skyldi byggja á „gildandi útsöluverði hér á landi hverju sinni umreiknað til viðkomandi gjaldmiðils á kaupgengi afgreiðsludags.“ Samningur félaganna kvað á um hvornig reikna skyldi verð úr þegar þau væru gefin upp sem verð á tonni og verð á svartolíu skyldu gefin út miðað við tonn. Þá var einnig samráð um hvert afgreiðslugjald væri og hvornig greiðslum skyldi háttáð.

19. LIÐUR Brotaþolar: Allir viðskiptavinir félaganna á árunum 10. ágúst 1994 til 1. nóvember 2001. Í ákæru er greint frá stórfelldu samráði félaganna um meginþætti í starfsemi félaganna, til dæmis álagningu, afslátti og ýmis hagsmunamál tengd rekstri félaganna. Nefnd eru 35 dæmi um samráðsfundi og samskipti lykilstarfsmanna félaganna.

20. LIÐUR Brotaþolar: Allir þeir sem skiptu við olúfélögin vegna kaupa á skipaeldsneyti á árunum 1995 til 1997 þar sem olúfélögin höfðu samráð um sölu á eldsneyti til skipa þar sem olúfélögin höfðu samstarf um innflutning á SD-olíu svokallaðri. Nefnd eru fjögur dæmi um fundi og samskipti milli olúfélaganna vegna þessa samstarfs.

21. LIÐUR Brotaþolar: Allir þeir sem skiptu við olúfélögin frá 9. október 1995 til 1. apríl 2000 en forvarsmenn félaganna höfðu á þessu tímabili stórfellt samráð um verðlagningu og sölu á svartolíu. Lykilstarfsmenn félaganna ráðfærðu sig og skiptust á upplýsingum og skoðunum um hvornig skyldi selja svartolíu og hvaða kjörum. Í ákærunum eru nefnd fimm dæmi um samskipti lykilstarfsmanna í tengslum við þetta tiltekna samráð.

22. LIÐUR Brotaþolar: Allir þeir sem skiptu við olúfélögin á árunum 1995 til 2000 vegna kaupa á gasi. Olúfélögin höfðu samráð vegna óska Ísaga hf. um kaup á gasi en olúfélögin ákváðu sameiginlega útsöluverð á gasi, ræddu framlegð vegna gassölnunar og fjölluðu um þörf á því að hefja innheimtu á gjaldi vegna

flutnings á gasi sem selt var á landsbyggðinni. Slíkt gjald var á endanum tekið upp.

23. LIÐUR Brotaþolar: Allir þeir sem skiptu við olúfélögin á árunum 1995 til 2000 og höfðu afnot af eldsneytistönkum og öðrum búnaði þeim tengdum en olúfélögin höfðu samráð um hvornig þessum málum skyldi háttáð. Að lokum féllust olúfélögin á í sameiningu hætta afhendingu tanka.

24. LIÐUR Brotaþolar: Björgunarbátasjóður SVFI á Ísafirði. Um miðjan desember 1997 höfðu Olís og Skeljungur með sér samráð í formi samninga og samstilltra aðgerða með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna í tengslum við afsláttarkjör af eldsneyti á björgunarbátinn Gunnar Friðriksson.

25. LIÐUR Brotaþolar: Þormóður rammi hf., Hjarðarnesbræður ehf. og Grandi hf. vegna samráðs í formi samninga og samstilltra aðgerða á árunum 1997 til og með 1998. 21. desember sendi Kristinn Björnsson Einari Benediktssyni tölvupóst með yfirskriftinni: „Sameiginlegir kunnar“. Þar gerir hann meðal annars athugasemd: „Sameiginlegir kunnar, eins og til dæmis vinir okkar á Siglufirði [Þormóður rammi hf.] eru sérfræðingar í að hringja í okkur til skiptis og bera fram kvartanir vegna þess að „hitt olúfélagið“ hefði miklu betri verð og kjör.“ Kristinn lagði til að menn ættu að „skiptast á verðum“ til að allt geti verið klárt.

26. LIÐUR Brotaþolar: Utgerðarfélag og forvarsmenn Landsambands íslenskra útgerðarmanna. Olúfélögin höfðu á seinni hluta ársins 2000 samráð um að beita sér fyrir því að aðgerðir LIÚ um að lækka verð á oliu til fiskiskipa næðu ekki fram að ganga.

27. LIÐUR Brotaþolar: Allir þeir sem skiptu við olúfélögin á árunum 1995 til 2001. Olúfélögin höfðu samráð með því að skiptast mánaðarlega á tölum um magn sölu félaganna sem til samkeppnistakmarkana. Á árunum 1995 til 1997 skiptust olúfélögin þrjú á upplýsingum en frá 1997 til 2001 voru það Olís og Esso sem skiptust mánaðarlega á þessum upplýsingum.



KRISTINN BJÖRNSSON



GEIR MAGNÚSSON



EINAR BENEDIKTSSON

um eins og Raufarhöfn, Bíldudal, Ísafirði og Grindavík, sem sérstaklega eru tiltekin í ákærunum. Miðuðu samskiptin einkum að því að komast að niðurstöðu um það hvar væri skynsamlegt að reka „bensínstöðvar í sameiningu“, eins og orðrétt segir í skýrslu Samkeppniseftirlitsins vegna samráðsins. Forsvarsmenn olúfélaganna mátu stöðuna á markaðnum sem svo að samráð um staðbundna markaði væri nauðsynlegt til þess að ná fram ákjósanlegri framlegð.

Í tíu ákæruálitum eru brotápol- ar allir þeir sem áttu sértæk viðskipti við olúfélögin, það er sem

tengjast efni ákæruálitanna, á til- teknu tímabili en í hinum beinast brotin að fyrirtækjum eða sveitar- félögum.

fellum þolendur samstilltra aðgerða félaganna. Forstjórnir eru ákærðir fyrir samráð vegna viðskipta við skipafélög, erlend sem innlend, en útgerðarfélög

ákærðir fyrir að beita sér gegn Landssambandi íslenskra útvegs- manna er það leitaði leiða til þess að lækka kostnað útgerðarfyrir- tækja vegna olúkaupa á haust-

ákæruvaldsins gegn forstjórun- um þremur þingfest í Héraðs- dómi Reykjavíkur 9. janúar á komandi ári en meðferð málsins fyrir dómi verður einstök að því leyti að aldrei áður hafa ein- staklingar verið ákærðir fyrir brot á samkeppnislögum. Þess er krafist af hálfu ákæruvalds- ins að forstjórnir verði dæmd- ir til refsinga fyrir þátt sinn en eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu eru skiptar skoð- anir um á hvaða forsendum rök- sendir fyrir ákæru geta byggt. Refsiákvæði eru þó ótvíræð í lögum. ■

Starfsmenn olúfélaganna höfðu töluverð samskipti vegna markaðsskiptingar í sveitarfélögum eins og Raufarhöfn, Bíldu- dal, Ísafirði og Grindavík



Söluvörur, afslættir og álagning

Ljóst er að erlend skipafélög sem hingað komu voru í mörgum til-

hafa um árabíl verið með stærri olúkaupendum á landsvísu. Forstjórnir eru sérstaklega

mánuðum árið 2000.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu verður mál

JÓLAGLEÐIGRÆJUR PHILIPS





Philips HD4440
Vandað 2100w HEILSUGRILL með hitastilli, lausum grillplötum og safabakka.

TILBOÐ
3.995
FULLT VERÐ 4.995



TILBOÐ
10.995
FULLT VERÐ 12.995



DeLonghi
ITOLSK HÁGÆDA HÖNNUN

DeLonghi DAP70
LOFTHREINSITÆKI með HEPA loftslú sem hreinsar út 99,97% af ryki í loftinu, 4 filter stig, sóttreinsuðum filter sem hámarkar útkomu hreins lofts, 3ja hraða með næturstillingu. Hreinsar 140m3 af lofti á klukkustund. Getur staðið á borði, gólfi eða hangið á vegg.


VERÐ
8.995
FRÁBÆRT VERÐ



PHILIPS
Philips FC6092
12V HÄNDRYKSUGA með 22w sogstyrk, 11 mín. notkun á fullri hleðslu, þremur hausum sem fylgja: burstu, sveigjanlegum haus og ofnabursta.

Tengi fyrir bilinn fylgir.

VERÐ
9.995 12v
FRÁBÆRT VERÐ



elna
Elna ELNA2130
SAUMAVÉL með 23 sporgerðum, er sýnt á töflu framan á, þægilegt að velja rétta sporið með einfaldri stilliskífu, auðvelt er að auka spurlengdina - stillingar frá 0-4 mm, innbyggð spóluvinda, áfastur tvinnahnifur og nál stillanleg frá miðju.

TILBOÐ
24.995
FULLT VERÐ 29.995

Einnig til með sjálfvirkri nála- þræðingu á kr. 29.995



TOPPURINN FRÁ KENWOOD
Framúrskarandi matvinnsluvél

KENWOOD
Kenwood FP920
MATVINNSLUVÉL með blandara, kröftugum 1000w mótör, glerskál og fjöldi aukahluta.

VERÐ
19.995
FRÁBÆRT VERÐ



Heimilistæki

UMBODSMENN UM LAND ALLT www.ht.is

REYKJAVÍK	AKUREYRI	SELFOSS
SÆTUNI 8	GLERÁRGÖTU 36	EYRARVEGI 21
SÍMI 569 1500	460 3380	480 3700

www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA!

BÆTTU BORÐSIÐINA!

Íslendingar hafa, því miður, skelfilega borðsiði. Við liggjum oft yfir matnum, spænum hann upp með annarri hendinni í miklum flýti, helst með dagblað eða sjónvarp fyrir framan okkur. *Anna Margrét Björnsson* tók til það helst sem vert er að rifja upp varðandi góða borðsiði, sem bæði stórir og smáir af báðum kynjum ættu að tileinka sér.

Fæstir kunna að halda rétt á hníf og gaffli, margir sötra, smjatta, ropa, sjúga upp í nefið og dæsa. Þetta kann að þykja sjarmerandi áminning um það að Íslendingar bjuggu flestir í kotum í afdölum fyrir ekki svo löngu síðan? Líklegt er að við eigum meira sameiginlegt með Bandaríkjamönnum hvað varðar borðsiði en Evrópu-búum, en þar var „Good Etiquette“ (góðar kurteisvenjur) í hávegum hafðar, að minnsta kosti meðal hefðarfólks, allt frá miðöldum. Eins og ágætis enskt kver um borðsiði frá átjándu öld segir: „Heimili þar sem borðsiðir eru lítillsvirtir elur af sér illa upp alin börn.“

1Notaðu heilann. Til dæmis þurfa karlmennt ekki að standa upp í hvert skipti sem kona stendur upp frá borðum. Vertu bara eins kurteis og þú getur. En ef þú ert á fínu veitingahúsi er ekkert að því að karlmaður dragi stólinn undan borðinu fyrir konu.

2Aldrei gera neitt fyrr en að gestgjafinn geri það fyrst. Þetta gildir um að setjast, borða, setja servíettuna á borðið og standa upp frá borðum.

3Þú ert sestur. Hvað af þessu dóti tilheyrir þér og hvað tilheyrir sessunautinum? Mundu að diskurinn er í miðjunni, hnifur og skeiðar eru til hægri, og gafflar og servíettan þín er til vinstri. Vatns- og vínglós eru til hægri, en litlir diskar, td brauðdiskur, eru til vinstri. Ef það eru margir gafflar, hnifur og skeiðar, þá áttu alltaf að byrja yst, og enda innst. Þetta er vegna þess að venjulega eru manni réttir diskar og vín frá hægri hönd, en þetta er fjarlæggt frá borðum frá þeirri vinstri.

4Hvernig á að nota þetta allt saman? Settu servíettuna í kjöltu þér um leið og þú ert sest/ur. Servíettan á aldrei að vera á borðinu nema þú hafir lokið við matinn. Aldrei setja servíettuna í hálsmálið, nema þú sért ungabarn. Ef þú ert karlmaður, settu aldrei bindið yfir öxlina á þér eða ofan í skyrtuna til að forða því frá matardisknum. Núna máttu fá þér brauð úr brauðkörfunni, og það þykir mun finna að brjóta brauðið heldur en að skera það. Ekki smyrja brauðið núna, það er alveg bannað. Þú átt að taka þér smá smjör úr smjördiskinum með þínum smjörhníf og setja hann á þinn brauðdisk. Ríðu smá bita af brauðinu og settu smásmjörklípu með þínum hníf á þennan litla bita. Svona máttu halda áfram.

5Nú byrjar forrétturinn, og þú byrjar á ysta gaflinum og hnífnum, eða skeiðinni ef þetta er súpa. Enn og aftur, notaðu heilann. Þú notar ekki hníf í súpu eða skeið í salat. Það er líka ágætt að fylgjast með hvað sessunautarnir gera ef þú hefur enga hugmynd. Það er enginn að horfa á þig undir smásjá.


6Hvernig á að halda á hníf og gaffli? Haltu gafflinum í vinstri hendi og hnífnum í þeirri hægri. Láttu gaffalinn snúa niður með teinana bogna í átt til þín, en ekki út á við. Ekki halda á hníf og gaffli eins og þú sért með morðvopn í hendinni eða eins og Andrés Önd beint upp í loft. Hafðu visifingurinn ofan á þeim báðum sem gefur þér meiri stjórn á því sem þú ert að gera. Aldrei setja hnífapörin aftur á borðið, eftir að þú ert byrjuð/ður að nota þau. Þegar þú hefur lokið við matinn skaltu rada þeim saman, hlið við hlið á diskinn.



Ekkert sýnir hversu vel upp alinn einstaklingur er eins og borðsiðir hans. Það er hægt að klæðast vel, halda uppi ágætis samræðum, en ef maður er ekki fullkomlega „au fait“ þá kemur kvöldverðurinn upp um mann.

(CORRECT SOCIAL ETIQUETTE, BRETLAND, 1903)

7Hvernig á að borða súpu? Fylltu skeiðina um 75 prósent og súptu úr henni, án þess að sötra, úr hlið skeiðarinnar í stað þess að stinga henni allri upp í þig. Ekki berja skeiðinni í botninn og vera með læti meðan þú klárar síðustu dreggjarnar, gerðu þetta varlega og hljóðlega.



ALVEG BANNAD:

- Aldrei tala með fullan munninn.
- Aldrei smjatta eða sötra.
- Afsakaðu þig frá borðum ef þú þarft að standa upp.
- Aldrei nota tannstöngul fyrir framan fólk (farðu bara á klósettið).
- Ekki skilja allt eftir útbíað í varalit.
- Ekki setja drasl um allt borð (veski, blöð, lykka, síma).
- Ekki reykja nema spyrja leyfis.
- Ekki iða um í stólnum eða rugga þér.
- Ekki vera með tyggjó fyrir eða eftir mat, eða milli mála. Séríslenskt og hroðalegt dæmi.
- Ekki segja, „áttu Aromat?“

8Hvernig á að sitja? Beint á stólnum, ekki halla þér fram, eða aftur, og aldrei með olnbogana uppi á borði. Ekki draga munninn að disknum þegar þú borðar heldur færðu matinn upp að munninum. Ef einhver biður þig um að rétta eitthvað, getur þú aðeins rétt hluti sem eru

nálægt þér. Aldrei rétta hluti eða diska yfir fólk, þú getur bara rétt þá á milli fólks. Ef einhver biður þig um að rétta salt, þá á maður alltaf að rétta saltið og piparinn saman. En aldrei, aldrei salta neitt eða pipra áður en þú hefur bragðað á matnum, það er argasti dónaskapur og óvirðing við

matreiðslukunnáttu gestgjafans. Eins er með sósur og annað krydd.

9Viðkvæm augnablik. Sullað-irðu niður? Ropaðirðu? Híkst-aðirðu? Reyndu að finna þinn innri James Bond. Haltu alltaf í klassann. Segðu bara „afsakið“ og settu servíettuna fyrir munninn. Ef þú sullar einhverju á einhvern annan, alls ekki byrja að reyna að þurrka það af sjálfur. Þú gætir verið ásakaður um kynferðislega áreitni. Biddu afsökunar og þú getur boðist til að borga hreinsunarkostnaðinn. Hversu asnalegt sem sullslýsið er, haltu alltaf kúlinu. Svona getur alltaf gerst.

10Hvenær má nota fingurna? Ef þú ert ekki viss, notaðu alltaf gaffal. En það eru ákveðnir hlutir sem má nota fingurna við: ferskur nýsoðinn aspas, samlokur, smákökur, litlir ávextir, franskur kartöflur og snakk, hamburgarar og pylsur, maískólfar og þistil-hjörta, og kræklingur (en þá er tóm skel notuð til að krækja kjötið úr hinum). ■

BORÐSIÐIR FRÁ ENGLANDI, BIRTIR ÁRIÐ 1836

- Aldrei leika þér með hnífapörin, eða mylja niður brauðið.
- Aldrei setja olnboga á borðið, sitja of langt frá borðinu, eða sitja hokinn yfir matnum.
- Aldrei tala of hátt og yfirgæfa aðra.
- Gerðu þitt besta til að halda uppi skemmtilegum samræðum.
- Aldrei hósta eða hnerra við matarborðið.
- Aldrei rugga stólnum aftur á bak.
- Aldrei tala með fullan munninn.
- Aldrei opna munninn á meðan þú tyggur. Það er ónauðsynlegt að sýna fólk og leyfa því að heyra hvernig þú tyggur matinn.
- Aldrei segja að maturinn sé vondur.
- Aldrei stinga brauði ofan í súpuna eða til að klára sósuna. Það er mjög ókurteist.
- Aldrei standa upp frá borðum nema til að afsaka þig eða þegar borðhaldið er yfirstaðið.
- Borðaðu ostrur með gaffli.
- Ef þú vilt gefa til kynna að þig langi í meira te eða kaffi, settu skeiðina á undirskálina.
- Te eða kaffi skal aldrei hella í undirskálina til að kæla það, heldur drukkið úr bollanum.
- Ef einhver réttir þér matarilát, fáðu þér fyrst, og réttu það svo áfram.



BT



Gleðileg jól í BT

aðeins **50** STK

TOSHIBA SATELLITE P100

17"

TOSHIBA

PSPA3E-0YL02UED
 TOSHIBA SATELLITE P100-208
 Intel® Core 2 Duo T5500
 17" Wide XGA+ skjár
 - upplausn 1440 x 900
 nVidia GeForce™ Go 7300 512MB
 2GB DDR Minni (Mest 4GB)
 200GB SATA S.M.A.R.T. Harður diskur
 DVD skrifari Dual Layer
 Þráðlaust netkort Intel ABG
 Kortalesari 4 - 1
 IEEE 1394 - DV Ready
 DVI, 3xUSB2, S-Video tengi
 BlueTooth
 Harman Kardon® hátalarar
 SRS® TruSurround XT™ technology
 Rafhlöðuending 3:30 (Mobile Mark™)
 Aðeins 3.2 kg

Windows XP MCE edition (Venus)



• **7.086***

Rugl veró

VAXTALAUST 1. GREIÐSLA 1. MARS



FYLGIR

14.999

PIXMA160
 CANON PIXMA MP160
 4800 x 1200 upplausn
 22 bls á mín svart
 17 bls á mín litur
 Prentar jaðarlaust á 10x15
 600 x 1200 dpi Skanni
 PictBridge
 Einfaldur í notkun

Core 2 Duo
Fyrir kraftinn
200GB harður diskur
Fyrir gögnin

GeForce Go 7300
Fyrir kraftinn
2 GB minni
Fyrir vinnsluna


DVD Ready
Fyrir tökuvelina
Kortalesari
Fyrir þægindin

7.086
 **Tölvu- og tækjalán 36 mán.

15.799
 Vaxtalaust 12 mán.

189.588
 Staðgreitt

DVD SÖFN



DVD **4.999**



DVD **4.499**



DVD **3.999**



DVD **3.999**



DVD **24.999**



DVD **14.999**

MEDION V12 RAZOR með 22" skjá

22"

WIDE SCREEN

VAXTALAUST 1. GREIÐSLA 1. MARS



MEDION®

6249IS
 MEDION V12 CORE2 RAZOR
 Intel® Core 2 Duo E6300
 nVidia GeForce 7600GS -256 MB
 - DVI-I/D-SUB/HD TV-out/incl.
 HDTV
 - composite cable / passive heat sink - w/ HDCP
 500 GB 7200 rpm SATA 8MB Cache (2x250GB)
 2048 MB DDR2-RAM PC4300 (533MHz)
 LightScribe DVD Skrifari Dual Layer
 LAN 10/100 Mbit
 IEEE1394/Firewire - DV Ready
 Sjónvarpskort og Fjarstýring
 Medion Media Bay
 Lyklaborð og Mús



Ókeypis upplæsla af Windows Vista stýrikerfinu fylgri - Væntanlegt í Febrúar 2007

FYLGIR



FYLGIR

14.999

• **7.084****

Core 2 Duo
Fyrir kraftinn
500GB harður diskur
Fyrir gögnin

GeForce 7600 GS
Fyrir leikuna
2GB minni
Fyrir vinnsluna

Sjónvarpskort
Og fjarstýring
DV Ready
Fyrir tökuvelina

7.084
 **Tölvu- og tækjalán 36 mán.

15.799
 Vaxtalaust 12 mán.

188.588
 Staðgreitt



ADALPERSÓNURNAR Mikhail Gorbatsjov og Boris Jeltsín hafa ekki talast við síðan Gorbatsjov sagði af sér í desember árið 1991. Þessi mynd er tekin í ágúst, daginn eftir að valdaránstíraun harðlinukommúnista fór út um þúfur. Pennan sama dag bannaði Jeltsín starfsemi Kommúnistaflokksins í Rússlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FIMMTÁN ÁR ÁN SOVÉTRÍKJANNA

Frá því að **Sovétríkin** liðuðust í sundur fyrir fimmtán árum hafa Rússar þurft að glíma við mikla erfiðleika. *Guðsteinn Bjarnason* rifjar upp fáein atriði úr þessari sögu.

Sovétríkin liðu endanlega undir lok þegar Mikhail Gorbatsjov sagði af sér sem forseti þeirra seint í desember árið 1991. Boris Jeltsín var þá forseti Rússlands, hafði gegnt því embætti frá því um sumarið þegar hann vann sigur í forsetakosningum á móti Nikolái Rúsjkov, manningnum sem Gorbatsjov hefði viljað fá í embættið.

Óumflýjanleg endalok

Rúmlega hálfum mánuði áður en Gorbatsjov sagði af sér höfðu leiðtogar Rússlands, Hvíta-Rússlands og Úkraínu, þeir Boris Jeltsín, Stanislav Sjúskevitsj og Leoníd Kravtsjúk, komið saman í Hvíta-Rússlandi og lýst því formlega yfir að Sovétríkin væru lögð niður. Jafnframt undirrituðu þeir samkomulag um að stofna í staðinn Samveldi sjálfstæðra ríkja.

Gorbatsjov var tregur til að fallast á þessum málalok, en sá sér ekki fært að standa gegn straumnum lengur en til 25. desember, sem reyndar er ekki jóladagur í Sovétríkjunum því enn í dag miðast jólin í Rússlandi við gregoríska tímatalið og eru því haldin um það bil tveimur vikum á eftir því sem tíðkast víðast hvar annars staðar meðal kristinna.

Talast ekki við

Daginn sem Gorbatsjov sagði af sér flutti hann sjónvarpsávarp þar sem hann lagði áherslu á það, við sína „kæru landsmenn“, að hann hefði aldrei misnotað völd sín til þess að stjórna „eins og keisari“. Á hinn bóginn sagði hann í Íslandsheimsókn sinni nú í haust, þegar hann kom hingað til þess að minnst þess að tutugu ár væru liðin frá leiðtogafundi þeirra Ronalds Reagan í Höfða, að „ást Jeltsíns á völdum“ hefði verið einna líkust „ást manns til konu“.

Við sama tækifæri sagðist Gorbatsjov ekki hafa yrt á Jeltsín einu orði frá þessum degi, 25.

desember árið 1991, og bætti við að hann væri staðráðinn í að tala aldrei nokkurn tímann við Jeltsín framfar.

Út í djúpu laugina

Gorbatsjov hafði á valdatíma sínum lagt áherslu á að opna rússneskt samfélag, koma þar á fót einhvers konar lýðræði en þó án þess að vilja sleppa hendinni af sameignarskipulaginu sem alræði Kommúnistaflokksins hafði frá byrjun verið byggt á.

Jeltsín stökk hins vegar beint út í djúpu laugina og opnaði rússneskt efnahagslíf upp á gátt, einkavæddi ríkisfyrirtæki í stórum stíl og bauð erlenda fjárfesta velkomna. Skattar voru hækkaðir til að styrkja stöðu ríkissjóðs og verðbólgan rauh upp með þeim afleiðingum meðal annars að mikil fátækt varð almenn í landinu meðan auðurinn safnaðist á fáar en valdamiklar hendur.

Glímt við afleiðingarnar

Jeltsín átti eftir að stjórna Rússlandi til ársloka 1999 og hafði þá fengið Vladimir Pútín, fyrrverandi yfirmann sovésku leyniþjónustunnar KGB, til þess að taka við af sér. Pútín er enn við völd en samkvæmt stjórnarskrá landsins rennur síðasta kjörtímabil hans út árið 2008.

Pútín hefur alla tíð glímt við afleiðingarnar af því efnahagshruni sem varð eftir að Sovétríkin liðuðust í sundur og Jeltsín tók við stjórninni. Þjóðfélagið meira og minna lamaðist í nokkur ár, glæpum fjölgaði upp úr öllu valdi, áfengisdrykkja jókst verulega og heilbrigðisþjónusta hríðversnaði sömuleiðis, sem varð til þess að fæðingartíðni lækkaði og lífslíkur fólks minnkuðu verulega. Nú er svo komið að Rússar geta að meðaltali vænst þess að verða 66 ára gamlir, sem er 14 árum skemmri ævilengd en meðaltalið í ríkj-

um Evrópusambandsins. Til marks um ástandið, sem enn er vægast sagt erfitt, má nefna að íbúum Rússlands hefur fækkað um sex milljónir frá því að Sovétríkin liðu undir lok, úr 149 milljónum í tæplega 143 milljónir, og enn er þeim að fækka um 700 þúsund manns á ári hverju.

Enginn hæðarleikur

Þegar Mikhail Gorbatsjov kom til Íslands nú í haust sagði hann Pútín vera samherja sinn. Báðir stefni þeir að því að efla raunverulegt lýðræði í Rússlandi, en það verkefni sé hins vegar enginn hæðarleikur.

Í ljósi nýlegra fréttanna af núverandi og fyrrverandi njóns-

urum hjá KGB eða FSB, sem eittrað er fyrir með dularfullum hætti, hafa hins vegar spurningar vaknað um hvort stjórnarferið í Rússlandi sé ef til vill enn í dag undirlagt af leynimakki og harðvítugri valdapólitík þar sem einskis sé svífist, ekki frekar en á tímum Sovétríkjanna.

Fall Sovétríkjanna



Fyrir fimmtán árum liðu Sovétríkin undir lok og jafnframt lauk kalda stríðinu, sem hafði mótað alþjóðastjórnarmál á seinni hluta 20. aldar. Sex árum áður hófst með víðamiklum umbótum Gorbatsjovs sú keðja atburða sem á endanum leiddi til falls Sovétríkjanna.

Júní 1991: Jeltsín kosinn forseti Rússlands

19. ágúst: Kvöldið áður en undirrita átti bandalagssamning sem gæfi lýðveldunum aukið frelsi reyna harðlinumenn að taka völdin meðan Gorbatsjov var á ferðalagi á Krímskaga

1985: Mikhail Gorbatsjov, nýr aðalritari Kommúnistaflokksins, boðar efnahagsumbætur (perestroika) og opin stjórnarmál (glasnost)

1988: Sjálfstæðishreyfingar komast á kreik í Litháen, Lettlandi og Eistlandi

1989: Boris Jeltsín kjörinn á þing sem stofnað er til með umbótum Gorbatsjovs. Austantjaldsblökkinn hrynur þegar Berlínarmúrinn opnast

1990-91: Gorbatsjov boðar fjölflokka-stjórnarmál – en mótmælafundur sjálfstæðis-sinna í Aserbaidsjan og Litháen eru barðir niður harðri hendi

21. ágúst: Valdaránstíraunin fer út um þúfur í kjölfar fjölmennra mótmælafunda þar sem Jeltsín fór fremstur í flokki

22. ágúst: Gorbatsjov snýr aftur til Moskvu en er auðmýktur á þingi af Jeltsín, sem skipar svo fyrir að Kommúnistaflokkur Sovétríkjanna hætti allri starfsemi í Rússlandi

23. ágúst: Gorbatsjov segir af sér sem aðalritari Kommúnistaflokks Sovétríkjanna



6. sept: Fullveldi Litháens, Eistlands og Lettlands er viðurkennt

8. des: Leiðtogar Rússlands, Hvíta-Rússlands og Úkraínu hittast til að leysa upp Sovétríkin og stofna nýtt Samveldi sjálfstæðra ríkja

25. des: Gorbatsjov segir af sér sem forseti Sovétríkjanna og þar með er tilvist þeirra formlega lokið





TÍSKUBYLGJA Hildur segir Hello Kitty tiskubylgju sem fari mjög víða um heim allan um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA


Hello Kitty aftur í tísku

Hildur Aðalsteinsdóttir hjá HB heildverslun hefur flutt inn Hello Kitty-vörurnar í tvö ár en slíkar vörur voru gríðarlega vinsælar fyrir um 25 árum. „Þessar vörur fengust varla hér á landi í um fimmtán ár en eru núna að slá í gegn aftur,“ segir Hildur og bætir því við að þetta sé rosaleg tiskubylgja núna sem komi frá Japan og Bandaríkjunum en dreifist þaðan um allan heim. „Hello Kitty varð þrjátíu ára um daginn en ég held að þetta tengist því ekkert endilega,“ segir hún.

Aðspurð hvernig Hello Kitty varð upphaflega vinsæl segir Hildur: „Ég held að það sé bara vegna þess að Hello Kitty stelp-

an þykir svo sæt. Hún hefur verið mjög vinsæl á alls konar barnadóti og fylgihlutum. Stimpladóti kemur í pínulítilli ferðatösku og hefur verið mjög vinsælt en einnig litlar handtöskur fyrir ungar dómur.“

Hildur segir vörurnar vera allar mjög krúttlegar og því meðal annars vinsælar sem smá-dót í pennaveski, svo sem blýantar, strokleður, yddarar og fleira. „Það sem er vinsælast núna fyrir jólin eru litlar hliðar- og handtöskur fyrir litlar stelpur, bakpokar og stimplasett,“ segir Hildur, sem var einmitt afskaplega hrifin af Hello Kitty sjálf þegar hún var litil stúlka.



KRÚTTLEG Hello Kitty hefur þótt ofsalega krúttleg í gegnum tíðina en margar ungar konur muna eflaust eftir að hafa átt dót með myndum af þessari sætu kisu. - sig



GLIMMERMASKARI Þessi skemmtilegi maskari er kjörinn til að lifga upp á jóla- og áramótaútlitið í ár en hann gefur glitrandi áferð á augnhárin. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Glitrandi glæsileiki

Á jólum og áramótum er gaman að hressa aðeins upp á snyrtibudduna og nú hefur Lancome sent frá sér glitrandi maskara og augnskuggapallettur fyrir jólin. Glimmermaskarinn er borinn fremst á augnhárin, yfir svartan maskara, til að gera augun tindrandi og er óneitanlega spennandi viðbót í snyrtivörusafnið.

Augnskuggaboxin eru í tveimur litasamsetningum, Rose Du Soir og Envoutment, og hægt er að leika sér og prófa sig áfram með samsetningarnar endalaust.



FALLEGIR LITIR Rose Du Soir augnskuggapalletturnar eru í fallegum öskjum og því hin mesta prýði enda minna þær jafnvel á finan fylgihlut. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



AFGREIÐSLUTÍMI
SUNDSTAÐA ÍTR
UM JÓL OG ÁRAMÓT
2006 - 2007

	Laugard. 23.Des	Sunnud. 24.Des	Mánud. 25.Des	Þriðjud. 26.Des	Miðvikud. 27.Des	Fimmtud. 28.Des	Föstud. 29.Des	Laugard. 30.Des	Sunnud. 31.Des	Mánud. 1.Jan	Þriðjud. 2.Jan
Árbæjarlaug	8:00-18:00	08:00-12:30	lokað	lokað	06:30-22:30	06:30-22:30	06:30-22:30	08:00-20:30	08:00-12:30	lokað	06:30-22:30
Breiðholtslaug	8:00-18:00	08:00-12:30	lokað	lokað	06:30-22:00	06:30-22:00	06:30-22:00	08:00-20:00	08:00-12:30	lokað	06:30-22:00
Grafarvogslaug	8:00-18:00	08:00-12:30	lokað	lokað	06:30-22:30	06:30-22:30	06:30-22:30	08:00-20:30	08:00-12:30	lokað	06:30-22:30
Kjalarneslaug	11:00-15:00	10:00-12:30	lokað	lokað	17:00-22:00	17:00-21:00	17:00-21:00	11:00-15:00	10:00-12:30	lokað	17:00-21:00
Laugardalslaug	8:00-18:00	08:00-12:30	lokað	12:00-18:00	06:30-22:30	06:30-22:30	06:30-22:30	08:00-20:00	08:00-12:30	12:00-18:00	06:30-22:30
Sundhöllin	8:00-18:00	08:00-12:30	lokað	lokað	06:30-21:30	06:30-21:30	06:30-21:30	08:00-19:00	08:00-12:30	lokað	06:30-21:30
Vesturbæjarlaug	8:00-18:00	08:00-12:30	lokað	lokað	06:30-22:00	06:30-22:00	06:30-22:00	08:00-20:00	08:00-12:30	lokað	06:30-22:00


Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Laugarnar í Reykjavík





JUSTO Í KIRKJUNNI Justo fékk meðal annars vel greitt fyrir að leika í auglýsingu fyrir Coca Cola, en framlagið fór til kirkjunnar.



EINI AÐSTOÐARMAÐURINN Justo Gallego Martínez hafði einn aðstoðarmann við dómkirkjusmíðina þegar blaðamaður bar að garði, en það var rúmenskur verkamaður sem hamraði litlar járnplötur.



DÓMKIRKJA MEJORADA DEL CAMPO 41 ár er síðan smíði hófst á dómkirkjunni. Frumherjinn, Justo Gallego Martínez, telur að honum muni ekki endast líf til að sjá kirkjuna fullbúna. Hann er nú 81 árs.

FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

Byggir dómkirkju úr endurunnu efni

Árið 1965 héldu flestir þorpsbúar í Mejorada Del Campo að **Justo Gallego Martínez** væri endanlega genginn af göflunum þegar hann byrjaði að byggja dómkirkju í þorpinu, aleinn og án véla, tækja og nokkurrar sérfræðikunnáttu. **Jón Sigurður Eyjólfsson** ræddi við þennan 81 árs gamla mann sem áður var álitinn ruglaður en nú kraftaverkamaður.

Justo var um tvítugt þegar hann gekk í klaustur en 27 ára varð hann að yfirgefa það þar sem hann veiktist af berklum. Hann var þó enn ákveðinn í því að þjóna Guði og kirkjunni. Þegar hann erfði svo jarðir eftir föður sinn ákvað hann að selja þær og hefjast handa við dómkirkjuna í Mejorada Del Campo með leyfi frá Franco upp á vasann.

Enn vantar nokkuð upp á að dómkirkjan sé tilbúin en byggingin er átta þúsund fermetrar og eru hæstu turnarnir yfir sextíu metrar á hæð en miðhvolfið eða kúpurinn um þrjátíu og sjö metrar á hæð.

Fær ekki að sjá dómkirkjuna fullkláraða

„Mér þykir svo vænt um kirkjuna og Maríu mey svo allt sem ég á og geri er tileinkað þeim,“ segir Justo þegar hann er spurður hvers vegna hann hafi ráðist í þessa framkvæmd. „Auðvitað hélt fólk að ég væri eitthvað klikkaður þegar ég byrjaði á þessu. Enda er það kannski ekkert skrítið, hvað myndi maður halda sem kæmi að einhverjum sem væri að bardúsa

á auðu túni og segðist vera að byggja dómkirkju?“ segir hann og brosir við. Svo þungist yfir honum þegar hann er spurður um áætluð verklok. „Ég fæ ekki að upplifa þann dag, það fæst ekki nægur peningur til að klára þetta.“

„Heldur þú að Íslendingarnir fáist til að senda pening?“ spyr hann svo þegar blaðamaður hefur sagt honum hvaðan hann sé. Blaðamaður taldi það alls ekki útilokað og Justo spyr þá hverrar trúar Íslendingar séu. „Já, eruð þið mótmælendur? Ja, þar fór í verra.“

Vilja bleðla en ekki bacalao

Annars er Pablo Cantuel, 84 ára maður Justos, sá sem gengur harðast fram í því að fá fjármagn til verksins. Gestir sem ganga framhjá söfnunarbauknum í dómkirkjunni eru ekki teknir neinum vettlingatökum; því fékk blaðamaður að kynna þegar hann gekk rակleiddis inn án þess að gefa bauknum eða Pablosi gaum. „Hvert ert þú að fara?“ hrópaði hann rámmi röddu og sló stafnum í hjólbörur svo heyrna mátti að hljómburðurinn í dómkirkjunni er afar

góður. Seinna sagði Justo svo við Pablos, til að mykja viðmót hans gagnvart blaðamanni, að hann væri frá Íslandi og það væri athugandi hvort hann myndi ekki fá Íslendinga til að gefa þeim bacalao. „Heldur þú að þú klárir dómkirkjuna með bacalao? Við þurfum pening,“ segir hann og stafurinn er aftur kominn á loft.

Dómkirkja úr endurunnu efni

Justo talar um þetta ævistarf sitt af svo miklu æðruleysi líkt og að dómkirkjur séu hristar fram úr erminni sisona ef vilji sé til staðar. „Ég hef enga verkfræðikunnáttu, ég notast bara við þá kunnáttu sem ég hef úr bókum og héðan og þaðan. Svo notast ég við fyrirmyndir. Kúpurinn er til dæmis áþekkur þeim sem er á Vatíkáninu.“

Efniviðurinn er heldur ekki af dýrara taginu en byggingin er að mestu úr endurunnu efni. Eða eins og Justo orðar það: „Menn láta mig hafa eitt og annað; múrsteina, sement, steinhellur og járn. Það er hægt að gera mikið úr því.“

Í dag fengju sjálfsagt fæstir leyfi til að hefja framkvæmdir á við þessar en sumir hlutir á sjöunda áratugnum voru einfaldari en þeir eru nú. „Ég sótti um leyfi hjá Franco og hann gaf mér það bara. Þá gat ég hafist handa og þurfti aðeins að hafa það hugfast að byggingin sneri í áttina að Jerúsalem.“

Lék í auglýsingu fyrir Coca Cola fyrirtækið

Þorpsbúar sem blaðamaður ræddi við voru flestir hneykslaðir á því að

Justo nyti hvorki styrkja frá ríki né kirkju. En ekki hafa allir haldið að sér hjálparhöndum. Á hverju sumri koma um tvö þúsund gestir að skoða dómkirkjuna og láta margir pening af hendi rakna enda er annars Pablosi að mæta.

84 ára gamall járnsmiður, Alfonso Nunez af nafni, gaf svo dómkirkjunni í fyrra sex hurðir sem allar eru um þrjú metrar á hæð og kirfilega skreyttar. Justo hefur heldur ekki farið varhluta af stóru markaðsöflunum því Coca Cola fyrirtækið fékk hann til að leika í auglýsingu fyrir Aquarius-drykkinn. Fékk hann vel greitt fyrir og framlögum fjölgaði stórlega í framhaldinu.

Um þessar mundir er Justo með einn aðstoðarmann, sem er verkamaður frá Rúmeníu, og var hann að hamra til litlar járnplötur meðan á heimsókn blaðamanns stóð.

En hvað sem framlögum, aðstoðarmönnum og stuðningsaðilum líður þá mætir Justo gamli í dómkirkjuna klukkan sex á hverjum morgni og stendur vaktina til klukkan sex að kvöldi eins og hann hefur gert frá deginum örlagaríka 12. október 1965 þegar hann hófst handa við Dómkirkju Justo Gallego.

Eftir að hafa gengið um þorpið, fengið sér næringu og spjallað við vegfarendur um Justo og ævistarf hans kemur blaðamaður aftur við í dómkirkjunni til að kasta kveðju á kraftaverkamanninn og félag hans. Rúmenski verkamaðurinn, sem er ekki með lögmæta pappíra upp á vasann og vill því ekki segja til nafns, var þá að negla plötur hægt og rólega. Justo svaf hins vegar sitjandi skammt frá. Það þarf því greinilega eitt kraftaverk til ef Justo gamli á að fá að lifa þann dag þegar dómkirkjan verður vígð.

”

Auðvitað hélt fólk að ég væri eitthvað klikkaður þegar ég byrjaði á þessu

ÞÖKKUM FYRIR
FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR
OG ÓSKUM ÖLLUM
GLEÐILEGRAR HÁTÍÐAR
SJÁUMST Á NÝJU ÁRI



Hrafninn lætur sverfa til stáls með nýrri sjónvarpsstöð

„Þeir eru fleiri asnar í fjölmiðlum en þeir sem ætla að sturta milljónatugum niður í prentmiðláklosettið enn einn ganginn, með gamla bátsmenn í brúnni sem eira illa í plássi,“ segir meistari ljósvakans, sjálfur **Ingvi Hrafn Jónsson**, í samtali við **Jakob Bjarnar Grétarsson**. Ingvi Hrafn hefur, ásamt syni sínum Ingva Erni, stofnað fyrirtækið ÍNN sem ætlar að hefja sjónvarps- og vefútsendingar. Hrafninn ætlar í loftið upp úr bóndadegi, eða 19. janúar, og þá geta nú ýmsir farið að biðja bænirnar sínar.

Þegar Fréttablaðið reyndi að ná í skottið á Ingva Hrafn var hann á hraðferð um bæinn. Hann þurfti að hitta menn úti á Granda til að skoða húsnæði þar sem ætlunin er að hýsa hið nýja fjölmiðlafyrirtæki. Ingvi Hrafn er í essinu sínu eins og fyrri daginn. Sláttur á honum eins og kemur á daginn þegar tekst að fá hann til að greina nánar frá þessu nýja veldi á fjölmiðlamarkaði. ÍNN er alfarið í eigu þeirra feðga en rekið í samstarfi við Mentis og Breiðbands- og ADSL-þjónustu Símans. Í þessu viðtali skýtur Ingvi Hrafn í allar áttir og hlífir engum.

Vinstri villan afhjúpuð


„Við fetum okkur áfram hægt og örugglega. Höfum verið að vinna í þessu allt frá því Fréttablaðið greindi frá þessum áformum mínum í haust. Nú erum við, sem sagt, að festa okkur húsnæði. Tækniráðgjafar og tæknimenn eru byrjaðir að hanna stúdíóið. Ef allt fer samkvæmt áætlun gerist þetta uppúr bóndadegi. Getur vel verið að það verði ekki allt tilbúið akkúrat þá en þá bara það. Ég get sagt frá því, svona í „jólaforbífarthen“ að hvar sem ég er og fer eru allir að spyrja hvort Hrafnabing sé ekki á leiðinni í loftið á ný. Ég lofa ykkur því að þið farið ekki í kosningar 140 daga inn í nýtt ár öðruvísi en málefnið verði brotin til mergjar á la Hrafninn þar sem ábyrgðarleysi vinstri villunnar verður afhjúpað sem aldrei fyrr í umleitan til að forðast tsunami 12. maí.“

Ingvi Hrafn talar um ÍNN sem ákaflega skemmtilegt verkefni. Nauðsynlegt að hans sögn eftir að „þessum blessuðum mönnum, kollegum mínum, tókst að eyðileggja Talstöðina og svo eyðileggja þeir NFS. Á alveg ótrúlega skömmum tíma. Hlýtur að jaðra við met. Skammsýnin, og mér liggur við að segja heimskan, hún reið ekki við einteyming,“ segir Ingvi Hrafn sem var einmitt á þeim báðum miðlum með sinn skelegga þátt – Hrafnabing.

Glæpsamlegt frumvarp

Og Ingvi Hrafn er kominn í gang. Reyndar þarf ekki að hvetja gæðinginn úr sporunum, frekar að menn reyni að halda í beislið þegar hann fer á stökk. Ingva er mikið niðri fyrir þegar hann tjáir sig um þau myrku ský sem greina má við sjóndeildarhringinn. Nefnilega nýtt frumvarp um Ríkisútvarpið þar sem hann var einmitt fréttastjóri á sínum tíma:

„Við erum búinir að tryggja okkur fjármagn til að halda stöðinni í loftinu í það minnsta sex mánuði. En hversu umfangsmikil dagskráin á ÍNN verður ræðst af því hvernig Sjálfstæðisflokkurinn afgreiðir Sikileyjarfrumvarpið um RÚV. Sem mun gera Pál Magnússon að sannkölluðum Corleone. Frumvarpið er glæpsamlegt í mínum bókum. Menntamálaráðherra hæstvitur sér ekki upp fyrir koppinn sinn. Menn eru alltaf að hugsa um Jón Ásgeir, Baug, 365, en málið er að þetta frumvarp mun skerða stórkostlega alla þróunarmöguleika í þessum miðli. Þessu gleyma menn. Gömlu sjónvarpsstöðvarnar, fréttastofurnar, tapa áhorfi í hverri viku. Vegna þess að fólk sækir fréttir sínar einfaldlega á Netið daginn út og inn. Að Páli sé gert kleift að ota ríkisapparátinu óhindrað inn á auglýsingamarkað er eins og að senda fíl í postulínsbúð.“



NÝTT HÚSNÆÐI Feðgarnir skoða sig um í húsnæði úti á Granda sem mun hýsa starfseminu. Ingvi Hrafn gefur ekki mikið fyrir fréttir í sjónvarpi eins og þær eru núna. Allt eins og það var árið 1985 nema stundum standa Páll, Sigmundur og Edda þegar þau lesa. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Sjálfstæðismenn betur máli farnir

Aðspurður um hvaða fjársterku aðilar standi á bak við stöðina svarar Ingvi:

„Ingvi Hrafn Jónsson til að byrja með. Fullt af mönnum sem segja: Megum við vera memm. Við sjáum við til hvað gerist. Málið er að kostnaður við tæknina í dag er orðinn svo lítill. Þetta kostar ekki skrillljónir eins og það gerði. Fá má

„Maður forðar sér úr loftinu þegar stóru strákarnir koma. En þetta verður rennandi dagskrá, þættir um viðskipti og stjórnmál með stöðugu fréttavafi. Þáttaútsending verður rofin til að greina frá því nýjasta. ÍNN stendur fyrir Íslands nýjasta nýtt. Og þarf engan snilling til að sjá að þar er verið að vísa til CNN.“

Ingvi Hrafn er yfirlýstur

svo miklu betur máli farnir og með miklu betri málafylgju.“

Páll, Edda og Sigmundur ... allt við það sama

Ingvi Hrafn er einhver reyndasti fjölmiðlamaður landsins. Var lengi á Mogganum, svo fréttastjóri bæði á Ríkissjónvarpinu og á Stöð 2. Umdeildur en óneitanlega hressilegur. Aðspurður um hvernig

áður á vefnum. Það er bara þannig. En spurðu mig að þessu þegar komið hefur í ljós hvort þingið afgreiði þetta RÚV-frumvarp. Ég er alveg eins á því að sjálfstæðismenn heykist á því og vilji ekki ganga til kosninga með það á samviskunnni að svo glæpsamlegt frumvarp verði að lögum svo skömmu fyrir kosningar. En sjónvarp í dag? Pufffff, það er

” En hversu umfangsmikil dagskráin á ÍNN verður ræðst af því hvernig Sjálfstæðisflokkurinn afgreiðir Sikileyjarfrumvarpið um RÚV. Sem mun gera Pál Magnússon að sannkölluðum Corleone. Frumvarpið er glæpsamlegt í mínum bókum.

fína stúdíókameru, Sony, á 200 þúsund kall sem tekur þessa finu digital-mynd. Dýrustu græjurnar eru mixerinn sem kostar eina og hálf milljón.“

Ekki er búið að negla neitt niður enn hvað dagskrárgerðarmenn varðar. En ráðgert er að hafa útsendingu frá eitt til sex og svo endurflutning.

sjálfstæðismaður, en segir að í dagskrárgerðinni verði einnig menn úr öðrum flokkum.

„Ef ég finn einhvern kjaftforan og vel máli farinn Samfylkingarmann þá leggst ég við fætur hans og reyni að fá hann. Þeir eru bara svo fáir sem skiljast. Og verða strax illa liðnir eins og þingflokkur Samfylkingar. Við sjálfstæðismenn erum

fjölmiðlalandslagið horfi við honum eins og það er núna stynur Ingvi Hrafn þungan – fallast nánast hendur.

„Ohhhh, fjölmiðlaumhverfið núna ... Það er á þeim punkti að ég þarf ekki að setjast niður klukkan hálf sjö til að horfa á kvöldfréttir. Þar kemur ekkert fram sem ekki hefur gengið allan sólarhringinn

ekkert öðruvísi en var þegar ég tók við stjórn fréttastofu Ríkissjónvarpsins haustið 1985 og bylti því. Ekkert hefur breyst. Enn er verið að lesa sömu fréttirnar. Páll, Edda, Sigmundur, eru að lesa sömu fréttirnar. Stundum standa þau upp í staðinn fyrir að sitja. That's it. Það er bara nákvæmlega svona.“ ■

EF ÉG YNNI TVÖFALDA POTTINN Í LOTTÓINU MYNDI ÉG BARA HALDA TVENN JÓL

Lýður Oddsson, Lottóvinningshafi

8 MILLJÓNIR Í FYRSTA VINNING

**Mundu Disney leikinn.
Síðasta fjölskyldan dregin út í kvöld.**



Öllum 10 raða Lottósedlum með Jóker fylgir happanúmer. Í hverri viku fram að Þorláksmessu drögum við út ævintýrlega ferð fyrir alla fjölskylduna.*

*M.v. 2 fullorðna og 2 börn.

Sjálft bragðið af jólnunum

Flestir geta verið sammála um að jóladrykkurinn eini sanni er hin fróma blanda, malt og appelsín. Enginn veit hvernig þessi blanda er til komin en ein er sú kenning sem þykir öðrum trúlegri að sögn **Andra Guðmundssonar** og **Lárusar Berg** hjá Ölgerðinni: Á krepputímum var appelsínið notað til að drýgja hið dýra malt.

Andri Guðmundsson er forstjóri Ölgerðarinnar. Auðvitað ekki alveg hlutlaus umsagnaraðili en enginn vafi leikur á um það í huga hans að þetta sér hinn eini sanni jóladrykkur: Egils malt og appelsín. „Því verður ekki breytt svo auðveldlega. Það þarf þá eitthvað meiri háttar að koma til.“ Ölgerðin framleiðir bæði maltið og appelsínið þannig að orð Andra koma ekki beinlínis á óvart. Hins vegar má ætla að þeir séu ekki margir til að mótmæla þessum orðum.

Að sögn Andra er hins vegar ekki vitað hvernig þessi þekktu blanda er til komin. Bara tilgátur. „Ég hef oft spurt Lárus Berg, framkvæmdastjóra á tæknisviðinu, út í þetta. Hann þekkir söguna betur en nokkur annar. Og þær eru margar tilgátur. Sú helsta er að þegar kreppan var þá drýgðu menn maltið, sem var mjög dýrt, með appelsíni. Maltið kom til árið 1913 og er fyrsti drykkur fyrirtækisins. Appelsínið varð til töluvert síðar. En þetta er gáta.“

Gat í sögunni

Fréttablaðið taldi rétt að heyra ofan í Lárus sjálfan. Hann hefur verið hjá Ölgerðinni allt frá árinu 1978 og reyndar fyrr því strax um 1960 var hann farinn að starfa þar sem sumarstrákur. Lárus tekur undir með Andra.

„Þetta er gáta. Menn mér eldri voru að reyna að finna út úr þessu en komust aldrei að því hvernig þetta er til komið. Menn eru ekki klárir á því. Hvort menn voru að drýgja maltið af því það var svo dýrt. Það veit enginn. Þegar ég var barn var þetta ekki blandað, eða um 1954. En strax þegar ég er á unglingsaldri þá er farið að blanda þetta saman. Um 1960. Þá var farið að blanda þessu saman heima. En vel má vera að menn hafi verið farnir að stunda það á öðrum heimilum. Þetta er gat í sögunni. Og ég hef aldri fengið nákvæma vitneskju um þetta atriði.“

Uppskriftin hernaðarleyndarmál

Ljóst er að mönnum hjá Ölgerðinni þykir miður að vita ekki hvernig á því stendur að þessi drykkur, sjálft bragðið af hinum íslensku jólnum, er til kominn. Lárus segir svo frá að árið 1913 hafi maltið komið til sögunnar sem fyrsti drykkur fyrirtækisins. En það er komið að lokuðum dyrunum þegar spurt er nánar út í þann drykk. Algert hernaðarleyndarmál.

„Uppistaðan er maltkorn „ nei, nú má ég ekki segja meira. Bruggunin byggist á sínum hefðum. Þetta er algerlega einstakt. Tómas Tómasson, stofnandi Ölgerðarinnar, fór til Danmerkur að læra ölgerð. Hann kom heim með uppskrift í farteskinu. Sem hann lagaði svo að íslenskum smekk. Já já, maltið hefur alltaf verið eins. Aldrei breyting á maltinu. Sá sem myndi breyta því yrði rekinn með það sama. Allar götur eins. Sömu aðferðum beitt við bruggun þess. Og þessi vara var verulega dýr á sínum tíma.“

Fátæktin skapar tiskuréttina

Maltið er stolt Ölgerðarinnar. En þeir eru ekki síður ánægðir með appelsínið. Hinn faktorinn í þessari blöndu. „Það er algerlega júníkk, þú færð hvergi svona appelsín. Ég hef verið að smakka orange-drykki erlendis og reynt að finna eitthvað sem jafnast á við appelsínið. En það er hvergi. Það er samsetningin sem ræður. Enn og aftur. Blandan,“ segir Lárus og ekki hægt að fá orð upp úr honum umfram það þegar talið berst að því hvernig appelsínið er gert.

Líkt og með svo margar uppfinningar sem skipta sköpum í sögunni má allt eins gera ráð fyrir því að drykkurinn sé til kominn



fyrir misskilning. Einhver NN hafa fundið þetta upp. En meðan annað kemur ekki í ljós verður stuðst við þá kenningu að drykkurinn sé til kominn vegna þess að menn vildu drýgja hið dýra malt. Það stemmir við upplýsingar sem Árni Björnsson þjóðháttafraeðingur setur fram í nýrri bók sinni, Saga jólnanna. Rjúpur voru til dæmis fátækramatur en vegna þess að húsfreyjurnar, kokkarnir á heimilinu, nostruðu svo mjög við að útbúa matinn svo hann væri fram-bærilegur varð rjúpan með tíð og tíma tiskumatur. Og er svo með ýmislegt annað á sviði matargerðar.

„Ég set maltið á undan“

En hvað er það sem gerir malt og appelsín svona þekkilegan drykk?

APPELSÍN Lárus segir þennan íslenska orange-drykk algerlega einstakan í heiminum sem og maltið.

MALT Fyrsti drykkur fyrirtækisins en Tómas Tómasson, stofnandi fyrirtækisins, kom heim upp úr síðustu aldamótum með uppskrift í farteskinu.

Lárus framleiðslustjóri segir þetta fara svo vel saman:

„Þetta dimma bragð í maltinu sem er og svo kemur þessi fríski orange-keimur með. Og nú skulu menn athuga að ekki er sama hvers konar orange-drykkur það er. Þetta geta menn sannreynst sjálfir. Það verður að vera Egils appelsín.“

Það var nefnilega það. Og svo er það froðan sem skiptir máli. Sú sem kemur þegar þessum drykkjum er blandað saman. Lárus upplýsir að menn geti blandað þessu saman þannig að eigi við smekk hvers og eins.

„Setjirðu maltið á undan þá æsir þú það upp með appelsíninu. Og færð þannig meiri froðu. Fari appelsínið á undan þá freyðir ekki eins mikið. Persónulega finnst mér það ekki eins gott. Ég set maltið á undan.“

Órjúfanlegur partur jólnanna

Fyrir nokkrum árum fór Ölgerðin að bjóða upp á þessa blöndu í sérstökum dösúm. Þó

ANDRI OG LÁRUS Ölgerðarmennirnir blanda sér jóladrykk. Hvernig þessi blanda er til komin er hulin ráðgáta.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

svo að Lárus sé ófáanlegur til að upplýsa um eitt eða neitt sem talist geta hernaðarleyndarmál tókst rannsóknarblaðamanni Fréttablaðsins að toga það upp úr honum að þar er blandað til helminga. „Fifftíu fifftí.“

„Sú blanda er talin falla flestum í geð,“ segir Lárus.

Framleiðslustjórinn gefur afar lítið fyrir það aðspurður hvort menn hafi reynt að blanda malt og appelsín með öðrum hætti. Til dæmis með því að setja saman við Coca Cola.

„Ég veit það ekki. Ekki svo ég hafi heyrt. Og alveg ábyggilega ekki með neinum árangri svo heitið geti. En maður veit náttúrulega ekki hverju fólk tekur upp á.“

Ekki fer á milli mála að þeir Lárus og Andri eru stoltir af sinni framleiðslu. Og mjög færast í aukana að þeir séu að senda malt og appelsín til útlanda. Til Íslendinga sem þar eru búsettir. Svo þeir fái á tunguna þetta eina sanna íslenska jólabragð. Órjúfanlegur partur af jólnunum.

jakob@frettabladid.is



”

Já já, maltið hefur alltaf verið eins. Aldrei breyting á maltinu. Sá sem myndi breyta því yrði rekinn með það sama.

Gleðileg Sony jól



Upplausn: 1366x768 HD ready • Contrast: 1200:1 • Birta cd/m2: 450
3D Comb Filter • BBE ViVa HD3D hljómtækni • SRS Trusurround
XT hljómtækni • Borðstandur fylgir

★★★★★
**BESTA
VERÐIÐ!**

KDL32U2000
119.950,-
Staðgreitt
9.995,-
á mán. í 12 mán. með
Visa/Euro raðgreiðslum

SONY



BRAVIA Engine með Live Color Creation • Upplausn: 1920x1080 Full HD 1080
3D Comb Filter • BBE ViVa HD3D hljóðtækni • SRS Trusurround XT hljómtækni
Borstandur fylgir • Contrast: 1:1800 (Dynamiskur 1:8000) • Birta cd/m2: 450

★★★★★
Besta sjónvarp
í heimi!
WHAT HI-FI?

W2000 40"
449.950,-
Staðgreitt
37.495,-
á mán. í 12 mán. með
Visa/Euro raðgreiðslum

W2000 46"
599.950,-
Staðgreitt
49.995,-
á mán. í 12 mán. með
Visa/Euro raðgreiðslum

SONY



HD-ready upplausn 1366 x 768
Innbyggður DVD/CD/SA-CD spilar
DivX og MP3 afspilun • 200W
S-Master magnari • Innbyggður
bassahátalari • Tengi fyrir tölvu
Skiptanleg framhlið margir litir í boði

Innbyggt heimabíó
og DVD spilar
og raðrífnum framhlið
sem lokar tækinu þegar
það ekki er í notkun!

ESPRIT 1
499.950,-
Staðgreitt
41.662,-
á mán. í 12 mán. með
Visa/Euro raðgreiðslum

SONY



Sony D-SLR myndavél • 10 megapíxlar
Hristivörn á myndflögu

Alpha 100
99.950,-
Staðgreitt
8.330,-
á mán. í 12 mán. með
Visa/Euro raðgreiðslum

SONY

**Kauptu
Sony hjá
Sony!**

Sony Center Kringlunni

WWW.SONYCENTER.IS SÍMI 588 7669

like.no.other

Gabb, blöff og allt í plati

Á dögnum tilkynnti belgíska ríkissjónvarpið að flæmski hluti landsmanna Belgíu hefði lýst yfir sjálfstæði og hygðist stofna eigið ríki. Fréttin olli uppþoti og reiði í landinu, en í ljós kom að hún var einungis vel undirbúið gabb. *Steindór Grétar Jónsson* skoðaði fleiri göbb, framkvæmd í gróðavon eða gríni, sem hafa valdið heilabrotum gegnum tíðina.

Fjöldi Bandaríkjamanna lét gabbast árið 1938 þegar útvarpsleikritið *Innrásin frá Mars* eftir Orson Welles var frumflutt og hélt að Marsbúar hefðu fyrir alvöru lent á jörðinni.

Svipuð voru viðbrögðin í Belgíu þegar ríkissjónvarpið RTBF tilkynnti að Flæmingjar hefðu lýst yfir sjálfstæði. Þúsundir manna hringdu í örvæntingu í fjölmiðla og stjórnmálamenn og fjöldi fólks þusti út á göturnar til að sýna óánægju sína. Gabbíð hafði verið tvö ár í undirbúningi, en mætti litlum skilningi þegar ljóstrað var upp um það.

Mikill stuðningur er við aðskilnaðaröfl í landinu og var það markmið aðstandenda frétta-rinnar að skapa umræðu um málið. „Ætlun okkar var að kynna belgískum áhorfendum hversu miklu máli þetta skiptir fyrir framtíð Belgíu og að mögulega muni Belgía ekki vera ríki innan nokkurra mánaða,“ sagði yfirmaður RTBF. „Við hræddum þó greinilega marga, fleiri en við höfðum ætlað okkur.“

Hoppidagurinn

Hinn 20. júlí síðastliðinn átti alþjóðlegi hoppidagurinn sér stað. Skipuleggjendur hans sögðu að 600 milljónir manns á vesturhveli jarðar hygðust hoppa látaust í tvær mínútur á slaginu 11.39.13 í því skyni að færa jörðina af sporbaug yfir í annan sem myndi stöðva afleiðingar gróðurhúsa-áhrifa.

Dagurinn var í raun gjörningslistaverk þýska listamannsins Torsten Lauschmann, en margir tóku þó hugmyndina alvarlega og höfðu 600 milljónir manna skráð sig til leiks, samkvæmt síðunni www.worldjumpday.org, en það er um helmingur allra netnotenda heims. Þessar tölur voru þó líklega falsaðar sem hluti af gabbinu.

Vísindamenn hafa bent á að fjöldahopp af þessu tagi geti ekki mögulega haft áhrif á sporbaug jarðar, en aðstandendur verkefnisins héldu því fram að vegna góðrar þátttöku hefði meðalhita-stig jarðarinnar lækkað lítillega á hoppidaginn.

Walken 2008

Haustið 2005 birtist síða á netinu þar sem tilkynnt var að leikarinn góðkunnir Christopher Walken ætlaði í forsetaframboð í Bandaríkjunum haustið 2008. „Landið okkar góða er á hrikalegri niðurleið,“ var haft eftir Walken á síðunni. „Við verðum að beina athygli okkar að því sem er mikilvægt, að sýna börnunum, borgurunum og framtíðinni athygli. Það er tími til kominn að koma Bandaríkjunum aftur á beinu brautina.“

Walken kom af fjöllum þegar hann var spurður út í hver stæði fyrir síðunni í spjallþætti Conan O'Brien stuttu seinna. Honum þótti uppátækið myndi, en datt aðspurðum ekkert betra kosninga-slagorð í hug en „Enga dýragarða! Ég vil að öll dýrin verði frjáls!“

Paul er dauður

Í árslok 1969 fór fjöllunum hærra orðrómur um að Paul McCartney, bassaleikari Bítlanna, hefði látist árið 1966. Bítlanir hefðu þó ekki látið bugast og einfaldlega skipt honum út fyrir annan söngvara. Sá hétí William Shears Campbell og hefði unnið McCartney-eftirhermukeppni.

Aðdáendur Bítlanna kepptust við að lesa í tónlist og plötuumslög hljómsveitarinnar í leit að vísbendingum um lát McCartneys. Með því að sjóða saman nokkur textabrot komst þeir að því að



Allt í plati

Belgíska ríkissjónvarpið RTBF tilkynnti sjálfstæði Flæmingja, Christopher Walken sagður hafa farið í forsetaframboð, tíu milljónir króna fyrir falsaðar dagbækur Hitlers og krufning á geimverum sem áttu að hafa brotlent árið 1947 við bæinn Roswell í Bandaríkjunum.

McCartney hefði látist í bílslysi. Hann hefði ekki tekið eftir rauða ljósinu af því að hann hefði verið of upptekinn við að horfa á stöðumælavörðinn Ritu.

Margar vísbendingarnar um dauða Pauls má finna með því að spila lög afturábak og er það helst á plötunum Sgt. Pepper's, Magical

BROT ÚR FRÁSÖGN TÍMAFLAKKARANS JOHN TITOR UM FRAMTÍÐINA

2005-2015 Borgarastyrjöld í Bandaríkjunum.

2012 Rauðahafið verður klofið í tvennt líkt og Móses gerði.

2015 Þriðja heimsstyrjöldin brýst út, Kína hertekur nágrennaríki og ræðst á Ástralíu, 3 milljarðar manna láta lífið. Bandaríkjunum er skipt í fimm hluta eftir stríð, hvern með sínum forseta. Omaha í Nebraska verður höfuðborg.

2036 Herþjónusta er daglegt brauð, Microsoft og Yahoo líða undir lok, en Napster er enn vinsælt, kúariða er mikið vandamál og í Texas búa eingöngu Mexíkanar.

Mystery Tour, Hvíta alúminu og Abbey Road sem vísbendingar er að finna. McCartney er þó enn sprellifandi, þótt hann sé kannski ekki kátur þessa dagana, enda nýbúinn að ganga í gegnum erfiðan skilnað.

Geimverukrufning

Sagan segir að fljúgandi furðuhlutur hafi brotlent árið 1947 í nágrenni við bæinn Roswell í Nýju Mexíkó í Bandaríkjunum. Stjórnföld höfnuðu þessu og sögðu að fyrirbærið hefði verið veðurloft-belgur sem hrapaði. Þetta er ein af mörgum ráðgátum um geimverur sem áhugamenn um allan heim hafa rýnt í.

Myndatökumaðurinn Ray Santilli skaut fram á sjónarsviðið árið 1995 þegar hann sýndi myndband af vísindamönnum að kryfja það sem leit út fyrir að vera geimvera frá öðrum hnetti. Hann sagði að myndatökumaður úr bandaríska hernum hefði tekið myndbandið upp í tjaldi stuttu eftir Roswell atvikið.

Árið 2006 viðurkenndi Santilli reyndar að myndbandið væri falsað, en hélt því þó stöðugt fram að það væri endurgerð á öðru myndbandi sem hann hafði séð árið 1990, en týndist stuttu seinna. Einnig væru nokkrir rammar úr myndbandinu teknir

úr því myndbandi. Þetta hefur þó ekki fengist sannað.

Dagbækur Hitlers

Í apríl árið 1983 keypti þýska tímaritið Stern brot af texta sem voru talin vera dagbækur Adolfs Hitler, leiðtoga nasista og einræðisherra Þýskalands, frá árinu 1932 til dauðadags hans árið 1945. Tímaritið borgaði tíu milljónir þýskra marka fyrir textann og við skoðun töldu fjölmargir virtir sagnfræðingar hann vera ekta.

Bláamaðurinn Gerd Heide-mann sagðist hafa uppgötvað dagbækurnar og að þær hafi fundist í flugvél sem hrapaði nálægt Dresden árið 1945.

Allt þetta reyndist tómur uppsuni. Innan nokkurra vikna kom í ljós að dagbækurnar voru illa vandaðar falsanir, skrifaðar á nútímapappír með nýrri gerð bleks og fullar af sagnfræðilegum rangindum. Meðal annars stóð skammstöfunin FH á forsiðunni, en ekki AH, og hafði falsarinn greinilega ekki þekkt vel til gamaldags þýskts leturs. Texti bókanna var að mestu fenginn beint upp úr gömlum ræðum Hitlers.

Tímaritið beið mikinn álits-hnekki vegna málsins og neyddust ritstjórar þess til að segja af sér. Sagnfræðingarnir sem höfðu farið

yfir handritin fengu einnig skömm í hattinn, en upp komst um falsarann bíræfna og fékk hann fjögurra og hálfis árs fangelsisdóm fyrir uppátækið.


Tímaflakkarinn

Á árunum 2000 og 2001 tóku að birtast færslur á umræðuvefjum áhugamanna um tímaflakk frá manni að nafni John Titor. Sá sagðist vera hermaður frá árinu 2036 sem hefði ferðast aftur í tímann til að ná í IBM 5100 tölvu sem ríkisstjórnin þurfti til að stilla tölvur framtíðarinnar.

Í skrifum sínum sagði Titor frá atburðum framtíðarinnar og lýsti því yfir að þriðja heimsstyrjöldin væri í nánd, en hún á víst að hefjast árið 2015 með kjarnorkuátökum í Mið-Austurlöndum. Hann sagði einnig að upp úr árinu 2004 yrði mikil öldil í Bandaríkjunum sem yrði til þess að borgarastríð brytist út í kringum forsetakosningarnar 2008.

Titor vildi lítið gefa upp um hvernig tímavélin hans virkaði, en sagði að Ólympíuleikarnir árið 2004 yrðu þeir seinustu sem yrðu nokkurn tímann haldnir. Sú spá brást þegar Vetrarólympíuleikarnir fóru fram í febrúar síðastliðnum með glæsibrag. Ekkert hefur spurst til Titors síðan 2001. ■

Meistarinn er fyrir alla fjölskylduna!



MEISTARINN



Meistaraspilið er komið í verslanir

Meistarinn er spil sem byggt er á samnefndum spurningabætti Stöðvar 2. Spilið býður upp á fjölbreyttar spurningar þar sem keppendur geta sýnt snilli sína ásamt því að kalla fram hámarksspennu milli þeirra.

Hver verður meistarinn
heima hjá þér?



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



ÆVINTÝRIÐ Í ENGLABORG



JÓLABLAÐIÐ KOMIÐ ÚT!



MÁLUM BÆINN RAUÐAN

100 HUGMYNDIR FYRIR JÓLABÖRNIN



LAGT Á HÁTÍÐARBORÐIÐ



ÁSKRIFTARSÍMI 550 5060 | WWW.VISIR.IS

STUÐ MILLI STRÍÐA Síðasti rjóni veraldar

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR BARDIST Á VÍGVELLI JÓLANNA



Ég er svo heppin að vera búin að koma öllum nauðsynjavörum í hús fyrir jólin og þarf því lítið annað að gera í dag en ekki neitt. Ég er strax farin að slaka á og gleyma því að til sé nokkuð sem heitir vinnustaður. Ég er búin að fá mér jólabjór og er eitt aulabros eyrnanna á milli. Enda er ég í fríi, jólafríi.

Ég hélt í fyrradag að ég myndi ekki hafa þetta. Ég fór nefnilega í Bónus, sem er hættulegur staður svona rétt fyrir jól. Ég gaf mér nokkrar sekúndur í að anda og

blása áður en ég greip mér gula kórflu í hönd og hélt inn á ólgandi stríðssvæði úttaugaðra húsmæðra, ráðvilltra eiginmanna og yfirspennta barna. Marineraður vígvöllur jólanna. Gular innkaupakörfur stefndu á mig úr öllum áttum, taugatrektur húsbóndi fálmaði skelfingu lostinn eftir bestu mandarinunum og ógnvekjandi konur í miðri matseld gáfu mér illt auga þegar ég nálgadist mjólkurkælinn, enda rjóminn alveg að klárast. Ég skipti út ham. „Ég skal komast héðan út lifandi. Ég skal ná rjómanum!“ hugsaði ég og tók á sprettinn með gulu kerruna í eftirdragi sem ískraði herra og herra eftir því sem fráir fætur mínir báru mig hraðar

og hraðar í átt að rjómanum sem beið mín bakvið skæruliða-húsmæðurnar. „You can't take away my freedom!“ ómaði í huga mínum og mér fannst ég svífa yfir pulsurrekkan með blaktandi hárið í golu kjótkælisins, og viti menn, ég náði rjómanum. Og ég komst út lifandi. Ég er alveg með þetta.

Þannig að nú mega jólin koma fyrir mér. Ég er sátt, ég á rjóma, og ég á bjór og hvað þarf maður meira um jólin?

Ég er búin að bíða eftir þessum degi allan desembermánuð. Frí. Ég ætla að segja það aftur. Frí. Fallgett þetta orð, frí. Líka skemmtilegt hvernig það rímar við víðifífi.

Góðar jólastundir.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Glæsileg jólatilboð



Posturepedic
Stuðningur sem þú treystir, þægindi sem þú elskar

Stærsti rúmaframleiðandi í heimi!

Sealy Posturepedic eru vinsælustu heilsurúm Bandaríkjanna síðastliðin 30 ár. Sealy eyðir meiri fjármunum í vörubrún en allir aðrir dýnuframleiðendur heims.



Einkaleyfin 4 frá Sealy:




Ert þú með þitt svefn DNA á hreinu?

ERGOSLEEP
fullkonnasta svefnkerfið

Hátæknirúm

Besta svefnkerfið samkvæmt samanburðarránsóknum. Svæðaskiptur stífleiki, fjaðureiningar með minni.



Heilsan
framar öllu

mediline+

Hin mikla breidd MediLine línunnar uppfyllir flestar kröfur um fjölbreytileika og þægindi.

Rúmin í MediLine línunni eru til í fjölmörgum gerðum, stærðum og stífleikum þannig að flestir ættu að geta fundið hvílu við sitt hæfi.

Glæsilegur gjafapakki að verðmæti allt að **kr. 39.900** fylgir hverju seldu hjónarúmi



15%

afsláttur

Af mjúku vörinni, gjafavörinni og völdum rúmum og hvíldarstólum.

Opið alla sunnudaga til jóla
frá kl. 13 - 16

Mjúka deildin Hágæða sængur og heilsukoddar. Úrval af sængurfatnaði og rúmteppum.

Gjafavara í miklu úrvali frá þekktum vörumerkjum. Rúmföt, rúkþessi, handklæði, sloppar, baðmottur og baðvara. Veisludúkar, hördúkar og löberar.



Opið virka daga: 10-18, laug.: 11-16 og sun.: 13-16

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954



Kl. 16.00

Arnaldur Indriðason ártar bók sína *Konungsbók í Þjóðmenningarhúsinu*. Höfundur mun koma sér fyrir nálægt hinni einu sönnu *Konungsbók Eddukvæða*, handriti frá síðari hluta 13. aldar, sem er til sýnis á sýningu *Arnastofnunar Handritin í Þjóðmenningarhúsinu*. Í bók *Arnaldar er það einmitt leyndarmál tengt Konungsbók Eddukvæða sem leiðir atburðarásina áfram*.

menning

menning@frettabladid.is

Allir í óperukaróki

Óperusöngvarinn geðþekki Davíð Ólafsson hefur umsjón með svokölluðu óperukaróki á Porlákumessukvöld en með fram íðandi jólamstrinu hafa margir gripíð tækifærið fegins hendi og látið í sér heyra í Íslensku óperunni milli verslunartarna. Hefur þetta framtak hans vakið stormandi lukku en í fyrra ómaði söngurinn út í Ingólfsstræti langt fram eftir kvöldi. Davíð mun spila þekkt lög af geisladiskum og bjóða gestum og



gangandi að taka lagið með sínu nefi. Einnig mun hann fá til sín góða gesti og að sjálfsgögu tekur hann lagið sjálfur.

Það verður því án efa gríðarleg jólastemning í Óperunni í kvöld. Dagskráin hefst kl. 20 en kaffihúsið Sólun verður með veitingasölu á staðnum ef hungrið sverfur að söngvurunum.

ÞAÐ ER EKKERT MÁL AÐ SKELLA SÉR Í KARÓKI
Davíð Ólafsson tekur söngelskum fagnandi í Íslensku óperunni í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



> Dustaðu rykið af...

skákborðinu. Það brýnir hvelin og stýttir stundirnar að tefla auk þess sem íþrótt sú hentar ungum bæði og öldnum.

Tekist á við tossabandalagið

Ég keyri inn í völuarhús. Það er slagveður, dimmt og rigning og umferðin hæg á Vesturlandsveginum. Hraðinn yfir mörkum og sviptingar á veginum snarpar og tillitslausar. Ég er á leið í miðhús *Einars Más Guðmundssonar*. Úr jaðrinum inn í miðju. Heim til Einars.

Hann stendur í myrkrinu og tekur á móti gesti glaður í hlaðinu. Í ritstofnun hans eru bunkar af pappír, skjöl, handrit, blöð, og bækur. Í fyrirkvöld og í gær var hann að lesa upp úr nýrri ljóðabók sem kom út snemma í bókavertíð, fyrsta ljóðabókin hans um margra ára skeið. Hún kemur út í danskri þýðingu í vor, rétt í kjölfarið á stórum safnútgáfum af eldri skáldsögum.

Fyrst að ljóðabókinni nýju?

„Ég vinn margt í einu. Það er aðferð sem hefur mótast gegnum tíðina. Ég byrjaði þannig, skrifaði og skrifaði, úr fimmhundrað ljóðum kom kannski eitt sem var nothæft. Ég á þetta efni allt í kössum. Þetta er einskona samtali við mann sjálfan. Ég byrjaði í ljóðunum og þau þróuðust svo út í sögur. Þegar maður les Róbinson kemur allt í einu bernskuljóð. Bernskan fær rödd, sem ég þróaði svo áfram yfir í Riddara hringstígans og þær sögur.“

Er það óhjákvæmilegt þegar menn taka að setja saman sögur að þeir fari í gúmmistígvélin og sæki aftur í bernsku sína?

„Það fer eftir hvar menn eru staddir held ég. Akveðin gerð sagnalistað sækir í minnið. Íslendingasögurnar eru til dæmis bernskusögur þjóðar. Gunnar Gunnarsson og Gabriel Garcia Marques gera þetta hvor með sínum hætti.“

Stelpu- og strákabækur

Nú var bernskusögum þínum ekki vel tekið af sumum í bókmenntastofnuninni: Helga Kress kallaði þær strákabækur?

„Nei, það þótti ekki fínt í þeirri veröld, að vera strákur og skrifa bækur, það var baneitradur kokteill. Próffessor Ástráður Eysteinnsson var líka gerður út af örkinni, það má segja að þau séu andlegir arkitektar þeirrar múgsefjunar sem stundum er kallað tossabandalagið. Ég er ekkert að vanvirða fræðimennsku þessa fólks, hvorki fyrr né síðar, en tónninn hjá Ástráði var, þarna er kominn náungi sem skorar bókmenntirnar á hólmi, við skulum taka hann niður. Þetta er einhver misheppnaðasta aftaka sem farið hefur fram, enda er ég sprellumandi og enn í fæting við vindmyllur orðanna.“

Síðan hefur þetta færst yfir á eitthvað svona síðedegisblaðmentalitet, um Vogasögur, strákasögur, ég meina, hvers eiga Vogarnir að gjalda? Menn búa til staðfræði sem segir, saga má gerast í sveit, saga má gerast í New York, en ekki í Vogunum. Hvað myndu menn segja ef ég léti sögu gerast á Vog? Þetta hefur farið rosalegt í taugarnar á sumu fólki og það breiðir úr einhverjum svona eldhúsbordapirringi yfir alla þjóðina, eiginlega mígur yfir hana einsog Thor sagði um

Kristmann. Þessi viðhorf hafa verið algeng hjá sorpblaðamönnum, en það þýðir ekkert að vera að æsa sig yfir þeim. Ég verð bara að búa við þetta, þetta kemur svona í gusum, en þarna kemur sér vel að bækur mínar eru þýddar og lesnar af fólki sem er ekkert sérlega uppsiðað við Vogahverfið, nú eða stráka. En það sem ég vildi sem sé gera í þessum sögum og í sögulegu bókunum líka var að rifja upp það gleymda. Sagnalisti byggist alltaf á minningum, endursköpun hins liðna.“

Töfrandi raunveruleiki

Þú nýttir þér töfraraunsæið í fyrstu sögum þínum?

„Það fer allt í hringi: raunsæið kemur aftur og hugarflugði líka. Ég finn ekki mun þar á. Ég vil vera raunsær og framkvæma hið ómögulega. Töfrar eru raunveruleiki fyrir mér. Það sem ég er að reyna er að gera hið óskáldlega skáldlegt, eins og Eliot sagði. Okkar heimur krakka-anna sem ólumst upp á þessum árum, þótti ekki finn til skáldskapar, þessi heimur alþjóðmenningar. Við vorum alin upp við að við værum ekki í frásögur færandi, en þannig fæðist sagnalistin.“


Móðernistarnir voru ekki þar hrifnir af hasarblöðum.

„Ónei, en þeirra aðferðir dugðu samt vel til að takast á við þennan heim og það var stutt í surrealismann í hasarblöðunum. Eins og gerist oft. Þegar sagan og ljóðið rekast á gerist eitthvað. Hugarflugði verður að raunsæi og um leið að sýn á heiminn. Svo var á þessum tíma, fyrir og um 1970, hægt að ganga inn í bóka-búð og kaupa sér ljóðasöfn í aðgengilegum útgáfum eftir öll helstu ljóðskáld heimsins. Það gerist ekki núna.“

Lítið eitt um ljóðið

Hann teygir sig eftir þverhandarþykkum bunka af ljóðaútgáfum Penquin og hampar þeim framan í mig.

„Þetta les maður aftur og aftur: var það ekki Pablo Neruda sem sagði að hann ætti sér þann draum að ljóðið lenti ekki úti í horni. Sjáðu heimspekina – hún varð að áhugamáli örfárra sérvitringa, sagði Pablo Neruda. Ég held að hann hafi ekki óað fyrir að örlög ljóðsins yrðu þau sömu. Ljóðið er rosalegt tæki, tjáningarmiðill sem á sér enga hliðstæðu, en jafnvel útgáfufyrirtækin líta á það mjög svipuðum augum og ríkisstjórnin á öryrkjana. Menn segja að ljóðið sé bara fyrir fáa. Þjóðirnar eru hætta að talast við í ljóðum. Það er til í tímaritum og einhverstaðar á netinu, en í vitund manna er það hornreka. Þess vegna er það einsog ég segi í ljóðinu: Það vantar ekki bara ljóðlist í lífið heldur líf í ljóðið. Og það er svo sem sprellumandi ef út í það er farið.“



EINAR MÁR GUÐMUNDSSON „Ljóðið er rosalegt tæki, tjáningarmiðill sem á sér enga hliðstæðu, en jafnvel útgáfufyrirtækin líta á það mjög svipuðum augum og ríkisstjórnin á öryrkjana. Menn segja að ljóðið sé bara fyrir fáa. Þjóðirnar eru hætta að talast við í ljóðum.“

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sjáðu bara Nýhil og allar uppkomurnar í kringum þau. Ljóðið er leit að innihaldi, og því barátta gegn tómléikanum, andspyrnuhreyfing andans. Þess vegna mælist ljóðlistin ekki í eintakafjölda, þó hann mætti alveg vera meiri.

Frek fávítavæðing

Skáldsagan gæti líka verið á leiðinni út í horn. Er ekki allt að fyllast af einhverjum mannræktarbókum eða lífsstíls skáldsögum sem hægt er að kvikmynda með Hugh Grant í aðalhlutverki? Fyrir tuttugu árum þá var skáldsagan afgerandi og staða hennar sterk. Þegar Rushdie var að senda frá sér *Miðnæturbörn*. Bara sem dæmi. Eða Tunström. Skáldsagan skiptir máli. Sögur eru sameiginlegt prógram þjóðanna. Menn finna skyldleikann birtast við ólíkar aðstæður. Tengsl hins staðbundna og hnattræna eru gömul tíðindi í bókmenntunum. Nú eru menn að reyna að gera sakamálasögurnar og reyfarana að aðalatriði, að mainstreami. Þar er auðvitað að finna þerlur, en það er ekki annað hægt en að skoða obbann af þessu sem hluta af fávítavæðingunni, allt þetta crazy world of Dan Brown flipp.“

Nammi? Já takk

Er fimm ára plan hjá þér? Nú ertu kominn yfir miðjan aldur – veistu núna hvað þú ætlar að gera?

„Við skulum orða það svo að ég veit að margt er ógert. Svo koma nýir og nýir vinklar upp. Heimur toga í mann. En eins og ég hef sagt þá eru engin mál afgreidd. Ég trúi á spurningamerkið. Þannig kallast Bítlaávarpið á við strákabækurnar

og þegar maður kom aftur að þessu yrkisefni kom í ljós að þegar þær voru settar saman var heimurinn meira niðurnjörvaður, viðhorfið breytist. Við vorum aldri upp í heimi þar sem persónulegir múrar voru aðrir: ef það kom til manns kall og bauð manni nammi sagði maður já takk. Nú er hann þegar í stað grundaður um græsku. Við erum að horfa á heim þar sem undantekningin er gerð að reglu.“

Fórnfúsir menn

Tal okkar berst að þýðendum. Einar hefur átt þeirri gæfu að fagna að hann hefur átt liðsinni góðra þýðenda, Erik Skyum Nielsen hefur þýtt öll verk hans jafnharðan á dönsku og Inge Knutson hefur líka verið iðinn að þýða verk hans: hugsum við nægilega vel um þessa þýðendur íslenskra bókmennta á önnur mál?

„Starf þýðenda er fórnúfústarf. Þeir yrðu glaðir ef þeim væri sýndur meiri áhugi.“

Nú er ljóðabók að baki – er von á nýrri skáldsögu á næstunni?

„Já, á næstunni. Tilraunin er í ljóðunum og ef menn lesa ljóðabókina vel sjá þeir kímín að efni næstu sögu. Vatnið er byrjað að sjóða, nú er bara að hella uppá. Þannig eru þessi heimar sem ég get horfið í. Sagan er aldrei sögð að fullu og svo dettur maður um ný viðfangsefni.“

Fylkingarárin

Ertu búinn að líta á sögu Fylkingarinnar í Óvinum ríkisins?

„Er ég þar? Er ég óvinur ríkisins?“

Nei, en þú varst þar eins og þú lýstir í Rauðum dögum.

„Já það var ábyrgðarlaus bók, lífsglööð bók. Ég var búinn að fá alveg nóg af þessum þunglyndislegu bókum um það tímabil, fór í gegnum bækur, minningar og heimildir og vildi skila tilfinningu þess tíma. Skrá sögu andófsins. Rauða húsið var umferðarmiðstöð alls kyns straua. Mér hefur þótt minnið ansi gloppótt um árin eftir 68. Menn gleyma atvinnuleysisinu og landflóttanum sem var eina bjargráð fólks til að komast af. Þetta var enginn Súlnasalsgamanlekur. Þessi heimur var heillandi. Ég hef ekki sagt mitt síðasta orð um hann og á enn talsvert efni.“

Löng kaffipása

„Þetta er svolítið eins og að skreppa í kaffi og svo geta liðið mörg ár: ég vinn eftir mínun æðri mætti, tilfinningu og hugboðum. Það sem var heillandi við þennan tíma var að heimurinn kom til okkar. Maður væri dofinn ef það efni leitaði ekki á mann.“

Sérðu einhvern rauðan þráð í verkunum þínum?

„Ef ég kiki yfir verkin mín þá sé ég að það er sameiginlegur þáttur með þeim: að minna á hið gleymda. Það var markmið mitt með sögulegu sögunum. Það er alltaf talað um alþjóða en gleymist að þetta voru einstaklingar – lífandi fólk. Eins var það með börnin í Riddurunum. Þetta er andóf gegn gleymskunni, að koma sögunni til skila. Sáldsagan er rannsökn, tilraun til að finna mennskuna. Sérhver maður er áhugaverður, ekki síst þeir sem fara sínar eigin leiðir.“

ora

Ástríða í matargerð



Gleðileg jól

Dúettinn
Sessý & Sjonni
 í kvöld *Fritt inn!*
 Stór og fjölbreyttur sérreittasedill öll kvöld vikunnar

ÖÐRUKUINARTÓNLEIKAR
 Kammersveitin Ísafold ásamt Huldu Björk Garðarsdóttur sópran og Ágústi Ólafssyni barítón flytja verk eftir Mahler. Hljómsveitarstjóri: Daniel Bjarnason
 6. janúar kl. 17.00 í DUUS - húsum í Keflavík
 7. janúar kl. 20.00 í Íslensku Óperunni
 Miðaverð kr. 2.000 - Námsmenn: 2 fyrir 1
 FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. Stravinsky - Nánari upplýsingar á www.opera.is
 Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus - 2. sýn. sun 11. feb. kl. 20
 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 - 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20 - FAAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
 Þorláksmessa í Óperunni - Óperukareoki
 Davíð Ólafsson, óperusöngvari, heldur uppi fjörunu - Húsið opnar kl. 20
 www.opera.is opera@opera.is Sími: 511 4200
 Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudega - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

AUSTURBÆJ
 Barna- og unglíngaleikhús Austurbæjar kynnr Jólafarið eftir Kikku.
 Mið 27. des. kl. 13.00 / Fim 28. des. kl. 13.00 Miðaverð kr. 800
 Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími: 551 4700 / www.midi.is

„KLUKKUSTUND Í ÓSKILUM
 INNIHELDUR GRÍÐARLEGA ORKU.“
 ÓFAGRA VERÖLD
 FRAMUNDAN Í BORGARLEIKHÚSINU
 AMADEUS
 VILTU FINNA MILLJÓN?
 MEIN KAMPF
 ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
 RONJA RÆNINGJADÓTTIR
 BELGÍSKA KONGÓ
 FOOTLOOSE
 ÓFAGRA VERÖLD
 DAGUR VONAR
 SÖNGLEIKURINN GRETTIR
 ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
 SAN FRANCISCO BELLETTINN
 DANSLEIKHÚSSAMKEPPNI
 HLÁTURHÁTÍÐ
 EILÍF HAMINGJA
 FYRIRTÍÐARSPENNA
 Miðasala 568 8000
 www.borgarleikhus.is **BORGARLEIKHÚSIÐ**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
 Bakkyjur, frumsýning 26. desember.

Stóra sviðið kl. 20:00
STÓRFENGLEGI! eftir Peter Quilter
 Lau. 6/1, lau. 13/1 nokkur sæti laus, lau. 20/1, lau. 27/1.
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökullsson.
 Fös. 29/12 kl. 20:00 uppselt, lau. 30/12 kl. 14:00 uppselt og kl. 17:00 uppselt, lau. 6/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 7/1 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 20:00, lau. 13/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 14/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 20/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 21/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus.
BAKKYJUR eftir Evripides
 Frumsýning 26/12 uppselt, 2. sýn. mið. 27/12 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 4/1 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 5/1 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 11/1 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 12/1 nokkur sæti laus, 8. sýn. fim. 18/1.
Smíðaverkstæðið kl. 20:00
PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
 Lau. 6/1 nokkur sæti laus, fös. 12/1 kl. 16:30 nokkur sæti laus, lau. 13/1 örfá sæti laus, lau. 20/1. Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvisun skólaskirteinis.
Kúlan
SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
 Lau. 6/1 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 og kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00, lau. 13/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 14/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00 uppselt.
Leikhúslóftið
LEITIN AÐ JÓLUNUM eftir Þorvald Þorsteinsson
 Í dag lau. 23/12 kl. 13:00 uppselt.
 Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
 Afgreiðsla er opin kl. 12:30 - 18:00 mán. - þri. Aðra daga kl. 12:30 - 20:00.

Í rökkri Magnúasar og Ásgerðar

Skyndilegur áhugi á ferli og verkum Magnúasar Blöndals Jóhannssonar er tekinn að skila hljóðritunum á verkum hans í aðgengileg form. Við vitum nú meira um tónsmíðar hans en nokkru sinni fyrr: Bjarki Sveinbjörnsson hefur unnið mikið þarfaverk við að bjarga þekkingu um Magnús, jafnvel verkum hans í frumútgáfum. Smekkleysa er í fararbroddi í þessu starfi og sendir nú frá sér einsöngslög Magnúasar í túlkun Ásgerðar Júníusdóttur og fleiri.

Þessi diskur er dýrgripur, jafnframt grætilegur minnisvarði um smæð íslensks samfélags um miðja síðustu öld að eiga svo snjallt tónskáld, svo næman túlkanda ljóða í tónum sem því miður eru flest dökk, og vita ekki af hvað við áttum. Hvað við misstum, hvers við fórum á mis.

Útgáfa disksins er að stærstu leyti framtak, einkafyrirtæki Ásgerðar, framtak sem verður í senn að þakka og lofa. Hún rekt á sönglög in í fórum Guðmundu Elíasdóttur og verður eftir kynningu af þeim að koma fjársjóðnum á framfæri. Mezzo-rödd hennar hæfir afar vel efni flestra ljóðanna og tindrandi pianóvinnsla tónmálsins styrkir dimmt þelið í ljóði, lagi og sönglínunni.

Magnús er kviksjá miðrar aldar: hann sækir sér efni í eldri skáldskap og yngri, nemur innan úr kvæðum staka kafla sem hann tóngerir með rómantískum blæ í upprunalegum skilningi þess orðs, en um leið er hann að vísa fram: það er ögurstund í menningunni og hann árnaður sem stjalar okkur að nýrri strönd. Tölftónasköpun hans er unleg í dag en ekki ókennileg.

Allt er hér fallegt, fallega samið



TÓNLIST

Í rökkri

Ásgerður Júníusdóttir flytur ásamt fleirum sönglög eftir Magnús Blöndal Jóhannsson
 Smekkleysa

★★★★★

Glæsileg útgáfa á yndislegu efni í frábærum flutningi.

og hugsað, fallega sungið af mildum innleik með snörpum og velbyggðum áherslum sem byggja á djúpum skilningi lags og ljóðs með glæsilegum undirleik Árna Heimis, trúi ég því ekki er getið um undirleikara á kápu og vel unnum bæklingi.

Ásgerður er glæsileg söngkona, röddin hennar mjúk með dimmum áfellum, gátt í hugsun sem er heillandi og hættuleg í senn. Henni tekst afburðavel að

miðla jafn ólíkum efnum og sálma-kenndu tónmáli í Ég kveiki á kertum mínum, sálmaþroti Hallgríms sem þekktast er af lokalinunni Sitji guðs englar, og dáindis-fallegu stefi Magnúasar við Í draumi sérhvers manns, og stærri ópusum þar sem heil ljóð eru lögð undir: Seinustu nóttinni eftir Þorstein Erlingsson, Höndum Steins, Rakk eftir Grím Thomsen, og hinni gullfallegu Draumsýn Jakobs J. Smára sem er eitt hinna gleymdu stórskálda á fyrri hluta síðustu aldar.

Ásgerður kys að taka vokalísur Magnúasar og leggja þær í smíðu yngri tónskálda. Víst er það forvitnileg endurvinnsla og máttast þrýðilega við meginefni disksins, en skákar þó ekki frumsömdu efni: Kosið hefði ég að heyra Na-No-Mani sungið af henni, en þar er Magnús kominn nálægt konkret-ljóðlistinni sem fáir lögðu fyrir sig hér á landi á þeim árum.

Örlög Magnúasar eru okkur hugstæð nú. Hann er varði í tónsmíðum íslendinga á síðustu öld, víti sem lýsti inn í framtíðina, náði því að vera forsmáð tónskáld á sama tíma og eitt sönglag hans, Sveitin milli sanda, varð almenningseign. Þessi glæsilega útgáfa að sönglögum hans er tímabær og kærkomin viðbót sem á skilið hástemmt lof og langa líffdaga.

Páll Baldvin Baldvinsson

ÁSGERÐUR JÚNÍUSDÓTTIR

Dimm rödd hennar miðlar fullkomlega misleitnu efni frá sorglega skömmum ferli Magnúasar Blöndal.

Óperustórar persónur á heiðarbylí

Því verður ekki neitað að Wuthering Heights er meðal þekktustu verka breskrar ritlistar og hefur tvímælalaust bókmenntasögulegt gildi - og þá ekki síst kvennabókmenntasögulegt. Ritað af konu fyrir hartnær hundrað og sextíu árum, á tíma þar sem ritlist var ekki talin kvenmannsverk; enda gefin út undir dulnefni karlmanns í fyrstu lotu.

Hins vegar er allur gangur á því hversu hrifandi skáldsagan er sem slík. Þegar ég las hana fyrst fyrir rúmlega þrjátíu árum (á ensku) fannst mér persónur hennar yfirgengilega móðursjúkar í tjáningu sinni, varanlega á barni örvæntingar, deyjandi á unga aldri eftir að hafa pumpað sig sjálfar upp í algera geðveiki. Þær eru í nokkuð öflugum óperustílsstærðum. En, eins og verða vill, lesast sögur með ólíkum gleraugum með aldri og þroska. Þótt mér finnst tjáning persónanna ennþá nokkuð yfirdrifin, verður ekki litið framhjá því að Emily Brontë gefur mynd af harðneskjulegu og kreddufullu samfélagi þar sem ekki er pláss fyrir tilfinningar eða mennsku af nokkru tagi. Hún dregur skýrt fram þá staðreynd að lengi búi að fyrstu gerð; það sé ástæða fyrir illsku þeirra sem verða að samúðarlausu fullorönu fólki.

Heimur sögunnar er ákaflega lokaður. Hún gerist hjá heldra fólki á tveimur býlum uppi til heiða. Þótt sagt sé frá því í sögunni að stærra samfélag sé utan túnmarka býllanna, berst sagan aldrei þangað. Feðurnir bregða



BÆKUR

Wuthering Heights

Emily Brontë

Þýðing: Silja Aðalsteinsdóttir Bjartur


★★★★

sér bæjarleiðir en engum sögum fer af ferðum þeirra. Á meðan þeir skreppa er sagt frá lífi kvenna og barna á býlunum. Þeirra heimur er húsið sem þau búa í og garðurinn í kring.

Allt hefur leikið í ágætislyndi þar til húsbóndinn á Wuthering Heights kemur með lítinn dreng heim með sér úr einni af ferðum sínum út fyrir sögusvæðið; drengur sem hann fann eina og yfirgefinn

og gefur nafnið Heathcliff. Koma drengsins verður til að sundra fjölskyldunni; húsbóndinn dekrar við hann, eiginkonan þolir hann ekki, sonurinn leggur fæð á hann en dóttirin, Catherine, leggur ofurast á hann. Þegar húsbóndinn deyr og sonurinn tekur við býlinu er Heathcliff sviptur stöðu dekur-barnsins og hann hrakinn út í horn til vinnufólksins. Í kjölfarið fylgir all-dramatísk saga. Ólagapunkturinn verður þegar Catherine giftist piltinum á hinu býlinu, pilti sem hæfir hennar þjóðfélagsstöðu. Heathcliffe fer í burtu í nokkur ár en snýr síðan aftur vellauðugur maður sem hyggur á hefndir - og hefndarþorsti hans er ofsafenginn.

Hvað þýðinguna varðar, þá er hún nokkuð nútímaleg. Andrúmsloft sögunnar tapast að hluta, heimur hennar færast nær okkur í tíma og virkar þar af leiðandi á köflum fáránlegur. Orðræða verður einsleit, sem og samtöl: hin skörpu skil milli persónanna hverfa nánast. Þegar sagan er lesin á ensku er stéttamismunur til dæmis ljós en hann hverfur í þessari þýðingu. Sagan verður nokkuð flatari fyrir vikið um leið og ofstæki persónanna fær enn ýktari blæ. Hvað titil bókarinnar varðar, þá get ég hins vegar alveg fallist á Wuthering Heights. Býlið sem allt snýst um heitir jú Wuthering Heights en ekki, til dæmis, Fýkur yfir hæðir. Það er alltaf smekksatriði hvort þýða á staðar- og bæjarnöfn. Í þessari þýðingu hefur verið farin sú leið að gera það ekki og það er alveg ásætlanlegt.



VISIR www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

Fréttaskýringar í grófum dráttum

Teiknarinn Halldór Baldursson hefur sótt í sig veðrið jafnt og þétt frá því hann byrjaði að birta pólitískar skopmyndir sínar á síðum Blaðsins í fyrra og í dag skín stjarna hans mun skærar í íslenskum fjölmiðlaheimi en miðilsins sem birtir teikningar hans. Óhætt er að fullyrða að á meðan Blaðið var eitt útlitsgallaðasta skrípí sem prentað hefur verið í íslenskri útgáfusögu hafi teikningar Halldórs verið nánast það eina sem kallaði á að Blaðinu væri flett og þrátt fyrir jákvæðar stökkbreytingar þess eru Halldór og teikningar hans enn ákveðin kjölfesta.



BÆKUR

2006 í grófum dráttum

Halldór Baldursson
Spott

★★★★★

Fréttarárið 2006 er ár Halldórs Baldurssonar skopmyndateiknara Blaðsins sem hefur tekið atburði líðandi stundar föstum og bráðskemmtilegum tókum á síðum blaðsins. Það var því bæði þarft framtak og þakklátt að safna frábærum teikningum hans saman í þessa glæsilegu bók sem er aðstandendum hennar til sóma og lesendum endalaus uppspretta hláturs.

í móa af miklu kappi á meðan þeir láta líta út fyrir að allt sé í lukkunnar velstandi.

Stokkið inn í tómarúm

Halldór nýtur þess vissulega að heimskan riður ekki við einteyming á Íslandi og stjórnmálafólk og aðrir máttarstólpar í samfélaginu sjá honum endalaust fyrir eðal efnivið en hann á það skuldlaust hversu skemmtilega hann klýfur delluna með penna sínum.

Innkoma Halldórs á þennan vettvang er þó enn sterkari og þakklátari vegna þess að lítil hefð er fyrir beittum pólitískum skop-teikningum í íslenskum dagblöðum. Sigmund hefur vissulega verið á útkikki eftir hinu skoplega í rúm fjórutíu ár á síðum Moggans en þar með er það upp talið. Halldór stekkur því inn í ákveðið tómarúm og fyllir það glæsilega með sérstökum og bráðskemmtilegum teikmistíl sínum, næmri sýn á samfélagið og hörkufinum húmor. Nálgun hans á málefnum líðandi stundar er meira svona eins og þeir gera þetta í útlöndum eins og Egill Helgason bendir réttilega á í formála bókarinnar.

Glæsileg umgjörð

Teikningar Halldórs, einar og sér, gera 2006 í grófum dráttum að eigulegri bók en það spillir síður en svo fyrir að allur frágangur bókarinnar og umgjörð utan um myndirnar eru til hreinnar fyrirmyndar.

Takturinn í flettingunni er brotinn skemmtilega upp með því að breiða úr völdum myndum á heilsíðu en teikningarnar njóta sín í botn þegar hægt er að rýna í þær í stóru broti. Þá er allt annað að skoða myndirnar þegar þær eru prentaðar á gæðapappír frekar en venjulegum dagblaðapappír. Þessi útgáfa er því einfaldlega brílljant og öllum sem að henni koma til mikils sóma. Að maður tali ekki um hversu mikill happafengur hún er fyrir þá sem láta sig málefni líðandi stundar varða og fá ekki blaðið Blaðið í hendur daglega.

Þórarinn Þórarinnsson

eiga ekki við og Halldór stendur undir öllu hólinu.

Bókin er þó síður en svo einungis fyrir „bláblöðunga“ internetsins og ætti að vera skyldueign á heimilum alls hugsandi fólks þar sem hér geta kjósendur með gullfiskaminni fengið hressandi áminningu um það að við lifum á öld fáránleikans á Íslandi. Halldóri er einkar lagið að draga fram það skoplega í orðum og gjörðum þeirra sem keyra alla þjóðfélagsumræðu hérna út

Sígilt efni

Líftími hvers tölublaðs dagblaðs er tæpur sólarhringur og flest það sem prentað er á síður þeirra fyrnist því fljótt. Önnur lögmál gilda um eitruskarpar fréttaskýringar Halldórs sem tekst ítrekað að bregða ljósi á málefni líðandi stundar með aðeins einni teikningu. Það er því ekki aðeins vel til fundið að safna teikningum Halldórs saman á bók og tryggja þeim þannig framhaldslíf heldur er með bókinni 2006 í grófum dráttum kominn einn beittasti og besti fréttáannáll ársins.

Oflofið er ekkert háð

Fjölmiðlungar og elítubloggarar hafa keppst við að ausa Halldór og bókina slíku lofi á síðum sínum að maður hefur stundum fundið hálfpartinn til með blessuðum manningum að vera hafinn til skýjanna af nafntogudum besserwesserum. Í þessu tilfelli vill þó svo ánægjulega til að kenningar Snorra Sturlusonar um of ákaft klapp á bakið

HALLDÓR
BALDURSSON



LJÓSIN Í BÆNUM Friðargöngur verða haldnar í Reykjavík, á Ísafirði og Akureyri.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Gengið í þágu friðar

Íslenskir friðarsinnar standa sem fyrr að blysför niður Laugavegin á Þorláksmessu en safnast verður saman á Hlemmi og leggur gangan af stað stundvíslega kl. 18 og er fólk hvatt til að mæta tímanlega. Friðargangan á Þorláksmessu er nú orðin fastur liður í jólaundirbúningi margra en gangan í ár er sú tuttugasta og sjöunda í röðinni. Að venju munu friðarhreyfingararnar selja kyndla á Hlemmi í upphafi göngunnar.

Söngfólk úr Hamrahlíðarkórnum og Kór Menntaskólans við

Hamrahlíð undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur kórstjóra taka þátt í blysförinni sem endar með stuttum fundi á Lækjartorgi. Þar mun Falasteen Abu Libbeh frá Palestínu halda stutt ávarp. Fundarstóri verður Arnar Jónsson leikari. Fundinum lýkur síðan með friðarsöng.

Friðargöngur verða einnig á Akureyri en þar verður lagt upp frá Samkomuhúsinu kl. 20 og gengið að Ráðhústorginu en á Ísafirði leggur friðargangan upp frá Ísafjarðarkirkju kl. 18 og endar á Silfurtorgi.

- khh

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

20 21 22 23 24 25 26

Laugardagur

UPPÁKOMUR

13.00 Listasýningu **Lafleur** í **Listasetrinu** að **Hólmaslóð** lýkur í dag. Boðið verður upp á hörpuskelsrétt **Jóhönnu Vigdísar Arnardóttur** sem einnig lítur við. Opið til kl. 23.

TÓNLEIKAR

21.00 **Bubbi** heldur árlega tónleika sína á skemmtistaðnum **Nasa** við Austurvöll. Kappinn fer á svið um kl. 22.

22.00 Hljómsveitin **Baggalútur** treður upp í **Iðnó** ásamt **KK** og **Björgvíni Halldórssyni**.

23.00 Ullarhattarnir, **Stefán Hilmarsson** og **Eyjólfur Kristjánsson** og félagar leika listir sínar á **Hótel Borg**.

SÝNINGAR

11.00 Sýningin **Frelsun lítarins/Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin er frá **Musée des beaux-arts** í **Bordeaux**, 52 verk eftir 13 listamenn, þar á meðal **Renoir** og **Matisse**. Sýning á verkum **Jóns Stefánssonar** er í sal 2 en hann var nemandi **Matisse**.

13.00 Myndlistarmennirnir **Kristján Már, Jón Óskar** og **Bjarni Sigurbjörnsson** sýna í **Amina Gallerí** við **Ingólfsstræti**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

23. desember 2006

Þorláksmessufönk á DOMO bar!

- Hljómsveitin Jagúar fönkar inn jólin
- Tónleikarnir hefjast á miðnætti. Enginn aðgangseyrir. Gleðileg jól!

DOMO BAR
ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 5588

Lykill að Hótel Örk

Gefðu þeim sem þér þykir vænt um ljúfa dvöl á fallegum stað!

Þöntunarsíminn er 483 4700

Fæst einnig á Hótel Cabin,
Borgartúni 32 Reykjavík, sími 511 6030

HÓTEL ÖRK

| Hótel Örk | www.hotel-ork.is | info@hotel-ork.is |

Sigga & Timo

GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS

Tilrauna kvikmynda- og vídeóhátíð á Íslandi

Hreindýraland

Tími kominn til að senda inn mynd..

Hver: Sjónlistamenn, vídeólistamenn, kvikmyndagerðamenn.
Hvað: tilrauna kvikmynda- og vídeóhátíð á Egilsetóðum.
Peningaverðlaun fyrir "verk hátíðarinnar" og verk eftir listamann yngri en 35 ára.
Aðrir kostir við það að vera með: hluti af verkunum valinn til sýningar fer á heimshornaflekk - samanber 700IS selection
Meiri upplýsingar og umsóknareyðublað: WWW.700IS
Meningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs,
Lyngás 17, 700 Egilsetaóir.
kristinsch@egilsetadir.is
Fréstur til: 1 febrúar 2007

Meningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs

ÞÁTTUR SEM
SLEGIST HEFUR
VERIÐ UM



ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE



FRÁBÆR DAGSKRÁ Í JANÚAR


Stöð 2 hefur aldrei verið betri

*gegn eingreiðslu og þú horfir til 5. mars

SANNLEIKURINN ER
AFSTÆÐUR



SHARK



JACK BAUER,
SNYR
AFTUR

GLAMÚR OG
SPENNA Á
GLÆSILEGU SVIÐI



BÓTOX OG BLIKANDI
SKURÐARHNÍFAR

nip / tuck



Stöð 2 og Stöð 2 bíó á
ÁSKRIFTARTILBOÐ
aðeins 4.990 kr. á mánuði*


VINSÆLASTI
ÞÁTTUR
VERALDAR

American
Idol



HREKKIR
Í HOLLYWOOD


PIPPIN KID





Laundóttir Gibsons vill DNA-próf

Carmel Sloane, 29 ára málari frá Ástralíu, heldur því fram að hún sé laundóttir Mels Gibson og fer nú fram á DNA-próf til að sanna mál sitt. Mamma Sloane, Marilyn, segist hafa hitt Gibson þegar hún var á puttaferðalagi um Ástralíu áður en að hann varð frægur. Gibson gaf henni far, og aðeins meira, því eftir ástarnótt í aftursætinu komst Marilyn að því að hún var ólétt. Marilyn ekki að setja sig í samband við leikarann fyrr en árið 1995, þegar hún komst að því að hann hefði keypt sér hús í Ástralíu. Hún náði þá ekki til hans áður en hann var floginn aftur til Bandaríkjanna, og segist ekki hafa viljað valda vandræðum, hún hafi



Á HANN LAUNDÓTTUR? Carmel Sloane segir Mel Gibson vera föður sinn og vill fá DNA-próf til að sanna faðerni sitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

bara viljað láta hann vita af Carmel.

Carmel segist ekki sækjast eftir peningum frá leikaranum,

heldur vilji hún bara hitta manninn sem hún hafi alltaf vitað að sé faðir sinn. Eins vilji hún kynna Gibson fyrir syni sínum, en það er mál manna að stráksi líkist óstaðfestum afa sínum töluvert. Carmel hefur séð hverja einustu mynd sem Gibson hefur leikið í, og segist óska þess að hann viðurkenni að þau séu skyld. Helst af öllu vilji hún þó fá úr því skorið hvort sagan sé sönn eða ekki.

Enn hafa engin viðbrögð borist úr herbúðum Gibsons, en honum verður gert skylt að gangast undir DNA-próf viðurkenni hann ekki faðernið. Gibson hefur verið giftur konu sinni í 26 ár og er því að minnsta kosti ekki sekur um framhjáald.

Depp á Brit-verðlaunum

Talið er að leikarinn Johnny Depp muni koma fram á tónlistarverðlaunum Brit Awards á næsta ári. Depp mun stíga á svið til að afhenda rokk-sveitinni Oasis heiðursverðlaun fyrir framlag hennar til tónlistarheimsins.



Depp og Noel Gallagher, aðallagahöfundur Oasis, hafa verið góðir vinir síðan þeir hittust fyrst í gegnum þáverandi kærstur sínar, Meg Matthews og Kate Moss.

Á meðal þeirra sem munu troða upp á Brit-verðlaunum eru Take That, The Scissor Sisters og Amy Winehouse.



50 CENT Byrjaði ungur að stunda kynlíf.

Byrjaði ungur

Rapparinn 50 Cent greinir frá því í nýlegu viðtali að hann hafi aðeins verið 12 ára gamall þegar hann stundaði kynlíf í fyrsta skipti. Í dag er rapparinn þekktur kvenna-maður og hikar ekki við að grobba sig um það í lögum sínum, en í viðtalinu viðurkennir hann að hafa verið glórulaus um hvað ætti að gera í fyrsta skipti. „Ég var 12 ára gamall og hún hefur verið 22 ára, og ekkert sérstaklega sæt. Ég vissi ekkert hvað ég átti að gera svo ég fylgdi henni í einu og öllu,“ segir 50 Cent um sína fyrstu kynlífsreynslu.

Notaleg stemning

Tónlistarmaðurinn Birgir Örn Steinarsson, eða Biggi, hélt tónleika í Hljómalind á dögnum til að kynna sína fyrstu sólóplötu, Id.

Biggi, sem er búsettur í London, var einn með kassagítarinn á tónleikunum og spilaði lögina af plötnu í sinni nöktustu mynd. Spilaði hann einnig eldri lög með hljómsveitinni Maus og náði upp notalegri stemningu á þessum litla tónleikastað. Biggi stefnir að því að halda útgáfutónleika með hljómsveit sinni á næsta ári.



CURVER Listamaðurinn Curver lét sig ekki vanta á tónleikana í Hljómalind.



HLUSTAÐ Á BIGGA Tónleikagestir hlustuðu á nýjstu tóna Bigga með athygli.



TEIKNAD Á TÓNLEIKUM Þessi tónleikagestur notaði tónlist Bigga sem innblástur við teikningar sínar.



BIGGI Birgir Örn Steinarsson spilaði og söng lög af sinni fyrstu sólóplötu, Id, sem hefur fengið góðar viðtökur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fjögur lög tilbúin

Jimmy Chamberlin, trommari hinnar endurreistu The Smashing Pumpkins, segir að sveitin sé búin að taka upp fjögur ný lög fyrir næstu plötu sína.

„Við höfum verið upptekin við að búa til hljóðrænt landslag með hafsjó af gítar og helling af bassa,“ sagði Chamberlin. Fregnir herma að hljómsveitin ætli að spila á nokkrum tónlistarhátíðinum næsta sumar til að kynna nýju plötuna, sem hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu af rokkurum um heim allan.



P. DIDDY Varð pabbi í þriðja og fjórða skipti í vikunni.

Eignaðist tvíbura

Kim Porter, kona rapparans og tiskujöfursins P.Diddy eignaðist tvíburaðætur í vikunni. Fyrir á rapparinn tvö börn, 12 ára gamlan son úr fyrra hjónabandi og annan átta ára gutta með Porter. Diddy hefur ákveðið að skíra telpurnar eftir ömmum sínum, eða Lila Star og Jessie Smalls. P.Diddy hefur lengi sagt að hann sé mikill fjölskyldumaður og að hann vanti bara stelpu í krakkaskarann og þá sé allt klárt. Nú hefur hann aldeilis verið bænheyrður og mun væntanlega hafa það unaðslegt í faðmi fjölskyldunnar um jólin.

bodum

Tilvalin Jólágjöf

1.824
verð áður: 2.280

5.584
verð áður: 6.980

20%
AFSLÁTTUR

7.184
verð áður: 8.980

THERMO SKÁLAR

Thermo skálarnar frá Bodum eru með tvöfaldrí einangrun og lofti á milli, sem gerir það að verkum að þær halda bæði heitu eða köldu. Skálarnar eru úr burstuðu stáli og fást í þrem mismunandi stærðum.



NÍTJÁNDA ÖLDIN Í EINU BINDI



Stórkostleg bók um einhverja umbrotamestu tíma þjóðarinnar

Veglegt rit um nítjándu öldina þar sem daglegt líf og markverð tíðindi spretta ljóslifandi fram í vönduðum, fróðlegum og bráðskemmtilegum texta Bjarka Bjarnasonar.


„Nálgun höfunda er frumleg og vandað er til vals efnispátta. Fjörleg yfirferð ár frá ári með gamni í bland við alvöru, sem glæðir áhuga lesenda og auðgar skilning þeirra á samfélagi 19. aldar.“

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands

„Þetta er afskaplega læsileg og stílhrein bók. Ég hreinlega gleymdi mér ... þegar ég fletti fyrst í gegnum bókina og stakk mér á bólakaf í bestu kaflana.“

Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri

Bók sem sviptir
huluni af nítjándu
öldinni.



500 BLAÐSÍÐUR

MEIRA EN 1000 MYNDIR

JpU

JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is

KVIKMYNDAHÚSIN VERÐA LOKUÐ Á ÞORLÁKSMESSU, AÐFANGADAG OG JÓLADAG. OPNUM ÞANN 26. DESEMBER - ANNAN Í JÓLUM. ÓSKUM LANDSMÖNNUM ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA!

REGNBÖGINN SMÁRA BÍO Borgarbíó

Sími 553 2075 LAUGARASBÍÓ bara lúxus

Laugarásbíó verður lokað á Þorláksmessu, aðfangadag og jóladag

Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla Opnum aftur 26. desember - Annan í jólum.

www.laugarasbio.is

Kominn hringinn

Það er ekkert nýtt við The Information, níundu stúdíóplötu Becks. Hann hefur verið kallaður kamelljón innan tónlistarbransans enda hafa flestar plötur hans farið í allt aðra átt en hann hafði áður fengist við. Nú virðist sem Beck sé kominn hringinn. The Information er flott plata enda er á henni að finna brot af flestu því besta sem hann hefur gert. Beck er bara ekki eins spennandi og hann var.

Fyrstu fjögur lögín eru frábæra vel heppnuð, sér í lagi Strange Apparation sem er eflaust eitt af allra bestu lögum Becks frá upphafi. Byrjunarkafli plötunnar minnir á allt það besta sem hann sýndi á Odelay, flott sömpl, flottir taktar og yndislegar poppmelódíur. Þetta heldur áfram í lögum eins og Nausea, We Dance Alone og No Complains en þegar líður á plötuna fer honum að fatast flugið. Þá gerast lögín bæði myrkari og tilraunakenndari. Áhrif upptökustjórans, Nigels Godrich, eru auðheyrð á seinni helmingi The Information, hér minnir margt á nýlega sólóplötu Thoms Yorke sem hann vann að. Það er ekkert nýtt að Beck skjóti inn nokkrum tilraunakenndum lögum á plötur sínar. Að þessu sinni ganga þau bara ekki eins vel upp og þau hafa gert áður. Auk þess er seinni hluti plötunnar allt of langur, þeir félagar hefðu skilað af sér mun betra verki ef þeir



TÓNLIST

The Information

Beck

★★★

Beck kann enn að búa til frábær popplög og á fina spretti hér. The Information er að mörgu leyti flott plata en Beck er bara ekki eins spennandi og hann var.

hefðu verið grimmar í niðurskurðinum.

Það er engin ástæða til að afskrifa Beck þó þessi plata hans valdi nokkrum vonbrigðum. Hann getur enn samið frábær popplög og gerir það hér. Því miður skýtur hann yfir markið í tilraunastarfseminni að þessu sinni. Höskuldur Daði Magnússon

Eminem skilinn

Rapparinn Eminem hefur skilið í annað sinn við æskuást sína Kim Mathers, aðeins ári eftir að þau giftust á nýjan leik.

Ákváðu þau að skipta eignum sínum samkvæmt eigin samkomulagi og munu þau hafa sameiginlegt forræði yfir dóttur sinni, hinni tíu ára Hailie Jade Scott.

Að sögn dómarsins í málinu gerðu Eminem og Kim sér grein fyrir því að skilnaðurinn væri endanlegur og voru þau yfirveguð í dómsalnum.

Eminem og Kim giftust í annað sinn þann 14. janúar. Sótti rapparinn um skilnað aðeins tæpum þremur mánuðum síðar, eða 5. apríl. Þau giftust fyrst árið 1999 en skildu 2001.

Eminem, sem heitir réttu nafni Marshall Bruce Mathers III, hefur unnið nú Grammy-verðlaun á



EMINEM Rapparinn heimsfrægi hefur skilið við Kim Mathers í annað sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ferli sínum, þar á meðal þrenn fyrir bestu rappplöturnar: The Slim Shady LP, The Marshall Mathers LP og The Eminem Show. Hann vann einnig Óskarinn fyrir lag sitt Lose Yourself úr myndinni 8 Mile.

Gilliam aftur til La Mancha

Fyrir rúmum sex árum reyndi bandaríski leikstjórinn Terry Gilliam að festa á filmu sögu Miguel De Cervantes um hugprúða riddarann Don Kíkóta en nánast allt fór úrskeiðis.

Terry Gilliam lýsti því hins vegar yfir í fjölmiðlum nýverið að hann gæti vel hugsað sér að fara aftur á stað með myndina. Gilliam hafði fengið Johnny Depp og Jean Rochefort til að leika fyrir sig en eftir að flóð og hvers kyns veikindi settu strik í reikninginn urðu kvikmyndagerðarmennirnir frá að hverfa þó að leikmyndir og handrit væru fyrir hendi. Fjármagnið var einfaldlega uppuríð og gott betur en það. Reyndar varð til heimildarmynd um þessa „stórmynd“ sem bar hið skemmtilega heiti Lost In La Mancha en þar var þessari misheppnuðu tilraun gerð góð skil.



JOHNNY DEPP Lék í upphaflegu myndinni sem Gilliam ætlaði að gera og vill leikstjórinn ólmur fá hann aftur til liðs við sig.



TERRY GILLIAM Hefur verið utangarðsmaður í bandarískri kvikmyndagerð undanfarin ár en gæti farið aftur í gerð kvikmynda um Don Kíkóta.

Slíkt varð fjárhagslegt tap Gilliam að hann tók upp samband við Weinstein-bræðurna, Bob og Harvey, fyrir sína næstu mynd, The Brothers Grimm. Þetta olli aðdáendum Gilliam nokkru hugangri og mörgum fannst sem hann væri að svíkja sjálfan sig með þessu skrefi enda væri hann þar með komin í öruggan faðm kvikmyndaíðnaðarins.

Gilliam lýsti því síðan yfir í samtali við fjölmiðla að kvikmyndin The Man Who Killed Don Quixote gæti eftir allt saman orðið að raunveruleika, aftur. „Ég hef fengið upplýsingar um að handrit að myndinni gæti orðið klárt um jólin,“ sagði Gilliam. „Reyndar hef ég heyrð þann

orðróm á hverju ári undanfarin sex ár en að þessu sinni er ég nokkuð bjartsýnn,“ bætti leikstjórinn við en hann er ef til vill hvað þekktastur fyrir afrek sín með Monty Python-flokknum og kvikmyndir á borð við Brazil, Time Bandits og Fisher King. „Vandamálið er hins vegar hvenær Johnny Depp er tilbúinn og hvort ég verði á lífi þá,“ sagði Gilliam.



DON KÍKÓTI Kvikmyndaleikstjóranum G.W. Pabst tókst að festa söguna á filmu árið 1933.

LE KLINT

Tilvalin Jólalagjöf

LE KLINT verð frá 13.980

NORMAN verð frá 8.980

UNDERCOVER verð frá 12.980

LÝSING

Húsgagnahöllin býður uppá fjölbreytt úrval ljósa, þar á meðal Le Klint sem eru handunnin og skera sig úr öðrum ljósum fyrir skemmtileg form og lýsingu. Þau hafa þróast frá 1960 til dagsins í dag, en í gegnum tíðina haldið stílhreinu yfirbragði sínu og einfaldleika



Óskum Landsmönnum Öllum Gledilegra Jóla

opnum aftur annan í jólum

Nánari upplýsingar um sýningartíma má finna á WWW.SAMbio.is



www.sambio.is

(575 8900)

www.sambio.is



Rowling afhjúpar titilinn

Sjöunda og síðasta bókin um galdratrákinn Harry Potter mun heita Harry Potter and the Deathly Hallows. Þykir titillinn vísa í myrkt umfjöllunarefni lokabókarinnar. Enn á eftir að finna íslenskan titil á bókina.

Höfundurinn J.K. Rowling hefur þegar viðurkennt að tvær persónur muni deyja í bókinni og hafa einhverjir talið að önnur þeirra verði sjálfur Harry Potter.

Vangaveltur um bókartitla

Aðdáendur Potter gátu tekið þátt í leik á heimasíðu Rowling til að komast að bókartitlinum. Orðrómur hafði verið uppi um hina ýmsu titla, þar á meðal Harry Potter and the Graveyard of Memories, en Rowling vísaði þeim öllum á bug. Talið er að bókin komi út á ensku næsta sumar og kemur hún væntanlega út í íslenskri þýðingu um haustið. Má búast við því að hún njóti mikilla vinsælda eins og fyrri bækurnar um galdratrákinn og ævintýri hans.

Dreymir Potter

Í nýlegu viðtali sagðist Rowling vera farin að skrifa á kaffihúsum á nýjan leik, rétt eins og hún gerði fyrir þrettán árum þegar hún byrjaði fyrst að semja bækurnar um Harry Potter.

Hún hefur einnig viðurkennt að hafa dreymt að hún væri bæði Potter og sögumaður á sama tíma. Rowling sagði að margir hefðu spurt sig í gegnum árin hvort hana dreymdi nokkurn tímann að hún væri í heimi Potters. „Svarið var „nei“ þangað til fyrir skömmu þegar mig



MEÐ EIGINMANNINUM J.K. Rowling með eiginmanni sínum, Dr Neil Murray. Rowling er að ljúka við gerð síðustu bókar sinnar um Harry Potter.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



HARRY POTTER Fimmta kvikmyndin um Harry Potter er væntanleg í kvikmyndahús næsta sumar.

dreymdi að ég væri á sama tíma Harry og sögumaðurinn,“ sagði hún. „Kannski ætti ég að draga úr koffinneyslunni.“

Ánægð með myndina

Rowling bætti því við að hún hefði séð tuttugu mínútna myndskleið úr fimmtu kvikmyndinni um Harry Potter, Harry Potter og Fönixreglan, og fannst mikið til koma. Verður myndin frumsýnd í júlí á næsta ári.

Bækurnar um Potter hafa selst í milljónum eintaka um heim allan og hafa verið þýddar yfir á 63 tungumál.



MEÐ GULLPLÖTURNAR Bubbi Morthens heldur á gullplötunum sem hann fékk fyrir tónleikaplötu og mynddisk sinn, 06.06.06.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Bubbi fékk gull

Rokkklóngurinn sjálfur, Bubbi Morthens, tók á móti gullplötum fyrir tónleikaplötu og mynddisk sinn, 06.06.06, á útvarpsstöðinni Bylgjunni í gær. Jónatan Gardarsson afhenti honum plöturnar í beinni útsendingu og var Bubbi vitaskuld hæstánægður með þessa góðu sölu.

Alls hafa platan og mynd-

diskurinn selst í rúnum 17.500 eintökum sem kemur í sjálfu sér ekki á óvart miðað við aðsóknina á afmælistónleika Bubba í Laugardalshöll. Seldist upp á þá á skömmum tíma og var mikil stemning í Höllinni eins og sjá má á mynddisknum. Söng Bubbi þar öll sín bestu lög við frábærar undirtektir tónleikagesta.

Lygamælar í sínum

Væntanlegur er á markað lygamælir fyrir farsíma, en sá mælir stress í rödd þess sem er hringt í. Nú þegar geta þeir sem nota forritið Skype til samtala nálgast lygamælir á netinu án endurgjalds, en Skype gerir fólki kleift að hringja í hvort annað yfir netið. Lygamælirinn notast við sömu tækni og þeir lygamælar sem löggæslustofnanir í Bandaríkjunum nota við að yfirheyrja



glæpamenn, en um leið og sá sem prófaður er fer að ljúga verða öll ljós rauð. Mælinn má nálgast á heimasíðu Skype, en þar er líka hægt að sjá hvernig mælirinn bregst við orðum Bill Clinton, þegar hann sagði bandarísku þjóðinni að hann hefði ekki stundað kynlíf með Monicu Lewinsky. Talið er að grunsemdafullar eiginkonur muni nýta sér þessa tækni hvað mest, en nú geta ótryggir eiginkonur hvergi flúið.

Enginn sveitaballastaður

„Ég er komin með staðinn og vinnan þar inni er byrjuð, en annars tekur allt svona svo langan tíma,“ segir Inga Friðjónsdóttir um nýjan tónleikastað sem hún hefur í hyggju að opna. Staðurinn verður staðsettur í Hafnarstræti, þar sem áður var staður að nafni Rökkurbarinn. Í næsta nágrenni er skemmtistaðurinn Gaukur á stöng, sem lokar á næstunni og þurfa því þeir tónlistarunnendur sem vanið hafa ferðir sínar á þessar slóðir ekki að örvænta. Inga undirskar að framkvæmdir staðarins séu nýfarnar af stað og því lítið hægt að fara út í smáatriði hvað varðar framtíðar rekstur hans. „Þetta verður þó ekki neinn sveitaballastaður,

INGA FRÍÐJÓNSDÓTTIR Stefni á að opna tónleikastað í Hafnarstræti.




HAFNARSTRÆTI Staðurinn mun fylla það djúpa skarð sem Gaukurinn skilur eftir sig, en hann verður staðsettur bakvið hann.

heldur bara það helsta sem er að ske“ segir Inga örugg og bætir því við að framsækin tónlist verði helst á boðstólum. Inga er alls ekki ókunnug rekstri staða sem þessum, en lengi vel átti hún helming í skemmtistaðnum Sirkus við Klappartíg. Þegar Gaukurinn

and Grand Rokk loka, verður framboð tónleikastaða í Reykjavík engan veginn nægilegt til þess að svara eftirspurn. Staðurinn sem þessi verður því kærkominn í íslenskt tónlistarlíf og fagna tónlistarmenn opnun hans. En að opna stað tekur tíma eins og allt annað og býst Inga við því að staðurinn verði ekki klár í fyrsta lagi fyrr en í apríl eða maí á komandi ári.

-hal



FÚX-FRÁ Hljómsveitarmeðlimirnir hafa allir verið í tónlist í fjögur ár eða lengur en semja þó venjulega melódískt rokk.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sömdu lag fyrir kór

Á nýafstaðinni jólamessu Vogaskóla flutti kór skólans lag eftir fjóra nemendur úr tíunda bekk. Þeir Tómas Hrafn Ágústsson, Magnús Ingvar Ágústsson, Davíð Stefánsson og Sigurður Ingi Einarsson mynda hljómsveitina Fúx-Frá sem hefur nú verið starfrækt í eina fjóra mánuði. „Við sömdu lag í eiginlega fyrir okkur, en fengum svo þá hugmynd að fá kórinn með okkur í þetta,“ sagði Tómas, en strákarnir semja allt sitt efni sjálfir. Tómas sagði það þó hafa verið dálítið frábrugðið því sem þeir eiga að venjast að semja fyrir kórinn, því venjulega er melódískt rokk á efnisskránni. „Þetta var kórstjóranum, henni Ágústu, að þakka líka. Við bjuggum til laglínuna alveg sjálfir, en

hún hjálpaði okkur svolítið við að koma kórnum inn í þetta, með röddun og þannig lagað,“ sagði Tómas.

Hljómsveitarmeðlimir Fúx-Frá hafa allir verið lengi í tónlist. „Við höfum verið að spila í svona fjögur ár. Trommarinn okkar hefur verið lengst í þessu, í heil sex, sjö ár, held ég,“ sagði Tómas. Jólamessan var frumraun strákanna í Vogaskóla, en þeir hafa áður komið fram í félagsmiðstöðinni Þróttheimum. „Annars höfum við bara verið að reyna að redda okkur giggum,“ sagði Tómas, sem sagði Íslendinga alveg mega eiga von á því að heyra frá Fúx-Frá í framtíðinni. „Það verður samt ekki kórátónlist, nema við fáum aftur svona hugdettu,“ sagði hann.

> Grindvíkingar styrkja sig

Karla- og kvennalið Grindavíkur í körfubolta fá bæði nýjan leikmann eftir áramót en það kom fram á heimasíðu félagsins í gær. Í karlaliði kemur Bandaríkjaamaðurinn Calvin Clemmons, sem fékk nýlega portúgalskt vegabréf. Hann lék með Snæfelli á þarsíðasta tímabili og er myndin hér til hliðar tekin úr leik liðsins gegn Keflavík. Clemmons (til hægri) ræðir málin við Michael Ames, þáverandi leikmann Keflavíkur. Kvennaliðið fær einnig liðsstyrk en um er að ræða serbeskan leikmann að nafni Tanja Goranovic. Bæði verða þau lögleg í fyrsta leik liðanna á nýju ári.

sport
sport@frettabladid.is



DAGNÝ LINDA KRISTJÁNSDÓTTIR: KVARTAR EKKI UNÐAN SNJÓLEYSI Í EVRÓPU

Ætla að koma mér í hóp þeirra 30 bestu

Akureyrarmærin Dagný Linda Kristjánsdóttir hefur verið á ferð og flugi síðustu mánuði eins og reyndar svo oft áður. Hún keppir á heimsbikarmótaröðinni í alpagreinum þar sem risasvíg og brun eru hennar sérgreinar. Í vikunni keppti hún í tveimur brunkeppnum og í þeirri síðari kom hún í mark í 36. sæti þrátt fyrir að vera með rásnúmer 56. Án efa ein af hennar bestu keppnum til þessa.

„Ég var auðvitað ánægð með þetta þó ég hefði viljað koma mér inn á topp 30,“ sagði Dagný Linda er hún var nýkomin til Akureyrar í gær í jólafrí. „Þetta var samt

mun betra en ég hef gert áður og finnst mér að ég hafi verið að bæta mig að undanfögnu. Þetta var skref í rétta átt.“

Fyrir fáeinum misserum meiddist Dagný Linda illa á hné en hún segir að hún hafi jafnað sig fullkomlega og meiðslin hafi henni ekki í keppnum.

„Markmið vetrarins er að reyna að festa mig í sessi í hópi 30 bestu á mótaröðinni. Ég veit að það verður mjög erfitt enda er baráttan á toppnum gríðarlega mikil. Það má hreinlega ekkert klikka, sérstaklega í bruni og risasvíg. Ef maður gerir ein mistök verður mjög erfitt að bæta fyrir þau.“

Það sem hefur helst einkennt tímabilið í skíðaþróttum til þessa er það mikla snjóleysi sem er í Ölpunum. Þar hafa hlýndir ekki verið meiri í fleiri hundruð ár og því lítið um skíðasnjó.

Dagný Linda segir að reynt sé að framleiða snjó en það gangi illa vegna hitans. „Ég keppti í Kanada fyrir skemmstu og þar hefur veturinn verið góður. Við æfðum og kepptum þar við góðar aðstæður. Í haust hef ég einnig verið mikið í jöklunum í Sviss en sinnit þrekæfingum þess á milli. Ég ætlaði reyndar að reyna að æfa mig í brekkunum hér á milli jóla og nýárs en það litur út fyrir að ég þurfi að fara í ræktina þess í stað.“

Dagný Linda og Björgvin Björgvinsson voru í gær útnefnd skíðamenn ársins hjá Skíðasambandi Íslands.



KRISTINN R. JÓNSSON Næsti þjálfari U-19 landsliðs karla. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Landsliðsþjálfaramál:

Kristinn þjálfar U-19 lið karla

FÓTBOLTI KSÍ tilkynnti í gær ráðningu Kristins R. Jónssonar í starf þjálfara landsliðs karla skipuðu leikmönnum 19 ára og yngri. Gerði hann tveggja ára samning. Þá verður Luka Kostic áfram með U-17 lið karla næstu tvö árin en hann þjálfar einnig U-21 liðið.

Freyr Sverrisson verður þjálfari U-16 liðsins næstu tvö árin og þá gerði Ólafur Þór Guðbjörnsson samning um að halda áfram með U-19 lið kvenna næsta árið hið minnsta. - esá

Staða Beckhams versnar:

Gago til liðs við Real Madrid

FÓTBOLTI Real Madrid keypti í vikunni Gonzalo Higuain frá River Plate fyrir 9 milljónir punda og í gær gekk félagið frá kaupum á Fernando Gago frá Boca Juniors fyrir 14 milljónir punda. Koma Gago til félagsins þykir ýta undir þær sögusagnir að David Beckham muni yfirgefa félagið.

Gago er tvítugur og skrifaði undir sex og hálfis árs samning við Real Madrid. Hann getur spila bæði á miðjunni og úti á hægri kanti og hefur verið líkt við snillinginn Fernando Redondo sem lék á sínum tíma með Real Madrid. - dsd

Hvaða íþróttamaður hampar nýju styttni fyrstur?

Hinn 28. desember verður kunngjört hver hlýtur sæmdarheitið Íþróttamaður ársins. Listi yfir tíu efstu íþróttamennina í kjörinu liggur fyrir. Ný stytta mun fylgja sæmdarheitinu en gamla stytta er farin á Þjóðminjasafnið.

ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS Kjöri íþróttamanns ársins verður lýst á Grand Hótel hinn 28. desember næstkomandi. Samtök íþróttafréttamanna standa að kjörinu og allir 23 meðlimir samtakanna kusu að þessu sinni.

Á topp tíu listanum eru knattspyrnumenn fjölmennastir, þrjár talsins, og handboltinn kemur næstur með tvo fulltrúa. Hlutur kvenna er nokkuð góður en fjórar konur eru á listanum að þessu sinni.

Atkvæðagreiðslan í kjörinu er leynileg en efsti maður hvers lista fær 20 stig, 15 stig eru gefin fyrir annað sætið og þriðja sætið gefur 10 stig. Allar frekari upplýsingar um reglugerðir og kjörið sjálft má finna á heimasíðu samtaka íþróttafréttamanna, www.sportpress.is.

Eiður Smári Guðjohnsen, knattspyrnumaður hjá Barcelona, hefur



NÆR EINHVER AÐ VELTA EIDI AF STALLI? Eiður Smári Guðjohnsen hefur hlotið sæmdarheitið Íþróttamaður ársins síðustu tvö ár og er aftur á meðal tíu efstu í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hlotið sæmdarheitið síðustu tvö ár og hann er aftur á topp tíu listanum. Maðurinn sem hlaut sæmdarheitið tvö ár í röð þar á undan, handknattleiksmaðurinn Ólafur Stefánsson hjá Ciudad Real, er einnig á topp tíu listanum að þessu sinni.

Eins og áður segir eru flestir knattspyrnumenn á listanum og vekur athygli að meirihluti þeirra sé konur. Þrjár fyrrverandi handhafar sæmdarheitisins eru á listanum en auk þeirra Eids Smára og Ólafs hefur sundkappinn Örn Arnarson lyft styttni góðu og það þrisvar sinnum.

Eins og áður segir verður kjörinu lýst 28. desember næstkom-

andi. Bein útsending frá kjörinu hefst klukkan 20 á Sýn og RÚV en Sýn byrjar að rifja upp íþróttarárið klukkan 19.25. henry@frettabladid.is

TOPP TÍU LISTINN

Í stafrófsröð:

Auðunn Jónsson	kraftlyftingar
Asthildur Helgadóttir	knattspyrna
Birgir Leifur Hafþórsson	golf
Eiður Smári Guðjohnsen	knattspyrna
Guðjón V. Sigurðsson	handknattleikur
Margrét L. Viðarsdóttir	knattspyrna
Ólafur Stefánsson	handknattleikur
Ragna Ingólfssdóttir	badminton
Sif Pálsdóttir	fimleikar
Örn Arnarson	sund



AUÐUNN JÓNSSON



ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR



BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON



GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON



MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR



ÓLAFUR STEFÁNSSON



RAGNA INGÓLFSSDÓTTIR



SIF PÁLSDÓTTIR



ÖRN ARNARSON

Gjafavara

full búð af spennandi jóla- og gjafavöru

PANNA 2.0 ltr.	2.980 verð áður: 3.725	WOK PANNA 6,9 ltr.	3.780 verð áður: 4.725	POTTUR 2-3 ltr.	3.380 verð áður: 4.225	POTTUR 3,5-4 ltr.	4.280 verð áður: 5.350
--------------------------	----------------------------------	------------------------------	----------------------------------	---------------------------	----------------------------------	-----------------------------	----------------------------------

ZONE

Pottarnir frá Zone eru mjög vandaðir úr ryðfríu stáli með silikon handfangi, þola ofnhita við allt að 220 gráðum og þola uppþvottavél. Fyrir allar gerðir af hellum.

HÚSGAGNAHÖLLIN

515 6100 | SYN.IS | VODAFONE

Iceland Express  er Bakhjarls Sýnar

Í DAG KL. 14:20

KIEL FLENSBURG

ÞÝSKI HANDBOLTINN

„ÉG

POLLI EKKI

AÐ TAPA“

Iceland Express færir handboltaáhugamönnum þýska handboltann á Sýn í vetur. Sýnt verður beint frá öllum helstu leikjunum í þessari sterkustu deildarkeppni í heimi og verður þar kastljósinu beint sérstaklega að Íslendingaliðunum.

SÝN
besta sætið



DANIEL ALVES Hefur verið lykilmáður í liði Sevilla sem vann UEFA-keppnina á síðustu leiktíð. NORDIC PHOTOS/GETTY

Spænska liðið Sevilla:

Alves framlengir samning sinn

FÓTBOLTI Brasilíska bakvörðurinn Daniel Alves hefur framlengt samning sinn við Sevilla um eitt ár og er því með samning til ársins 2012 við spænska liðið. Alves er 23 ára gamall og hefur verið orðaður við bæði Barcelona og Liverpool að undanfögnu.

„Þessi samningur sýnir að báðir aðilar eru ánægðir og að leikmanninum líður vel hjá félaginu,“ sagði Monchi Rodriguez, yfirmaður íþróttamála hjá Sevilla.

Alves er þó með klásúlu í samningi sínum þar sem segir að hægt sé að kaupa hann fyrir 60 milljónir evra. - dsd



ERNIE ELS Sigráði á Opna Suður-Afríku móttinu í síðustu viku. NORDIC PHOTOS/GETTY

Ernie Els:

Með áætlun um að ná Tiger

GOLF Suður-afríski kylfingurinn Ernie Els segist hafa þriggja ára áætlun í huganum sem stuðli að því að veita Tiger Woods harða keppni í golfheiminum. Els hefur átt við hnémeiðsli að stríða en segist vera búinn að ná sér að fullu og virðist vera í góðu formi.

„Ég sé árið 2007 fyrir mér sem byrjun á þriggja ára áætlun þar sem ég mun algjörlega endurskoða mitt spil. Míg langar að vinna fleiri risamót og veita Tiger harða keppni. Ef maður lítur á stöðu hans núna er ekki hægt að sjá að neinn muni ógna honum á næstunni.“

Ég ætla að gefa mér þrjú ár í þetta markmið og ég trúi því að ég geti náð þessu,“ sagði Els á heimasíðu sinni, ernieels.com. - dsd

Detroit Pistons og Washington Wizards unnu góða útisigra í NBA í fyrrinótt:

Billups afgreiddi Cleveland

NBA Tveir leikir fóru fram í NBA-deildinni í fyrrinótt þar sem Detroit Pistons og Washington Wizards unnu bæði góða útisigra á andstæðingum sínum. Detroit gerði góða ferð til Cleveland og vann LeBron James og féлага, 87-71, og Washington vann góðan útisigur á Sacramento Kings, 126-119.

Chauncey Billups fór fyrir liði Detroit Pistons, skoraði 17 stig og gaf 10 stoðsendingar. Tayshaun Prince kom næstur í stigaskori þar sem hann skoraði 16 stig en sex leikmenn Detroit skoruðu tíu

stig eða meira í leiknum.

Billups lét lítið fyrir sér fara þar til í fjórða leikhluta þar sem hann skoraði tólf af sautján stigum sínum í leiknum en hann skoraði aðeins úr einu af níu skotum sínum í þriðja leikhluta. „Þeir sáu mig klúðra skotum fyrr í leiknum við slókuðu þeir aðeins á í vörninni gegn mér. Það var þá sem ég sótti á þá. Þannig leikmaður er ég,“ sagði Billups eftir leikinn.

Lebron James var stigahæstur heimamanna í Cleveland með 26 stig auk þess sem hann hirti 10

fráköst en næstur honum kom Zydrunas Ilgauskas með 16 stig skoruð.

Antawn Jamison átti góðan leik fyrir Washington Wizards þegar liðið vann Sacramento Kings, 126-119. Jamison skoraði 33 stig og tók 13 fráköst. Gilberto Arenas átti einnig mjög góðan leik fyrir Wizards og skoraði 30 stig en Washington skoraði 73 stig í síðari hálfleik.

Stórleikur Kevin Martin fyrir Sacramento dugði ekki til en hann skoraði 40 stig fyrir Kings. - dsd



CHAUNCEY BILLUPS Lék vel í fjórða leikhluta og lagði grunninn að sigri Detroit á Cleveland. NORDIC PHOTOS/GETTY



GLAZER Bræðurnir Bryan, Avram og Joel ræða hér málin á leik Manchester United og Everton í síðasta mánuði. NORDIC PHOTOS/GETTY

Miðaverð á Old Trafford mun hækka um helming

Glazer-fjölskyldan er tilbúin að leggja fram 25 milljónir punda aukalega til handa Manchester United til leikmannakaupa eftir því sem kemur fram í nýrri fjárhagsáætlun. Á móti kemur að miðaverð mun tvöfaldast á næstu fimm árum.

FÓTBOLTI Glazer-fjölskyldan, eigandi enska knattspyrnuliðsins Manchester United, er tilbúin að leggja fram 25 milljónir punda aukalega til leikmannakaupa ef félagið hefur áhuga á að kaupa ofurstjórnu til félagsins. Þetta kemur fram í 60 blaðsíðna fjárhagsáætlun sem fjölskyldan hefur lagt fram.

Sir Alex Ferguson, knattspyrnu-stjóri Manchester United, mun áfram fá 25 milljónir punda árlega til leikmannakaupa en ef Ferguson hefur möguleika og áhuga á að kaupa stóra stjórnu til félagsins segist fjölskyldan ekki ætla að

standa í vegi fyrir því.

Fjölskyldan segist gera sér grein fyrir því að hún geti ekki keppt við Chelsea hvað eyðslu í leikmenn varðar en bætir við að Manchester United ætli sér að feta í fótspor Real Madrid hvað varðar auknar auglýsingar, jafnt innan sem utan vallar.

Fram kemur í áætluninni að miðaverð á Old Trafford, heimavelli Manchester United, muni hækka jafnt og þétt næstu sex árin og að miðinn muni verða á um 50% hærra verði árið 2012 en hann er á núna. Fjölskyldan segir að sæti sem seljast á verðinu 23 pund til 39

pund séu ódýr þegar mið sé tekið af Lundúnafélögunum, sem rukka um helmingi meira fyrir svipuð sæti.

Ekkert kemur fram um að fjölskyldan ætli sér að selja Old Trafford og leigja hann aftur, né er minnst á það að félagið muni reyna að gera sína eigin sjónvarpssamninga.

Fjölskyldan virðist ekki hafa getað stillt sig um að skjóta örlítið á Chelsea því í skýrslunni segir að ensku meistarnir séu ekki vænlegur auglýsingaaðili vegna þess hve fáa stuðningsmenn félagið eigi utan Bretlandseyja. - dsd



AMIR KAHN Er einn efnilegasti hnefaleikamaður heimsins í dag. GETTYIMAGES

Boxarinn Amir Kahn:

Stefnir á heimsmeistaratitil

BOX Hnefaleikakappinn Amir Kahn hefur látið hafa eftir sér að hann ætli sér að verða heimsmeistari innan tólf mánaða. Kahn vann til silfurverðlauna á Ólympíuleikunum í Aþenu árið 2004, þá sautján ára gamall, og hefur unnið tíu fyrstu bardaga sína sem atvinnuhnefaleikamaður.

Kahn, sem er nýorðinn tvítugur, ætlar sér að verða heimsmeistari áður en hann verður 21 árs. „Ég vil vinna titilinn á næsta ári og ég sé ekki af hverju það ætti ekki að takast. Tyson gerði þetta þegar hann var 20 ára, af hverju ætti ég ekki að geta það?“ - dsd

Meiðsli hjá Barcelona:

Lilian Thuram frá í mánuð

FÓTBOLTI Lilian Thuram, varnarmaður Barcelona, verður frá keppni í mánuð eftir að hafa rífið lærvöðva í leik Barcelona og Athletic Madrid á fimmtudaginn sem endaði með jafntefli, 1-1.

Vetrarhlé er nú í spænsku deildinni og það er kærkomið fyrir ríkjandi Spánarmeistara því félagið er með sex varnarmenn á sjúkralistanum hjá sér. Edmilson, Rafael Marquez, Giovanni van Bronckhorst, Sylvinho og Oleguer eiga allir við meiðsli að stríða en ættu að vera klárir í slaginn þegar mótið fer af stað aftur eftir áramótin. - dsd

Gjafavara

full búð af spennandi jóla- og gjafavöru



3.184
verð áður: 3.980



2.384
verð áður: 2.980



3.184
verð áður: 3.980

bodum

BODUM

NISSEN matjurtarbretti og hnifur. **NISSEN** parma bretti og hnifur. **CHRISTIANSHAVE** ostabretti og hnifur. Tilvalið í jólapakkann.

HÚSGAGNAHÖLLIN

Jólin eru komin í Minimal!



FÆST Í 4 LITUM

Hægindastóll áður kr. 79.900

Nú aðeins kr. 39.900

ÓTRÚLEG TILBOÐ

Hringstóll kr. 59.900

Sófasett (3+1+1) kr. 189.900

Hægindasófi kr. 79.900

Tungusófar frá kr. 129.900



Ekki bara aðeins ódýrari, heldur miklu ódýrari!

Opið í dag frá
11:00 til 17:00



minimal

minimal • miðhraun 14 • garðabær • sími 517 4008 • (við hliðina á sappos)

> Meg Ryan

Var skírð Margaret Mary Emily Ann Hyra og fæddist 19. nóvember árið 1961 í Fairfield í Connecticut. Meg útskrifaðist úr Bethel miðskólanum í júní árið 1979 og flutti til New York. Þar lærði hún fjölmiðlafræði. Til að þéna aukapening meðan hún náði sér í gráðu í fræðunum prófaði hún sig áfram í leiklist og notaði nafnið, Meg Ryan. Árið 1981 fékk hún stóra tækifærið á tjalduinu sem dóttir Candice Bergen í myndinni Rich and Famous. Meg varð loksins stjarna með línunni „Take me to bed or lose me forever“ í myndinni Top Gun árið 1986. Eftir það hefur hún leikið í fjölmörgum vinsælum myndum og flestir kannast við hana úr When Harry Met Sally árið 1989 og Sleepless in Seattle árið 1993 sem í kvöld er á dagskrá Sjónvarpsins. Meg giftist leikaranum Dennis Quaid en þau skildu 16. júlí árið 2001 og eiga saman soninn Jack Henry Quaid.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ JAKOB BJARNAR ER ÁNÆGDUR MEÐ FEIMNISLEGA DIRFSKU SÝNARMANNA

Póker í sjónvarpi

Sjónvarpsstöðin Sýn á hrós skilið fyrir að sýna frá Heimsmótariðinni í póker. Þeir standa vel að því. Og ekki með miklum tilkostnaði í því sem lýtur að umbúðunum eins og oft vill verða aðalatriði í sjónvarpi. Afrek þeirra felst einfaldlega í því að hafa fengið hinn mjög svo áheyrilega Gísla Ásgeirsson til að þýða og þýlja. Gísli er öllum hnútum kunnugur í pókerheiminum, hefur sett sig gaumgæfilega inn í öll helstu hugtök og heiti. Leiðir áhorfendur í gegnum keppnina af mikilli leikni. Enda mun Gísli vera gamall kennari. Þýðir og staðfærir af stakri snilld. Ekki fer þar bögbósi sem særir málkennnd sjónvarpsáhorfenda en ótrúlega oft vill það vera að fólk sem varla getur komið frá sér óbrennlaðri setningu velst til starfa í sjónvarpi.

Reyndar er merkilegt að lofa þurfi sérstaklega það að sémilega máli farnir menn skuli veljast til að hafa umsjá með eins og einum dagskrárliði í ljósvakamiðli. En, sem



sagt, hvort sem það er fyrir heppni eða að meðvituð ákvörðun búi að baki ber að þakka fyrir þetta.

Póker er reyndar eitthvert vinsælasta sjónvarpsefni á heimsvísu. En Sýn þarf nánast að þukrast með þetta ágæta efni og hefur það á dagskrá seint að kveldi. Sem má líklega rekja til þess hversu sorglega kjarklitlir stjórnálmenn á Íslandi eru. Vilja helst ekki snerta á málum nema með fylgi uppáskrifuð ávísun á vinsældir músgins. Því það ríkir eins konar bann við Casino-spilum á Íslandi svo sem póker, Black Jack og rúlettu. Sem er hjákátlegt meðan einhentir ræningjar eru á hverju götuhorni. Siðlausasta fjárhættuspilamennska sem þekktist. Vinningslíkur nánast engar en þar tapa bótaþegar – ellilífeyrisþegar og öryrkjar – aleigunni og spilaflíklar rækta auðnuleysi sitt í fullkomnu vonleysi. En stjórnálmenn þora ekki að leggja til atögu við vitleysuna af ötta við að stygga fordómfullan lýðinn. Þó geta allir þeir sem eru veikir á svellinu spilað rassinn úr buxunum á Netinu. En, nei. Vissara að hafa þetta bara bannað. Ekki satt?

EKKI MISSA AF



► 04.05 Löggulif STÖÐ 2



► 00.00 Zoolander SJÓNVARPIÐ



► 19.45 The Office SKJÁR EINN



► 22.05 Indiana Jones STÖÐ 2 BÍÓ



► 22.35 Chappelle's Show SIRKUS

SJÓNVARPIÐ

- 8.00 Morgunstundin okkar
- 8.01 Fyndin og furðuleg dýr
- 8.06 Bú! (19:26) (Boo!)
- 8.17 Lubbi læknir (42:52) (Dr. Dog)
- 8.30 Snillingarnir (15:28)
- 8.53 Sigga liggja lá (41:52)
- 9.06 Tsitsi (5:5)
- 9.16 Trillurnar (11:26) (The Triplets)
- 9.42 Matta fósra og ímynduðu vinir hennar (41:53)
- 10.04 Spæjarar (49:52)
- 10.26 Jóladaatalið - Stjórnustrákur
- 10.35 Stundin okkar
- 11.05 Kastljós
- 11.40 Jólamma
- 13.10 Dansinn dunar (Rize)
- 14.35 EM í frjálsu íþróttum
- 16.25 Kraftavíkingurinn
- 16.50 Sterkasti maður Íslands
- 17.20 Alpasyrpa (5:16)
- 17.50 Tákn málsfréttir
- 18.00 Kraftaverkafólk (2:6)
- 18.45 Jóladaatalið - Stjórnustrákur
- 18.54 Lottó
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.40 Jólamesan e.
- 20.15 Svefnlaus í Seattle
- 22.00 Innsta eðlið (Instinct)
- 0.00 Zoolander
- 1.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 6.00 Beethoven's 5th
- 8.00 First \$20 Million Is Always the Hardest
- 10.00 Loch Ness
- 12.00 De-Lovely
- 14.05 Beethoven's 5th
- 16.00 First \$20 Million Is Always the Hardest
- 18.00 Loch Ness
- 20.00 De-Lovely
- 22.05 Indiana Jones and the Last Crusade (e)
- 0.10 My Little Eye
- 2.00 The Vector File
- 4.00 Indiana Jones and the Last Crusade (e)



7.00 Kærleiksbirnir (50:60)

- 7.10 Addi Panda
- 7.15 Barney
- 7.45 Gordon the Garden Gnome
- 7.55 Ruff s Patch
- 8.05 Funky Valley Leyfð öllum aldurshópum.
- 8.10 Animaniacs (Villingarnir)
- 8.30 Justice League Unlimited
- 8.55 Kalli kanína og félagar
- 9.15 Tracey McBean
- 9.25 S Club 7
- 9.50 Búbbarnir (18:21)
- 10.15 Bróðir minn ljónshjarta
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.40 Bold and the Beautiful (Glæstar vonir) Leyfð öllum aldurshópum.
- 14.25 X-Factor (6:20) (Bootcamp 3 - Vinnubúðir)
- 15.25 Hot Properties
- 15.50 Curb Your Enthusiasm
- 16.20 Eldsnögg með Jóa Fel
- 16.55 60 mínútur
- 17.45 Martha (Rosie Perez)
- 18.30 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.00 Ísland í dag
- 19.40 The New Adventures of Old Chr (8:13)
- 20.05 Fóstbræður (5:8)
- 21.00 Elf (Álfur) Bráðfyndin jólamynd fyrir alla fjölskylduna. Will Ferrell leikur dreng sem elst upp hjá álfum jólasveinsins. Þegar hann fullorðnast rennur loksins upp fyrir honum hinn skelfilegi sannleikur, að hann sé ekki álfur og þurfi því að fara aftur til mannheima og boða jólaboðskapinn – með ansi spaugilegum afleiðingum. Aðalhlutverk: James Caan, Will Ferrell, Bob Newhart. Leikstjóri: Jon Favreau. 2003. Leyfð öllum aldurshópum.

22.35 Miss Marple: Murder Is Announ

- 0.10 The Hunt for Red October (e) Bönnuð börnum.
- 2.25 The Bread, My Sweet
- 4.05 Löggulif Leikstjóri: Þráinn Bertelsson. 1985.
- 5.40 The New Adventures of Old Chr (8:13)
- 6.00 Fréttir Fréttir Stöðvar 2 endursýndar frá því fyrir í kvöld.
- 6.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SIRKUS TV

- 18.00 Seinfeld Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
- 18.30 Fréttir, íþróttir og veður Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu Stöðvar 2 í samtengdri og opinni dagskrá Stöðvar 2 og Sirkuss.
- 19.00 Seinfeld
- 19.30 Sirkus Rvk (e)
- 20.00 South Park (e) 9. serían um Cartman, Kenny, Kyle, Stan og lifið í South Park en þar er alltaf eitthvað furðulegt í gangi.
- 20.30 Tekinn (e) Best Of ... Í þættinum í kvöld fáum við að sjá brot af því besta frá hrekkjum Audda í vetur.
- 21.00 So You Think You Can Dance 2 (e)
- 22.35 Chappelle's Show 1 (e)
- 23.05 Vanished (10:13) (e) (Vanished) Jeffrey Collins er þingmaður á hraðri uppleið. Hann er giftur hinni ungu og fallegu Söru sem sinnir góðgerðarmálum af miklum hug. En þegar þau hjón fara í veiðu til heiðurs Söru gerast atburðir sem enginn gat séð fyrir, Sara hverfur sporlaust. Hefst þá mikið kapphlaup í að finna Söru þar sem allir eru grunaðir, allir hafa eitthvað að fela og enginn er öruggur. Hörkuspennandi þættir í anda 24.
- 23.55 X-Files (e)
- 0.40 Twenty Four (3:24) (e) (24 - 2) Jack og gengi Joe undirbyr að sprengja upp CTU, en á sama tíma leitir Kim þangað eftir aðstoð. Mason tekur hættulegan krók á leið út úr bænum og grunar Kate hann um græsku. Stranglega bönnuð börnum.
- 1.25 Twenty Four (4:24) (e)
- 2.10 Entertainment Tonight
- 2.35 American Dad (3:10)
- 3.00 Supernatural (7:22) (e) (Hook Man) Sam og Dean reyna að hjálpa stúlku sem er í vanda stödd. Bönnuð börnum.
- 3.45 Supernatural (8:22) (e) (Bugs)
- 4.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttabútturinn Kortir er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

- 10.45 2006 World Pool Masters (e)
- 11.35 Rachael Ray (e)
- 13.25 Celebrity Overhaul - NÝTT (e)
- 14.25 The Bachelor VIII - NÝTT (e) Bandarísk raunveruleikasæra þar sem myndarlegur piparsveinn leitir að drauma-dísinni.
- 15.25 Sons & Daughters (e)
- 15.50 Rock Star: Ísland (e) Rísatónleikar þar sem allar hetjumar úr Rock Star: Supernova hittast í fyrsta sinn síðan þáttunum lauk.
- 18.15 Rachael Ray (e)
- 19.10 Game tívi (e)
- 19.45 The Office (e)
- 20.10 What I Like About You Gamanseria um tvær ólíkar systur sem búa saman í New York.
- 20.35 Sons & Daughters
- 21.00 Casino - Iokapáttur Bandarísk raunveruleikasæra þar sem fylgst er með því sem gerist bak við tjöldin í spilaviti í syndaborginni Las Vegas. Stórlaxinn Geoff Mills er að fara að gifta sig og nú á að steggia hann með stael. Tim og Tom halda sundlaugarpartí fyrir gesti spilavítisins.
- 21.50 Battlestar Galactica
- 22.40 Isn't She Great
- 1.10 Still Standing (e) Bandarísk gaman-sería.
- 0.40 Kojak (e) Bandarísk sakamálasæra.
- 1.30 Da Vinci's Inquest (e) Kanadísk sakamálasæra.
- 2.20 Masters of Horror (e) Þekktustu hrollvekjuleikstjórar samtímans leikstýra stuttum hrollvekjum sem fá hárin til að rísa. STRANGLEGA BÖNNUÐ BÖRNUM.
- 3.10 Tvöfaldur Jay Leno (e)

SKJÁR SPORT

- 11.45 Upphitun (e)
- 12.15 Fulham - West Ham (beint)
- 14.50 Aston Villa - Man. Utd. (beint)
- 17.05 Wigan - Chelsea (beint)
- 19.30 Middlesbrough - Charlton (frá í dag)
- 21.30 Portsmouth - Sheff. Utd. (frá í dag)
- 23.40 Man. City - Bolton
- 1.40 Dagskrárlok

Tilvalin Jólágjöf

20% AFSLÁTTUR

4.784
verð áður: 5.980

2.384
verð áður: 2.980

3.184
verð áður: 3.980

4.880
verð áður: 6.980

BODUM SANTOS kaffikanna 8 bolla. **ASSAM** tekanna 1L. **CHAMBORD** kaffikanna 4 bolla. **SNAKK SETT** inniheldur 4 thermo glós og 1 thermo skál.

HÚSGAGNAHÖLLIN

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.00

Álfur

Bráðfyndin jólamynd fyrir alla fjölskylduna sem naut mikilla vinsælda er hún var sýnd í kvikmyndahúsum hér á landi um jólin 2003. Allra vinsælasti grínleikari heimsins í dag, Will Ferrell, leikur dreng sem elst upp hjá álfum jólasveinsins. Þegar hann fullorðnast rennur loksins upp fyrir honum hinn skelfilegi sannleikur, hann er ekki álfur og neyðist því að fara aftur til mannheima og boða jólaboðskapinn – með ansi spaugilegum afleiðingum. Aðalhlutverk: Will Ferrell, James Caan, Bob Newhart. Leikstjóri: Jon Favreau. 2003. Leyfð öllum aldurshópum.



► VIÐ MÆLUM MED JÓLAMESSUNNI Í SJÓNVARPINU KL. 19.40

Jólamessan er leikin íslensk sjónvarpsmynd sem gerist á okkar tímum. Í henni leikur Árni Tryggvason aldraðan prest í smábæ. Klerkur á skammt eftir ólífað og þegar hann heldur sína síðustu jólamessu vill hann gera hana eftirminnilega fyrir bæjarbúa. Í öðrum hlutverkum eru þau Hinrik Ólafsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Halldór Páll Eydal. Um kvikmynda-töku sá Guðmundur Bjartmarsson, Íris Sveinsdóttir klippti myndina og handritið er eftir Lýð Árnason sem leikstýrði ásamt Jóakim H. Reynissyni.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.45 Veðurfreginir 6.50 Bæn
7.00 Fréttir
7.05 Laugardagur til lukku
8.00 Fréttir
8.05 Músík að morgni dags
9.00 Fréttir
9.03 Út um græna grundu
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfreginir
10.15 Krossgötur
11.00 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfreginir
13.00 Jólakveður
16.00 Fréttir
16.08 Veðurfreginir

16.10 Jólakveður
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Dánarfreginir og auglýsingar
18.33 Jólakveður
20.00 Jólakveður
21.55 Orð kvöldsins
22.00 Fréttir
22.10 Veðurfreginir
22.15 Jólakveður
0.00 Fréttir
00.10 Jólakveður
01.00 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

8.40 X-Games 2006 - þáttur 5 (X-Games 2006 - þáttur 5)

9.35 Ameríski fótboltinn (NFL Gameday 06/07)

10.05 Spænsku mörkin

10.50 Coca Cola mörkin

11.20 Coca Cola deildin (Crystal Palace - Sunderland) Útsending frá leik Crystal Palace og Leeds United í ensku 1. deildinni.

13.00 Football Icons

13.55 Þýski handboltinn 2006-2007

(THW Kiel - SG Flensburg/Handewitt) Bein útsending frá þýska handboltanum þar sem íþróttin er geysilega vinsæl um þessar mundir. Kiel og Flensburg hafa verið í fremstu röð í Evrópu síðastliðinn áratug og því er hér á ferðinni sannkallað augnakonfekt fyrir handknattleiksunnendur. Viggó Sigurðsson hefur stýrt liði Flensburg í haust þar sem fjölmargir Norðurlandabúar hafa leikið á undanförmum árum, t.d. Lars Christiansen. Í liði Kiel eru margir þekktir Svíar og þeirra þekktastur er Stefan Lövgren.

15.25 NBA deildin (Sacramento - Washington) Útsending frá leik í NBA-körfuboltanum.

17.25 Enski deildabikarinn (Liverpool - Arsenal) Útsending frá leik Liverpool og Arsenal í deildabikarkeppinni.

19.05 Enski deildabikarinn (Newcastle - Chelsea) Útsending frá leik Newcastle og Chelsea í ensku deildabikarkeppinni.

20.45 Þýski handboltinn 2006-2007 (THW Kiel - SG Flensburg/Handewitt) Útsending frá stórleik Kiel og Flensburg í þýska handboltanum.

22.00 Hnefaleikar (Box - Ricky Hatton vs. Carlos Maussa) Útsending frá bardaga Rickys Hatton og Carlos Maussa þegar þeir mættust á síðasta ári.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð.

DR 1

11.40 Med Kløvedal på reise langs Grønlands vestkyst 12.40 Perfekte hustruer 13.30 Mr. Nice Guy 14.30 Hjerteflimmer 15.00 Boogie Listen 16.10 Hammerslag 16.40 Før søndagen 16.50 Held og Lotto 17.00 Bullerfnis 17.30 TV Avisen med vejret 18.00 SportNyt 18.30 De store katte 19.00 MGP Nordic 2006 20.45 Kriminalkommissær Bamaby 22.25 Duellen 23.35 The Young Americans

NRK1

11.50 V-cup kombinert 12.45 V-cup skøyter: 1500 m menn og 5000 m kvinner 13.45 V-cup hopp: Utdrag fra kvalifiseringen til dagens renn 14.30 Sport i dag 15.10 V-cup hopp 16.05 Sport i dag 16.20 V-cup hopp 17.00 Jubalong 17.30 Amigo 18.00 Lørdagsrevyen 18.45 Lotto-trekning 18.55 Nordisk finale i Melodi Grand Prix 20.45 Kokos 21.00 Fakta på lørdag: Holocaust - Tidsvitner 22.00 Kveldsnytt 22.15 Resten av dagen

SVT 1

12.05 En uppstoppad hund 13.05 En uppstoppad hund 14.05 Uppdrag Granskning 15.05 Mästerverket 16.00 Doobidoo 17.00 Emil i Lönneberga 17.25 Disneydags 18.00 Världamas bok 18.30 Rapport 18.45 Sportnytt 19.00 MGP Nordic 20.45 Håll tyst, världen! 21.15 Bingo Royale 22.00 Rapport 22.05 Jet Lag 23.30 Vårt bångstyryga sinne 0.00 Sändning från SVT24

GEFÐU SKEMMTILEGA

DVD JÓLAPAKKA!

GRÍPTU ÞESSAR MEÐ Í JÓLAPAKKAN

SAMMYNDIR



...fá Bubbi og frítt föruneyti hans, sem leggja leið sína á Litla-Hraun á morgun til að létta föngunum lund, en þetta er 23. heimsókn Bubba á Hraunið í þeim tilgangi.

Sakar dómara í X-Factor um klíkuskap

„Það sem ég kynntist fyrir utan myndavélarnar var mér ekki að skapi,“ segir Hafsteinn Þór Auðunsson, sem vakti mikla athygli í síðasta X-Factor þætti þegar hann lýsti því yfir að eitthvað væri bogið við þáttinn og gerð hans. „Mér fannst aðaldómari í mínum hópi vingast meira við suma keppendur en aðra,“ útskýrir hann. „Varð vitni að klíkuskap þegar slökknadi á myndavélunum,“ bætir hann við. „Ég vil


ekki vera að kasta rýrd á aðra keppendur í þættinum eða segja hverjir áttu hlut að máli en menn geta sagt sér sjálfir um hvaða dómara er rætt,“ segir Hafsteinn en í hópi hans voru einstaklingar undir leiðsögn Elinborgar Halldórsdóttur, betur þekktar sem Ellýjar í Q4Y.

Hafsteinn viðurkendi að ef hann hefði komist áfram eða ekki verið með þeim síðustu til að vera sendir heim hefðu þessi orð aldrei verið látin falla. „Ég var bara pirraður og ósáttur með málalýktir,“ útskýrir hann en dregur hins vegar fullyrðingu sína um klíkuskap í X-

Factor ekki til baka. Hann sagðist aftur á móti vita vel af því að í einu laganna hefði honum ekki tekist nægjanlega vel upp. „Mér fannst það hins vegar ekki nægjanlega góð ástæða til að láta henda mér út,“ segir hann.

Hafsteinn er liðtækt ljóðskáld og er með ljóðabók í undirbúningi en er ekki búinn að fastsetja útgáfudag. „Þetta er allt í vinnslu, bókinn verður á ensku og fjallar um tilfinningar fólks eins og nafnið gefur til kynna,“ útskýrir Hafsteinn en bókin mun að öllum líkindum heita Feelings as you know them If you know them. -fgg

HAFSTEINN ÞÓR Sakar Ellý um klíkuskap í X-Factor. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2 fálma 6 2000 8 besti árangur 9 stækkaði 11 guð 12 viðburður 14 tré 16 sjó 17 líða vel 18 hætta 20 tveir eins 21 málmhúða.

LÓÐRÉTT 1 kveina 3 kringum 4 inn-tak 5 óhreinna 7 andvægi 10 þyrping 13 svelg 15 pottréttur 16 aska 19 ónefndur.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1 emja, 3 um, 4 merkings, 5 eta, 7 mótvæði, 10 kví, 13 íðu, 15 18 ógn, 20 gð, 21 tína.

VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

- Steinríkur.
- Ölfusá.
- Saparmurat Niyazov (Turkmenbasi).

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



ATLI FREYR Þulurinn er fjarri heimahögum þegar jólin ganga í garð annað árið í röð.

ATLI FREYR STEINÞÓRSSON: FLYTUR LANDSMÖNNUM JÓLAKVEÐJU RÚV

Útvarp Reykjavík, gleðileg jól

Atli Freyr Steinþórsson, þulur hjá Ríkisútvarpinu, flytur hina hefðbundnu jólakveðju annað árið í röð á slaginu 18 á aðfangadagskvöld á Rás 1. Mikil ábyrgð hvíli á herðum hans, enda gildi strangar reglur um kveðjuna.

„Ég hef góða tilfinningu fyrir þessu,“ segir Atli Freyr, sem stundar nám við Háskóla Íslands samhliða starfi sínu sem þulur.

„Í fyrra átti ég líka jólavaktina og þá sveif hátíðin mjög yfir vötnum. Útvarphúsið er nánast mannlaust á aðfangadagskvöld, þar eru þulur, tæknimenn Rásar 1 og 2 og húsvörður og það var hátíð hjá okkur, menn tókust í hendur og klöppuðu hver öðrum á öxlina. Það er gaman ef hlustendur finna fyrir þessum hátíðleika hjá okkur,“ segir Atli.

Miklar og strangar reglur gilda um flutning jólakveðjunnar, aðdraganda hennar og eftirmál. „Dagskráin á aðfangadagskvöld er í föstum skorðum. Að lokinni hátíðartónlist hér um bil stundarfjórðungi fyrir sex er gert hlé og útsending Útvarpsins liggur niðri þar til nákvæmlega fjórum mínútum fyrir klukkan 18,“ segir Atli.

„Þá hefst hátíðarhringing Dómkirkjunnar og klukkan 17:59:57 hefur þulur yfir kallmerki stöðvarinnar, „Útvarp Reykjavík, Útvarp Reykjavík“ og býður gleðileg jól um leið og kvöldsett verður og heilagt klukkan 18:00:00. Þá hefst beint útvarp frá aftansöng í Dómkirkjunni í Reykjavík,“ segir Atli.

Aðspurður segir Atli að honum hafi aldrei dottið í hug að breyta

jólakveðjunni. „Ríkisútvarpið snýst um hefð, það er í senn ævaforn og spánnytt, það er stöðugur punktur sem engin ástæða er til að stroka yfir. Jólakveðjan á aðfangadagskvöld er eitt af því sem ekki er ástæða til að breyta,“ segir Atli.

Jólamestan hefur verið send út á samtengdum rásum Ríkisútvarpsins í fjöldamörg ár, en í ár verður breyting á. Jólamestan verður aðeins send út á Rás 1, en á Rás 2 leikur Svanhildur Jakobsdóttir íslensk jálalög.

Atli segist aðspurður vera mikill jólamaður. „Ég á segulbands-spólu þar sem Helgi S. Ólafsson leikur jólasálma á gamalt pípuorgel Hvammstangakirkju. Stundum er þessi spóla komin í tækið í bílnum í október.“ steindor@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Flags of Our Fathers var forsýnd með viðhöfn á Háskólabíó á fimmtudag. Þar sem helstu bardagaatriði myndarinnar voru tekin upp í Sandvík á Reykjanesi stóðu vonir til þess að Clint Eastwood, leikstjórinn sjálfur, yrði viðstaddur. Þær vonir urðu að engu en áður en sýning myndarinnar hófst var kveðju frá Clint og meðframleiðanda hans, Robert Lorenz, varpað á tjaldið. Í býsna formlegu og andlausu bréfi, líklega skrifuðu af skrifstofublók hjá Warner Brothers, kom fram að þeir félagar ættu ekki heimangengt en Íslandsdvölin hefði verið ánægjuleg og þeir væru ákaflega ánægðir með hlut landsins í myndinni. Rob og Clint klykktu út með að þeir hlökkuðu til að koma til landsins aftur og ýjuðu að því að það geti gerst fyrr en síðar.



Það þótti varpa nokkrum skugga á forsýningargleðina að íslenskir aukaleikarar í myndinni hugðust mótmæla fyrir utan Háskólabíó þar sem þeim var ekki boðið á forsýninguna. Gunnar Ólafsson, sem lagði hjarta og sál í statistahlutverk sitt, skipulagði mótmælin sem voru þó ekki öflugri en svo að hann stóð við annan mann við anddyri Háskólabíós þegar gestir streymdu að. Sá hópur taldi hins vegar flesta þá sem komu að gerð myndarinnar á Íslandi og margir þeirra sem nutu þeirra forréttinda að fá að sjá myndina gáfu sér tíma til þess að kasta kveðju á statistann sem norpaði staðfastur í rokinu. Mótmælendunum voru að vísu boðnir miðar á myndina í það minnsta í tvígang, annars vegar af framkvæmdastjóra Samfilm og hins vegar af boðsgesti. Helmingur mótmælenda sló til en Gunnari varð ekki haggad. -þþ



Risavaxin jólakerti við Tjörnina

Undanfarna daga hafa borgarbúar flykkt í miðbæinn. Sumir kaupa jólagjafir og aðrir njóta stemningarinnar og skoða jólaskreytingarnar. Marga hefur þó rekið í rogastans þegar að Tjörninni er komið, en risavaxin kerti hafa þar komið í stað ljósastaura.

„Þetta á að hafa róandi áhrif á fólk, svona eins og kertaljósín. Þetta er ekki eitthvað öskrandi,



NORÐAN BÁL Örn Alexandersson, Jósep Gíslason, Frosti Friðriksson og Þorleifur Eggertsson. Á myndina vantar Skúla Rúnar Hilmarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

æpandi, blikkandi nútímajólasakraut,“ sagði Örn Alexandersson, en hann er einn fimm meðlima í hópnum Norðan Bál sem stendur fyrir jólakertunum. „Þetta er bara svolítið stærra í sniðum,“ bætti hann við, en það er Orkuveitan sem tók hugmynd hópsins upp á arma sína.

Norðan Bál hefur staðið fyrir ýmsum uppákomum sem flestar hafa verið frekar stórar í sniðum. Hópurinn hefur til dæmis klætt ljósastaura í miðbænum í túlipanaskrúð á Vetrarhátíðum, sá um opunaratriði síðustu Vetrarhátíðar og reisti stærstu brúðu sem reist hefur verið á Íslandi á Ljósánótt í haust. Örn sagði Norðan Bál þó ekki einbeita sér að stærðinni. „Þetta hefur bara æxlast svona, en það er ekki allt stórt sem við gerum,“ sagði hann. Örn hafði ekki fengið viðbrögð við risakertunum þegar Fréttablaðið talaði við hann, en þau hafa nú



GAMALDAGS KERTALJÓS Jólaskreytingin á að hafa róandi áhrif á fólk og er ekki eins og öskrandi, blikkandi nútímajólasakraut. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

verið uppi í tæpar tvær vikur. „Ég held reyndar að fæstir viti að þetta sé eftir okkur,“ sagði hann og hló.

JÓLA-HUMAR
VERÐ FRÁ 1290KR/KG

HAFID FISKIPRINSINN
FISKIBÚÐIN Vík
Þú getur alltaf treyst á prinsinn Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • s: 554 7200 • www.hafid.is
Fiskibúðin Vík ehf. • Hringbraut 92 • 230 Keflavík

Áramótið á Broadway

Það einfaldlega gerist ekki betra!



Sálin hans Jóns míns

- Addi Exos : Sérstök forsala til 28. desember á www.broadway.is
- Grétar G : Verð í sérstakri forsölu krónur 2.500,-
- DJ Víkingur : Almennt verð krónur 3.500,-
- DJ Björn Þór : 20 ára aldurstakmark
- DJ Björn Þór : Húsið opnar á miðnætti

BROADWAY ★



BAKÞANKAR

**GUÐMUNDAR
STEINGRÍMSSONAR**

Gjafir

Ég geri fastlega ráð fyrir því að núna, að morgni Þorláksmessu, séu hundruð Íslendinga, aðallega karlmenn, í panikkasti út af gjöfum. Einkum og sér í lagi hafa þeir einstaklingar misst svefn í nótt sem standa frammi fyrir því verkefni að gefa kærustum sínum í fyrsta skipti gjöf. Stressið er skiljanlegt. Svona lagað getur nefnilega algerlega misheppnast. Ég heyrði fyrir skömmu af strák sem gaf kærustu sinni kjól, sem hann hélt að væri flottur. Hún hætti með honum daginn eftir.

ÉG hef lært bæði af gjöfum sem ég hef gefið og gjöfum sem ég hef fengið, að það er ekki endilega gjöfin sjálf sem skiptir máli heldur hugurinn sem fylgir. Fyrsta gjöfin sem ég gaf, sem krakki – upp á eigin spýtur – var fölgult símaborð úr plasti sem ég gaf foreldrum mínum. Ég keypti það í Magasín í Kópavogi. Tók strætó sjálfur og allt. Þau voru vissulega þakklát og ég man hvað ég var spennur þegar mamma og pabbi settu borðið upp í eldhúsinu og tylltu símanum á það. En svo var undrunin ekki minni þegar símaborðið var allt í einu horfið tveimur dögum síðar. „Hvar er borðið?“ spurði ég stóreygður og opinmyntur í náttfötunum. Það var fátt um svör. „Jólasveinninn tók það,“ umlaði einhver.

BÖRN gefa oft það sem þeim sjálfum þykir flott. Í því liggur ákveðin kómísk fegurð. Ég veit um eina litla systur sem gaf bróður sínum á unglingsaldri dollu af marglítum perlum til að strauja. Unglingurinn var ekki sáttur. Hún var hins vegar alsæl. Í þeirri fjölskyldu kallast svona gjafir perlugjafir. Ég verð að viðurkenna að ég gef oft perlugjafir. Til dæmis gef ég mjög oft bækur, sem mig langar til að lesa (og viðtakendum vonandi líka). Í febrúar-mars fer ég svo rúntinn og fæ þær lánaðar.

ATHYGLISVERÐAR gjafir sem ég hef fengið eru nokkrar. Einu sinni fékk ég frá einni og sömu manneskjunnri bæði allt of stóra skyrtu og allt of litlar buxur. Hér stóð viðkomandi í þeirri trú að ég væri í laginu eins og persóna í The Incredibles. Um síðustu jólfékk ég svo frá þremur aðilum þrjár allt of stórar peysur, keyptar í útlöndum. Þær eru uppi í skáp, mér til áminningar um það að ég er greinilega almennt talinn þó nokkuð feitari/breknari en ég er. En hér er það hugurinn sem gildir. Ég er viss um að eftir nokkur jól, með öllum þeim smákökum sem þeim fylgja, mun ég passa í þær.

EITT er að minnsta kosti kristaltært: Ég neita staðfastlega að taka þátt í þeim leik að fá einfaldlega miða frá fólki, eins og sumir fá, þar sem stendur hvað viðkomandi – einkum kærustur – vilja fá í jólagjöf. Mér yrði verulega misboðið ef það myndi gerast. Ekki bara yrði það túlkað af mér sem fullkomin vantrú á mína jólagjafahæfileika, heldur væri spennan og fegurðin þar með horfin. Fyndnar og misgáfulegar gjafir eru ófrávíkjanlegur hluti af anda jólanna. Í mótmælaskyni myndi ég ekki hika við að gefa viðkomandi fölgult símaborð úr plasti.

Opið til 23:00 í kvöld



495,-

FLER kertasett. Inniheldur 1 kertadisk Ø8 cm, 2 kertastjaka Ø6 H4,6 cm, 4 kerti H19 cm, 1 kubbakerti H7,5 cm, 8 sprittkerti



REKTANGEL vasi H22 cm gler 495,-



FRUKOST bolli 30 cl dökkblár 295,-
FRUKOST undirskál 23x18 cm dökkblá 295,-



DRAGON kaffiskeiðar 6 stk. H11 cm ryðfrítt stál 395,-



ISIG kubbakertasett 5 stk. ýmsir litir 490,-



KAFFE kaffipressa 1 l ryðfrítt stál 995,-



FINLIR myndastandur f/12 myndir 15x10 cm 1.290,-



MISTEL sængurverasett 150x200/50x60 cm 690,-



PJATTERYD mynd túlipani 53x53 cm 2.990,-



BETTAN púðaver 72x72 cm marglitt 695,-
INNER púði 72x72 cm 995,-



MYLONIT borðlampi 12x31 cm ýmsir litir 695,-



ISIG rammar 2 stk. 13x18 cm rautt 290,-



POLARVIDE teppi 130x170 cm ýmsir litir 495,-



PJATTERYD myndir brönugras 3 stk. 56x56 cm 6.990,-

Morgunmat frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga til laugardaga

Hangikjöt

með kartöflum, uppstúf, rauðkáli og grænum baunum



590,-

IKEA Restaurant & Café



Opið Þorláksmessu 10-23
Lokað aðfangadag
Lokað jóladag
Lokað annan í jolum
Opið 27. desember 10-20

